**KOKKAKEPPNI RIMASKÓLA**

*Framtíðarkokkar keppa*

matur tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**HÚS&HEIMILI**

*Hlutirnir skapa heimilið*

Sérblað um heimili og hönnun

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. mars 2007 — 88. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Framlag einkaaðila stóreykst



Þórunn Sigurðardóttir er listrænn stjórnandi Listahátíðar.

MENNING 44

### Lengi lifir í gömlum glæðum



Enn fellur fólk í yfirlið á tónleikum Cliffs Richard.

FÓLK 66

### Íbúar Hofsóss hrærðir



Lilja Pálmadóttir og Steinunn Jónsdóttir gefa sveitungum sínum sundlaug.

FÓLK 66

### Áfram í Svíþjóð



Ásthildur Helgadóttir er búin að skrifa undir nýjan samning við Malmö og leikur því ekki hér á landi í sumar.

ÍÞRÓTTIR 58

## VEÐRIÐ Í DAG




**FER AÐ RIGNA** Í dag verður sunnan og suðvestan átt, yfirleitt 8-15 m/s, hvassast vestan til. Bjartviðri á landinu austanverðu en fer að rigna þegar líður á morguninn og daginn vestan til. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4

# Harðar tekið á ökuníðingum

**Af 28 banaslysum í umferðinni á síðasta ári má rekja þrettán þeirra til hraðaksturs. Í breyttum umferðarlögum eru viðurlög hert og auknar kröfur gerðar til ungra ökumanna. Hægt verður að gera ökutæki upptæk.**

**UMFERÐARÖRYGGI** Á bilinu fjörutíu til sextíu ökumenn eru kærðir fyrir of hraðan akstur á höfuðborgarsvæðinu á degi hverjum. Á miðvikudaginn var sautján ára ökumaður tekinn á 136 kílómetra hraða í Ártúnsbrekkunni, sama dag og hann fékk bílprófið. Þá var karlmaður stöðvaður á 148 kílómetra hraða á Vesturlandsvegi, sá hafði áður verið staðinn að hraðakstri.

Nýtt frumvarp um hert viðurlög við umferðarbrotum verður að lögum í lok apríl. Meðal annars verður byrjendum í umferðinni sem fengið hafa fleiri en fjóra punkta bannað að aka þar til þeir hafa staðist ökupróf að nýju. Frumvarpinu er sérstaklega ætlað að ná til ungs fólks og síbrotamanna í umferðinni. Sigurður Helgason, verkefnastjóri umferðarráðurs hjá Umferðarstofu, segir að harðari viðurlög reynist vel í baráttunni við hraðaksturinn. Hann bendir jafnframt á að ekki sé alltaf sanngjarnt að einblína á unga ökumenn. Yngsti hópurinn valdi vissulega mörgum slysum en hann sé samt sem áður sá hópur sem taki leiðsögn og áróðri hvað best.

„Fræðsla um afleiðingar ofsaaksturs er sterkasta vopnið sem við höfum,“ segir Sigurður. „Það er gríðarlega mikilvægt að efla fræðslu og við þurfum einnig að styrkja viðhorfsmótun í gegnum foreldra sem eru sterkar fyrirmyndir,“ segir Sigurður. Hann bendir á að einnig sé mikilvægt að fræða síbrotamenn í umferðinni í von um að þeir bæti sig.“

Með nýjum lögum verður tekið harðar á hraðakstri, sérstaklega í þeim tilfellum þar sem ekið er á og yfir tvöföldum leyfilegum hámarkshraða. Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðabrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segist fagna öllum þeim úrræðum sem lögreglan fái í hendur til þess að koma í veg fyrir háskaakstur. „Sektir voru hækkaðar í desember og það gefur góða raun. Menn finna verulega fyrir því þegar þeir þurfa að borga, sérstaklega unga fólkið sem ekki hefur mikinn pening milli handanna,“ segir Guðbrandur.

Að sögn Guðbrands er mikilvægast að koma í veg fyrir fífldirfsku og leik í umferðinni. Á síðasta ári létust þrettán einstaklingar í umferðarslysum sem rekja má til hraðaksturs. Í tíu tilfellum var um ofsaakstur að ræða. Þá segir Guðbrandur að sagan af piltinum í Ártúnsbrekkunni sé alls ekkert einsdæmi. Menn séu oft stöðvaðir fyrir hraðakstur fyrstu dagana eftir að þeir fá bílpróf. - þo




**ERTU AÐ TAKA MYND?** Forvitnin varð öllu yfirsterkari hjá Selmu Lind Árnadóttur, þegar Samfylkingin kynnti aðgerðaáætlun í málefnum barna í gær. Meðal þess sem flokkurinn ætlar að gera er að bæta tannvernd barna. **sjá síðu 12.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjö vikna aðalmeðferð lokið:

## Ánægja með vel unnið verk

**BAUGSMÁL** Aðalmeðferð í Baugsmálinu lauk á sjötta tímanum í gær eftir tæpar sjö vikur í réttarsal. Þetta mun vera umfangsmesta aðalmeðferð í íslensku dómsmáli til þessa.



GESTUR JÓNSSON

„Það er eins og þetta hafi verið sérstaklega erfitt próf,“ sagði Gestur Jónsson, einn verjenda sakborninga, þegar hann var spurður um hvernig tilfinning það væri að málflutningi væri lokið.

„Þetta er auðvitað léttir, maður hefur ekkert annað gert að segja má síðan í janúar,“ sagði Jakob R. Möller, annar verjenda. „Menn hafa lagt hart að sér. Það er líka viss ánægja yfir vel unnu verki.“

Ekki er reiknað með að dómur falli fyrr en í fyrri hluta maí.

- bj / sjá síðu 16

Óvenjuleg aflabrögð fengsælla fiskimanna í Grindavíkurdjúpi:

# Komu með djúpsprengju í land

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við erum öllu vanir svo okkur var ekkert brugðið við þetta,“ segir Eyþór Þórðarson, skipstjóri á Dala-Rafni VE, en skipverjar fengu djúpsprengju í veiðarfærin í gær skammt vestan Selvogsbanka.

Þegar báturinn kom að landi í Vestmannaeyjum var kallað á sprengjudeild Landhelgisgæslunnar sem gerði sprengjuna óvirka og fargaði henni. Þótt sprengjan hafi verið um 60 ár í sjó var hluti hennar enn virkur.

Ekki er algengt að sprengjur komi í veiðarfæri en svo furðulega vill til að faðir Eyþórs, Þórður Rafn Sigurðsson, fyrrverandi skipstjóri á togbátnum Dala-Rafni, veiddi eitt sinn sprengju á svipuðum slóðum. „Ætli þetta sé ekki bara ættgengt,“ segir Eyþór en bætir því við að þeir feðgar séu sem betur fer einnig fengsælir fiskimenn. - þo

**> SIRKUS**

Birgitta, Nanna og Eyrún eru frægar en falla inn í hópinn

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG










## SPURNING DAGSINS



*Kormákur, þýðir eitthvað að bera fyrir sig skjöld?*

„Já, við Skjöldur ætlum að sýna ríkinu hvar Kormákur keypti ölið.“

Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson, eigendur Ölstofunnar, telja vegið að atvinnuréttindum sínum með fyrirhuguðu reykbanni og íhuga að fara í mál við ríkið.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir lögreglu þurfa á liðsauka að halda:

# Leggur til launað 240 manna varalið

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra leggur til að stofnað verði 240 manna launað varalið lögreglunnar, sem kallað verði til ef þörf krefur vegna öryggis ríkisins. Þetta nefndi hann í ræðu sinni á fundi Varðbergs og Samtaka um vestræna samvinnu í gær.

Í ræðunni sagði hann að varaliðsmenn yrðu kallaðir til starfa úr röðum björgunarsveitarmanna, slökkviliðsmanna, sjúkraliðsmanna, öryggisvarða, friðargæsluliða og fyrrverandi lögreglumanna eftir sérstaka þjálfun á vegum ríkislögreglustjóra.

Talið er að stofnkostnaður við að koma varaliðinu á fót verði um 244 milljónir króna, og árlegur rekstrarkostnaður í kringum 222 milljónir.

„Mér finnst þetta afar óskynsamleg hugmynd,“ segir Stefán Pálsson sagnfræðingur. „Það er óljóst að hverjum hún beinist og ég get ekki ímyndað mér að hún sé gerð með sérstökum vilja þeirra sem fara fyrir lögreglumálum.“



BJÖRN BJARNASON



STEFÁN PÁLSSON

Hann segir að við erfiðar aðstæður sé augljóslega betra að vera með öfluga og vel æfða lögreglusveit en ekki hóp viðvaninga. Með þessu sé lítið gert úr störfum lögreglumanna. - sþs

Neðstihvammur í Dýrafirði:

# Fé fargað vegna ills aðbúnaðs

**LANDBÚNAÐUR Rúmlega þrjátíu fjár á bænum Neðstahvammi í Dýrafirði var fargað í gær vegna ills aðbúnaðar og vannæringar. Fénu var fargað að beiðni héraðsdýralæknisins á Vestfjörðum.**

**Að því er kom fram í útvarpsfréttum RÚV í gær barst í febrúar kæra um slæma meðferð á skepnunum. Um sextíu fjár voru á bænum.**

**Eftir að kæran barst varð lítið um úrbætur, en steininn tók úr þegar nýlega flæddi í fjárhúsin í miklum leysingum og féð fór á flot. Því var ákveðið að farga helmingn fjársins í húsunum.** - sþs

Stórlaxar ráða einir við laxveiði:

# Veiðileyfin rjúka upp

**LAXVEIÐI** Verð á laxveiðileyfum fer síhækkandi og erlendir stórlaxar eru tilbúnir að borga háar fjárhæðir fyrir veiði í íslenskum ám. „Menn eru að borga 2 til 3 þúsund dollara fyrir daginn. [Allt að 200 þúsund krónum íslenskum.] Ég hef af þessu miklar áhyggjur en nú er kominn sá tími að stór hópur Íslendinga á enga möguleika á að komast í toppveiði. Enga. Nema menn séu í boði stórfyrirtækja,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson, staðarhaldari við Langá á Mýrum.



INGVI HRAFN JÓNSSON

Ingvi Hrafn segir hér markaðinn að verki og hann greiði nú 50 milljónir fyrir leiguréttinn en sú tala hafi verið 20 milljónir fyrir fimm árum. Íslendingum hafi auðnast að halda svo vel á málum að laxveiði á Íslandi sé ekki bara lúxus hér heldur lúxus á heimsmælikvarða. „Því miður fyrir veiðimenn, til allrar hamingju fyrir bændur, er verðið orðið venjulegum mönnum algerlega ofviða. Það er ekkert öðruvísi.“ - hh/jbg / sjá síður 22 og 66

Árekstur á Akureyri:

# Tveir fluttir á slysadeild

**SLYS Tveir voru fluttir á slysadeild í gær eftir harðan árekstur á Miðhúsabraut á Akureyri. Þar rákust saman fólksbíll og jepplingur.**

**Í fólksbílnum voru fjórir farþegar og slösuðust tveir þeirra lítillega. Ökumaður jepplingsins var einn í bílnum og slapp ómeiddur. Flytja þurfti fólksbílinn á brott með kranabíl.** -þo

# Tollurinn seldi báta ólöglega á markað

**Tollurinn seldi báta ólöglega inn á markað hér á landi í október. Innflutningur á bátunum var stöðvaður í tollinum þar sem bátarnir höfðu ekki nauðsynlega gæðavottun. Siglingamálastofnun gerði athugasemdir við sölu bátanna.**

**INNFLUTNINGUR** Tollurinn í Hafnarfirði, sem fram að áramótum heyrði undir embætti sýslumannsins, seldi þrjá báta á uppboði sem ekki höfðu gæðavottun en ólöglegt er að setja slíka báta á markað. Innflutningur á bátunum var stöðvaður í tollinum þar sem þeir uppfylltu ekki fyrrnefnd skilyrði. Bátarnir voru seldir í október í fyrra.

Þeir voru geymdir á svæði í eigu Eimskips þar til þeir voru seldir.

Að sögn Björns Hjálmtýssonar, fulltrúa hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, sem hafði umsjón með uppboðinu, voru bátarnir seldir vegna kostnaðs sem af geymslu þeirra hlaust. „Bátarnir voru seldir til þess að hafa upp í kostnað. Þeir voru seldir með þeim fyrirvara að þeir fengjust ekki skráðir.“

Siglingamálastofnun gerði athugasemdir við uppboðið með bréfi þar sem hún taldi sölu á bátunum inn á markað ólöglega.

Stefán Pálsson, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Siglingamálastofnunar, segir stofnunina hafa lagt fram fyrirspurn til tollsins þar sem það sé á könnu stofnunarinnar að hafa eftirlit með sölu báta inn á markað. „Við fengum þau svör til baka að það væri algengt að farartæki og ýmislegt annað, sem ekki uppfyllti skilyrði lögum samkvæmt, væru seld á uppboðum. Því var auk þess borið við að bátarnir hefðu verið seldir til þess að hafa upp í kostnað vegna geymslu. Það er skýrt í lögum að farartæki sem ekki uppfylla gæðavottunarskilyrði mega ekki vera seld inn á markað.“



**Í SMÁBÁTAHÖFNINNI** Að sögn fulltrúa sýslumannsins í Hafnarfirði voru bátarnir seldir vegna kostnaðarins sem hlaust af því að hafa þá í geymslu. Þeir voru seldir í október í fyrra. Myndin tengist ekki efni greinarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefán sagðist þó líta svo á „að þetta væri ekki eðlilegt starfslag“.

Bíla- og vélasalan Geisli í Borgarnesi keypti tvo af bátunum og eru þeir til sölu þar. Það staðfesti Arilíus Dagbjartur Sigurðsson, starfsmaður sölunnar, í gær.

Þeir sem fluttu bátana inn til landsins, og borguðu fyrir þá erlendis, voru ekki hafðir með í ráðum þegar bátarnir voru boðnir upp. magnus@frettabladid.is

Líndal um reykingabannið:

# Efins um brot á meðalhófsreglu

**LÖGSPEKI** Sigurður Líndal prófessor við telur að á brattann verði að sækja í hugsanlegum málaferlum Ölstofunnar gegn ríkinu. „Það eru hugsanlega einhverjir fletir á þessu, ef [banni ð] kemur sérstaklega illa við einhverja aðila umfram aðra, þannig að ekki sé gætt jafnræðis,“ segir Sigurður.



SIGURÐUR LÍNDAL

Hins vegar séu til fordæmi á hinn veginn. „Það eru til dómar um það sem flokkast undir hættulega aðila eða óæskilega starfsemi og þá hefur verið talið sem svo að löggjafinn hafi nokkuð rúmar heimildir til að setja atvinnufrelsi manna og atvinnuréttindum nokkuð þröngar skorður.“ - kóþ / sjá síðu 8



**BÆR Í VEXTI** Hafnfirðingum hefur fjölgað um 426 á fjórum mánuðum.

Fólksfjöldi:

# Enn fjölgar í Hafnarfirði

**FÓLKSFJÖLDI Íbúum í Hafnarfirði hefur fjölgað um 426 á síðustu fjórum mánuðum. Þann 1.desember 2006 voru íbúar bæjarins 23.674 en í dag eru þeir 24.100.**

**Uppbygging í Hafnarfirði síðastliðin ár hefur verið hraðari en svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir. Reiknað var með að Hafnfirðingar yrðu 22.000 árið 2012 en þeir höfðu náð þeirri tölu árið 2004.** - þo


BÍLL DAGSINS

NISSAN MURANO 3.5

Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 6 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Múrbúðin auglýsti eftir kvittunum frá BYKO:

# Aðeins ein kvittun skilaði sér

**NEYTENDAMÁL** „Við fengum enga kvittun en við fengum ljósrit af einum reikningi og erum að vinna í því núna að fá frumritið,“ segir Karl Ottó Karlsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar, en verslunin auglýsti eftir kvittunum sem sýndu að keyptir hefðu verið 10 lítrar af málningu í BYKO á 7.399 krónur.

BYKO hefur nú um nokkurt skeið auglýst tilboð á málningu. Málningin kostar 4.990 kr. á tilboði og fram kemur í auglýsingum að upprunalegt verð sé 7.399 kr. „Okkur grunaði að upprunalega verðið væri tilbúningur og vildum athuga hvort einhverjir hefðu keypt málningu í BYKO á þessu verði,“ segir Karl og bætir því við að viðbrögðin við auglýsingunni hafi verið jákvæð. „Fólk veitti þessu framtaki athygli enda er allt of oft verið að blekkja neytendur,“ segir Karl.

Viðskiptavinurinn sem kom með ljósritið af reikningnum í Múrbúðina í gær á von á að vinna helgarferð til London reynist reikningurinn ófalsaður. „Þar sem það er utanlandsferð í boði hefði mátt búast við að fjöldi fólks kæmi með kvittanir. Það gerðist hins vegar ekki svo okkur þykir líklegt að málningin hafi aldrei verið seld á þessu verði sem um ræðir,“ segir Karl.

Ekki náðist í Ásdísi Höllu Bragadóttur, forstjóra BYKO, vegna málsins. - þo




**AUGLÝSINGABRELLA?** Múrbúðin auglýsti eftir kvittunum frá BYKO til þess að athuga hvort um auglýsingabrellu hefði verið að ræða.

Síminn




# Við gerum minningar þínar ódauðlegar í **Safninu**

## **Safnið** er öruggasti geymslustaðurinn fyrir stafrænu gögnin þín

Geymdu stafrænu ljósmyndirnar þínar og önnur gögn í Safninu, traustum stað þar sem reglulega eru tekin afrit af þeim. Í Safninu getur þú valið hvort þú vilt skoða myndirnar þínar í tölvunni eða á sjónvarpsskjánum.

Að auki gerir Safnið þér kleift að veita vinum og vandamönnum aðgang að völdum myndum eða senda þær beint í framköllun hjá Hans Petersen. Gerðu þínar minningar ódauðlegar, fáðu þér Safnið.

**Nánari upplýsingar á næsta sölustað Símans á siminn.is eða í síma 800 7000**

ENNEMM / SIA / NM26277

Svona er Safnið einfalt



Þú tekur mynd með farsíma eða myndavél.



Sendir hana í tölvuna og þaðan beint í Safnið.



Þú hefur aðgang að Safninu gegnum Sjónvarp Símans.



Þú getur sent myndir úr Safninu til Hans Petersen sem framkallar þær.

## GENGIÐ 29.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,04 | 66,36 |
| Sterlingspund | 129,78 | 130,42 |
| Evra | 88,1 | 88,6 |
| Dönsk króna | 11,819 | 11,889 |
| Norsk króna | 10,834 | 10,898 |
| Sænsk króna | 9,452 | 9,508 |
| Japanskt jen | 0,5621 | 0,5653 |
| SDR | 99,88 | 100,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 120,0543

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sveitarstjóri Reykhólahrepps um hafnarbætur í Flatey:

# Gætu gerst fyrri hluta sumars

**SAMGÖNGUR** Óskar Steingrímsson, sveitarstjóri Reykhólahrepps telur skynsamlegt að hafnarbætur á ferjubryggju og nýframkvæmd fyrir eyjarskeggja í Flatey, til dæmis flotbryggjugerð, verði gerðar á sama tíma. Einnig að þeim verði flýtt til fyrri hluta sumars.

Forsvarsmanna Sæferða, sem reka ferjuna Baldur, hafa bent á að betra væri að fá endurbætta bryggju áður en ferðamannavertíðin hefst í sumar, en skipshöfn ferjunnar veigrar sér við því að leggja þar að landi þegar veður eru vond.

Óskar segir vel koma til greina að athuga hvort hægt sé að flýta framkvæmdum, svo bryggjan verði boðleg ferðamönnum sem heimsækja eyjuna fyrri hluta sumars. Flateyjarbryggja þoli ekki þung högg í núverandi ásigkomulagi.

Óskar hefur ekki séð tillögur sem Tryggvi Gunnarsson sendi samgöngunefnd í fyrra um endurbætur og hefur ekki séð útlistun á fyrirætlunum Siglingastofnunar, en segir að framkvæmdin verði skoðuð nánar á næstunni.

Bryggjan í Flatey kom illa undan vetrinum og er víða götótt. - kóþ



ÓSKAR STEINGRÍMSSON



**FLATEY Á BREIÐAFIRÐI** Fjöldi ferðamanna heimsækir þessa ferðamannaperlu ár hvert. Bryggjan er orðin lúin og götótt og ekki boðleg ferðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Prófanir á rafbúnaði:

# Raftruflanir á Austurlandi

**AUSTURLAND Búast má við spennubreytingum með tilheyrandi blikki í rafljósum allt fram að páskum á Austurlandi, vegna spennusetningar og prófana á rafbúnaði í Fljótsdalsstöð og hjá Fjarðaáli.**

**Nils Gústavsson hjá Landsneti segir að óþægindin ættu að verða smávægileg og þau stafi aðallega af prófunum hjá Fjarðaáli. „Þetta er fyrst og fremst þangað til þeir byrja uppkeyrsluna, sem ætti að verða um páskana," segir hann. Truflanirnar eiga ekki að valda tjóni á búnaði né straumleysi.** - kóþ



**RÁÐHERRAR** Kynntu nýja þjónustu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Notendur öndunarvéla:

# Ekki lengur bundnir spítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjórum til sex einstaklingum sem þurfa á öndunarvélum að halda vegna slysa eða sjúkdóma verður nú gert kleift að fara ferða sinna með hjálp aðstoðarmanna í stað þess að vera bundnir öndunarvélum á hjúkrunarstofnun. Er þetta hluti tveggja ára tilraunaverkefnis sem ríkisstjórnin hefur ákveðið. „Þetta varðar sjálfræði, lífsgæði og mannlega reisn," segir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra. „Þetta er stórkostlegur áfangi í því að veita tilteknum hópi einstaklinga tækifæri til að búa áfram heima en ekki á stofnun," sagði Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. - gar

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Gefið í í göngunum

Þrír ökumenn voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í Vestfjarðagöngunum í gærmorgun á tuttugu mínútna tímabili. Sá sem ók hraðast var á 100 kílómetra hraða en hámarkshraði í göngunum er 60. Ökumennirnir eiga von á sektum.

# Vilja hærri lífeyri og afnám skerðinga

**Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja og Höfuðborgarsamtökin ætla að bjóða fram saman í vor. Framboðið vill hækka lífeyri eldri borgara og öryrkja í minnst 210 þúsund á mánuði og afnema skerðingu lífeyris upp að 500 þúsund krónum.**

**STJÓRNMÁL** Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja og Höfuðborgarsamtökin hafa stofnað með sér Baráttusamtökin. Markmið Baráttusamtakanna er að bjóða fram til alþingis í öllum kjördæmum og bjóða fram til sveitarstjórna í sem flestum sveitarstjórnum vorið 2010.

Baráttusamtök eldri borgara og Höfuðborgarsamtökin hafa ákveðið að skipa hver um sig fimm menn í stjórn Baráttusamtakanna. Formaður verður fyrsta árið úr Baráttusamtökum eldri borgara en árlega verður skipt um formann. Arndís Herborg Björnsdóttir, formaður Baráttusamtaka eldri borgara, verður formaður fyrsta árið.

Baráttusamtökin ætla að berjast fyrir því að lífeyris- og bótaþegar hafi aldrei lægri tekjur en sem nemur 210 þúsund krónum á mánuði miðað við launavísitölu og að tekjurnar fylgi vísitölunni. Heimavinnandi húsmæður og þeir sem ekki hafa lífeyrisréttindi fái bætur upp á sömu fjárhæð. Öryrkjar fái einnig jafn háar bætur.

Samtökin berjast fyrir því að lífeyrisþegar og öryrkjar geti aflað allt að 500 þúsundum króna í mánaðartekjur á mann á vinnumarkaði án skerðinga. Skattleysismörk verði lágmark 150 þúsund krónur og hækki í samræmi við launavísitölu frá 29. mars 2007.

„Kröfur okkar í dag eru skýlausar vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki í hyggju að gera neitt í málefnum eldri borgara og öryrkja. Þrátt fyrir fjálglegt tal er greinilegt að ekkert á að gera," segir Arndís.

Baráttusamtökin gera ráð fyrir því að stefnumálin leiði til útgjaldaauka upp á um 20-25 milljarða króna á ári. Gert er ráð fyrir tekjum á móti, til dæmis með auknu afgjaldi af aflakvóta, lækkun eftirlauna þingmanna og ráðherra, hagræðingu í ríkisrekstri og utanríkisþjónustu, átta prósenta hátekjuskattþrepi á mánaðartekjur yfir 700 þúsundum, að fjármagnstekjur verði skattfrjálsar að 150 þúsund krónum. Einnig er lagt til að komið verði á stóreignaskatti, að lífeyrissjóðum verði gert skylt að reka dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra, ríkislóðir í Vatnsmýri verði seldar fyrir 30 milljarða svo fátt sé nefnt.

Baráttusamtökin setja einnig skipulags- og uppbyggingarmál á oddinn. Samtökin vilja að strandbyggðir fái eðlilegan aðgang að fiskimiðum og að kvótinn verði þjóðareign. Unnið er að uppstillingu lista um allt land.

ghs@frettabladid.is



**KYNNTU NÝTT FRAMBOÐ** Arndís Herborg Björnsdóttir, formaður Baráttusamtaka eldri borgara, og Örn Sigurðsson, formaður Höfuðborgarsamtakanna, kynntu stefnumál sameiginlegs framboðs ásamt Dóru Pálsdóttur frá Höfuðborgarsamtökunum. Samtökin stefna að framboði um allt land. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Kröfur okkar í dag eru skýlausar vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki í hyggju að gera neitt í málefnum eldri borgara og öryrkja.
>
> **ARNDÍS HERBORG BJÖRNSDÓTTIR**
> FORMAÐUR

Svisslendingur fékk tíu ára dóm:

# Dæmdur fyrir drottinssvik

**TAÍLAND, AP** Svisslendingur var dæmdur í tíu ára fangelsi í gær fyrir að hafa úðað málningu yfir veggmyndir af konungi Taílands. Er þetta í fyrsta skipti í áratug sem útlendingur er sakfelldur á grundvelli strangra laga sem vernda konungsveldið.

Oliver Rudolf Jufer, sem er tæplega sextugur, játaði sig sekan um fimm ákæruatriði drottinssvika. Skipaður lögmaður Jufers sagði dóminn viðeigandi miðað við glæpi hans.

Jufer var drukkinn við verknaðinn að sögn lögmanns hans. - sdg



OLIVER RUDOLF JUFER

Færeyingar upp með sér:

# Clinton heimsækir Færeyjar

**FÆREYJAR Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, mun heimsækja Færeyjar síðla í maímánuði næstkomandi. Þetta upplýsti talsmaður vinnuveitendasambands Færeyja, Tórun Ellingsgaard.**

**Með Clinton í för verður Svíinn Hans Blix, fyrrverandi yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna. Þeir Clinton og Blix munu tala um ýmsar hliðar hnattvæðingarinnar á 500 manna málfundi sem haldinn verður í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn 24. maí.** - aa



BILL CLINTON



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI
Epli, gulrætur
og enginn viðbættur sykur!
Nýtt bragð!
Aðeins 42 hitaeiningar í 100 g
og hentar flestum sem hafa mjólkursykursóþol
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÆTUTÍÐ Í KORTUNUM**
Enda þótt bjart verði í dag víða á landinu austanverðu eru breytingar fram undan. Vestan til fer að rigna nálægt hádegi og á morgun kemur öllu myndarlegra úrkomusvæði með allhvössum vindi allvíða, einkum þó vestan til. Sé horft til næstu daga er ekkert að sjá nema hlýindi en daginn fyrir skírdag eða á skírdag eru horfur á páskahreti með frosti og éljum.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Sunnan 5-10 m/s með rigningu þegar líður á daginn. Hiti 5-8 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Víðast 8- 15 m/s hvassast vestantil.

*» sunnudagur*




5-13 m/s hvassast á Vestfjörðum

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C hálfskýjað | London | 10°C skúrir | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Billund | 14°C hálfskýjað | París | 9°C hálfskýjað | Mallorca | 15°C léttskýjað |
| Osló | 13°C hálfskýjað | Frankfurt | 16°C skúrir | Eindhoven | 14°C skúrir |
| Stokkhólmur | 14°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 12°Cskúrir | Basel | 13°C skúrir |
| Gautaborg | 9°C hálfskýjað | Berlín | 15°C skúrir | Las Palmas | 19°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# HEILSTEIKT MARINERAÐ LAMBALÆRI

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

- 1 stk. lambalæri
- 100 g blandaðir þurrkaðir villisveppir
- 1 msk. rósapipar
- 1 msk. timjan
- 1 msk. fáfnisgras (esdragon)
- 1 msk. oregano
- 3-4 stk. hvítlauksgeirar
- 1 dl ólífuolía og 1 dl portvín

Malið þurrkaða villisveppi í matvinnsluvél þar til þeir eru orðnir að dufti. Setjið villisveppina í skál ásamt rósapipar, timjani, fáfnisgrasi og oregano. Afhýðið hvítlauk og pressið og bætið saman við ásamt portvíni og ólífuolíu. Setjið blönduna og lambalærið í plastpoka. Lokið pokanum og marinerið í ísskáp í um einn sólarhring.

Landsliðið mælir með því að strá salti yfir lærið 10 mín. fyrir steikingu þannig að allir hlutar lærisins fá hóflega áferð af salti. Þannig helst kjötsafinn í kjötinu og matreiðslan verður í hæsta gæðaflokki. Best er að setja læri inn í 180°C heitan ofn í 10–15 mín. og lækka svo hitann niður í 110°C og elda áfram í 60–80 mín. Látið kjötið jafna sig í 10 mín. við stofuhita fyrir skurð.




**Lambalæri**
ferskt úr kjötborði

TILBOÐ **998** kr/kg
Verð áður 1.349,-




**Nautainnralæri**
úr kjötborði

TILBOÐ **1.998** kr/kg
Verð áður 2.675,-




**Hamborgarhryggur**
úrbeinaður

TILBOÐ **1.733** kr/kg
Merkt verð 2.166,-

Jói FEL



## Jóa Fel kalkúnafylling

20% afsláttur við kassa




**Eli´s ostakökur**
- ekta amerískar ostakökur




**Underground ís**
- danskur ís, 5 bragðtegundir




**Ítalía kaffi**
- ítalskt eðalkaffi

Gildir til 1. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



*Ætti að banna reykingar við akstur?*

| | |
|---|---|
| Já | 68% |
| Nei | 32% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sammála hugmyndum dómsmálaráðherra um varalið lögreglunnar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Dorrit Moussaieff forsetafrú varð fyrir óhappi á skíðum á þriðjudaginn:

# Liggur lærbrotin í Aspen

**FORSETAEMBÆTTIÐ** Dorrit Moussaieff forsetafrú liggur nú lærbrotin á sjúkrahúsi í Aspen í Colorado-ríki Bandaríkjanna.

Forsetafrúin lærbrotnaði og brákaði önnur bein þegar hún lenti í slysi á skíðum síðdegis á þriðjudaginn.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu forseta fór Dorrit í nokkuð stóra aðgerð, en líður vel eftir atvikum. Hún þarf að liggja á sjúkrahúsinu í nokkra daga enn.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti var staddur í Washington í gær, en stytti dvöl sína þar og flaug til konu sinnar í gærkvöld. Hann mun dveljast hjá henni fram á sunnudag, en þá hefst dagskrá heimsóknar hans í Bandaríkjunum að nýju.

„Beinbrot almennt séð geta tekið allt frá nokkrum vikum til tveggja mánaða að gróa," segir Aðalsteinn Guðmundsson læknir, en hann situr í stjórn Beinverndar. Aðalsteinn segir að erfitt sé að meta einstök mál úr fjarlægð, en þegar fólk brotni eftir miðjan aldur, sé undirliggjandi orsök yfirleitt beinþynning. Það sé þó engan veginn einhlítt, heldur fari eftir eðli áverka hverju sinni.

- kóþ



**DORRIT OG ÓLAFUR** Forsetafrúin er mikil útivistarmanneskja og afar fær skíðakona segja þeir sem til þekkja.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Réttindi íslenskra flugrekenda:

# Skrifað undir flugsamninga

**UTANRÍKISMÁL** **Loftferðasamningar við Danmörku, Noreg og Svíþjóð voru undirritaðir í utanríkisráðuneytinu í fyrradag. Að því er segir í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu koma samningarnir í stað eldri samninga frá 1950 til 1960 og fela í sér aukin flugréttindi íslenskra flugrekenda.**

**Í samningunum við Noreg og Svíþjóð felast meðal annars ótakmörkuð réttindi til flugs til þriðju ríkja, en í samningnum við Danmörku eru þessi réttindi rýmkuð.Einnig eru réttindi til farmflugs frá þriðju ríkjum til Norðurlandanna þriggja án viðkomu á Íslandi ótakmörkuð.** - sþs




# Umskipti í ríkisfjármálum næstu árin

**Horfurnar í rekstri hins opinbera fara versnandi næstu árin. Rekstrarafgangur snýst í halla strax á næsta ári og versnar enn árið 2009. Óvissan er þó talsverð. Ríkissjóður er undir þetta búinn, að mati varaformanns fjárlaganefndar.**

**EFNAHAGSMÁL** Horfur eru á góðri afkomu í rekstri hins opinbera á þessu ári en líklegt að rekstrarafgangurinn snúist í halla á næsta ári. Horfur fyrir árið 2009 eru talsvert verri. Þetta kemur fram í nýjasta hefti Peningamála, sem Seðlabanki Íslands gefur út.

Með lækkandi tekjum og vaxandi útgjöldum snýst rekstrarafkoma ríkisins úr rúmlega fimm prósenta afgangi árið 2006 í tæplega sex prósenta halla árið 2009. Tekjur lækka 2008 vegna þess að skattar fyrirtækja vaxa ekki jafn mikið og áður, einkaneysla og innflutningur dragast saman og neysluskattar skila minni tekjum. Útgjöld ríkissjóðs hækka um tæp fimm prósent að raungildi og þá mestmegnis vegna stóraukinna fjárfestinga.

Árið 2009 lækka tekjur ríkissjóðs um níu prósent að raungildi, eða um tæpa 30 milljarða króna af sömu ástæðum og árið 2008. Að auki lækka vaxtatekjur í takt við lækkandi innlenda vexti. Útgjöld ríkissjóðs aukast um 2,5 prósent, til dæmis vegna meira atvinnuleysis. Halli ríkissjóðs nemur um 60 milljörðum króna.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að langtímaáætlun fjármálaráðuneytisins geri ráð fyrir að tekjur og gjöld verði nokkurn veginn í jafnvægi en álver og stóriðja séu ekki inni í þeim áætlunum.

„Það verður áfram vandasamt að stýra ríkissjóði og efnahagsmálum þjóðarinnar og gera það af skynsemi og yfirvegun og stór högg væru sennilega það hættulegasta sem gerðist," segir Árni.

„Tíðin hefur verið mjög hagstæð á undanförnum árum. Ríkissjóður stendur mjög vel í dag. Hann er undir það búinn að það komi erfiðari tímar. Hann getur tekið á móti því og á að gera það. Það er aðalatriði málsins," segir Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar.

Gunnar Ólafur Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir spá Seðlabankans fyrir næstu árin ekki koma á óvart, hún sé í samræmi við spár á markaðnum. Óvissan aukist eftir því sem spáð er lengra fram í tímann og snúist um stóriðjuframkvæmdir.

„Fljótlega eftir kosningar ætti að koma í ljós hverjar horfurnar eru í stóriðjumálum. Bankinn spyrnir þar greinilega við fótum. Ef farið verður í miklar stóriðjuframkvæmdir verði áframhaldandi aðhald í peningamálum," segir hann.

ghs@frettabladid.is

**HORFURNAR Í FJÁRMÁLUM RÍKISINS 2005-2008**

Línurnar sýna þróunina í tekjum hins opinbera, sem minnka á tímabilinu, og gjöldunum sem aukast.




**Hlutfall landsframleiðslu** Heimild: Peningamál Seðlabanka Íslands.



**EFTIR KOSNINGAR** „Eftir kosningar ætti að koma í ljós hverjar horfurnar eru," segir Gunnar Ólafur Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar.



**STENDUR VEL** „Ríkissjóður stendur vel í dag," segir Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar.



**ÁFRAM VANDASAMT** „Það verður áfram vandasamt að stýra ríkissjóði," segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.




Ákvörðun um byggingu netþjónabús veltur á lagningu sæstrengsins Farice-2:

# Nýr sæstrengur nauðsynlegur

**SAMSKIPTI** „Það þarf klárlega að gera eitthvað í sæstrengjamálum ef áætlanir um netþjónabú eiga að verða að veruleika," segir Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi. Hugmyndir um íslenskt netþjónabú á vegum Microsoft eru á viðræðustigi eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

„Ég held að um leið og einhver segist vera tilbúinn að gera eitthvað svona á Íslandi þá komist hjólin á skrið," segir Halldór. „Að öðru leyti vil ég sem minnst um málið segja."

Íslenska gagnavistunarfyrirtækið Data Íslandia hefur einnig sýnt áhuga á því að setja upp stórar gagnageymslur hér á landi, sem myndu þjónusta erlend stórfyrirtæki.

Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice hf., segist eiga von á því að ákvörðun varðandi nýjan sæstreng, Farice-2, verði tekin fljótlega eftir páska. Ætlunin sé að gera botnrannsóknir í sumar og leggja hann svo sumarið 2008, annað hvort til Skotlands eða Írlands.

„Það er alveg á hreinu að starfsemi á borð við netþjónabú og gagnageymslur koma ekki hingað nema nýi strengurinn sé tilbúinn," segir hann. - sþs

www.toyota.is




# Við bjóðum til páskasýningar laugardaginn 31. mars

**Það verður páskastemning hjá umboðsaðilum Toyota um allt land**

Vegleg páskatilboð af völdum bílum.
Allt að 100% fjármögnun og afsláttur af lántökugjöldum frá Avant fjármögnun.

Risapáskaegg og 100.000 kr. verðlaun fyrir besta Toyota málsháttinn.
Páskagetraun: Flugmiðar fyrir tvo á áfangastaði Icelandair í Evrópu*.
Góðgæti frá Nóa Síríusi og léttar veitingar í boði.

**Opið 12-16**

*Flugvallarskattar ekki innifaldir

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvers konar tímamót urðu á Reyðarfirði á miðvikudag?
2. Hvaða íslenski söngvari sat nýverið fyrir svörum blaðamanns stórblaðsins Newsweek?
3. Hver lenti í öðru sæti í opnum flokki á Grand Prix móti í borðtennis um síðustu helgi?

SVÖRIN ERU Á BLS. 66

Deila Bretlands og Írans vegna bresku fanganna harðnar:

# Bretar leita til öryggisráðsins

**LONDON, AP** Bresk stjórnvöld óskuðu í gær eftir stuðningi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna við yfirlýsingu þar sem varðhald bresku hermannanna fimmtán í Íran er fordæmt og tafarlausrar lausnar þeirra krafist.

Íranar birtu í fyrradag myndband af eina kvenkyns fanganum í sjónvarpi og þykir það, ásamt því að Bretar hafa leitað til öryggisráðsins, merki um að deilan hafi harðnað til muna.

Erindrekar hjá öryggisráðinu töldu líklegt að Rússar og fleiri gætu andmælt yfirlýsingunni þar sem í henni segi að Bretarnir hafi „verið við aðgerðir í íraskri lögsögu“ sem írönsk stjórnvöld rengja.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að bresk stjórnvöld myndu ekki semja um lausn bresku hermannanna. Sagði hann að í samskiptum við aðila á borð við írönsk stjórnvöld væri nauðsynlegt að útskýra með þolinmæði hvað þurfi að gera og um leið gera ljóst að gripið verði til frekari aðgerða séu þeir ekki tilbúnir til að sýna skynsemi.

Íranskir námsmenn söfnuðust saman með skilti fyrir framan breska sendiráðið í Teheran, höfuðborg Írans, í gær og kröfðust þess að bresku hermennirnir yrðu leiddir fyrir íranskan rétt. Á einu skiltanna var aftöku krafist yfir hinum „fimmtán bresku árásarmönnum“. - sdg



**FAYE TURNEY** Sleppa átti Turney, eina kvenmanninum meðal fanganna, í dag en hætt var við það vegna „rangrar hegðunar“ breskra stjórnvalda. NORDICPHOTOS/AFP

Indónesarnir á Kárahnjúkum:

# Vinnuveitandinn fékk frest

**VINNUMARKAÐUR Launakjör Indónesanna þrjátíu sem starfa hjá austurríska verktakafyrirtækinu Va Tech á Kárahnjúkum eru enn til skoðunar hjá Samstarfsnefnd um virkjanasamninginn. Þorbjörn Guðmundsson, formaður nefndarinnar, segir að ekki sé komin niðurstaða í málið en býst við að niðurstaðan liggi fyrir um miðja næstu viku.**

**„Vinnuveitendurnir gátu ekki veitt okkur þær upplýsingar sem við höfðum óskað eftir. Þeir óskuðu eftir fresti til 3. apríl til að skila þessum gögnum,“ segir Þorbjörn. „Það eru okkur mikil vonbrigði hvað þetta tekur langan tíma.“** - ghs

# Ósátt við þjónustu barnatannlæknis

**Upplýsingum um þjónustu og kostnað á tannlæknastofum er ábótavant að mati móður sem nýverið fór með dóttur sína til barnatannlæknis. Hún er ósátt við að greiða fyrir óumbeðna meðferð. Tannlæknir furðar sig á viðbrögðunum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það þarf að upplýsa þá sem leita til tannlækna betur um þá þjónustu sem þeir þiggja og kostnaðinn við hann,“ segir Anný Dóra Hálfdánardóttir móðir þriggja ára stúlku. Anný er ósátt við reikning sem hún fékk frá tannlækni dóttur hennar. Reikningurinn hljóðaði upp á 12.500 krónur.

„Þegar ég fór yfir reikninginn sá ég að 6.500 krónur voru fyrir skoðunina sjálfa en þar fyrir utan greiddi ég 3.500 krónur í atferlismeðferð og 3.500 krónur í fræðslu,“ segir Anný. Hún segist ekki hafa beðið um annað en skoðun og að barnið hafi ekki þurft á atferlismeðferð að halda. „Hefði svo verið hefði ég látið fagaðila sjá um að veita barninu hana. Fræðslan sem ég þurfti að greiða fyrir held ég að hafi falist í því að tannlæknirinn sagði mér að það væru margir sykurmolar í gosdrykkjum. Og að ég þyrfti að bursta tennurnar í henni vel. Það vissi ég vel fyrir og tel mig ekki þurfa að greiða mörg þúsund fyrir slíkar leiðbeiningar,“ segir Anný. Hún hvetur fólk til að kynna sér hversu háar upphæðir tannlæknar leggja ofan á fastagjaldið sem gefið er upp.

Ólafur Höskuldsson, barnatannlæknirinn sem Anný leitaði til, segir að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að fólk viti hvernig best sé að hirða um tennur barna. „Það er til einskis að vera að gera við tennur ef fólk veit ekki hvað það á að gera til að fyrirbyggja skemmdir,“ segir Ólafur þegar hann er spurður um fræðsluna. Atferlismeðferðina segir hann vera til að aðlaga börn komum á tannlæknastofur. „Yfirleitt þakkar fólk fyrir fræðslu en kvartar ekki,“ segir hann um aðfinnslur vegna reikningsins.

„Dóttir mín er mjög róleg og var ekkert hrædd við heimsókn til tannlæknisins. Hann ætti að geta metið hvaða börn þurfa á slíkri þjónustu að halda og boðið foreldrum að veita hana meti hann þörf á slíkri meðferð. Það er alger óþarfi að gera hlutina svona óumbeðið,“ segir Anný.

Sigurjón Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands, segir fræðslu nauðsynlegan þátt í tannlækningum. Hann tekur undir með Ólafi að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að þekkja rétta umhirðu tanna og að eins og aðrar stéttir vilji tannlæknar fá greitt fyrir þá þjónustu sem þeir veita. Hann bendir einnig á að á öllum tannlæknastofum eigi að vera listi með yfirliti yfir þjónustu og verð sem sjúklingar geti kannað við komu.

karen@frettabladid.is



**ANNÝ DÓRA HÁLFDÁNARDÓTTIR** Telur að rétt hefði verið af tannlækninum að bjóða henni að þiggja þá þjónustu sem hann veitti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Afnám á banni við auglýsingum tannlækna:

## Auglýsingar upplýsa

**HEILBRIGÐISMÁL** Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, telur að með afnámi á takmörkunum á auglýsingum tannlækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna, geti almenningur fengið betri upplýsingar um þjónustu lækna. Breytingarnar telur hann verða til þess að fólk þurfi ekki að treysta á orðróm og umtal þegar kemur að vali á heilbrigðisþjónustu.

Sigurjón Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands, telur frjálsar auglýsingar ekki vel til fallnar. Betur færi að koma upplýsingum um tannlæknaþjónustu fyrir á einum stað sem almenningi yrði gerður aðgengilegur. „Fólk veltir verði mikið fyrir sér þegar kemur að tannlæknum. Auglýsingar tel ég ekki líklegar til að lækka verð,“ segir Sigurjón. - kdk


Verið velkomin í upplýsingamiðstöðina

Verið velkomin í upplýsingamiðstöð álversins í Firði og kynnið ykkur rök fyrir stækkun álversins í Straumsvík og hvernig hún gerir gott álver ennþá betra.

Upplýsingamiðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 14:00 – 18:00 og laugardaga frá kl. 11:00 – 16:00.

straumsvik.is

ALCAN BETRA ÁLVER




LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!


Heilbrigðisráðherra um væntanlegt reykingabann á veitingahúsum:

# Vertar höfnuðu reykrýmum

**VEITINGAR** Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, segir að möguleg afdrep fyrir reykingamenn hafi mikið verið rædd á fyrstu stigum reglugerðarsetningar um reykingabannið, sem sett verður í sumar.

Veitingamenn hafi á endanum sjálfir lagst gegn slíkum hugmyndum, þar sem sýnt þótti að einungis sumir þeirra gætu komið upp slíku rými. „Þeir vildu hafa jafnræði í þessu þannig það yrði ekki leyft,“ segir Siv og bendir á að þetta falli einnig að sjónarmiðum vinnuverndar, því starfsfólk þurfi að þrífa í reykherbergjum sem öðru rými. Að auki sýni reynslan að torvelt sé að halda reykrýmum aðskildum frá hinum. Öll rök hafi því komið saman gegn reykrýmum innan dyra.

Hins vegar sé væntanleg reglugerð sem skýri hvernig reykrými utandyra skuli háttað. Leyft verði að setja upp afmörkuð skýli með allt að þremur veggjum.

Forsvarsmenn Ölstofunnar íhuga nú málaferli vegna lagasetningarinnar og segjast aldrei hafa verið spurðir álits á henni. Siv hafnar þeirri umkvörtun og segir að helstu hagsmunasamtök hafi verið fengin til umsagnar. Nefnir hún sem dæmi Samtök ferðaþjónustunnar. Í þeim séu sannarlega krár, til dæmis Grand Rokk. - kóþ



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Heimilið

Börn

Snyrtivörur

Dömur

Herrar

# Gjöfin þín í Debenhams

## dagana 30. mars – 4. apríl

### Ef þú kaupir Estée Lauder vörur fyrir kr. 4.400 eða meira færðu:*

- Box með 4 Pure Color augnskuggum
- Perfectionist (CP+) 7 daga skammt af viðgerðarkremi sem dregur samstundis úr línum og hrukkum um 36%
- Pure Color Crystal varalit: Fulla stærð.
- Resilience Lift Extreme – meiri lyfting, meiri ljómi, meiri raki. 7 daga skammtur.
- Gentle Eye Makeup Remover: Augnfarðahreinsi sem fjarlægir augnmálningu milt og vel.
- Lash XL maskara – 10 daga skammt. Lengir augnhárin allt að 50%
- Pure White Linen : Nýr hreinn og ferskur ilmur.
- Fallega snyrtitösku

*Verðgildi gjafarinnar er kr. 9.900.-*

** meðan birgðir endast*





**Við mælum með:**
Resilience Lift Extreme
Ultra Firming Makeup SPF 15

Fullkominn farði með þessari ótrúlegu lyftingu sem þú færð ekki staðist. Farði sem ekki er fyrir hvern sem er. En fyrir þig, já. Þig sem vilt líta vel út, eins vel og unnt er. Þig sem ekki lítur á aldurinn sem vandamál. Hér er á ferðinni háþróuð formúla sem sameinar kosti frábærrar húðhirðu Resilience Lift Extreme og fullkomna áferð förðunarmeistarans. Svo er það lyftingin sem þú færð ekki staðist og rakinn sem þú veist að þú þarfnast. Og í kaupbæti færðu svo útgeislun sem sýnir öðrum hvað þú ert í alvöru falleg.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!




Vantar þig undirbúning í stærðfræði og eðlisfræði fyrir háskólanám?

**Námskeið í stærðfræði og eðlisfræði fyrir nemendur með stúdentspróf hefjast 11. apríl og lýkur 15. júní.**

Kennsla hefst 8:15 og lýkur 14:35 (15:35)
Próf 18. - 22. júní.

Stærðfræði algebra: 90 kennslustundir
Stærfræði rúmfræði: 90 kennslustundir
Eðlisfræði: 90 kennslustundir

Umsóknarfrestur er til 3. apríl.

**Allar nánari upplýsingar veita:**
Málfríður Þórarinsdóttir s. 599 6438, malfrid@ru.is
Snjólaug Steinarsdóttir s. 599 6463, snjolaug@ru.is
Valdís Ösp Árnadóttir s. 599 6345, valdis@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is


Þungatakmarkanir á vegum landsins eru í 50 til 60 daga á ári:

# Veldur kostnaði og töfum

**SAMGÖNGUMÁL** Vegagerðin ákvað að setja þungatakmarkanir á vegi um allt land í vikunni vegna hættu á slitlagsskemmdum. Var þá ásþungi takmarkaður við tíu tonn. Þungatakmarkanir eru á sumum vegum landsins í fimmtíu til sextíu daga á ári sem veldur miklum kostnaðarauka fyrir flutningafyrirtæki.

Samtök atvinnulífsins (SA) segja takmarkanirnar skapa óvissu og auka kostnað. Þær hafi í för með sér að afhending vöru tefst, vöruverð sé hærra en ella og skapi alls kyns óvissu og óþægindi með gríðarlegum kostnaði og fyrirhöfn sem leggist fyrst og fremst á fólk og fyrirtæki á landsbyggðinni.

Gámar og bílar eru hlaðnir samkvæmt ákveðnum stöðlum og reynist þeir of þungir samkvæmt úttekt vegaeftirlitsins þarf að umstafla til að ná réttri öxulþyngd. Í mörgum tilvikum er verið að flytja innsiglaða gáma en flutningafyrirtækin hafa ekki heimild til að rjúfa innsigli. Gunnar Jónsson, akstursstjóri hjá Landflutningum, segir það rétt að þungatakmarkanir hafi mikil óþægindi í för með sér. „Við höfum búið við þetta lengi og dagarnir eru alltof margir miðað við það ástand sem ætti að vera á vegum landsins.“

Veturinn 2004 til 2005 voru þungatakmarkanir á veginum milli Akureyrar og Reykjavíkur í 49 daga og 57 daga í fyrravetur. **- shá**



**ÞUNGAFLUTNINGAR** Flutningar hafa færst æ meir yfir á þjóðvegina eftir að strandsiglingar lögðust af. Vegakerfið þolir flutningana illa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Neytendasamtökin:

# Mótmæla tolli á grænmeti

**NEYTENDAMÁL Neytendasamtökin hafa sent forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra bréf og mótmælt því harðlega að leggja eigi tolla á innflutt grænmeti frá löndum utan Evrópusambandsins í kjölfar aðgerða til að lækka matvælaverð sem hafi verið alltof hátt.**

**Í bréfinu segir stjórn Neytendasamtakanna að það komi verulega á óvart að stjórnvöld hafi fallist á í samningum við Evrópusambandið að tollar verði á nýjan leik lagðir á grænmeti og minnt á að það hafi ekki verið tilviljun að tollar hafi á sínum tíma verið felldir niður á grænmeti.**

**Stjórn Neytendasamtakanna hvetja stjórnvöld til að beita sér fyrir því að þessum samningum verði breytt þannig að engir tollar verði lagðir á grænmeti.** **- ghs**



**VAKANDI UNGABARN** Svefnvandamál hjá börnum eru sögð algengari hjá nýbökuðum foreldrum sem þurfa að læra inn á börnin og öðlast sjálfstraust. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Missa tveggja mánaða svefn

**Börn ræna foreldra allt að tveggja mánaða svefni fyrsta æviárið. Mæður segjast missa meiri svefn en feður. Svefnleysið hefur varanleg áhrif á helming foreldra.**

**VÍSINDI** Nýbakaðir foreldrar geta misst allt að tvo mánuði úr svefni fyrsta árið í lífi barnsins samkvæmt nýrri könnun meðal fimmhundruð foreldra. Þriðjungur sagðist að jafnaði missa 90 mínútur úr svefni hverja nótt sem jafngildir rúmlega heilli nótt í hverri viku og 68 nóttum á ári. Tæplega helmingur foreldra sögðust rífast yfir hvort fái minni svefn. Fréttavefur BBC greinir frá könnunni.

Alls sögðust 42 prósent mæðra bregðast við næturgráti barna sinna innan 30 sekúndna og tæp 70 prósent mæðra sögðu að það taki föðurinn fimm mínútur eða lengur. Aðeins eitt prósent mæðra sögðust geta sofið þegar barnið þeirra gréti og rúm 40 prósent þeirra sögðu föðurinn sofa værum blundi á meðan.

Fimmtungur foreldra sagðist vakna fjórum sinnum eða oftar á hverri nóttu fyrsta mánuðinn eftir fæðingu barnsins. Við eins árs aldur eru 38 prósent barnanna enn að vakna upp á nóttunni og 15 prósent foreldra með börn á aldrinum eins árs til tveggja ára sögðust enn ekki ná órofnum svefni yfir nóttina.

Sumir foreldranna sögðu þessa reynslu frelsandi á þann hátt að þau gerðu sér grein fyrir því að þau þyrftu ekki jafn mikinn svefn og þau höfðu áður talið. En flest sögðu að svefnleysið hefði haft varanleg áhrif á þau.

Tæplega 60 prósent sögðust sofa lausar sem afleiðing þess að hlusta eftir börnunum sínum og ellefu prósent sögðust hafa átt erfitt með svefn eftir að þau urðu foreldrar.

Fjórðungur foreldra sagði að svefnleysið ylli álagi á samband þeirra. „Að vakna upp með grátandi barn nokkrum sinnum yfir nóttina getur verið einmanaleg reynsla, sérstaklega ef þú færð engan stuðning,“ sagði ein móðirin sem tók þátt í könnuninni.

Það sem margir sögðu hjálplegt var að koma á fastri venju áður en börnin færu í háttinn, á borð við bað eða sögustund. **sdg@frettabladid.is**

Lélegir vegir af ásettu ráði:

# Á móti umferð bíla í Heiðmörk

**SAMGÖNGUR** Akvegum í Heiðmörk er af ásettu ráði haldið lítið við. Tilgangurinn er sá „að auka ekki umferð að nauðsynjalausu“ að því er segir í minnisblaði sem umhverfissvið Reykjavíkurborgar gerði í kjölfar þess að eldsneyti lak úr vörubíl sem lenti þar utan vegar. Bílinn var á vegum Klæðningar sem vinnur að umtalaðri vatnslögn fyrir Kópavogsbæ. Vegna þessa viðhaldsleysis segir umhverfissviðið það vera spurningu hvort og hvernig vegirnir í Heiðmörk þoli umferð stórra flutningabíla, ekki síst á vetrum þegar gæta þurfi ýtrustu varúðar. **- gar**



**HEIÐMÖRK** Vegunum er lítt haldið við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


'07 70ÁR Á FLUGI




GEFÐU FERÐALAG Í FERMINGARGJÖF

Það er bæði þroskandi og gaman að sjá sig um í heiminum. Gjafabréf frá Icelandair, full greiðsla eða innborgun upp í flugfargjald, er fermingargjöf sem opnar nýjar leiðir.

+ Pantaðu fermingargjöfina á icelandair.is/gjafabréf

Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.


OPIÐ
VERÐUR OPIÐ HÚS
HJÁ ÞÉR UM PÁSKANA?
Í augum innbrotsþjófa er hús án heimavarnar opið hús. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn og er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.
Hafðu samband við öryggsráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og við aðstoðum þig við að finna þær lausnir sem best henta þér og heimili þínu.
www.securitas.is
SECURITAS
HEIMAVÖRN




Jórdaníukonungur segir Ísrael verða að velja á milli stríðs og friðar:

# Arabaleiðtogar bjóða land fyrir frið

**SÁDI-ARABÍA, AP** Arabaleiðtogar hafa á ný lagt fram tilboð sitt til ísraelskra stjórnvalda um land fyrir frið. Kalla þeir eftir beinum viðræðum í von um að blása lífi í friðarviðræður í Mið-Austurlöndum. Tilboðið var fyrst lagt fram árið 2002 en þá hafnað af Ísrael.

Leiðtogarnir komu saman í Sádi-Arabíu þar sem vandamál svæðisins voru rædd. Auk Ísraels var farið yfir ástandið í Írak, aukinn mátt Írans og lýstu leiðtogarnir yfir ótta við kjarnorkuvopnakapphlaup í Mið-Austurlöndum.



**LEIÐTOGAFUNDURINN** Amr Mussa, framkvæmdastjóri Arababandalagsins, Abdullah Bin Abdul, konungur Sádi-Arabíu, og Saud Al-Faisal, utanríkisráðherra Sádi-Arabíu, á fundinum. NORDICPHOTOS/AFP

Talskona ísraelskra stjórnvalda sagði tilboðið áhugavert og hugsanlegan grundvöll viðræðna en vildi ekki tjá sig meira um það að svo stöddu.

„Ísrael verður að velja á milli tveggja kosta: að lifa í hringrás stöðugs stríðs og vaxandi haturs eða að samþykkja möguleikann á friði og sambúð þjóða,“ sagði konungur Jórdaníu, Abdullah II, sem kallaði eftir því að Bandaríkin settu þrýsting á Ísrael.

Í tilboðinu felst viðurkenning á Ísraelsríki og varanlegur friður við arabaríki gegn því að Ísrael hverfi frá því landi sem var hertekið árið 1967. Kveðið er á um palestínskt ríki og „sanngjarna lausn“ á málum palestínskra flóttamanna sem voru þvingaðir af landi sínu sem nú er Ísrael.

- sdg




**BROSAÐ VIÐ BÖRNUM** Bætt tannvernd barna, hækkun barnabóta og ókeypis skólabækur fyrir framhaldsskólanema er meðal þess sem Samfylkingin leggur áherslu á í aðgerðaáætlun sem kynnt var í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Unga Ísland, aðgerðaáætlun Samfylkingarinnar í málefnum barna, var kynnt í gær:

# Bæta stöðu barna og unglinga

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin kynnti í gær aðgerðaáætlun í málefnum barna sem nefnist Unga Ísland. Samkvæmt henni mun flokkurinn beita sér fyrir markvissum aðgerðum til að bæta stöðu barna og barnafjölskyldna á Íslandi á næsta kjörtímabili. Þetta verður gert í samstarfi við foreldra, skóla, sveitarfélög og fleiri.

Meðal aðgerða sem kynntar voru í gær eru bætt tannvernd barna með ókeypis eftirliti og forvörnum, hækkun barnabóta, ókeypis skólabækur fyrir framhaldsskólanema og stóreflt forvarnastarf gegn kynferðisofbeldi. Einnig ætlar flokkurinn að auka stuðning við börn innflytjenda í skólakerfinu.

„Við teljum skipta mestu máli að draga úr skerðingu barnabóta, gera öllum sem vilja kleift að sækja framhaldsskóla með því að létta af þeim bókakostnaðinn og tryggja að öll börn eigi greiðan aðgang að tannvernd og -eftirliti,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Hún segir kostnaðinn við fyrstu níu aðgerðirnar í áætluninni vera um tvo til þrjá milljarða króna. „Það eru ekki stórar upphæðir miðað við útgjaldaloforð ríkisstjórnarinnar.“

- sþs



Furðulegt peningaflóð:

# Seðlar veiddir upp úr á í Japan

**JAPAN, AP Lögregla í Japan notaði fiskinet og hendurnar til að moka peningaseðlum upp á 2,7 milljónir jena, andvirði rúmlega 1,5 milljónum króna, upp úr á utan við Tókýó.**

**Vegfarandi gerði lögreglu viðvart er hann sá peningaseðla á floti í Sakai-ánni á mörkum Tókýó- og Kanagawa-sýslna, að því er talsmaður lögreglu greindi frá. Alls tókst að veiða 270 10.000-jena seðla upp úr ánni. Rannsókn stendur yfir á því hvernig á því stendur að seðlunum var fleygt í ána. Séu þeir ófalsaðir og þeirra ekki vitjað af réttmætum eiganda innan hálfs árs rennur féð í ríkissjóð.** - aa

Verkalýðsfélög lækka félagsgjöld í 0,7 prósent af heildarlaunum 1. júlí:

# VR lækkar félagsgjöld um 30 prósent

**VINNUMARKAÐUR** VR hefur ákveðið að lækka félagsgjöld um þrjátíu prósent eða úr einu prósenti af heildarlaunum í 0,7 prósent. Lækkunin tekur gildi 1. júlí, að sögn Stefaníu Magnúsdóttur, varaformanns VR. „Það tekur auðvitað tíma að ganga frá svona breytingum í sambandi við launakerfi og þess vegna tekur breytingin ekki gildi fyrr en þá,“ segir hún.


STEFANÍA MAGNÚSDÓTTIR

VR var rekið með 980 milljóna króna hagnaði í fyrra. „Félagið stendur það vel að við teljum enga ástæðu til að safna í sjóði heldur viljum frekar láta félagsmenn njóta þess. Við njótum hagkvæmni stærðarinnar,“ segir hún. Í VR eru nú 26 þúsund félagsmenn og snerta þessar breytingar því um fjórða hvern starfandi mann á höfuðborgarsvæðinu.

Langflest félögin innan Rafiðnaðarsambandsins hafa samþykkt lækkun félagsgjalda upp á tæp tíu prósent, eða úr 1,1 prósenti í 1,0 prósent, og afnám iðgjaldaþaks. Björn Ágúst Sigurjónsson, fulltrúi hjá Rafiðnaðarsambandinu, segir að lækkunin taki gildi um áramótin ef öll félögin samþykki hana.

Hallór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, býst við að frekari umræða fari í gang í kjölfarið á þessum lækkunum, sérstaklega hjá verkalýðsfélögum með sterka rekstrarstöðu. - ghs


**FÉLAGSGJÖLDIN LÆKKA** Félagsgjöld verslunarmanna í Reykjavík lækka um 30 prósent 1. júlí, eða úr 1,0 prósenti í 0,7 prósent. Lækkunin tekur til um fjórðungs starfandi manna á höfuðborgarsvæðinu.


**RÆNT OG RUPLAÐ** Verslun rænd í miðjum óeirðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir í París:

# Berserksgangur eftir miðaeftirlit

**FRAKKLAND, AP** Þrettán manns voru handteknir eftir óeirðir ungmenna í járnbrautastöðinni Gare du Nord í París á miðvikudag, að því er franski innanríkisráðherrann greindi frá.

Óeirðirnar hófust er miðalaus maður kýldi tvo miðaverði sem voru við eftirlit í jarðlestarstöð Gare du Nord. Gengi ungmenna gekk berserksgang, braut rúður og rændi verslanir.

Nýi innanríkisráðherrann Francois Baroin, sem tók við embættinu af Nicolas Sarkozy á mánudag, sagði viðbrögð við miðaeftirlitinu hafa „farið úr böndunum og breyst í skæruhernað, í ólíðandi ofbeldi“. Margt þeirra ungmenna úr innflytjendafjölskyldum í úthverfunum norður af París, þar sem óeirðirnar urðu verstar í nóvember 2005, á leið um Gare du Nord. - aa


**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Samtök um betri byggð hafa lýst yfir andstöðu við fyrirhugaða stækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Stækkun í Straumsvík:

# Telja álverið tímaskekkju

**SKIPULAGSMÁL Samtök um betri byggð lýsa yfir eindreginni andstöðu við fyrirhugaða stækkun álvers ALCAN í Straumsvík.**

**Í yfirlýsingu frá samtökunum kemur fram að stækkun álvers svo nærri byggð sé fullkomin tímaskekkja. Samtökin benda á að útblástur frá stækkuðu álveri geti haft áhrif á heilsufar íbúa á höfuðborgarsvæðinu og að umhverfisspjöll vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár verði veruleg.**

**Þá harma samtökin það hve ójafn leikurinn í áróðursstríðinu sé. ALCAN hafi ótakmarkað fjármagn meðan grasrótarsamtök á borð við Sól í Straumi þurfi að leita í vasa félagsmanna sinna.**

**Samtök um betri byggð eru umhverfis- og neytendasamtök á sviði borgarskipulags á höfuðborgarsvæðinu.** - þo

## PÓLLAND

## Krefjast fóstureyðingabanns

Þúsundir Pólverja tóku í gær þátt í kröfugöngu í Varsjá, þar sem krafist var allsherjarbanns við fóstureyðingum, einnig í tilvikum þar sem þungunin er til komin með nauðgun eða sifjaspellum. Göngunni skipulögðu herskár hægriflokkur og útvarpsstöðin Radio Maryja.





# NÝ SENDING KOMIN!

## Fyrstir koma, fyrstir fá

Nú er komin ný sending af D-Max sem fengið hefur frábærar undirtektir, rokið út og selst upp. Ef þú hefur verið að horfa til annarra pallbíla (nefnum engin nöfn en segjum til dæmis að það byrji á Hi og endi á lux) er tíma þínum mun betur varið með D-Max. Ekki aðeins er D-Max töluvert ódýrari heldur einnig aflmeiri, með nýja díselvél sem er hljóðlátari en nokkru sinni fyrr og **eyðir aðeins 8 l/100**. D-Max er með stærri felgum og meiri dráttargetu, aksturstölvu, þokuljósum, „cruise control“, halogen-ljósum, 6 hátölurum og loftkælingu. **Settu þig í gírinn, D-Maxinn er kominn aftur!**



## Gerðu samanburð!

| Vél og afköst | D-Max | Hi-Lux |
|---|---|---|
| Gerð | 3.0 | 3.0 |
| Ventlakerfi | 16 ventla DOCH | 16 ventla DOCH |
| Stimpilstærð | 95,4 x 104,9 | 96,0 x 103,0 |
| Slagrými | 2999cc | 2982cc |
| Hámarksafköst (hö/snm) | 163/3600 | 171/3600 |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1800 - 3600 | 343/1400 - 3400 |
| Dráttargeta | 3 tonn | 2,2 tonn |
| Framleiðsluland | Thailand | Afríka |
| **Verð sjálfskiptur** | **2.790.000 kr.** | **3.290.000 kr.** |


**Ný díselvél með millikæli**
Háþróuð tækni eins og millikælir og VGS (Variable Geometry System) skilar 13% betri eldsneytisnýtingu, meiri krafti og minni hávaða og minni útblæstri. Nýja díselvélin sem er hljóðlátari en nokkru sinni fyrr og **eyðir aðeins 6,5-9,4l/100**.


**Rúmgóður og þægilegur**
Innviðir **ISUZU D-MAX** vekja jafnvel enn meiri gleði en ytra byrðið. Hann er einstaklega rúmgóður og ný hönnun á glæsilegu mælaborði með raflýstum mælum og nýjum og notkunarvænum bílstjórasætum færa innra rýmið upp í nýja vídd hvað varðar þægindi.


**Innbyggt öryggi**
Dúal SRS loftpúðar í framsætum minnka hættu bílstjóra og farþega komi til árekstrar, einkum þegar þeir eru notaðir með þriggja punkta ELR sætisbeltunum. Framljósin eru með Slipsod kerfi sem eykur lýsingu og lengir sjónsviðið og eykur þannig enn öryggi bílstjóra.

**Isuzu D-Max** | Sjálfskiptur **2.790.000 kr.** | Beinskiptur **2.690.000 kr.**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

ENNEMM / SÍA / NM27023

# Verðið

**19.560**



**Trampolín, 13 ft, h 88 cm**
3900563

**Öryggisnet** **9.990**
Fyrir trampólín
3900564

**10.590**



**Reiðhjól, 12”**
Bubbi Byggir og My Bonnie
3899960/62

**17.900**
~~19.900~~



**Kvenreiðhjól, 26”**
18 gírar
3899942



**Reiðhjól, 16”**
Bubbi Byggir og My Bonnie
3899961/63
**12.590**

Vorið **nálgast**
frábær hjól á
**frábæru verði**



**2.580**
~~3.445~~

**Reiðhjólagrind**
Fyrir 5 hjól
5797469

**4.980**
~~6.650~~

**Reiðhjólagrind**
Fyrir 3 hjól
5797470

**Nýtt**
**Flíspeysur**
soft shell
**dömu og herra**

**6.995**
~~8.999~~



**Egger** borðplötur
beyki og ljósgrá 64 sm breidd

**35%** afsláttur



**2.590**

**Borðplata, beyki, T110**
174364

**Borðplata, ljósgrá, T017**
174764

**Sama lága verðið um land allt**

# lækkar í Húsasmiðjunni



**39.990** ~~59.990~~

**Blástursofn**
Electrolux. 52 ltr. grill og pizzustilling.
1830104
Electrolux



**39.990**

**Kælir, Amica**
AC200, 122 sm, hvítur
1808301



**Kælir/frystir, Electrolux**
173/57 ltr. 150 sm, hvítur, orkunýting A
1835903
Electrolux

**45.990** ~~52.990~~



**35.990** ~~49.990~~

**Helluborð**
Electrolux.
Breidd 60 sm
1805504
Electrolux

# Electrolux raftækin

## færðu í verslunum okkar um land allt



**2.990** m2

Karelia®
WOOD FLOORING

**Eik Robust, Karelia**
Vandað smelluparket frá Finnlandi.
146564



**Ekkert lím**

**2.890** m2

**Beyki Classic, Tarkett**
Sænskt smelluparket.
146817

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



**SJALDSÉÐIR HVÍTIR** Svartir svanir eru ekki á hverju strái en þessi rak upp stór augu þegar hann rakst á einn hvítan. Sá var reyndar ekki af holdi og blóði en það hindraði ekki hlýjar tilfinningar sem vöknuðu í brjósti hins svarta. NORDICPHOTOS/AFP

Verjandi Jóns Geralds Sullenberger segir að vísa eigi ákæru á hendur honum frá dómi eða sýkna ella:

# Meðferðin á Jóni Gerald til skammar

**BAUGSMÁL** Vísa á ákæru á hendur Jóni Gerald Sullenberger, einum hinna ákærðu í Baugsmálinu, frá dómi á grundvelli sömu sjónarmiða og urðu til þess að ákæru gegn olíuforstjórunum var vísað frá dómi nýverið. Þessa krafðist Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds, þegar hann flutti málið fyrir hönd skjólstæðings síns í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Með þessu vísaði Brynjar til þess að Jón Gerald hafði stöðu vitnis í málinu við rannsókn þess, og veitti lögreglu upplýsingar um viðskipti sín við Baug. Þegar settur ríkissaksóknari hafi tekið við málinu hafi Jón Gerald verið kallaður til yfirheyrslu, en þá með stöðu sakbornings. Honum hafi verið rétt skýrsla sem hann gaf lögreglu sem vitni, og spurður hvort hann stæði við það sem þar hafi komið fram. Hann hafi svarað því játandi, og skömmu síðar verið birt ákæra.

„Ég held að þetta sé það galnasta sem ég hef nokkurn tímann heyrt,“ sagði Brynjar um þessi vinnubrögð lögreglu. Vitni geti verið refsað fyrir að greina rangt frá, en sakborningi ekki. Og ef Jón Gerald hefði neitað því að staðfesta skýrsluna hefði hann trúlega verið ákærður fyrir ranga skýrslugjöf.

Ef ákæru á hendur Jóni Gerald verður ekki vísað frá dómi sagði Brynjar að sýkna ætti umbjóðanda sinn. Ekki væri rétt sem verjandi annars sakbornings, og raunar sækjandi líka, hafi haldið fram að Jón Gerald hafi játað saknæmt brot. Hann er ákærður fyrir að aðstoða hina ákærðu við bókhaldsbrot með því að útbúa tilhæfulausan kreditreikning.

„Það er ekki refsivert að útbúa tilhæfulausan reikning,“ sagði Brynjar. Ekkert bendi til þess að reikningurinn hafi verið til staðar þegar færslan sem ákært er vegna var færð í bókhald Baugs. Auk þess hafi reikningurinn verið útbúinn í Bandaríkjunum, og til að dæmt verði fyrir það hér á landi verði saksóknari að vera búinn að sýna fram á að slíkt sé saknæmt í Bandaríkjunum líka, sem hann hafi ekki gert. **- bj**



**LOKS Í RÆÐUSTÓL** Brynjar Níelsson flutti málið fyrir skjólstæðing sinn, Jón Gerald Sullenberger, á tæpri klukkustund, og var ekki hálfdrættingur í tímalengd á við aðra verjendur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## BAUGSMÁLIÐ Á NÆSTUNNI

Aðalmeðferð Baugsmálsins lauk á sjötta tímanum í gær, og var málið þá lagt í dóm. Alls komu 90 vitni fyrir dóminn á þeim sjö vikum sem aðalmeðferðin tók, auk þriggja sakborninga, þeirra Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Tryggva Jónssonar og Jóns Geralds Sullenberger.

Lögum samkvæmt hefur dómurinn þrjár vikur til að kveða upp dóm, en í ljósi umfangs málsins, og þess að páskar eru á næsta leiti, sögðust sækjandi og verjendur ekki reikna með að dómur falli fyrr en í fyrri hluta maímánaðar. Ef meira en átta vikur líða frá því mál er dómtekið þar til dómur er kveðinn upp geta sækjandi og verjendur krafist þess að málið verði flutt á nýjan leik.

Eins og upplýst var á miðvikudag heldur rannsókn á meintum skattalagabrotum einstaklinga tengdum Baugi áfram, og hefur Jón Ásgeir þannig verið beðinn um að gefa skýrslu hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra seinnipartinn í apríl.


Fasteignafélagið Stoðir hf., kt. 450599-3529, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar skuldabréfa sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins og gert aðgengilega almenningi frá og með 30. mars 2007.

Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:

Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 3.000.000.000 var gefinn út þann 21. ágúst sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands STOD 06 2. Bréfin verða skráð í Kauphöll Íslands þann 30. mars 2007. Hver eining bréfanna er kr. 5.000.000. Skuldabréfin eru óverðtryggð og skulu bera 3ja mánaða REIBOR vexti auk 1,9% álags. Höfuðstóll bréfanna skal endurgreiðast þann 21. ágúst 2011, en vaxtagjalddagar skulu vera fjórum sinnum á ári, sá fyrsti var þann 21. nóvember 2006 og síðan á þriggja mánaða fresti

Lýsingu þessa er hægt að nálgast hjá útgefanda Fasteignafélaginu Stoðir hf., Kringlunni 4 - 12, 103 Reykjavík og á vefsetri Kauphallar Íslands www.news.icex.is og á vefsetri útgefanda Fasteignafélagsins Stoða hf. www.stodir.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 30. mars 2007

KAUPÞING




**Á LOKAMETRUNUM** Gestur Jónsson (til hægri) og Jakob R. Möller notuðu síðustu mínútur hádegishlésins í gær til að undirbúa sig fyrir lokahnykkinn á aðalmeðferðinni, sem hefur tekið allan tíma málflytjenda síðustu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Yrði að hætta sem forstjóri

**Verði sakborningar í Baugsmálinu sakfelldir mega þeir ekki stýra fyrirtækjum í þrjú ár. Hlýtur að vega þungt í huga dómenda segir verjandi. Eins og leigubílstjóri sem brýtur umferðarlög segir sækjandi.**

**BAUGSMÁL** Verði Jón Ásgeir Jóhannesson eða Tryggvi Jónsson sakfelldir fyrir eitthvert af þeim brotum sem þeir eru ákærðir fyrir í Baugsmálinu mega þeir ekki sitja í stjórnum fyrirtækja eða stýra þeim næstu þrjú árin. Jón Ásgeir yrði því að hætta störfum sem forstjóri Baugs Group.

Þetta kom fram í máli Gests Jónssonar, verjanda Jóns Ásgeirs, og Jakobs R. Möller, verjanda Tryggva, í munnlegum málflutningi í málinu í gær.

Þeir vísuðu í 66. grein hlutafélagalaga, þar sem segir: „Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.“

Vegna þessa ákvæðis er í raun verið að svipta sakborninga atvinnu sinni, verði þeir fundnir sekir, sagði Jakob. Slík óbein refsing hljóti að vega þungt í huga dómenda.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, sagði ekki duga að benda á þessar afleiðingar. Hægt sé að líkja þessu við leigubílstjóra sem sé sakfelldur fyrir umferðarlagabrot og sviptur ökuréttindum. Þó refsingin hafi áhrif á atvinnustarfsemi hans eigi það ekki að verða til þess að honum sé ekki gerð refsing.

Jakob dró í gær enga dul á það að Tryggvi hefði gert mistök þegar hann færði andvirði kredityfirlýsingar frá færeyska fyrirtækinu SMS sem tekjur í hálfsársuppgjöri Baugs sumarið 2001. Mistökin eigi sér þó skýringar, Tryggvi hafi þurft að gera margt á stuttum tíma þegar hann kom til landsins þegar verið var að ljúka uppgjörinu.

„Þarna var að sjálfsögðu enginn ásetningur um að blekkja eða færa bókhaldið í sjálfu sér á rangan hátt, enda ekki Tryggvi sjálfur sem færði bókhaldið. Þetta var ekki ásetningur heldur afsakanlegt gáleysi mjög önnum kafins manns,“ sagði Jakob.

Gestur Jónsson sagði skýringar Jóns Ásgeirs og Tryggva um mánaðarlegar greiðslur Baugs til Nordica, félags Jóns Geralds Sullenberger, ekki hafa tekið breytingum. Tryggvi og Jón Ásgeir eru ákærðir fyrir að draga fé úr Baugi til að fjármagna hlut Fjárfestingafélagsins Gaums í skemmtibátnum Thee Viking, en Gaumur er fjölskyldufyrirtæki Jóns Ásgeirs.

Gestur sagði rannsókn lögreglu vegna þessa ákæruliðar gagnrýniverða. Í fyrsta lagi hafi ekki verið kannað í hvað Jón Gerald hafi eytt peningunum sem Baugur greiddi til Nordica. Endurskoðendur verjenda hafi ekki séð samhengi milli mánaðarlegra greiðslna frá Baugi og greiðslna vegna Thee Viking.

Í öðru lagi hafi Jón Ásgeir og fleiri bent á að greiðslurnar til Nordica hafi átt sér hliðstæðu í viðskiptum við danska fyrirtækið Simon‘s Agentur, sem hafi gegnt sama hlutverki fyrir Baug og Nordica. Það hafi ekki verið rannsakað. **brjann@frettabladid.is**

## ORÐRÉTT



*„Það má segja að það geti aðeins vafist fyrir hinum lærðustu mönnum að skilja þessi atriði, fyrir okkur hina virðast þessi refsiatriði liggja í augum uppi.“*
Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, taldi túlkun verjenda á lagagrein sem ákært er vegna ofar sínum skilningi, og greinilega ofar skilningi Hæstaréttar líka.



*„Meðferðin sem hann hefur mátt þola í þessu máli, þessi ágæti maður, er til háborinnar skammar, og nánast fær mann til að gráta.“*
Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds Sullenberger, sagði þá meðferð sem umbjóðandi hans hafði fengið hjá lögreglu til skammar, hann hafi í raun verið ákærður vegna þess sem hann sagði sem vitni í málinu.



*„Tryggvi Jónsson er algerlega sannfærður um sakleysi sitt, og það er ég líka.“*
Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, sagði umbjóðanda sinn hafa sýnt mikinn samstarfsvilja við rannsókn málsins þó reynt hafi mikið á þolinmæðina.



*„Það er þá ekki í eina skiptið sem hann hefur gert eitthvað sem er ekki alveg gáfulegt.“*
Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, vitnaði í orð saksóknara að það hafi ef til vill ekki verið sérlega gáfulegt af Jóni Gerald að gefa út 62 milljóna króna tilhæfulausan kreditreikning.



*„Ætli þetta sé ekki sökudólgurinn.“*
Þrátt fyrir orðanna hljóðan gerði Brynjar ekki merka uppgötvun á síðasta degi aðalmeðferðarinnar og dró fram hinn seka mann, eins og lögfræðingum í sjónvarpsþáttum er tamt, heldur uppgötvaði hann að Gestur Jónsson hafði skilið eftir blað í ræðupúltinu og kom því til skila.



*„Þetta er svona ef dóminn skyldi vanta pappír.“*
Jakob bauðst til að afhenda dómurum yfirlitsblað yfir blaðsíðutöl sem vísað var til í málflutningi hans.



*„Ég er nú búinn að segja það að við ætlum ekki að láta kaffæra okkur.“*
Arngrímur Ísberg dómsformaður tók fremur dræmlega í að bæta enn á skjalaflóðið í málinu, sem þykir talsvert fyrir.



„Það er alltaf e*rfitt fyrir dóminn þegar sóknin og vörnin eru ekki að flytja sama málið.“*
Sigurður Tómas sagði að hann og verjendur hafi allt að því talað í kross um ákveðin ákæruefni.

# Komdu norður!

# Páskaævintýri á Akureyri



## Komdu á skíði!

Opið alla páskana í Hlíðarfjalli. Hreinræktað skíðaævintýr! Samhliðasvig og sprettganga í Fjallinu – og í miðbænum.

## Komdu í leikhús!

Lífið notkunarreglur, Best í heimi og Ausa hjá Leikfélagi Akureyrar. Nánar á www.leikfelag.is.

## Komdu í sund!

Vatnaparadísin í Sundlaug Akureyrar opin frá kl. 9.00-19.00 alla páskana.

**Bærinn iðar af lífi um páskana:** Myndlistarsýningar, sinfóníutónleikar, rokktónleikar, öðruvísi tónleikar, dansleikir, úrval veitingarhúsa, kynning á mat úr héraði, kaffihúsin opin, Íslandsmót í kraftlyftingum, góða veðrið og góða skapið í sannkölluðu páskaævintýri á Akureyri.







**Allt um viðburðina í bænum**
**á www.akureyri.is/atburdadagatal.**

**Akureyri.is - Nordurland.is**



**ALLT Í STÍL** Elísabet II Bretadrottning klikkaði ekki á því að hafa regnhlífina í stíl við fötin þegar hún þurfti að grípa til hennar á göngu sinni um nýjar aðalstöðvar tennissamtakanna í London í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Skipulagssjóður Reykjavíkur semur við Festar ehf. um fasteignir í miðbænum:

# Borgin selur hús fyrir 400 milljónir

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavíkurborg hefur selt einkahlutafélaginu Festum átta hús og lóðir við Laugaveg og Hverfisgötu fyrir 400 milljónir króna.

Fasteignir sem borgin selur eru Laugavegur 17, Laugavegur 19, Laugavegur 19b, Hverfisgata 30, Hverfisgata 32, Hverfisgata 32a, Hverfisgata 32b og Hverfisgata 34.

„Eru viðskipti þessi tilkomin vegna óska og hvatningar kaupanda um að sameina lóðir á þessum byggingarreit,“ segir í kaupsamningnum.

Eigendur Festa hafa allt frá árinu 1999 keypt upp eignir á umræddum reit sem afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg, Hverfisgötu og Smiðjustíg. Reykjavíkurborg hefur fyrir sitt leyti haft það markmið frá árinu 2004 að reiturinn kæmist í uppbyggingu og hefur keypt þar talsvert af eignum.

Endurskoða á deiliskipulag reitsins. Við það á að hafa hagsmuni verslunar sérstaklega í huga. Verslanir verði á fyrstu hæð og hótel og íbúðir á efri hæðum. Einnig er rætt um 50 til 60 nýjar íbúðir á miðjum reitnum og bílakjallara fyrir 250 bíla.

Festar greiða 100 milljónir króna við undirritun kaupsamningsins og næstu 150 milljónir þegar deiliskipulag hefur verið staðfest. Síðustu 150 milljónir kaupverðsins greiða Festar síðan þegar bygginganefndarteikningar hafa hlotið samþykki borgaryfirvalda. - gar



**LAUGAVEGUR** Húsin númer 17 og 19 við Laugaveg eru meðal þeirra sem borgin hefur selt Festum ehf. sem hyggja á mikla endurnýjun á reitnum þar í kring. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




ARGUS / 07-0166

10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **Viðbót** á Netinu **fyrir 1. maí næstkomandi** fá um næstu áramót 10% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí nk.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

spron




**FRÁ FUNDI UMHVERFISRÁÐHERRA** Josef Pröll, umhverfisráðherra Austurríkis, og kollegar hans Jónína Bjartmarz, Dick Roche frá Írlandi og Helen Björnöy frá Noregi.

Ráðherrar hvetja til lokunar Sellafield-kjarnorkuversins:

# Kjarnorka ekki lausn á loftslagsvanda

**UMHVERFISMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra Íslands, og umhverfisráðherrar Írlands, Noregs og Austurríkis hvetja til lokunar Sellafield-kjarnorkuversins í Englandi og vara sterklega við kjarnorku sem lausn á loftslagsvanda.

Jónína sat fund umhverfisráðherra í Dublin á Írlandi á mánudag, þar sem rætt var um kjarnorku og fyrirhugaða enduropnun THORP-endurvinnsluversins í Sellafield á Englandi. Ráðherrarnir hvetja bresk stjórnvöld til að opna ekki kjarnorkuverið að nýju í ljósi ítrekaðra öryggisvandamála sem komið hafa þar upp, en hefja þess í stað undirbúning að lokun Sellafield-stöðvarinnar í heild sinni.

Nokkur umræða hefur verið undanfarin misseri í Evrópu og víðar um að auka orkuframleiðslu með kjarnorku í ljósi loftslagsbreytinga. Í yfirlýsingu umhverfisráðherra Íslands, Írlands, Noregs og Austurríkis sem ritað var undir á fundinum er varað sterklega við því að litið sé á kjarnorku sem lausn á loftslagsvandanum.

Endurvinnsla Breta á geislavirkum úrgangi í Sellafield og losun geislavirkra efna í hafið hefur lengi verið íslenskum stjórnvöldum þyrnir í augum. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum vegna Sellafield-stöðvarinnar og endurteknum óhöppum þar, oft í samvinnu við stjórnvöld á hinum Norðurlöndunum og á Írlandi. - shá


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ









Er Neytendastofa nokkuð upptekin við svefnrannsóknir?

Þær opinberu stofnanir sem eiga að vernda neytendur fyrir „Múskóvæðingunni“ láta lítið fyrir sér fara. Halda mætti að þær væru uppteknar við svefnrannsóknir. Á meðan líða neytendur fyrir Múskó-væðingu viðskiptalífsins.

Skoðaðu málið á www.musko.is

**Um hlutverk Neytendastofu**
4. gr. Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum í umboði viðskiptaráðherra sem fer með framkvæmd laganna.
Hlutverk Neytendastofu samkvæmt lögum þessum er að:
a. framfylgja boðum og bönnum laganna,
b. ákveða aðgerðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum,
c. stuðla að auknu gagnsæi markaðarins.

III. kafli. Eftirlit með gagnsæi markaðarins.
19. gr. Í því skyni að upplýsa neytendur og efla verðskyn þeirra aflar Neytendastofa upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birtir niðurstöður eftir því sem ástæða þykir til. Neytendastofa skal setja verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu.




MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Tími til að mála!



**Ekki hlaupa eftir gervitilboðum, „fyrri verðum“ eða „afsláttum“ – hjá okkur færðu alltaf hagstætt verð og mikil gæði.**




Allir ljósir litir

**DEKACRYL 7**
Gljástig 7 — 10 lítrar
**Kr. 2.990,-**

Allir ljósir litir




**DEKAPRO 20**
Gljástig 20 — 4 lítrar
**Kr. 2.695,-**




Allir ljósir litir

**DEKAPRO 10**
Gljástig 10 — 10 lítrar
**Kr. 3.150,-**




**DALAPRO MEDIUM**
Spartl — 3 lítrar
**Kr. 874,-**




**SCALA MASTERLACK**
40% gljái — 1 líter
**Kr. 868,-**

## Fáðu ráð hjá fagmanninum!



Hjá Múrbúðinni starfar hann Jón Kristinn Snorrason málari sem gefur góð ráð um val og notkun á málningu og málningarvörum.




**DEKA ROCK**
Samskeytaspartl
28 kg
**Kr. 1.695,-**

## Hjá okkur færðu aðeins gæðamálningu á góðu verði

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-15**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***



**LITRÍKUR LÆKNIR** Læknar við Læknavísindastofnun Indlands fögnuðu ákaft á götum úti eftir að hæstiréttur afnam áætlun stjórnvalda um að auka nemendakvóta háskóla. Áætlunin miðaði að því að taka helming af nemendaplássum frá fyrir fátæka landsmenn. NORDICPHOTOS/AFP

Persónuvernd fundaði með Alcan á Íslandi vegna kosningavefs fyrirtækisins:

# Starfsmenn gátu skoðað svörin

**PERSÓNUVERND** Fulltrúar Persónuverndar heimsóttu á miðvikudag Alcan í Straumsvík til að skoða kerfi sem stýrir kosningavef fyrirtækisins. Að sögn Sigrúnar Jóhannesdóttur, forstjóra Persónuverndar, var fundurinn gagnlegur. „Við fengum afhent ýmis gögn sem við erum að fara í gegnum núna. En það hefur ekki verið tekin ákvörðun um frekari aðgerðir og ég get ekkert fullyrt um hvenær sú niðurstaða mun liggja fyrir.“

Alcan gerði ákveðnar breytingar á vefnum þegar fyrirtækinu barst fyrirspurn frá Persónuvernd 15. mars síðastliðinn. Í svarbréfi sem fyrirtækið sendi frá sér síðastliðinn föstudag vegna vefsins segir meðal annars að „byrjað var á úthringingum 10. mars síðastliðinn. Fram til 15. mars gátu þeir starfsmenn sem skráðu upplýsingar skoðað svör einstaklinga, sem og „administrators“ (vefstjóra).“



Þörf fyrir þennan aðgang hafi síðar ekki reynst nauðsynlegur „þegar á reyndi og ekki er vitað til þess að aðgangurinn hafi verið nýttur. Var því ákveðið að fella þennan möguleika út úr kerfinu.“ Þeim viðmælendum sem skráðir voru í kerfið á þessum tíma var ekki tilkynnt um að vefstjórar hefðu aðgang að öllum svörunum sem þeir gáfu þegar hringt var í þá.

Auk þess hefur spurning um forsendur þeirra sem hringt er í verið fjarlægð úr gagnagrunni kosningavefsins. - þsj

Síbrotamaður frá Litháen:

## Stórþjófur í gæsluvarðhald

**DÓMSMÁL Litháískur karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 20. apríl. Hæstiréttur hefur staðfest þann úrskurð.**

**Maðurinn er grunaður um að hafa stolið ýmsum verðmætum úr verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Við leit á honum fann lögregla gasvopn og hníf.**

**Maðurinn hefur hlotið fjóra refsidóma á árunum 1993-2001 í heimalandi sínu, samkvæmt upplýsingum frá Interpol. Fyrst þriggja ára fangelsi fyrir rán, þá fjögurra ára fangelsi fyrir rán og eignaspjöll, síðan fjögurra ára fangelsi fyrir rán og loks þriggja ára fangelsi fyrir þjófnað.** - jss




**MÓTMÆLAGANGAN** Fimmhundruð foreldrar og börn gengu fylktu liði að þinghúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli á Nýja-Sjálandi:

## Á móti banni við flengingum

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Börn og foreldrar **sameinuðust í mótmælagöngu í höfuðborg Nýja-Sjálands, Wellington, á miðvikudag vegna lagafrumvarps sem kveður á um bann við flengingum.**

**Eru mótmælin hluti af andstöðu við áætlun um að afnema ákvæði í hegningarlögum sem leyfir foreldrum að nota „hæfilegt afl“ til að aga börn sín.**

**Styðjendur frumvarpsins segja gildandi lög hafa verið notuð til að tryggja sýknu fyrir foreldra sem hafa verið ákærðir fyrir að berja börn sín.**

**Í 500 manna mótmælagöngunni mátti sjá skilti með slagorðunum: „Skiptið ykkur ekki af fjölskyldum“ og „Flengingar eru ekki barsmíðar“. Ein stúlka veifaði skilti sem á stóð „Þið eruð ekki mamma mín og pabbi“.** - sdg

Starfsmannahátíð Fjarðaáls:

## Ráðherrar til Reyðarfjarðar

**IÐNAÐUR** Geir H. Haarde forsætisráðherra býður starfsmenn Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði velkomna á starfsmannahátíð á morgun. Ásamt honum verða Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra gestir hátíðarinnar.

„Þetta er hátíð sem Bandaríkjamenn kalla welcoming ceremony,“ segir Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls. Bernt Reitan, aðstoðarforstjóri Alcoa í Bandaríkjunum verður einnig meðal gesta á hátíðinni á morgun. - sþs

### JAPAN

**Bresk kona finnst látin**

Lögregla í Japan leitar nú manns eftir að bresk kona fannst látin í sandfylltu baðkari í íbúð hans í úthverfi Tókýó á mánudag. Baðkarið með líkinu hafði verið sett út á svalir íbúðarinnar. Dánarorsök konunnar, sem var 22 ára tungumálakennari, lá ekki fyrir.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta í Heiðmörk**

Bílstjóri flutningabíls var fluttur á slysadeild eftir að hann velti bíl sínum í Heiðmörk á miðvikudag. Meiðsli hans voru óveruleg. Vörubíllinn var fulllestaður þegar atvikið átti sér stað en vel gekk að koma honum á réttan kjöl. Svolítil olía lak úr bílnum.



**EYÐIEYJA** Þurft hefur að fresta frekari framkvæmdum á byggingarsvæðinu vegna hússins sem stendur á því miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hús staðfastrar konu stendur uppi í miðju byggingarsvæði:

## Húseigandinn sem neitar að selja

**KÍNA** Húsið skagar upp úr á risavöxnu byggingarsvæði þar sem grafið hefur verið alls staðar umhverfis það. Fólk kallar það „Naglahúsið“ vegna staðfestu eiganda þess sem neitar að selja verktökum það, eins og nagli sem ekki er hægt að fjarlægja, að því er kemur fram á fréttavef Herald Tribune.

Barátta Wu Ping fyrir húsinu sínu undanfarin tvö ár hefur vakið heimsathygli. Yfir 280 nágrannar hennar sættust á bætur sem þeim voru boðnar fyrir hús sín en hún stendur föst á sínu.

Á hverju ári mótmæla þúsundir Kínverja því að þurfa að víkja af heimilum sínum fyrir nýjum háhýsum, golfvöllum eða iðnaðarhverfum. Sögur eru sagðar af handtökum og jafnvel barsmíðum á fólki sem mótmælir brottflutningi.

Wu segist hafa meiri trú en aðrir. „Ég trúi því að þetta sé mín löglega eign og ef ég get ekki varið mín réttindi þá hefur það nýju eignalögin að háðungi.“ Á hún þar við lög sem kínverska þingið setti fyrr í þessum mánuði þar sem eignaréttur er í fyrsta skipti tryggður lögum samkvæmt.

Þrátt fyrir allt lítur út fyrir að barátta Wu muni tapast á endanum. Verktakarnir sneru sér loks til húsnæðisyfirvalda í borginni sem gáfu út heimild til niðurrifs. - sdg





**TVEGGJA ÁRA BARÁTTA** Wu hefur háð baráttu um húsið sitt í tvö ár og segist hún ekki hafa fengið aðgang að því á þeim tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

UTANKJÖRSTAÐASKRIFSTOFA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Valhöll, Háaleitisbraut 1, 2. hæð, 105 Reykjavík
Símar: 515 1735 og 898 1720, fax: 515 1717
Netfang: oskar@xd.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninganna 12. maí nk. er hafin.

Kosið er hjá sýslumönnum um allt land. Hjá Sýslumanninum í Reykjavík, Skógarhlíð 6, er kosið alla virka daga kl. 9.00 – 15.30, laugardaga, sunnudaga og aðra helgidaga kl. 12-14, en lokað föstudaginn langa og páskadag.

Utankjörstaðaskrifstofan veitir allar upplýsingar og aðstoð við kosningu utan kjörfundar. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins www.xd.is og á upplýsingavef dómsmálaráðuneytisins www.kosning.is

Sjálfstæðisfólk!
Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, t.d. námsfólk erlendis.

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

# SETTU ÞAÐ SAMAN HTH










# HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

## Af hverju að borga meira?

HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi.
Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að ***Settu það saman*** línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

## Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.

HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni ***Settu það saman*** línunnar frá HTH.
Öll framleiðsla HTH er með ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001 gæðavottun sem þýðir að HTH vinnur samkvæmt helstu gæðastöðlum ásamt því að taka tillit til umhverfis og vinnuumhverfissjónarmiða og er vottað sem slíkt.

## Einfalt og þægilegt.

Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. ***Settu það saman*** er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu. HTH býður ókeypis teikniforrit með þessu kerfi sem gerið þér auðvelt að máta hina ýmsu stærðir og útlit inn í þitt eldhús.

## Stíllinn og áferðin skipta sköpum.

Í ***Settu það saman*** kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt. Lítil halogenljós sem falla í hillur eða veggskápa gefa fallega og notalega birtu. Borðplatan setur svo punktinn yfir i-ið. Við bjóðum upp á úrval borðplatna í hæsta gæðaflokki og í ýmsum munsturlitum. Borðplötur úr gegnheilu beyki og mahogni eru mjög vinsælar og setja glæsilegan svip á eldhúsið.

**Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.**

Frítt teikniforrit á **www.gds-hth.dk** og þú hannar draumaeldhúsið þitt auðveldlega.





**AEG**

**20% afsláttur** veittur af lúxus eldhústækjum frá AEG þegar keyptar eru innréttingar frá HTH.

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA ÁN KREDITKORTS

**ORMSSON**
**ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160**

**ORMSSON**
**AKUREYRI · Sími 461 5003**

**ORMSSON**
**SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908**

## „ORÐRÉTT“

### Gömul ljóðskáld víkja fyrir þeim yngri

**„... ég vil svara honum með ljóðlínum lýðskáldsins Friðriks Sturlusonar Sálarmanns, Hver er orginal?“**

GUNNAR SVAVARSSON, FORSETI BÆJARSTJÓRNAR Í HAFNARFIRÐI SVARAR HJÖRLEIFI GUTTORMSSYNI EN HJÖRLEIFUR VITNAÐI Í STEIN STEINARR.

**Fréttablaðið 29. mars**

### Óhreinir peningar?

**„Ég opna þennan pakka og þá vella bara út 5.000-, 1.000-, og 500-kallar, ávísanir og posakvittanir. Mér alveg dauðbrá og henti þessu frá mér.“**

GÍSLÍNA MAGNÚSDÓTTIR FÉKK UPPGJÖR VERSLUNAR SENT Í PÓSTI Í STAÐINN FYRIR NOKKRAR TÖLUR.

**Morgunblaðið 29. mars**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** LINDA ÁSGEIRSDÓTTIR

## Skoppa og Skrítla í Ameríku



„Við erum að meika það í Ameríku,“ segir Linda Ásgeirsdóttir leikkona í símann frá Pensacola í Flórída. Þar er Linda ásamt Hrefnu Hallgrímsdóttur. Saman eru þær Skoppa og Skrítla.

„Við erum að sýna leikritið okkar og það gengur ótrúlega vel. Við erum búnar að fara til New York og það er uppselt á tólf sýningar hér á Flórída,“ segir Linda ánægð.

Linda segir að í gær hafi þær Hrefna verið með tvær sýningar fyrir fullu húsi í Pensacola. Þar hafi Hrefna einmitt verið við nám á sínum tíma. „Þetta er leikhús sem sýnir eingöngu frumsamin verk. Þetta er fyrsta barnaleikritið sem þeir sýna og það bara vekur svona þvílíka lukku.“

Hrefnu og Lindu til aðstoðar á ferðalaginu er Bergljót Pétursdóttir. Sýningin um Skoppu og Skrítlu hefur vitanlega verið þýdd á ensku. „Krakkarnir hér elska þetta eins og krakkarnir heima. Hér er bara spurt hvenær við ætlum að koma aftur,“ segir Linda sem kveður litla hópinn þó á förum heim. „Við erum að fara að taka upp nýjan geisladisk með lögum sem fólk getur hlustað á í sólinni í sumar.“

Sýningar á Skoppu og Skrítlu eru nú orðnar alls áttatíu talsins og þeim er enn ekki lokið. „Stefnan er á London í lok apríl og það er búið að biðja okkur að koma með aukasýningar í Þjóðleikhúsið í maí. Svo eru tökur á nýjum sjónvarpsþáttum í júní. Það er eiginlega dálítið mikið að gera.“

## ASPEN:
### SILFURNÁMUBÆR VERÐUR SKÍÐAPARADÍS



Borgin Aspen í Colorado-ríki í Bandaríkjunum er þekktust fyrir að vera vinsæll áfangastaður skíðamanna. Í bænum búa aðeins tæplega sex þúsund manns, en Aspen er stærsti bær Pitkin-sýslu í Colorado. Aspen byggðist sem upp sem námubær þegar silfurtaka var sem mest í Colorado, en bærinn er nefndur eftir aspartrjánum sem finnast í miklu magni á svæðinu. Vinsældir Aspen sem skíðasvæðis hófust eftir seinni heimsstyrjöldina þegar Walter Paepcke stofnaði Skíðafélag Aspen.

## SJÓNARHÓLL
### BANN VIÐ REYKINGUM Á VEITINGASTÖÐUM



AÐALHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR

### Gott mál og punktur

„Reykingabannið leggst mjög vel í mig,“ segir Aðalheiður Ólafsdóttir söngkona um væntanlegt reykingabann á veitinga- og skemmtistöðum. „Þetta er gott fyrir þá sem reykja og þá sem reykja ekki. Því með banninu reykja þeir náttúrulega minna. Ég skil samt alveg sjónarmið sumra veitingamanna sem hafa mótmælt þessum aðgerðum. Staða þeirra er alveg sjónarmið út af fyrir sig, sérstaklega það að ekki megi stúka af sérstök reykingahólf. En ég held að þetta verði bara annað hvort að vera af eða á.

Það er ömurlegt hvað föt geta lyktað illa af sígarettureyk eftir að maður hefur verið úti að skemmta sér og frábært að geta losnað við það. Já þetta er bara gott mál og punktur.

# Veiðimenn andvaka af spenningi

**Sunnudagurinn 1. apríl er upprisudagur íslenskra stangveiðimanna. Þá hefst silungsveiðin í nokkrum ám og vötnum. Jón Mýrdal er klár í slaginn.**

„Veturinn fór í að horfa á veiðimyndbönd og plana næsta sumar,“ segir Jón Mýrdal, stangveiðimaður og blaðamaður.

Löng bið fyrir Jón og aðra veiðimenn er senn á enda. Á sunnudag hefst stangveiði sumarins. Jón verður þá mættur að vatnsbakkanum. „Ég get ekki sleppt því,“ segir hann þótt ákvörðunarstaðurinn sé að vísu enn ekki fastákveðinn. „Það er svo margt sem kemur til greina. Kannski fer ég í Vífilsstaðavatn.“

Jón er bjartsýnn á að stangveiðin hefjist með glæsibrag þetta árið. „Vorið er svo miklu betra nú en það var í fyrra. Þá var allt frosið og snjór yfir öllu,“ rifjar hann upp með léttum hrolli – þótt kuldinn hafi auðvitað ekki haldið aftur af honum þá.

Stangveiðimenn þekkja Jón frá vinsælli veiðiumfjöllun sem hann annaðist í DV í fyrrasumar undir nafninu Veiðimál Mýrdals. Flutti Jón þar líflegar fréttir af gangi mála við árbakka og veiðivötn.

Sjálfur hóf Jón sinn veiðmannsferil sem smástrákur uppi í Borgarfirði. „Þetta var einfaldlega í blóðinu. Ég byrjaði á því að veiða kola á Litlubryggju í Borgarnesi. Síðan hef ég bara alls ekki getað hætt,“ segir hann.

Fyrir utan að leggja drög að veiðiferðum komandi sumars og stúdera veiðimyndbönd þá hefur Jón nýtt veturinn til að huga að veiðigræjunum sínum. „Maður byrjar að fara í veiðibúðirnar í janúar að skoða og kaupa flugur og endurnýja það sem þarf. Og kannski bæta við einhverju nýju dóti.“

Sumarið í heild er þó alls ekki skipulagt í þaula hjá Jóni. „Mér leiðist að vera með allt fast fyrirfram langt fram á sumar. En ég fer alltaf á vissa staði, til dæmis í Þingvallavatn og í Varmá og Þorleifslæk. Í sumar ætla ég í Vatnsdalsá og Laxá í Kjós,“ upplýsir Jón.

Spenntastur segist Jón í augnablikinu vera fyrir túr í Minnivallalæk upp úr miðjum apríl.

„Þar eru tíu punda urriðar á sveimi. Ætli ég verði ekki andvaka næstu vikurnar,“ segir Jón og heldur áfram að dytta að veiðigræjunum. **- gar**



**JÓN MÝRDAL** Græjurnar eru tilbúnar. Og sjálfur hefur Jón Mýrdal verið tilbúinn frá því í fyrrahaust. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




Ræðismaður Filippseyinga á Íslandi lætur fátt mannlegt sér óviðkomandi:

# Safnar fyrir Filippseyinga og skýtur skjólshúsi yfir Pólverja

„Mig langar til að hjálpa fátæku fólki á Filippseyjum. Margir eiga enn um sárt að binda eftir flóð, auk þess sem mikill skortur á nauðsynjum ríkir á sumum stöðu,“ segir María Priscilla Zanoria, ræðismaður Filippseyinga á Íslandi. Hún stendur ein fyrir fatasöfnun þessa dagana. Afrakstrinn ætlar hún svo að senda til Filippseyja.

María stendur sjálf straum að flutningi söfnunargámsins og mun fylgja honum til Filippseyja og sjá til þess að varningurinn komist í réttar hendur. „Ég hvet fólk til að láta eitthvað sem það er hætt að nota í söfnunina. Það þurfa ekki endilega að vera föt heldur bara eitthvað sem fólk sér fram á að geti komið öðrum að notum. Til dæmis gömul barnaleikföng,“ segir María sem telur mun ánægjulegra að gefa öðrum en safna munum upp í skápa.

Annir Maríu eru miklar þessa daganna enda virðist hún láta flest mál sig varða. „Nú er ég með fjóra Pólverja heima hjá mér. Einn þeirra hafði lent í erfiðum veikindum. Það kostaði fjölskylduna mikið og því misstu þau húsnæðið,“ segir filippseyski ræðismaður sem þótti sjálfsagt að skjóta skjólshúsi yfir fólkið í vandræðum þeirra á Íslandi.

Þeim sem vilja leggja Maríu lið við söfnunina er bent á að hægt er að skilja föt eða aðra muni eftir við Auðbrekku 18 í Kópavogi. **- kdk**



**MARÍA PRISCILLA ZANORIA** Hún hvetur fólk til að láta föt og aðra nýtilega muni til söfnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

## Svona erum við

> Fjöldi fanga í afplánun á Íslandi.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SÚRÁL

# *Aðaluppistaðan í framleiðslu á áli*

**Hvað er súrál?**
Súrál er hvítt, púðurkennt efni og aðalhráefnið í lokaframleiðslu á áli. Súrál er efnasamband áls og súrefnis sem jafnframt nefnist áloxíð. Efnaformúla þess er Al2O3 og vísar til þess að það samanstendur af álfrumeindum og súrefnisfrumeindum í hlutföllunum tveir á móti þremur.

**Hvernig er súrál búið til?**
Súrál er aðallega unnið úr rauðleitum leir eða málmgrýti er kallast báxít sem einkum er að finna við Karíbahafið, í Ástralíu og Afríku.

Til þess að breyta báxíti í súrál þarf að mala það niður í bland við kalk og vítissóda. Þeirri blöndu er dælt inn í ofna og hún hituð. Áloxíðin leysast upp úr vítissódanum og falla úr blöndunni. Þá eru áloxíðin hreinsuð og hituð og það sem eftir stendur er hvítt duft sem kallað er súrál.



**Hvernig er súrál notað?**
Í álverum er súráli breytt í ál. Það er gert við rafgreiningu og þess vegna er mikið og ódýrt rafmagn forsenda þess að álver geti risið.

Sterkum rafstraumi er hleypt á ker með súráli en þá skilur álið sig frá súrálinu. Úr tveimur tonnum af súráli má bræða eitt tonn af áli. En eitt tonn af áli er nægjanlegt til þess að framleiða 60.000 gosdósir.

**Hversu gömul er þessi tækni?**
Ál er þriðja algengasta frumefni jarðskorpunnar en samt sem áður er hreint ál hvergi að finna í náttúrunni. Á 18. öld áttuðu menn sig á því að hægt væri að vinna sérstakan málm úr súráli en skorti til þess rétta tækni.

Það var því ekki fyrr en snemma á 19. öld sem mönnum tókst að skilja álið frá súrefninu og búa til ál úr súráli.

## SPURT OG SVARAÐ
**HEIMSKAUTARÉTTUR**

### *Þarft nám*



**ÁGÚST ÞÓR ÁRNASON**
Verkefnisstjóri

Nýlega undirritaði utanríkisráðherra samstarfssamning við Háskólann á Akureyri um fjárhagslegan og faglegan stuðning við meistaranám í heimskautarétti. Ágúst Þór Árnason er verkefnisstjóri félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri.

**Hvað er heimskautaréttur?**
Heimskautaréttur eru lög og réttur á heimskautasvæðinu. Kjarnagreinarnar eru þjóðarréttur, umhverfis-, auðlinda- og hafréttur, frumbyggjaréttur og landsréttur þjóða á heimskautasvæðinu.

**Er þetta nám víða í boði?**
Ég held að nákvæmlega þetta nám sé hvergi í boði í heiminum. Allt sem hefur verið sagt og skrifað um heimskautamál á síðustu tveimur árum sýnir að það er mikil þörf á námi sem þessu enda er mikið að gerast í umhverfismálum

**Hvernig verður námið uppbyggt?**
Þetta er 18 mánaða nám og við reiknum með að taka við 20 til 30 nemendum á ári hverju. Þeir munu koma víða að og við erum í samstarfi við erlenda skóla. Fyrstu nemendurnir verða teknir inn haustið 2008.

# Útilokunaraðferð fimmflokkanna

**Ný lög um fjármál stjórnmálaflokka tóku gildi um síðustu áramót. Við gildistökuna jukust framlög til þeirra stjórnmálaflokka sem þegar sitja á þingi um rúmlega 50 prósent og takmörk voru sett á þau framlög sem einstaklingar og aðrir lögaðilar mega veita til stjórnmálasamtaka. Í rökstuðningi laganna segir að markmið þeirra sé „að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræði“.**



**FORMENN STJÓRNMÁLAFLOKKANNA** Enginn þingmaður flokkanna fimm sem eiga sæti á Alþingi greiddi atkvæði gegn lögum um fjármál stjórnmálasamtaka. Ný framboð segja lögin lýðræðislega hindrun og til þess gerð að festa fimmflokkana í sessi.

Eftir gildistöku laganna jukust bein framlög til starfsemi stjórnmálaflokkanna fimm úr 200 milljónum á ári í 310 milljónir. Framlögunum er skipt milli þeirra stjórnmálasamtaka sem fengu að minnsta kosti einn mann kjörinn eða 2,5 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Fimm stjórnmálasamtök uppfylla þau skilyrði: Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Samfylking, Vinstrihreyfingin og Fjálslyndi flokkurinn.

Þegar atkvæðagreiðsla um lögin fór fram 9. desember síðastliðinn voru það fulltrúar þessara fimm stjórnmálasamtaka sem samþykktu þau. 42 sögðu já, átján voru fjarstaddir en þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins sátu hjá. Enginn þingmaður sagði nei.

### Landsbyggðarþingmenn dýrir

Flokkarnir fimm hafa frá árinu 2001 einnig fengið greidd framlög vegna nýrrar kjördæmaskipunar og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum. Í ár skiptast 50 milljónir króna milli flokkanna vegna þessa. Því renna samtals 360 milljónir úr ríkissjóði til fimmflokkanna á þessu ári, eða um 5,3 milljónir vegna hvers þingmanns þeirra. Þar er ekki innifalinn neinn sá kostnaður sem hlýst af störfum Alþingis, en sú upphæð nemur tæplega 2,3 milljörðum árlega.

### Lögin draga úr lýðræðinu

Háværar gagnrýnisraddir hafa heyrst vegna laganna úr röðum þeirra framboða sem hyggjast bjóða fram til Alþingis í fyrsta sinn í vor. Þau halda því fram að lögin geri lítið annað gagn en að festa núverandi stjórnmálaflokka í sessi og koma á sama tíma í veg fyrir að ný öfl komist að kjötkötlunum.

Arndís Björnsdóttir, formaður Baráttusamtaka eldri borgara og örykja, sagði nýverið að lögin gerðu það að verkum að „það er verið að festa samtryggingarspillinguna, sem er hjá öllum núverandi þingflokkum, í sessi. Alþingismenn eiga svo öruggt líf og hafa það svo gott að þeir vilja ekki fá neina fleiri í hópinn. Það er svo mikil spilling og rotnunarhugarfar hjá því fólki sem kemst á þing núorðið að það er varla hægt að greina á milli flokkanna. Þessi lög minnka traust á stjórnnmálahreyfingum og draga úr lýðræðinu.“

### Samkomulag fimmflokkanna

Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar – lifandi lands, hefur talað á svipuðum nótum og sagt að flokkur hans hafi ekki bolmagn til að auglýsa eins mikið og flokkarnir fimm sem eiga þegar fulltrúa á Alþingi. „Hinir flokkarnir hafa sjálfir skammtað sér 360 milljónir króna úr ríkissjóði með nýjum lögum um fjármál flokkanna, á sama tíma og við fáum ekki krónu.“

Fimmflokkarnir gerðu á þriðjudag með sér samkomulag um að takmarka auglýsingakostnað í aðdraganda komandi kosninga við 28 milljónir króna á hvern flokk. Var það kynnt sem „leið til að koma böndum á útgjöld vegna kosningabaráttunnar“.

Ómar sagði í Fréttablaðinu í vikunni að Íslandshreyfingin myndi alveg örugglega eyða mun minni fjárhæð í auglýsingar en samkomulag flokkanna miðaði við. „Það er engin hætta á því að við munum nálgast nokkurn af þessum flokkum í auglýsingum og því hefur takmark á auglýsingum lítið að segja fyrir okkur. Það er ekkert víst að við munum geta auglýst neitt í sjónvarpi, nema með því að skrapa saman peningum.“

### Útilokunaraðferðin

Tilgangur laganna var sagður sá að tryggja gagnsæi og draga úr hagsmunaárekstrum. Einu hagsmunaárekstrarnir sem þau virðast þó draga úr eru á milli þeirra flokka sem þegar sitja á þingi og gagnsæið er tryggt með því að setja þá á fjárlög líkt og opinberar stofnanir.

Markmið laganna er sagt vera það að „auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræðið“. Lögin horfa þó ekki þannig við þeim stjórnnmálaöflum utan þings sem hyggjast bjóða fram. Þau sjá lögin mun fremur sem fjárhagslegan lýðræðisþröskuld sem hefti aðgengi þeirra að stjórnmálaþátttöku. Viðbrögðin bera þess heldur ekki merki að traust á stjórnmálastarfsemi hafi aukist mikið við lagasetninguna heldur mun fremur festa fimmflokkana á Alþingi í sessi.

### SKIPTING STYRKJA TIL STARFSEMI STJÓRNMÁLAFLOKKA

Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. grein fjárlaga. Kostnaðarliðurinn heyrir undir fjármálaráðuneytið.

| Flokkur | 2006 | 2007 |
|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkur | 68.352.748 kr. | 105.946.758 kr. |
| Framsóknarflokkur | 35.985.975 kr. | 55.778.262 kr. |
| Samfylkingin | 62.812.609 kr. | 97.359.544 kr. |
| Vinstrihreyfingin | 17.867.805 kr. | 27.695.099 kr. |
| Frjálslyndi flokkurinn | 14.980.863 kr. | 23.220.337 kr. |
| samtals: | 200.000.000 kr. | 310.000.000 kr. |

### SKIPTING STYRKJA TIL STJÓRNMÁLAFLOKKA

Greitt til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum. Kostnaðarliðurinn heyrir undir forsætisráðuneytið.

| Flokkur | 2006 | 2007 |
|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkur | 10.900.818 kr. | 13.622.023 kr. |
| Framsóknarflokkur | 10.697.902 kr. | 13.372.378 kr. |
| Samfylkingin | 10.565.249 kr. | 13.206.561 kr. |
| Vinstrihreyfingin | 3.963.445 kr. | 4.954.306 kr. |
| Frjálslyndi flokkurinn | 3.872.587 kr. | 4.840.734 kr. |
| Samtals: | 40.000.000 kr. | 50.000.000 kr. |



FRÉTTASKÝRING
ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON
thordur@frettabladid.is




Fermingargjafir sem vit er í
ÍSLENSKIR
HELLAR
Tvö bindi.
Tilboð
19.980 kr.
15% afsláttur
ÍSLENSKIR
FISKAR
Tilboðsverð
18.690 kr.
Snorri Sturluson
Edda
Tilboð
4.990 kr.
40% afsláttur
Nóbelsskáldið
HALLDÓR LAXNESS
Salka Valka I
Tilboð:
5.490 kr.
25% afsláttur
Tilboð
3.990 kr.
15% afsláttur
LJÓÐASAFN
Tilboð
3.690 kr.
15% afsláttur
Eddukvæði
Tilboð
4.680 kr.
35% afsláttur
PASSÍUSÁLMAR
Tilboðsverð
3.990 kr.
Tilboðsverð
3.990 kr.
Perlur Laxness
Tilboð
2.990 kr.
30% afsláttur
Edda
edda.is



BÓNUS
MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ
MARSIPANKAKA
KANILKAKA
MÖNDLUKAKA
Vínarkaka
129 KR.
360g
Innflutt nautahakk
30% afsláttur við kassann
Ferskt innflutt nautahakk
KÍLÓVERÐ NÚ:
909 KR.
Merkt verð 1298KR.
Hér koma
EKKERT BRUÐL
Heilar baunir eða malaðar
Sjáðu verðið!
Nýtt!
Baunir/kaffi
429 KR.
400g
Kaffið góða frá TE & KAFFI
fæst nú í öllum Bónusverslununum
TE & KAFFI
4 nautaborgarar
4 hamborgarabrauð
298 KR.
Kippa af Coca-Cola og páskaegg!
6x 2 lítrar í kippu
og Bónus páskaegg nr. 3
898 KR.
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
Coca-Cola
2L
170g
1 kíló!
75 KR.
BÓNUSBRAUÐ
Kornbrauð
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Kauptu þér kippu af Coca-Cola
6 x2 lítra og þú færð
Bónus páskaegg 170g nr. 3
Í KAUPBÆTI!

# Bónustilboðin!

Íslands lambasteik
30% afsláttur við kassann
VIÐ KASSANN
ÍSLANDS LAMB
Weekend steak
Beinlaus lambasteik
KÍLÓVERÐ NÚ:
1115 KR.
Merkt verð 1593KR.

HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673KR.

EKKERT BRUÐL

Ali hamborgarhryggir
30% afsláttur við kassann

HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1516 KR.
Merkt verð 2166KR.

Ali

ERAN/Landlist

Einiberja/villijurta lambalæri
40% afsláttur við kassann
Einiberjakryddað LÚXUS LAMBALÆRI
EINIBERJA/VILLI LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.

Lamba fille
20% afsláttur við kassann
FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.

FROSNAR LAMBALUNDIR
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.

LAMBA-LUNDIR
...fyrir góðan dag!
Lambalundir

Sjáðu verðið!

Páskatilboð
159 KR.
Bónusfeti 250g
BÓNUS Feti OSTUR OG ÓLÍFUR Í KRYDDOLÍU
BÓNUS Feti OSTUR Í KRYDDOLÍU

Úrbeinað kofareykt Bónus hangikjöt
40% afsláttur við kassann
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT BÓNUS
HANGILÆRI ÚRBEINAÐ

Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1125 KR.
Merkt verð 1876KR.

Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
1519 KR.
Merkt verð 2533KR.

KJARNAFÆÐI

DVD mynd
1998 KR.
HAPPY FEET

www.bonus.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.460 **+0,15%** **Fjöldi viðskipta:** 486 **Velta:** 9.709 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +4,86% | **FL Group** | -1,01% |
| **Straumur-Burðarás** | +1,01% | **Alfesca** | -0,84% |
| **Össur** | +0,82% | **Mosaic** | -0,63% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,56 +0,00% ... Actavis 75,50 +0,00% ... Alfesca 4,71 -0,84% ... Atlantic Petroleum 669,00 +4,86% ... Atorka 6,93 -0,14% ... Bakkavör 65,10 -0,46% ... Eimskipafélagið 33,70 -0,30% ... FL Group 29,50 -1,01% ... Glitnir 26,70 +0,38% ... Kaupþing 1.024 +0,00% ... Landsbankinn 31,60 +0,64% ... Marel 75,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,70 -0,63% ... Straumur-Burðarás 20,10 +1,01% ... Össur 123,00 +0,82%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Toyota nálgast toppinn

Framleiðsla á nýjum bílum undir merkjum japanska bifreiðaframleiðandans Toyota jókst um 0,9 prósent á milli ára í febrúar. Þetta jafngildir því að Toyota hafi framleitt 680.968 nýja bíla í mánuðinum. Toyota er næstumsvifamesti bílaframleiðandi í heimi og stefnir allt í að fyrirtækið taki toppsætið af bandaríska bílaframleiðandanum General Motors á næstu mánuðum. Þetta mun vera 28. mánuðurinn í röð sem framleiðsla á nýjum bílum eykst hjá Toyota. Japanarnir framleiddu rétt rúmlega 9 milljón bíla í fyrra og banka á dyrnar hjá Kananum sem framleiddi 9,18 milljón bíla á sama tíma.

### Steinn í götu fjárfesta

Steinn var settur í götu fjárfesta sem lagt hafa fram yfirtökutilboð í ástralska flugfélagið Qantas undir lok síðustu viku þegar fjárfestingafélag sem fer með fjögur prósent í því felldi tilboðið. Yfirtökutilboðið hljóðar upp á 11,1 milljarð ástralskra dala, jafnvirði rúmlega 589 milljarða íslenskra króna. Salan á Qantas hefur verið hitamál í Ástralíu og verið mikið rædd á þingi. Stjórnvöld eru fylgjandi tilboðinu á meðan stjórnarandstöðuflokkarnir eru það ekki. Sama máli gegir um áströlsk verkalýðsfélög og þarlenda fjárfesta, sem fara með stóra hluti í Qantas.




## MARKAÐSPUNKTAR

Renewable Energy Resources, félag í eigu Atorku Group, hefur eignast 22,1 prósent í Romag, leiðandi framleiðanda á sérhæfðum lausnum sem nýtir birtu til rafmagnsframleiðslu.

Á sænskusíðunni E24.se er sagt frá því að sjóðir sem bankarnir eru að ráðleggja fólki að leggja peningana sína í séu gullnámur fyrir sjóðastýringarfyrirtæki. Kaupþing bendir á að þetta sé vegna þess að þjónustugjöld sjóðanna eru mjög há og skili þeir ekki meiri hagnaði en venjulegir bankareikningar.

Nettókaup Íslandinga á erlendum verðbréfum námu 39 milljörðum króna á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Landsbankinn bendir á að kaup á erlendum verðbréfum hafa tífaldast frá fyrstu tveimur mánuðum ársins 2005.






## Gengi Atlantic keyrt upp

Nýtt verðmat frá færeyska bankanum Eik Banka keyrði upp gengi hlutabréfa í færeyska olíuleitarfélaginu Atlantic Petroleum um 4,9 prósent í gær.

Eik metur sex mánaða markgengi Atlantic á 902 danskar krónur hlutinn en til samanburðar stóð gengið í 669 við lokun markaða í gær.

Frá áramótum hefur Atlantic Petroleum hækkað um rúman fimmtung í verði. Innherjar hafa verið að kaupa bréf í félaginu og þá hafa borist jákvæðar fréttir af Ettrick olíuborholunni í Norðursjó. Búist er við að olíuframleiðsla hefjist þar á næsta ári.

Þá hefur fyrirtækið tilkynnt um þá fyrirætlan sína að nýta sér rannsóknaleyfi til olíuleitar í norðanverðu Keltahafi, en svo nefnist sjórinn sunnan Írlands.

**- eþa**

# Stórframkvæmdir fresta lækkunarferli stýrivaxta

**Stýrivextir eru óbreyttir enn um sinn. Seðlabankinn segir líkur á lækkun á fjórða ársfjórðungi, heldur síðar en greiningardeildir hafa spáð. Óvissuþættir tengjast gengi og stjóriðju. Hækkun stýrivaxta er ekki útilokuð.**



**SPÁÐ Í SPILIN** Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri og Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, velta vöngum áður en kom að kynningu á stýrivaxtaákvörðun bankans í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að stýrivextir bankans skuli vera óbreyttir frá því sem þeir hafa verið síðan í desember, eða 14,25 prósent.

„Verðbólga hefur hjaðnað og verðbólguhorfur batnað nokkuð frá því sem gert var ráð fyrir í síðustu spá bankans. Þessa framvindu má ekki síst þakka aðhaldssamri stefnu í peningamálum og virkari miðlun stýrivaxta auk þess sem ytri aðstæður hafa verið hagstæðar,“ segir Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans. Hann bendir þó á að undirliggjandi verðbólga sé enn langt yfir verðbólgumarkmiði bankans og hafi raunar aukist síðustu tvo mánuði.

Seðlabankinn birti í gær í efnahagsriti sínu Peningamálum með nýjum hætti spá um þróun efnahagsmála. Spáð er til þriggja ára og með hliðsjón af þeim stýrivaxtaferli sem bankinn telur líklegastan til að ná verðbólgu niður í 2,5 prósenta markmið bankans. Segir bankinn að með þessum hætti verði spáin trúverðugri en áður þegar miðað var við óbreytta stýrivexti á spátímanum.

Miðað við spána verður ekki nauðsynlegt að hækka stýrivexti frekar og gerir bankinn ráð fyrir að þeir verði óbreyttir til fjórða ársfjórðungs þessa árs. „Þá fara þeir að lækka og verða sex prósent í lok spátímans. Þessi vaxtaferill leiðir til þess að mæld verðbólga minnkar hratt í ár, fer nokkuð undir markmið um tíma og verður mjög nærri því frá miðju næsta ári,“ segir Davíð og telur undirliggjandi verðbólgu einnig hjaðna hratt. Hann áréttar þó að með spá sinni sé bankinn ekki að binda sig við þennan vaxtaferil, heldur verði honum breytt eftir aðstæðum. „Líta ber á hann sem þýðingarmikla vísbendingu um hverjir stýrivextir þurfa að vera miðað við núverandi horfur til þess að verðbólgumarkmiðið náist á spátímanum.“

Þannig birtir bankinn tvær fráviksspár þar sem ráð er gert fyrir þróun sem frekar ýti undir verðbólgu og myndi þá hafa áhrif á stýrivaxtaákvarðanir. „Mikill viðskiptahalli og mjög spenntur vinnumarkaður fela í sér verðbólguáhættu til lengri tíma,“ segir Davíð og telur áhyggjuefni að þótt hratt dragi úr viðskiptahallanum og spáð sé töluverðum samdrætti innlendrar eftirspurnar verði hann enn ekki sjálfbær í lok spátímans. „Versni til dæmis alþjóðleg fjármálaskilyrði þannig að fjármögnun hallans verði kostnaðarsamari gæti gengi krónunnar lækkað og verðbólguhorfur versnað á ný, einkum ef spenna á vinnumarkaði er slík að hætta sé á víxlverkun launa og verðlags. Seðlabankinn mun því þurfa að bregðast ákveðið við slíkri framvindu.“

Komi til veruleg og óvænt gengislækkun sér bankinn því fram á að þurfa ef til vill að hækka stýrivexti yfir sextán prósent áður en kæmi að hröðu lækkunarferli.

„Önnur áhætta sem vert er að gefa gaum eru áform um uppbyggingu frekari áliðju með tilheyrandi virkjunum. Verði af þeim á spátímanum myndi hægja á hjöðnun framleiðsluspennu en forsenda varanlegrar hjöðnunar verðbólgu er að spennan hverfi Þá gæti reynst nauðsynlegt að hækka stýrivexti og í öllu falli að halda þeim háum lengur en felst í grunnspánni ef halda á verðbólgu í skefjum,“ segir Davíð. Hærri vextir myndu þrengja rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina, segir hann, en með því móti yrði skapað rými fyrir framkvæmdirnar þannig að verðbólga verði nálægt markmiði. Þannig myndu stýrivextir haldast óbreyttir, eða hækka lítillega, fram undir mitt næsta ár og taka þá að lækka, en hægar samt en í grunnspá bankans. „Verði ráðist í slíkar framkvæmdir er því mjög brýnt að ákvarðanir um tímasetningar og framkvæmdahraða verði teknar með hliðsjón af þjóðhagslegum skilyrðum,“ segir Davíð.

**olikr@frettabladid.is**









# Eignast þriðjung í HB Granda

Kjalar, eignarhaldsfélag í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, hefur fest kaup á þriðjungshlut Kaupþings í HB Granda. Kaupverðið nemur rúmum sjö milljörðum króna og er kvótahæsta útgerðarfyrirtæki landsins því metið á 21 milljarð út frá þessum viðskiptum.

Hjörleifur Þór Jakobsson, forstjóri Kjalars, segir að um áhugaverða langtímafjárfestingu sé að ræða. „Þetta er gott félag sem er í góðum höndum í dag. Það er okkar stefna að taka stórar stöður í þeim félögum sem við komum að og reyna síðan að leggja okkar af mörkum með stjórnendum og öðrum eigendum með það að markmiði að bæta reksturinn enn frekar.“



**ÓLAFUR ÓLAFSSON**

Ólafur er annar stærsti hluthafinn í Kaupþingi í gegnum Kjalar Invest og hefur jafnframt verið viðskiptafélagi stærstu eigenda HB Granda, þeirra Árna Vilhjálmssonar og Kristjáns Loftssonar í Vogun og Venusi. Vogun var eitt sinn einn stærsti eigandinn í Keri hf. sem síðar sameinaðist Kjalari. „Við þekkjum þessa menn mjög vel og höfum góða reynslu af samstarfi við þá.“

Hjörleifur Þór segir enn fremur að fjárfestingin dreifi betur áhættu félagsins. Auk hlutabréfa í HB Granda og Kaupþingi á Kjalar stóra eignarhluti í Alfesca og Samskipum.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hóf Kaupþing að safna af miklum þrótti bréfum í HB Granda snemma árs 2005 og hélt uppteknum hætti langt fram á síðasta ár þegar hluturinn var kominn í 33 prósent.

**- eþa**

### STÆRSTU HLUTHAFAR HB GRANDA

| | |
|---|---|
| 1. Vogun | 40,1% |
| 2. Kjalar ehf. | 33,0% |
| 3. Hampiðjan | 9,4% |
| 4. Tryggingamiðstöðin | 5,4% |
| 5. Fiskveiðahlutaf. Venus | 3,4% |


20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DRÖGTUM
ÚT ÞESSA VIKU
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

# Enn kaupir Refresco



Hollenska drykkjarvörufyrirtækið Refresco, sem er að stærstum hluta í eigu FL Group og annarra íslenskra fjárfesta, hefur keypt evrópska fyrirtækið Sun Beverages Company. Fyrirtækið á og rekur verksmiðjur í Frakklandi, Hollandi og Belgíu.

Í fréttatilkynningu frá FL Group kemur fram að þetta séu stærstu kaup Refresco hingað til.

Á undanförnum tveimur mánuðum hefur félagið keypt þrjú fyrirtæki, að Sun Beverages meðtöldu. Frá því að FL Group keypti Refresco fyrir tæpu ári hefur yfirlýst stefna félagsins verið að stækka ört með samrunum og yfirtökum. Velta þess hefur um það bil tvöfaldast frá þeim tíma. Verður hún eftir kaupin meira en einn milljarður evra.

Gert er ráð fyrir að formlega verði gengið frá kaupunum á næstu sex vikum. - hhs

# Turkcell skoðar BTC í Búlgaríu

Tyrkneska farsímafélagið Turkcell staðfesti í gær að það hefði lagt fram tilboð í 65 prósenta hlut í búlgarska símafyrirtækinu BTC. Hluturinn er í eigu Novators, félags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Novator ákvað undir lok janúar að kanna hvort áhugi væri kaupum á hlutnum í BTC og var bandaríski bankinn Lehmann Brothers fenginn til ráðgjafar um söluna. Lokafrestur til að leggja fram tilboð í BTC rennur út í enda næsta mánaðar en gert er ráð fyrir að sölu ljúki í júní.

Fréttastofa Reuters segir Turkcell hafa tekið sambankalán upp á þrjá milljarða dala, jafnvirði tæplega 200 milljarða íslenskra króna, í síðasta mánuði sem muni verða varið til fjárfestinga í fjarskiptafyrirtækjum í A-Evrópu, Mið-Austurlöndum og Asíu.

Nokkrir af stærstu fjárfestingasjóðum heims eru sagðir horfa til BTC. Þar á meðal eru Providence Equity Partner, Texas Pacific Group og Warburg Pincus Mid-Europa Partners. Þá er tyrkneska fjarskiptafélagið Turk Telecom nefnt sem áhugasamur aðili.

Hlutur Novator í BTC er stærsta eign fjárfestingafélagsins í símafyrirtækjum í Evrópu. Markaðsvirði þess nemur á bilinu 1,7 til 1,9 milljörðum evra, jafnvirði 152 til 168 milljarða króna. Gera má ráð fyrir að verðmæti hlutar Novators hlaupi á allt að 110 milljörðum íslenskra króna. - jab



**BJÖRGÓLFUR THOR** Hlutur Novators, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, í búlgarska símafyrirtækinu BTC er metinn á allt að 110 milljarða íslenskra króna.

# Olíuverð á uppleið

Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór yfir 64 dala á tunnu í gær. Verðið skaust til skamms tíma í 68 dali á tunnu en slíkur verðmiði á svartagullinu hefur ekki sést síðan síðastliðið haust.

Olíuverðið hefur hækkað jafnt og þétt eftir að Íranar handtóku fimmtán breska sjóliða innan írönsku landhelginnar á Persaflóa á föstudag fyrir viku. Spennan á milli Vesturveldanna og Írans hefur aukist mjög eftir handtökuna og segjast Bretar ætla að fara með málið fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

Vart er á bætandi því Sameinuðu þjóðirnar ákváðu um síðustu helgi að grípa til refsiaðgerða gegn stjórnvöldum í Íran vegna kjarnorkuáætlunar landsins.

Hráolía, sem afhent verður í maí, hækkaði um 6 sent á markaði í Bandaríkjunum í gær og stendur í 64,14 dölum á tunnu. Þá hækkaði verð á Bren- Norðursjávarolíu um 36 sent í Bretlandi og stendur tunnan í 66,14 dölum.



**OLÍUVINNSLUSTÖÐ** Verð á hráolíu fór í 68 dali á tunnu til skamms tíma í gær. Slík verðlagning á olíu hefur ekki sést á árinu.

Orðrómur var uppi um það í gær að Íranar hefðu skotið á bandarískt herskip á Persaflóa. Bandaríski herinn neitar fréttum þessa efnis. En orðrómurinn hafði áhrif á fjárfesta og skaust hráolíuverðið í 68 dali á tunnu til skamms tíma. Það lækkaði svo eftir því sem á leið daginn. - jab

# Sækja inn á norskan olíumarkað

Íslenska olíuleitarfyrirtækið Geysir Petroleum hefur gert samning um yfirtöku á norska olíuráðgjafarfyrirtækinu Sagex AS og olíutæknifyrirtækinu Inoil AS. Sameinað félag mun fá nafnið Sagex Petroleum ASA. Virði félagsins er um 700 milljónir norskra króna, jafnvirði 7,6 milljarða íslenskra króna. Höfuðstöðvar félagsins verða í Ósló og þar verða um þrjátíu sérfræðingar við störf.

Jón Þór Sigurvinsson orkuverkfræðingur situr í stjórn Sagex Petroleum fyrir hönd Norvest. Hann segir að félagið uppfylli nú þær kröfur sem þarf til að taka þátt í leyfisveitingum í Noregi. „Geysir Petroleum hefði átt erfitt með að sækja um ný leyfi eitt og sér. Nú höfum við teymi sem hefur alla nauðsynlega reynslu og þekkingu til að taka þátt í nýjum leyfisveitingum í norskri lögsögu.“ Sagex Petroleum hefur þegar leitarleyfi í breskri, danskri og færeyskri lögsögu.



Fjárfestingarfélagið Norvest ehf. verður stærsti einstaki hluthafi Sagex Petroleum. Norvest er dótturfélag Straumborgar ehf. sem er í eigu Jóns Helga Guðmundssonar. Félagið fjárfestir aðallega í fjármála- og orkufyrirtækjum og hefur fjárfest á Íslandi, í Skandinavíu og í Eystrasaltslöndunum.

Meirihlutaeigendur Sagex Consulting eru þeir sömu og stofnuðu Geysi Petroleum. Þeir verða áfram meðal stærstu hluthafa sameinaðs félags. - hhs

**VEÐJAR Á OLÍUNA** Jón Helgi Guðmundsson, meirihlutaeigandi nýja félagsins Sagex Petroleum ASA.




Ný fyrirmynd í flutningum

í fjölmörgum útfærslum

Nýr Mercedes-Benz Sprinter setur nýjan gæðastaðal fyrir sendibíla. Hann er rúmbetri og öruggari en nokkru sinni fyrr og í farþegarými tekur öll hönnun mið af því að ökumanninum líði sem best á langri keyrslu. Sprinter er framleiddur í fjölmörgum útfærslum, m.a. sérstökum sendibíla-, pallbíla-, fólksflutninga- og leigubílaútfærslum.

Þá er hægt að fá Sprinter með föstum palli og sturtu, bæði með einföldu eða tvöföldu húsi. Og eins og með aðrar gerðir af Mercedes-Benz bifreiðum gefst kostur á að fá sérsniðið eintak af Sprinter eftir þörfum hvers og eins. Komdu og gerðu þína sérpöntun á nýjum Sprinter.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA - Atvinnubílar · Skútahrauni 2a · 220 Hafnarfirði · Sími 590 2100.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Um hvað er kosið?

## Ríkisstjórn, menn eða málefni?

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Kosningar eru einföld athöfn. Hitt getur verið vafningasamara að finna út um hvað þær snúast. Að baki hverjum krossi á kjörseðli liggur ákvörðun. Hún getur byggst á jafnmörgum og ólíkum forsendum og kjósendur eru.

Að einhverju leyti lýtur það mat að málefnum sem höfða til kjósenda. Að nokkrum hluta snýst það um traust á einstökum frambjóðendum. Loks tekur það til þeirra kosta sem kjósendur sjá helsta um myndun ríkisstjórnar.

Kosningafyrirkomulagið færir kjósendum nokkuð skýra kosti að því er varðar val á milli málefna ólíkra stjórnmálaflokka. Það er hins vegar umhugsunarefni að réttur kjósenda samkvæmt kosningafyrirkomulaginu er mjög takmarkaður varðandi aðrar forsendur.

Þannig er möguleiki kjósenda til þess að gera upp á milli einstaklinga sem í kjöri eru afar lítill. Þegar kemur að álitaefninu um sjálfa ríkisstjórnina kaupa kjósendur einfaldlega köttinn í sekknum. Í þeim efnum hafa þeir ekkert beint vald. Hvort tveggja er ágalli á íslenskum stjórnmálaháttum.

Meðal margra þjóða leysa kosningakerfin og fastmótaðar stjórnmálahefðir úr slíkum ágöllum. Ærin ástæða er því til að gefa þessum úrlausnarefnum gaum. Með því móti mætti bæta stjórnmálalífið og styrkja lýðræðið í landinu.

Tilfinning flestra hefur verið sú að umhverfismál brenni heitast á kjósendum að þessu sinni. Allar umræður hafa bent til þess. Það var því athyglisvert að í nýlegri könnun Fréttablaðsins kom í ljós að þau mál voru ekki í fremstu röð þegar spurt var um mikilvægi nokkurra málaflokka.

Nú er það svo að málefnabarátta fyrir kosningar snýst jafnan að stórum hluta um jaðaratkvæði. Eitt mál getur þar af leiðandi ráðið meiru en önnur um það hvort kjósendur breyta um afstöðu til flokka eða hvert nýir kjósendur beina hollustu sinni. Jaðarmál ráða því oft sveiflum í kosningum.

Könnunin dregur þessa hlið kosningabaráttu vel fram í dagsljósið. Sá veruleiki er um leið góð áminning til þeirra sem reka kosningabaráttu um hversu mikilvægt er að láta grundvallarviðhorf ekki falla með öllu í skugga einstakra átakaefna. Þó að enginn tali upphátt um pólitíska hugmyndafræði eða ábyrgð í fjármálastjórn geta hugmyndir kjósenda í þeim efnum verið jafn mikilvægar og þau mál sem jaðarfylgi á hverjum tíma er áhugasamast um.

Kannanir Fréttablaðsins um óskaríkisstjórn sýna að 2/3 hlutar kjósenda skiptast í nær jafnar fylkingar: Annars vegar með núverandi stjórnarflokkum og hins vegar með tveimur stærri stjórnarandstöðuflokkum. Hvorugur kosturinn hefur þó meirihlutafylgi.

Nái stjórnarflokkarnir ekki meirihluta sýnist Samfylkingin vera komin í þá stöðu að geta ráðið mestu um hvers kyns stjórn verður mynduð. Megi ganga út frá því að hún vilji heldur starfa til vinstri sýnast líklegustu kostir kjósenda varðandi ríkisstjórn í raun leiða annaðhvort til stjórnar Samfylkingar og Vinstri græns með Framsóknarflokknum eða áframhaldandi stjórnar Sjálfstæðisflokksins með Framsóknarflokknum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Íslensk tónlistarsaga

Jón Þórarinsson, tónlistarmaður, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sinfóníunnar og fyrrverandi dagskrárgerðarstjóri RÚV og andans jöfur, verður níræður í haust. Þótt Jón sé kominn á háan aldur hefur hann ekki setið auðum höndum. Hann hefur unnið að verkinu Íslensk tónlistarsaga af mikilli elju á Þjóðskjalasafninu í um tuttugu ár. Fróðir menn segja Jón hafi verið á fullum launum við ritun þess allan tímann og ljóst að um mikið þrekvirki sé að ræða. Þykir líklegt að tilkoma verksins muni þagga niður í efasemdarröddum þeirra sem telja rangt að ríkið styrki menningu.



### Vofa kommúnismans!

Margir af yngstu hægri mönnum samfélagsins hafa verið duglegir við að fletta upp völdum köflum í sögubókunum sínum í aðdraganda kosninga. Algengt er þessi lestur verði til þess að þeir setji samasem merki við alla þá, sem eru vinstra megin við hinn pólitíska ás, og kumpánana Maó og Stalín. Flestir fá aulahroll við lesningu slíkra skrifa og furða sig á að skrifararnir eru yfirleitt ötulir talsmenn stækkunar álversins í Straumsvík. Verksmiðjuhugsjónir hafa nefnilega þótt svolítið „sovétlegar“.



### Sovétismi til hægri

Kristín Pétursdóttir, hagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarforstjóri Singer & Friedlander bankans, hefur bæst í hóp framámanna í viðskiptalífnu sem setja sig á móti stækkun álversins í Straumsvík. Þegar hafa viðskiptajöfrarnir Ágúst Guðmundsson, Hannes Smárason og Björgólfur Thor Björgólfsson lýst yfir svipaðri skoðun. Í grein eftir Kristínu segir hún mýtu að íslenskt hagkerfi þurfi á álverum að halda til að vaxa. Trú á álver sé yfirlýsing um vantraust á íslensku atvinnulífi. Hún spyr sig hver ástæðan sé fyrir því að Alcan kjósi að hafa verksmiðjur hér á landi fremur en í S-Ameríku. „Þannig hlýtur það að vera að afslátturinn af raforkuverði sem fæst á Íslandi dekkar meira en sem nemur margföldum launamun og flutningskostnaði,“ segir hún. Furðulegt að helstu stuðningsmenn stóriðju á Íslandi telji sig til hægri en ekki vinstri. Eru ríkisstyrktar verksmiðjur málefni hægrimanna? **karen@frettabladid.is**

## Af mannavöldum?



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

**Í DAG** | Loftslagsbreytingar

Haustið 1981 var ég nýkominn til Bretlands í framhaldsnám. Þá birtu 364 kunnir hagfræðingar yfirlýsingu um, að stefna Margrétar Thatchers í efnahagsmálum væri röng, enda hlyti hún fyrr en síðar að hverfa frá henni. Í neðri málstofunni skoraði leiðtogi Verkamannaflokksins á járnfrúna að nefna tvo hagfræðinga, sem væru sammála henni. „Alan Walters og Patrick Minford“ svaraði hún. Ég var löngu síðar staddur þar sem Thatcher rifjaði þetta upp hlæjandi og sagði, að sem betur fer hefði andstæðingur sinn aðeins beðið um tvö nöfn. Hún hefði ekki getað nefnt fleiri! Thatcher hélt fast við stefnu sína, sem reyndist vel. Vorið 1987 var ég aftur sestur að á Íslandi. Þá birtu þau Guðrún Pétursdóttir líffræðingur, Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur og Guðni Jóhannesson verkfræðingur skýrslu, sem útvarpið kynnti sem stórfrétt. Hún var um það, að Tjörnin hyrfi líklega á þremur vikum, yrði byrjað að grafa fyrir ráðhúsi í norðvesturhorni hennar. Davíð Oddsson borgarstjóri sinnti þessu hvergi, ráðhúsið reis og enn er Tjörnin á sínum stað.

Ég lærði að hafa ekki sjálfkrafa vísindamanna ráð, þótt þeir fari margir saman. Vísindi eru ekki kóræfing, heldur frjáls samkeppni hugmynda. Þau telja ekki nef, heldur skoða gögn. Þetta á við um þá þríþættu tilgátu, að jörðin sé að hlýna, það sé mannkyni að kenna og á valdi þess að gera eitthvað við því. Óskarsverðlaunahafinn Al Gore krefst þess, að við gerbreytum umsvifalaust lífsháttum okkar. Ég er ekki sérfræðingur í loftslagsfræðum fremur en Gore. En í nýrri heimildamynd, „Blekkingarnar miklu um hlýnun jarðar,“ sem frumsýnd var í bresku sjónvarpi 8. mars síðastliðinn, tala vísindamenn, sem efast um þessa tilgátu. Þeir vefengja fæstir, að jörðin hafi hlýnað um skeið. En þeir benda á, að loftslag tekur sífelldum breytingum. Óvíst sé, að menn ráði úrslitum með losun koltvísýrings og ígildis hans út í andrúmsloftið. Sem kunnugt er mynda þessi efni ásamt vatnsgufu eins konar hjúp í kringum jörðina, sem minnkar varmaútgeislun hennar, svo að hún er nógu hlý til að vera byggileg.

*Stuðningsmenn tilgátunnar um hlýnun af mannavöldum geta auðvitað (og hafa) bent á, að nákvæmar mælingar á þessu eru ekki til langt aftur í tímann.*

Ein röksemd efasemdamanna er, að breytingar á hitastigi jarðar virðast ekki standa í sambandi við losun manna á koltvísýringi. Um og eftir landnám á 9. öld var til dæmis hlýindaskeið hér úti á Dumbshafi. Vatnajökull var miklu minni en nú, tvískiptur og kallaðist Klofajökull. Þá losuðu menn sáralítinn koltvísýring út í andrúmsloftið. Síðan tók við litla ísöldin svonefnda um 1500-1800. Síðustu hundrað ár hefur hitastig sveiflast til, þótt heldur hafi það fikrað sig upp á við (um á að giska 0,6 stig). Óvenjuhlýtt var árin 1930-1940, en síðan kólnaði fram undir 1980, þótt losun á koltvísýringi hafi þá einmitt stóraukist. Stuðningsmenn tilgátunnar um hlýnun af mannavöldum geta auðvitað (og hafa) skýrt þessa kólnun með öðrum áhrifaþáttum, en þá viðurkenna þeir um leið, að fleira ráði loftslagsbreytingum en losun manna á koltvísýringi.

Önnur röksemd efasemdamanna er, að losun manna á koltvísýringi valdi ekki mestu um gróðurhúsaáhrifin. Vatnsgufa er 98% gróðurhúsalofttegunda. Þegar lífverur anda frá sér eða rotna og þegar eldfjöll gjósa, streymir meiri koltvísýringur út í andrúmsloftið en vegna brennslu olíu eða kola. Þriðja röksemdin er, að breytingar á hitastigi jarðar virðast standa í beinu sambandi við virkni sólar. Koma geislar frá öðrum sólum himinhvolfsins og vindar frá okkar sól þar við sögu í flóknu ferli. Stuðningsmenn tilgátunnar um hlýnun af mannavöldum geta auðvitað (og hafa) bent á, að nákvæmar mælingar á þessu eru ekki til langt aftur í tímann. En hið sama er að segja um tilgátu þeirra. Sólvirknikenningin hefur líka þann kost, að hún nær til fyrri loftslagsbreytinga (ef hún reynist rétt), því að sólin hefur alltaf haft áhrif, en mannkyn aðeins nýlega. Hvort sem veruleg gróðurhúsaáhrif stafa frá mönnum eða ekki, benda efasemdamenn síðan á, að sáralitlu muni breyta um loftslag, þótt reynt sé með lögum að takmarka losun á koltvísýringi.

Enginn dregur gróðurhúsaáhrifin í efa. Þeirra vegna er jörðin byggileg. En spurningin er, hvað mennirnir hafa gert og geta gert. Hugsanleg svör á að rannsaka fordómalaust í stað þess að setjast í skotgrafir.

## Ryki slegið í augu fólks

**UMRÆÐAN**

Framtíðarlandið



**BJARNI MÁR GYLFASON**

Framleiðsla áls í heiminum nam 31,6 milljónum tonna árið 2005. Notkunin nam hins vegar 63,9 milljónum tonna. Þetta þýðir með öðrum orðum að 32,3 milljónir tonna voru endurunnið ál. Markaður fyrir endurunnið ál vex stöðugt í heiminum, meðal annars vegna vaxandi umhverfisvitundar. Um 75% alls þess áls, sem framleitt hefur verið í heiminum frá upphafi, eru í reynd enn í notkun. Ál má endurvinna hvað eftir annað án þess að það tapi eiginleikum sínum. Endurvinnsla áls gegnir því lykilhlutverki í sjálfbærri þróun. Við endurvinnslu áls sparast mikil orka því einungis þarf um 5% þeirrar orku sem þarf til frumvinnslu. Því má með gildum rökum halda því fram að við framleiðslu áls á Íslandi með endurnýjanlegum orkugjöfum sé verið að geyma orku til framtíðar.

Í sjónvarpsauglýsingum frá Framtíðarlandinu er því haldið fram að 30% af allri álframleiðslu fari í einnota umbúðir. Þetta er rétt en mikil einföldun. Um 60% alls áls sem notað er í einnota umbúðir er endurunnið. Hlutfallið er breytilegt eftir löndum, allt upp í 80% hér á landi. Þetta þýðir að stærstur hluti þess áls, sem notað er í umbúðir, stuðlar að orkusparnaði til framtíðar.

Árangur í endurvinnslu áls er mjög mismunandi eftir vörutegundum. Á milli 90 og 95% áls, sem notað er í bíla, er endurunnið. Við þetta bætist að með aukinni notkun á áli í bílum dregur verulega úr útblæstri vegna þess hve létt álið er. Svipaða sögu er að segja af áli sem notað er í byggingariðnaði.

Fullyrðing Framtíðarlandsins um notkun áls í einnota umbúðir kann að vera rétt en segir aðeins hluta sögunnar. Hópurinn kýs að líta fram hjá mjög mikilvægum og umhverfisvænum eiginleikum áls til endurvinnslu. Því er ljóst að ryki er slegið í augu fólks. Hið rétta er að aukin notkun áls stuðlar í reynd að orkusparnaði til framtíðar.

*Höfundur er hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.*


ÞÚ FÆRÐ FERMINGARGJÖFINA Í TÖLVULISTANUM
AÐEINS 2.521 KR Á MÁNUÐI
Örgjörvi 1.6Ghz AMD Turion 64 X2 1MB flýtiminni, 2000MHz FSB+HT
Minni 1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 4GB
Harðdiskur 120GB 5400RPM diskur 5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari 8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort 128MB ATI Radeon X1100 Samnýtt minni, PCI-Express 16x
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Netkort Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi Windows Vista Home Premium Öruggara og öflugra
Annað Aðeins 2.82Kg með rafhlöðu Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar
FERMINGARGJÖFIN Í ÁR ER ACER ASPIRE 5102WLMI
DUAL CORE 64 X2
AMD Turion 64 er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða
15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu
8xDVD± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska
128MB ATI X1100
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík
KORTALESARI
Acer 5102 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum
WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar
acer
VERÐ 89.900
FERMINGARVÉLIN
AÐEINS 3.643 KR Á MÁNUÐI
2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 með 2MB flýtiminni
2GB Dual DDR2 minni • 320GB 7200RPM harðdiskur
18xDVD±RW DL skrifari • 19" LCD Acer AL1916FS skjár
256MB MSI Geforce7 NX7600GS PCI-E 16X skjákort
10/100/1000 netkort • Windows Vista Home Premium
VERÐ 129.900
NÓI SÍRÍUS
RISAEGG 1.4KG
RISAPÁSKAEGG FRÁ NÓA SÍRÍUS FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðuð við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.
LOGITECH Z-10
FRÁ 558 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI
Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum, USB 2.0
VERÐ 19.900
MY BOOK HÝSING
FRÁ 642 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI
Western Digital
500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað
VERÐ 22.900
1GB Corsair USB 2.0 Value Select minnislykill
VERÐ 1.990
15" Empire II hliðartaska frá Manhattan
VERÐ 5.490
15" University fartölvubakpoki frá Manhattan
VERÐ 5.990
Canon CanoScan 4400F flottur borðskanni
VERÐ 17.900
500GB HARÐDISKUR
ÁBYRGÐ 5 ár
500GB SATA2 16MB
500GB SATA2 Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer
FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum
WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður
SERIAL ATA
WD Western Digital
VERÐ 14.900
TÖLVULISTINN
Tölvulistinn. Nóatúni 17 Reykjavík. ☎ 414 1700
Tölvulistinn. Glerárgötu 36 Akureyri. ☎ 414 1730
Tölvulistinn. Hafnargötu 90 Keflavík. ☎ 414 1740
Tölvulistinn. Miðvangi 2-4 Egilsstaðir. ☎ 414 1735




# Sveitarfélögin og framhaldsskólarnir

**UMRÆÐAN**
Framhaldsskólar


AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR

Á landsþingi sveitarfélaga á dögunum var kynnt viljayfirlýsing um tímabundna hækkun á framlagi ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, m.a. vegna grunnskólans. Þingið samþykkti einnig að sem fyrst yrði hafinn undirbúningur að heildstæðum flutningi ýmissa verkefna til sveitarfélaga. Var rekstur framhaldsskóla og heilsugæslu sérstaklega nefndur og fleira. Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði og formaður sambandsins sagði þetta mikilvægt skref og margir fleiri hafa tekið í sama streng. Allt lyktar þetta óneitanlega af pólitískum yfirboðum í aðdraganda kosninga.

Fræðslumál eru stærsti einstaki málaflokkur sveitarfélaga og kostnaðurinn við þau um það bil helmingur af útgjöldum þeirra. Sérfræðingar telja að stærð sveitarfélaga verði að taka mið af þessu. Grunnskóli með 200 nemendur í 1.–10. bekk og eina bekkjardeild í árgangi krefjist að lágmarki 1.000 manna þjónustusvæðis. Grunnskóli með 400-500 nemendur í 1.–10. bekk og tvær bekkjardeildir í árgangi krefjist að lágmarki 2000 manna þjónustusvæðis. Um helmingur sveitarfélaga hefur færri en 500 íbúa og um 70% þeirra hafa færri en 1.000 íbúa. Ef sveitarfélögin vilja taka að sér fleiri verkefni þarf augljóslega fyrst að sameina mörg þeirra og tryggja tekjustofna. Varla ætla þau að gera sömu mistökin og þegar þau tóku við rekstri grunnskólans og allt of litlir fjármunir fylgdu með? Framhaldsskólarnir eru ekki einsleitt skólastig heldur hafa þeir og eiga að hafa mismunandi áherslur í starfi sínu, að því ógleymdu að námsbrautir eru misdýrar. Verkefnið er því verulega flókið, bæði fjárhagslega og faglega. Sveitarfélögin hafa þegar beina aðkomu að skólanefndum framhaldsskólanna með fulltrúum sínum og ef í þeirra ranni er að finna frjóar hugmyndir um starf skólanna er þeim í lófa lagið að koma þeim á framfæri.

Í ályktun landsþingsins er flutningur framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga sagður auka sveigjanleg skil skólastiga. Skólaþróun verður þó að sjálfsögðu að styrkja stöðu allra nemenda en ekki bara hinna bráðgeru. Í því sambandi hefur verið rætt um brýna nauðsyn þess að auka námsval á unglingstigi, mismunandi inntak og viðfangsefni í námi og að auka hlut verk- og listgreina í almennu námi. Tiltekinn hópur nær ekki að njóta sín við núverandi starfshætti. Upplýsingar Námsmatsstofnunar um árangur 10. bekkjar á samræmdu prófi í stærðfræði vorið 2006 sýna að tæplega 34% árgangsins stóðust ekki þau inntökuskilyrði sem framhaldsskólinn setur á aðrar námsbrautir en almenna braut. Samrýmist þetta hugmyndum um einstaklingsmiðað nám og markmiðinu um að grunnskólinn sinni ólíkum þörfum? Skýrar heimildir eru í grunnskólalögum um að nemendur geti lokið skyldunámi á styttri tíma en 10 árum. Þrátt fyrir þetta hefur þeim sem ljúka skyldunámi yngri en 16 ára ekki fjölgað að ráði. Mikilvægt er að löggjafinn setji skýrar leikreglur um rétt allra nemenda til fjölbreytilegra náms en nú er, um námskostnað á mörkum grunn- og framhaldsskóla, um hvenær nemandi hefur lokið námi í einstökum greinum og skólaskyldu sinni í heild. Ein þeirra nefnda sem starfað hafa að tíu skrefa samkomulagi kennarasamtakanna og menntamálaráðherra birtir innan skamms löngu tímabærar tillögur um þessi atriði. Flutningur framhaldsskóla til sveitarfélaga er á hinn bóginn ekki nauðsynlegt skilyrði fyrir auknum sveigjanleika skólastiga.

Formaður meirihluta menntaráðs Reykjavíkur sagði fyrir skömmu að stökkbreyting hefði orðið í grunnskólum undir forystu sveitarfélaganna. Annar sveitarstjórnarfulltrúi sagði grunnskólann hafa blómstrað og spennandi að bæta framhaldsskólanum við. Það er rétt að húsnæði hefur tekið stakkaskiptum, aðstaða nemenda og starfsfólks verið bætt og víða er metnaður sveitarstjórna fyrir hönd sinna skóla. En skóli er ekki bara hús, tæki og tól heldur samfélag þar sem verður að ríkja gagnkvæmur skilningur og sátt. Því miður verður að segjast að engin stökkbreyting hefur orðið á launum og starfskjörum grunnskólakennara. Ástandið nú gengur harkalega nærri starfsþreki þeirra og starfsánægju þannig að komið er ískyggilega nálægt þolmörkum í þeim efnum. Skipulagsbreytingar stoða lítið ef ekki verður afgerandi breyting á landlægu viðhorfi til kennarastarfsins. Munaðarleysi grunnskólakennara þegar kemur að kjörum þeirra bendir sterklega til að það verði ekki að öllu leyti til velfarnaðar að flytja rekstur framhaldsskóla til sveitarfélaga. Óneitanlega er það mikill kostur við núverandi skipan mála að framhaldsskólakennarar vita hver viðsemjandinn er. Hann er ekki „andlitslaus“ nefnd sem hefur enga raunverulega pólitíska ábyrgð.

Það kunna að vera lýðræðisleg rök fyrir því að auka vægi og hlutverk sveitarfélaganna. En að öllu samanlögðu sýnist mér langt í land að raunhæft sé að tala um flutning framhaldsskólans til sveitarfélaganna og ábyrgðarleysi að rasa þar um ráð fram. Hvernig væri að byrja á því að skapa sátt um grunnskólann og frið um skólastarfið í landinu?

*Höfundur er formaður Félags framhaldsskólakennara.*

# Ákall til Hafnfirðinga

**UMRÆÐAN**
Álverið í Straumsvík


HAFSTEINN HAFSTEINSSON

Það er ekki langt síðan að ég gerðist umhverfissinni. Ég ákvað að kynna mér málið ítarlega og eftir það var niðurstaðan augljós. Hefur þú kynnt þér málið? Hefur þú lesið þér nægilega vel til svo þú megir taka upplýsta afstöðu?

Það hefur alls ekki verið sýnt fram á hagkvæmni þess að stækka álverið í Straumsvík í stað þess að byggja upp blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf í bland við fallega íbúabyggð á því dýrmæta landi sem álverið á að rísa á. Fylgismenn stækkunarinnar gefa sér þá forsendu að engin arðbær starfsemi komi í staðinn. Það gleymist að minnast á þau vistvænu hátæknifyrirtæki sem við gætum dregið til okkar ef álverksmiðjur fá ekki alla orkuna. Alvarlegra er þó að sá kostnaður sem hlýst af völdum mengunar er aldrei tekinn inn í reikninginn.

Ljóst er að stækkun álversins í Straumsvík mun óhjákvæmilega hafa í för með sér mikla mengun og sú mengun hverfur ekki. Afstaða stjórnenda Alcan er sú að mengun sem nemur útblæstri alls bílaflota Íslands fer út í andrúmsloftið og af því að við vitum ekki hvert hún fer þá er þetta í besta lagi. Er þetta sá sem þú vilt vera? Manneskja sem með fordæmi sínu sendir sjálfum sér, börnum sínum, komandi kynslóðum og heiminum þessi fullkomlegu ábyrgðarlausu skilaboð?

Hvað gerir þú við tæki og hluti sem menga á þínu heimili? Þú losar þig við þá í snatri og líður einkennilega vel á eftir. Við viljum ekki skaða okkur og aðra, við viljum ekki sjónmengun, við viljum hafa fallegt, hreint og fínt í kringum okkur, því þannig líður okkur vel. Svona ættum við að hugsa um allt umhverfið okkar.

Með athöfnum sínum er mannkynið á góðri leið með að eyðileggja vistkerfið og þeir fáu vísindamenn sem halda öðru fram eru sagðir vera í afneitun, ekki með öllum mjalla eða eiga sérhagsmuna að gæta. Það er algjörlega ábyrgðarlaust og ósanngjarnt færandi að ætla öðrum þjóðum það, sem margar hverjar búa við miklu verri aðstæður, að draga úr mengun ef við sem eigum miklu meira en nóg treystum okkur ekki til þess. Hvenær er komið nóg, hvenær ætlar þú að hætta að biðja um meira? Líður okkur ekki það vel að við þurfum ekki lengur að framkvæma á kostnað umhverfisins?

*Hvenær er komið nóg, hvenær ætlar þú að hætta að biðja um meira? Líður okkur ekki það vel að við þurfum ekki lengur að framkvæma á kostnað umhverfisins?*

Ert þú einn af þeim sem vonast til að aðrir breyti lífsháttum sínum en ætlar ekki að leggja neitt af mörkum sjálfur? Nær kærleikur þinn bara til þinna nánustu? Og ef kærleikur þinn er bundinn þeim böndum, hefur þú þá skoðað hvers konar áhrif loftslagsbreytingar og mengun almennt mun hafa á þína nánustu í framtíðinni ef áfram heldur sem horfir?

Ef þú sannfærist um að álver eigi eftir að auka tekjur bæjarins og þú munir af þeim sökum fá betri þjónustu í Hafnarfirði, þá staldraðu aðeins við, mun það virkilega breyta einhverju? Mun þér líða betur? Verður þú hamingjusamari? Ætlar þú virkilega að láta skammtíma „sérhagmuni“ þína ráða ferðinni? Er fórnarkostnaðurinn þess virði? Er ekki réttlátara og skynsamlegra gagnvart öllum heiminum að lifa í sátt við dýr, gróður, loft, vatn og annað fólk og öðlast þá hugarró og gleði sem því fylgir? Hver er uppspretta hamingjunnar?

Kæri Hafnfirðingur, þú ert líka Íslendingur, Norðurlandabúi og jarðarbúi. Hagsmunir þínir og okkar eiga að vera hagsmunir heildarinnar. Þetta á ekki að vera pólitískt mál, ekki láta afstöðu þína í stjórnmálum villa þér sýn. Hugarfarsbreyting jarðarinnar gæti byrjað á litla Íslandi og þannig getum við haft gríðarleg margföldunaráhrif um allan heim. Ísland gæti orðið leiðandi land fyrir glæstustu framtíð okkar í sinni fullkomnustu mynd. Það eina sem þú þarft að gera er að byrja að hugsa og hegða þér í samræmi við þann möguleika, því allt sem hefur verið gert við jörðina á allt fyrir rót sína að rekja til hugsana og að lokum athafna okkar mannanna.

*Höfundur er verkefnisstjóri.*

## HÚSBÚNAÐUR

Húsbúnaðar- og húsgagnaverslunin Egg Smáratorgi er með tilboð á ýmsum heimilistækjum, húsbúnaði og hönnunarvörum þessa dagana.

TILBOÐ 5



## VERSTU KAUPIN

Oddur Örn Halldórsson framleiðandi horfir með saknaðaraugum á þá peninga sem hurfu í gin hnakkamaskínunnar. Honda Civic, gullkeðjur, og ljósakort kostuðu skildinginn.

TILBOÐ 5



allt



## ALLT HITT

**[ MATUR-TILBOÐ ]**

**Besta** er með opnunartilboð í tilefni flutnings af Suðurlandsbrautinni í Ármúla 23. Þar er til dæmis 15% afsláttur af glösum og kaffibollum. Einnig 20% afsláttur af gluggaþvottavörum.



**Ömmukæfa** hefur verið sett á markað af Sláturfélagi Suðurlands. Kæfan er fremur gróf því hún er lítið unnin og þó bæði mjúk og bragðgóð, rétt eins og „kæfan sem amma gerði".

**MP3-spilari** er nú á 55% afslætti í Raftækjaverslun Íslands. Spilarinn er með innbyggðu USB 2.0 tengi, FM útvarpi, 1 GB minni og diktafóni. Hann kostaði áður 19.995 en nú 8.995.

**Ferskt** lambakjöt frá SS býðst í ýmsum matvörubúðum fyrir páskana. Ýmist ópakkað úr kjötborði eða snyrt og pakkað í lofttæmdar umbúðir undir merkjum Eðallambs.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 30. mars, 89. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.54 | 13.32 | 20.12 |
| Akureyri | 6.36 | 13.17 | 20.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is








FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SIGURVEGARAR KOKKAKEPPNI RIMASKÓLA 2007:** Sindri Hrafn Heimisson, Arnar Sigurðsson og Kjartan Guðmundsson.

# FRAMTÍÐARKOKKAR KEPPA

***Kokkakeppni Rimaskóla var haldin í fjórða árið í röð í fyrradag. Nemendur í 9. og 10. bekk skólans sem eru með heimilisfræði sem valfag geta tekið þátt í keppninni og hafa vinsældir heimilisfræðinnar aukist ár frá ári. Alls tóku 30 nemendur þátt í keppninni í ár.***

*Framhald á næstu síðu*






Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.



JKE DESIGN

*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika

**Kíví** er einstaklega járnríkt. Ávöxturinn er því góður fyrir konur á meðgöngu og mjólkandi mæður.











Keppendur í kokkakeppni Rimaskóla 2007 voru einbeittir við matargerðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONA

# Nautalund à la Rimaskóli

Áslaug Traustadóttir, heimilisfræðikennari í Rimaskóla, segir að mikil stemning sé í kringum keppnina í skólanum. „Einungis nemendur í 9. og 10. bekk skólans sem eru með heimilisfræði sem valfag mega taka þátt og yngri nemendurnir bíða því spenntir eftir því að ná aldri,“ segir hún.

Í ár eru átta valhópar í heimilisfræði í skólanum og segir Áslaug að vinsældir heimilsfræðinnar hafi aukist með tilkomu keppninnar. Fyrir stuttu var haldin undankeppni í skólanum og tóku þrjátíu nemendur þátt í henni. Í fyrradag voru það svo sjö bestu liðin úr þeirri keppni sem kepptu til úrslita en í þeim voru samtals 20 krakkar. „Sigurvegararnir taka svo þátt



Áslaug Traustadóttir heimilisfræðikennari

í stóru kokkakeppnina sem verður haldin 21. apríl fyrir alla grunnskólana. Síðan við byrjuðum með keppnina okkar hefur verið draumurinn að haldin yrði svona stór keppni en fyrsta skiptið er í ár,“ segir Áslaug.

Skemmtilegt er að segja frá því að meðal dómara í ár var einn af sigurvegurunum úr fyrstu keppninni sem haldin var 2004 en hann er núna matreiðslunemi í Perlunni. „Keppnin kveikir gríðarlegan áhuga hjá krökkunum á að elda og mjög hátt hlutfall þeirra gerir tölvert af því heima hjá sér.“

Margir girnilegir réttir voru eldaðir í ár og má þar nefna tortellini með kjúklingi, engifer, vatnakastaníum og sítrónugrasi og pistasíu og parmesan þorskhnakki með papaja- og kóríandersalati og malt- og appelsínsírópi. Sigurrétturinn var hins vegar filet mignon með gæsalifur og meðfylgjandi er uppskrift að því.

*emilia@frettabladid.is*














# Nautalund

*fyllt með gæsalifur og fondant-kartöflum*

**Nautalundir**
180 g nautalund
20 g gæsalifur
2 sneiðar úrvalsbeikon
1 msk. smjör til steikingar
Salt og svartur pipar úr kvörn
½ tsk. Armagnac

Bankið aðeins ofan á nautalundina með hnefanum og mótið í jafna stærð. Skerið lítinn vasa í miðja steikina og fyllið með gæsalifrarkæfunni og dropa af armagnac eða koníaki. Lokið fyrir með tveimur beikonsneiðum og festið með tannstöngli.
Hitið pönnu og bræðið smjörið. Steikið kjötið við meðalhita í 1-2 mínútur á öllum hliðum.
Hellið 1 msk. af armagnac yfir og og kveikið í eða látið sjóða niður. Takið steikurnar af og látið til hliðar. Breiðið álpappír yfir til að halda þeim heitum.

**Sósa**
1 dl nautasoð (1 ½ tsk. nautakraftur og 1 dl kalt vatn)
2 tsk. armagnac
1 dl óáfengt rauðvín
3 msk. smjör og 1 tsk. rifsberjasulta

Hellið nautakjötssoðinu og rauðvíninu yfir pönnuna og leysið vel upp steikarskófina. Látið sjóða á pönnunni þangað til soðið hefur minnkað töluvert. Bætið rifsberjasultunni í. Bætið þá smjörinu í smátt og smátt og kryddið með salti og pipar eftir smekk. Veltið steikunum upp úr sósunni í nokkrar sekúndur og látið sósuna ekki sjóða. Setjið á diska og hellið örlitlu af sósu yfir. Berið fram með fondant-kartöflum, steiktum sveppum og smjörsvissuðum sykurbaunum.

**Fondant kartöflur**
Skerið nettar bökunarkartöflur til þannig að þær séu eins og litlar sívalar tunnur. Steikið í potti í 1 tsk. ólífuolíu þangað til þær taka gylltan brúnan lit. Hellið nautakjötssoði yfir þangað til það nær ¾ upp á kartöflutunnurnar í pottinum. Bætið 2 lárviðarlaufum í pottinn. Sjóðið í 25-35 mínútur eða þangað til kartöflurnar eru mjúkar þegar stungið er með beittum oddhvössum hnífi í miðjuna á þeim.


Þegar góða veislu gjöra skal...




Veislukaffið frá Te & Kaffi er komið í verslanir

TE & KAFFI

stundin - bragðið - stemningin






Helgartilboð

Sirloin steik á pönnuna eða í ofninn
á aðeins 2195.- kr.kg

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 gallerikjot.is

# allt tilboð o.fl.

## 60%

Fjarðarkaup er með tilboð á jarðarberjum sem slær önnur út hvað afslátt varðar. 250 gramma box kostar 249 en var áður á 648.




### BÓNUS

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus fetaostur 250 g | 159 | 229 | 636 | 30 |
| Bónus brauð 1 kg | 89 | 139 | 89 | 35 |
| K.f úrbeinað hangilæri | 1.519 | 2.279 | 1.519 | 35 |
| K.f úrbeinaður hangiframpartur | 1.125 | 1.689 | 1125 | 35 |
| Ali hamborgarhryggur | 1.171 | 1.506 | 1.171 | 20 |
| Nautahakk innflutt | 909 | 1.169 | 909 | 20 |
| N.f reyktur lax | 1.125 | 1.501 | 1.125 | 25 |
| N.f grafinn lax | 1.125 | 1.501 | 1.125 | 25 |
| Ali grill svínakótelettur | 1.171 | 1.506 | 1.171 | 20 |
| Ali grill úrbeinaðar svínahnakkasneiðar | 1.171 | 1.506 | 1.171 | 20 |

Tilboðin gilda til 1. apríl

### FJARÐARKAUP
ekki bara verð!

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kjúklingabringur frá Ísfugli | 1.487 | 1.906 | 1.487 | 22 |
| Lambahryggur frosinn | 998 | 1.275 | 998 | 22 |
| Lambalæri frosið | 898 | 1.087 | 898 | 30 |
| Fk hamborgarhryggur | 1.098 | 1.498 | 1.098 | 25 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.598 | 1.878 | 1.598 | 15 |
| Svínabógur úr kjötborði | 498 | 600 | 498 | 15 |
| Lamba rib-eye úr kjötborði | 2.398 | 2.798 | 2.398 | 15 |
| Fk jurtakryddað lambalæri | 1.198 | 1.744 | 1.198 | 30 |
| Fersk jarðarber 250 g box | 249 | 648 | 996 | 60 |
| Góu páskaegg nr. 6 | 995 | 1.298 | 995 | 25 |
| Mjúkís frá kjörís 2 l | 495 | 606 | 248 | 50 |
| Nautapiparsteik úr kjötborði | 2.198 | 2.798 | 2.198 | 20 |
| 2 hamborgarar m/brauði | 248 | 350 | 124 | 30 |
| FK bayonneskinka | 1.030 | 1.408 | 1.030 | 25 |
| Emmess ískaka 6 manna | 698 | 916 | 398 | 25 |

Tilboðin gilda til 7. apríl

### HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri úr kjötborði | 998 | 1.394 | 998 | 30 |
| Nautainnralæri (roast beef)úr kjötborði | 1.998 | 2.675 | 1.998 | 25 |
| Kokkalandsliðs páskalamb | 1.439 | 1.799 | 1.439 | 20 |
| Úrb. kjúklingalæri | 975 | 1.501 | 975 | 35 |
| Hálf úrbeinuð kjúklingalæri án skinns | 650 | 1.000 | 650 | 35 |
| Humar lausfrystur | 1.268 | 1.585 | 1.268 | 20 |
| Ali hamborgarhryggur úrbeinaður | 1.733 | 2.166 | 1.733 | 20 |
| Ali hamborgarhryggur m/beini | 1.339 | 1.674 | 1.339 | 20 |
| Jói Fel kalkúnafylling | 569 | 712 | 569 | 20 |
| Kalkúnn frosinn | 749 | 872 | 749 | 15 |
| Ferskur kalkúnn | 843 | 937 | 843 | 15 |
| Eli´s ostakaka strawberry 765 g | 469 | 938 | 469 | 50 |
| Eli´s ostakökupinni 99 g | 155 | 309 | 155 | 50 |

Tilboðin gilda til 1. apríl

### KRÓNAN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Luxus hamborgarar 2 stk. | 399 | 559 | 200 | 30 |
| Krónu grísahnakksneiðar kryddaðar | 1.238 | 1.548 | 1.238 | 20 |
| Krónu kryddaðar svínakótelettur | 1.196 | 1.594 | 1.196 | 25 |
| Krónu lambagrillsneiðar úr læri | 1.426 | 1.782 | 1.426 | 20 |
| Kea hangiframpartur í poka | 698 | 798 | 698 | 15 |
| SS Caj P helgarsteik | 1.395 | 1.744 | 1.395 | 20 |
| Eðalfiskur rækjusalat 200 g | 159 | 212 | 795 | 25 |
| Krónubrauð stórt og gróft 770 g | 61 | 121 | 79 | 59 |
| Skyr.is drykkur 5 teg. 330 ml | 61 | 92 | 185 | 35 |
| Rúbín páskakaffi 250 g | 299 | 369 | 1.196 | 20 |

Tilboðin gilda til 4. apríl

### NÓATÚN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísabógur hringskorinn | 398 | 649 | 398 | 40 |
| Ungnautahamborgarar 90 g | 79 | 139 | 878 | 45 |
| Goða BBQ grísarif | 853 | 1.218 | 853 | 30 |
| Móa kjúklingalæri Dijon/hvítlauk | 731 | 1.125 | 731 | 35 |
| Stjörnu hrásalat 350 g | 146 | 224 | 417 | 35 |
| Stjörnu kartöflusalat 390 g | 170 | 262 | 436 | 35 |
| McCain Superfries sléttar 900 g | 399 | 506 | 443 | 20 |
| Baguette hvítlauks/osta | 199 | 365 | 199 | 45 |
| Hrókur hvítmygluostur | 286 | 337 | 286 | 15 |
| Líf maískorn 300 g | 49 | 74 | 163 | 35 |

Tilboðin gilda til 1. apríl

### Þín verslun

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Borgarnesbjúgu | 438 | 548 | 438 | 20 |
| Borgarnes kindakæfa 200 g | 216 | 270 | 1.080 | 20 |
| Borgarnes folaldakjöt reykt | 468 | 585 | 468 | 20 |
| KS kanilsnúðar 400 g | 209 | 379 | 523 | 45 |
| KS hjónabandssæla 350 g | 209 | 339 | 314 | 40 |
| Kelloggs Corn flakes 500 g | 259 | 309 | 518 | 15 |
| Maxwell House kaffi 500 g | 379 | 459 | 758 | 15 |
| Anton Berg ískaka 825 g | 1.199 | 1.619 | 1.453 | 25 |
| Maarud flögur 350 g | 329 | 469 | 940 | 30 |

Tilboðin gilda til 4. apríl





## Nýtt kaffi

Eþíópía er kaffi sem hefur ávæning af ávöxtum, vori og villtum blómum og vekur hina andlegu sól úr vetrardvala. Kaffi sem er barmafullt af birtu.

Kaffitár
- leggur heiminn að vörum þér

H2 hönnun



**allt heilsa**

Alla þriðjudaga og fimmtudaga





# Er fermingarveisla framundan?

Piparrótarsósa með mangó chutney fylgir með fiskipate frá okkur

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

Búðakór 1 / Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

# Hnakkatímabilið fór illa með fjárhaginn

***Oddur Örn Halldórsson framleiðandi horfir með saknaðaraugum á þá peninga sem hurfu í gin hnakkamaskínunnar. Honda Civic, gullkeðjur og ljósakort kostuðu skildinginn.***

Lífið skiptist í tímabil sem sum eru betri en önnur. Oddur Örn tók út sitt hnakkatímabil á menntaskólaárunum og þó svo að hann hafi skemmt sér konunglega blæddi veskinu á meðan því stóð. „Ég held að mín alverstu kaup hafi verið Honda Civic hnakkabíll dauðans. Þetta var rándýr bíll sem ég hafði engan veginn efni á,“ segir Oddur. „Ég þurfti að fá víxil til að sjá um útborgunina, sem er náttúrlega algjör vitleysa.“

Þó svo að bílakaupin hafi verið verið slæm ákvörðun fjárhagslega urðu til nokkrar góðar sögur. „Við fórum eitt sinn í sumarbústað yfir helgi og mér tókst að keyra bílinn á skurðarbakka þar sem hann vó salt. Það var blindbylur og þar sem ég helt að væri vegur var skurður,“ segir Oddur og hlær. „Svo voru einhverjir vitleysingar í næsta bústað sem fannst það rosa fyndið að taka eitt dekkið undan bílnum, sem gerði björgunaraðgerðir enn erfiðari.“

En hnakkavitleysurnar eru ekki upp taldar. „Á Halló Akureyri keypti ég mér svakalega gullkeðju, mig minnir að hún hafi kostað fimmtán þúsund krónur, og týndi henni svo klukkutíma síðar,“ segir Oddur. „Svo fór auðvitað fúlga í ljósatíma en ég held að ljósin hafi grillað eitthvað meira en bara húðina. Kannski það sé ástæðan fyrir bílakaupunum.“

Oddur hefur sagt skilið við hnakkamenninguna og vinnur nú sem framleiðandi hjá Truenorth. „Bestu kaupin mín eru í tengslum við vinnuna en í fyrsta sæti verð ég að setja Truenorth-úlpuna mína,“ segir Oddur. „Hún var ekki ódýr, kostaði 35 þúsund, en var vel þess virði. Hún hélt á mér hita í þrjú ár við allar tökur og slíkt, jafnvel uppi á jökli. Nú er ég búinn að fá mér nýja, alveg eins nema í öðrum lit, og ég efast um að ég kaupi nokkurn tímann öðruvísi úlpu.“

tryggvi@frettabladid.is



Oddur Örn var eitt sinn hnakki en er að eigin sögn blessunarlega laus við þá bölvun í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Útsalan er senn á enda

LOKADAGAR ÚTSÖLU Í HAGKAUPUM.

Nú fer útsölunni í Hagkaupum senn að ljúka. Yfir 100 bókatitlar á lækkuðu verði, alveg niður í 199 krónur: Heimskir hvítir karlar á 799 krónur, Eymd á 799 krónur, Belladonna-skjalið 999 krónur, Brennd lifandi: Sönn frásögn 799 krónur, Hálfbróðirinn 999 krónur, Krosstré 999 krónur og Dætur Kína: Bældar raddir 799 krónur. Fáanlegt í verslunum Hagkaupa í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni og á Akureyri.




## Myndavélar og prentarar

HANS PETERSEN ER MEÐ HÖRKUAFSLÁTT AF ÝMSUM GERÐUM MYNDAVÉLA OG PRENTARA.

Mestur afsláttur er af Samsung Digimax i6 myndavél hjá Hans Petersen. Hún lækkar úr 38.900 niður í 26.900. Þetta er 6 milljón pixla vél og tekur líka vídeó. Ekki slæm fermingargjöf það. Fleiri freistandi tilboð eru í verslunum Hans Petersen og má þar nefna myndaprentara af gerðinni Kodak Easy Share sem er á 6.000 króna afslætti. Hann kostar nú 8.980 í stað 14.980 en það tilboð gildir reyndar bara við kaup á myndavél.



Minningar varðveitast á myndum.



## Hönnunarvara á tilboði

HÚSBÚNAÐAR- OG HÚSGAGNAVERLSUNIN EGG SMÁRATORGI ER MEÐ TILBOÐ Á ÝMSUM HEIMILISTÆKJUM, HÚSBÚNAÐI OG HÖNNUNARVÖRUM ÞESSA DAGANA.

Sófar frá Module sem áður voru á 132.000 krónur eru nú á 79.900 krónur.

Braumatic heimilistæki og glös frá danska hönnuðinum Eva Solo eru á 20 prósenta afslætti. Magppie hitakanna er á 15 prósenta afslætti og er nú á 6.204 krónur.

Blöndunartæki frá Bited og veggsalerni frá Pozzi Ginori eru einnig á tilboði hjá Egg þessa dagana. www.egg.is







# sirkus

30. mars 2007

## „BARA VINIR“



Guðný Pála í dúettinum GÍS segir að færeyski folinn Jógvan og hún séu bara góðir vinir þrátt fyrir þráfaldan orðróm þess efnis að þau séu par. **BLS. 2**



Leikkonurnar Birgitta, Nanna og Álfrún

# FRÆGAR EN FALLA INN Í HÓPINN


**Fermingarsímar**

Með Nokia og Sony-Ericsson símum frá Símabæ fylgir handbók á íslensku. Notendaviðmót er í öllum tilfellum íslenskt.




Símabær

Símabær - Síðumúli 31 - Reykjavík - 533-2700 - www.simabaer.is

# fréttir

## Heyrst hefur

### Afmælisboð hjá Jónínu Ben á morgun

Athafnakonan og detox-mógúllinn Jónína Benediktsdóttir heldur upp á fimmtugsafmæli sitt á morgun. Jónína býður til stórveislu á heimili sínu að Stigahlíð 70. Búist er við fjölmenni í afmælið enda Jónína vinsæl og vinamörg með eindæmum. Veislan byrjar klukkan 19 og verður væntanlega boðið upp á heilsurétti að hætti hússins.



### Lýður á nýjum bíl

**Lýður Guðmundsson**, starfandi stjórnarformaður Existu og annar Bakkabræðra, er kominn á nýjan Range Rover. Sá er svartur og af gerðinni Vogue, sem er lúxustýpan í Range Rover-línunni. Lýður fer sömu leiðir og áður, en hann leigir bílinn af Bílaleigunni Geysi í Reykjanesbæ. Í fyrra var Lýður með þrjá silfurlitaða bíla á leigu frá bílaleigunni, einn Range Rover, einn Porsche Cayenne og einn Mercedes Benz-sportbíl, en svo virðist sem hann hafi skilað Range Rovernum og Benzinum. Það er sagt að þegar ökumenn skipta úr gráum yfir í svartan bíl þá sé nokkuð öruggt að þeir leiti eftir meiri spennu í tilverunni. Á það við um Lýð?





### Unnur Birna bíður eftir handriti

Fegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** bíður nú eftir því að fá sent handritið að Hollywood-mynd sem henni hefur verið boðið að leika í. Tilboðið fékk Unnur Birna þegar hún dvaldi á Indlandi við módelstörf í byrjun þessa árs en það kom frá kvikmyndaframleiðendum sem eru með þeim stærstu í indverska Bollywood-heiminum og ætla að hasla sér völl í Hollywood. Heimildir Sirkuss herma að Unnur Birna ætli ekki að taka ákvörðun um hvort hún reyni fyrir sér í Hollywood fyrr en handritið að myndinni kemur til hennar.



**„BARA GÓÐIR VINIR“ Það fór vel á með Jógvan og GÍS-stelpunum Guðnýju Pálu og Írisi Hólm í 35 ára afmæli Einars Bárðarsonar í Smáralindinni á laugardag.** SIRKUSMYND/DANÍEL

FÆREYSKI FOLINN JÓGVAN OG GUÐNÝ Í GÍS ERU EKKI NÝJASTA PAR BÆJARINS

# „VIÐ ERUM BARA VINIR“

Nei, nei, nei, nei, það er ekki rétt að við Jógvan séum byrjuð saman,“ segir söngkonan Guðný Pála Rögnvaldsdóttir um sögusagnir þess efnis að hún og færeyski folinn Jógvan Hansen séu byrjuð saman. „Við erum bara vinir,“ segir Guðný Pála en hún og Íris Hólm skipuðu dúettinn GÍS sem féll úr leik í fjögurra liða úrslitum X-Faktor keppninnar síðastliðinn föstudag eftir frækilega frammistöðu.

Guðný Pála, sem er nýskilin við athafnamanninn Baldvin Arnar Samúelsson og á með honum þriggja ára dóttur, segist líka hafa heyrt að samband hennar við Jógvan hafi verið ástæða skilnaðarins. „Þetta er algjört kjaftæði. Við erum ekki einu sinni saman, höfum aldrei verið saman heldur erum bara góðir vinir. Og ekkert annað. Skilnaðurinn hafði ekkert að gera með eitthvað ímyndað samband mitt og Jógvans,“ segir Guðný Pála og er auðsjánlega mikið í mun að leiðrétta þessa hvimleiðu kjaftasögu.

Mikið hefur verið rætt og ritað um kynþokka og heillandi yfirbragð Jógvans Hansen í X-Faktor þáttunum. Þessi 28 ára gamli færeyski hárgreiðslumaður hefur verið helsta umtalsefni kvenna á landinu frá því að keppnin hófst og meðal annars nælt sér í viðurnefnið „Færeyski folinn“. Og hann er ekki bara vinsæll hjá konunum því Páli Óskari X-Faktor dómara hefur verið tíðrætt um fegurð og útgeislun kappans, svo mikið reyndar að það hefur farið fyrir brjóstið á samdómara hans Einari Bárðarsyni sem er með Jógvan í sínum hópi.

Annars er það að frétta af X-Faktor að þriggja liða úrslit fara fram í kvöld, föstudagskvöld, og kemur þá í ljós hvaða tvö atriði komast í úrslitaþáttinn eftir viku. Færeyingurinn Jógvan, Hara-systurnar úr Hveragerði og hin sextán ára gamla Guðbjörg berjast um sætin tvö sem í boði eru.

*oskar@frettabladid.is*



**GLÆSILEG Guðný Pála þykir afar myndarleg ung kona.** SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR

**FÆREYSKUR FOLI Það er mat flestra að Jógvan sé ekki bara frábær söngvari heldur einnig löðrandi í kynþokka.** SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR




ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 36812 03/07

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

LYFJA - Lifið heil

www.lyfja.is


# Krimmakóngur kaupir sér Bimma

Metsöluhöfundurinn Arnaldur Indriðason hefur gert það gott með glæpasögum sínum undanfarin ár og er án nokkurs vafa sá íslenski rithöfundur sem þénað hefur mest á vinnu sinni, bæði hér heima og á erlendum vettvangi, þó sérstaklega í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Arnaldur gaf út bókina Konungsbók fyrir síðustu jól og var hún, líkt og fyrri bækur hans, vinsælasta skáldverk ársins. Krimmakóngurinn hefur undanfarin ár ekið um á dökkbláum Mitsubishi Pajero Sport en ákvað að bæta við bílaflotann í síðustu viku og fjárfesta í glænýjum BMW 520d. Bíllinn er skjannahvítur og óhætt að segja að Arnaldur taki sig vel út við stýrið á glæsikerrunni. Slíkur bíll kostar um fimm milljónir frá umboðsaðila. Þeir þykja afar liprir og eyða mjög litlu.

Arnaldur býr á Seltjarnarnesi en hann er ekki sá eini sem ekur um á slíkum BMW á Nesinu. Fegurðardrottningin fyrrverandi Hrafnhildur Hafsteinsdóttir ekur einnig um á einum slíkum en hún fékk hann að gjöf frá unnusta sínum, Bubba Morthens, síðastliðið sumar.



**BÆTIR VIÐ BÍLAFLOTANN Krimmakóngurinn Arnaldur Indriðason hefur keypt sér hvítan BMW.**



**GJÖF FRÁ BUBBA Hrafnhildur fékk bílinn síðasta sumar sem gjöf frá unnusta sínum, Bubba Morthens.**

**FLOTTUR Eins og sjá má á þessum bíl Hrafnhildar Hafsteinsdóttur er BMW-inn ekkert slor.**

# Mikilvægasta líffæri mannsins




**>> Grunnnám**

*B.Ed. nám í grunnskólakennarafræði*
*B.Ed. nám í leikskólakennarafræði*
*B.Ed. nám í íþróttafræði*
*B.S. nám í íþróttafræði*
*B.A. nám í þroskaþjálfafræði*
*B.A. nám í tómstunda- og félagsmálafræði*
*Kennsluréttindanám*

**>> Framhaldsnám**

*M.Ed. nám í menntunarfræði*
*M.Ed. nám í stjórnunarfræði menntastofnana*
*M.Ed. nám í sérkennslufræði*
*M.Ed. nám í íþrótta- og heilsufræði*
*M.Ed. nám í þroskaþjálfa- og fötlunarfræði*
*M.Ed. nám í tómstunda- og félagsmálafræði*
*M.A. nám í menntunarfræði*
*M.S. nám í íþrótta- og heilsufræði*
*Ph.D. nám í menntunarfræði*
*Kennsluréttindanám*

**Heilinn er mikilvægasta líffæri mannsins**
Taktu þátt í uppbyggingu hans og hafðu áhrif á hugmyndir, hugsjónir, skoðanir og viðhorf næstu kynslóða. Með því að sækja um í Kennaraháskólanum gætir þú öðlast þau forréttindi að fá að laða það besta fram í fólki og nauðsynlegt er að til þess veljist hæfileikaríkir einstaklingar.

Umsóknarfrestur um grunnnám er til **18. maí.**
Hægt er að sækja um rafrænt á **www.khi.is**

Umsóknarfrestur um framhaldsnám **rennur út í dag.**

**>> Kennaraháskóli Íslands**
**sími 563 3800 > www.khi.is**

PIPAR • SÍA • 70599

# fréttir

## Heyrst hefur



### Flottur á afmælinu

Eins og greint var frá í Sirkus mun **Björgólfur Thor Björgólfsson** halda upp á fertugsafmælið sitt um helgina með því að bjóða um eitt hundrað vinum og vandamönnum í fimm daga óvissuferð. Sirkus hefur heimildir fyrir því að ætlunin sé að fara til sólríks staðar enda var gestum Björgólfs uppálagt að mæta með léttan og ljósan klæðnað. Björgólfur Thor hefur tekið allsvakalega á því í líkamsræktinni frá áramótum og verið í stífum æfingum með einkaþjálfara. Er jafnvel talið að drifkrafturinn hafi verið að líta vel út í sundskýlunni á sólarströnd þegar fertugsafælinu væri fagnað.



BAUGUR GROUP



### Hver kemur á eftir Clinton?

**Baugur Group** heldur sinn árlega Baugsdag um miðjan maí en þá býður fyrirtækið starfsmönnum sínum og yfirmönnum dótturfyrirtækjanna í óvissuferð. Þetta verður í þriðja sinn sem dagurinn er haldinn. Í fyrsta skiptið var vettvangurinn Reykjavík en í fyrra var haldið til Kaupmannahafnar. Þar var sjálfur **Bill Clinton**, fyrrum forseti Bandaríkjanna, heiðursgestur og hélt hann ræðu yfir mannskapnum í Tívolíinu. Spurningin sem menn spyrja sig nú er hvernig Baugsmenn ætli að toppa Clinton þetta árið?





LANGBESTUR Bubbi er ekki í vafa um að Land Rover Discovery séu bestu bílarnir.

VILL EKKI MENGA **Bubbi Morthens** segist bara hafa átt dísilbíla þar sem þeir menga minna.

BUBBI MORTHENS ELSKAR LAND ROVER OG ER KOMINN Á NÝJAN BÍL

# „AFBURÐABÍLL HVAÐ VARÐAR VERÐ OG LÚXUS“

Bubbi Morthens er mikill bílaáhugamaður og kann því vel að aka góðum bílum. Hann endurnýjaði í síðustu viku Land Rover Discovery-bifreið sína og skipti úr svörtum í ljósbrúnan eða „arctic frost-litaðan“ eins og Bubbi sjálfur orðar það. Bíllinn, sem er með 189 hestafla dísilvél, er breyttur, á 32“ dekkjum og kostar frá umboðinu um 7,5 milljónir. Það er ekki hátt verð ef marka má Bubba, sem dregur hvergi af sér þegar hann lýsir bílnum fyrir blaðamanni Sirkuss.

„Land Rover-fjölskyldan er einfaldlega með bestu bílana sem völ er á. Ég er búinn að eiga fjóra Range Rover-bíla og síðan þrjá Discovery og þeir bílar henta mér betur. Discovery-inn er á grind og er meiri jeppi heldur en Range Rover-inn. Það eru sömu eiginleikar í grunninn í þessum bílum og að innan er sami lúxusinn,“ segir Bubbi, hæstánægður með nýja bílinn.

„Ég held því fram að Discovery-jeppinn sé afburðabíll í sínum flokki, bæði hvað varðar verð og lúxus, og hvorki Mitsubishi Pajero eða Toyota Landcruiser eiga séns í hann,“ segir Bubbi.

Því er ekki að neita að bíllinn hans Bubba er fallegur á að líta og sker sig meira úr en svarti bíllinn sem hann átti áður. „Ég endurnýja bílana mína á ellefu mánaða fresti og skipti alltaf um lit. Þetta er svona arctic frost-litur



ÞROSKAÐUR ÖKUMAÐUR **Elly Ármanns** segir að ljósbrúnn bíll beri þess merki að eigandinn sé þroskaður ökumaður sem spenni alltaf beltin.

þótt hann sé skilgreindur sem ljósbrúnn hjá tollayfirvöldum. Hann er mjög flottur,“ segir Bubbi.

Sirkus leitaði til Ellýar Ármanns sem rekur vefsíðuna spamadur.is og hún var ekki lengi að litgreina Bubba út frá ljósbrúna litnum á bílnum hans. „Eigandi bílsins leitast við að vera hagsýnni en áður ef hann ákveður að velja ljósbrúnan lit. Eigandi ljósbrúna bílsins spennir alltaf beltin og lendir sjaldan í árekstri, eða með öðrum orðum þá fer hann varlega. Ljósbrúnn bíll segir til um þroskaðan ökumann sem er loksins búinn að sætta sig við að hann er kominn á efri árin. Enginn vafi leikur á því að eigandi ljósbrúna bílsins hefur áttað sig á því að liturinn skiptir alls engu máli,“ segir Ellý.

oskar@frettabladid.is




# Áhugamálin breyttust þegar dóttirin kom

„Ég er ekki að hanna sjálf eins og stendur en ég mun gera það seinna meir,“ segir Marín Manda Magnúsdóttir fatahönnuður, sem opnaði nýlega barnafataverslun í Danmörku. Verslunin heitir Baby Kompagniet og er til húsa í gömlu fallegu húsi á Lille Strandstræde í grennd við Nýhöfn.

Marín Manda segir að hugmyndin hafi kviknað þegar hún varð ólétt að dótturinni, Ölbu Mist. Hún stendur ein vaktina í versluninni en ætlar að ráða til sín starfsfólk í sumar. Auk annarra flottra merkja í barnafatnaði selur hún íslenskar lopapeysur frá Frida Icelandic design og barnavörur frá 66° Norður. Aðspurð segir hún fjölda Íslendinga hafa komið í verslunina á þeim tíu dögum sem hún hefur verið opin. „Flestir verða hissa að sjá þessar íslensku vörur, sérstaklega ef þeir hafa ekki



MARÍN MANDA Opnaði barnafataverslun í Danmörku.

uppgötvað að ég er íslensk. Lopapeysurnar eru vinsælar hjá Íslendingunum en Danirnir eiga erfitt með að meðtaka þær, þar sem nú þegar er 15 stiga hiti hér, í marsmánuði,“ segir Marín Manda og hlær.




**Erum farin að taka á móti umsóknum í allar deildir skólans.**
**Því fyrr sem þú sækir um, því meiri möguleika áttu á námsvist.**
**Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og getur verið góður undirbúningur fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

**Umsóknafrestur í grunnám er til 10. júní 2007**

Frekari upplýsingar:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

# partí

## Hverjir voru hvar



Ljósmyndarinn **Ari Magg** hélt upp á þrítugsafmæli sitt á laugardaginn í stúdíói sínu við Hverfisgötu. Margt var um manninn enda Ari vinamargur og vinsæll. Meðal þeirra sem heiðruðu ljósmyndarann þegar hann hélt inn á fertugsaldurinn voru systir hans **Silja Magg** og blaðakonan knáa Anna Margrét Björnsson. Sirkusstjórinn fyrrverandi **Árni Þór Vigfússon** mætti auk konu sinnar **Marikó Margrétar Ragnarsdóttur**. Auk þess mættu á svæðið tónlistarmennirnir Pétur Ben, Jóhann Jóhannsson úr Apparat Organ Quartet, Henrik Björnsson úr Singapore Sling, Stefán Stephensen úr GusGus og **Barði Jóhannsson** úr BangGang ásamt eiginkonu sinni stílistanum Agnieszku Moniku Baranowsku. Markaðsstjórinn **Eva Dögg Sigurgeirsdóttir** lét sig að sjálfsögðu ekki vanta í afmælið né heldur **Andrea Brabin** hjá Eskimo Model.







**TÓNELSKUR MAÐUR** Athafnamaðurinn **Tryggvi Jónsson** hefur stutt vel við bakið á útrás Einars Bárðarsonar. Hann sést hér ásamt eiginkonu sinni **Ástu Ágústsdóttur** og heiðurshjónunum **Guðlaugi Þór Þórðarsyni** og **Ágústu Johnson**. SIRKUSMYND/DANÍEL



**ÓLÉTT OG ALSÆL** Kastljósdrottningin **Jóhanna Vilhjálmsdóttir** tekur sig glæsilega út ólétt og mætti með manni sínum **Geir Sveinssyni** til að samfagna Einari. Við hlið Geirs sést einnig önnur sjónvarpsstjarna, **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir**. SIRKUSMYND/DANÍEL





**GLÆSILEG** Skötuhjúin **Þórhallur Gunnarsson** og **Brynja Nordquist** voru að vanda elegant í Smáralindinni. SIRKUSMYND/DANÍEL



**HANN Á AFMÆLI** Afmælisbarnið **Einar Bárðarson** sést hér ásamt hinni stórglæsilegu eiginkonu sinni **Áslaugu Telmu Einarsdóttur**. SIRKUSMYND/DANÍEL

# GLÆSILEG AFMÆLISVEISLA EINARS BÁRÐAR

Umboðsmaðurinn og X-faktor-dómarinn Einar Bárðarson hélt upp á 35 ára afmæli sitt með pomp og prakt í Vetrargarðinum í Smáralindinni á laugardaginn, nánar tiltekið á X-faktor-sviðinu sjálfu. Mikill fjöldi listamanna mætti og söng til heiðurs afmælisbarninu og minnti samkvæmið um tíma frekar á dúndurtónleika en afmæli.

Einar segir frá sinni upplifun á bloggi sínu og er ekki að sjá annað en að hann hafi verið afar sáttur við veisluna. „Mikið lifandis skelfing skemmtum við okkur vel í Smáralindinni á laugardagskvöldið. Ég bauð þar vinum og vandamönnum í létta afmælisveislu. Eða létta? Þannig lagað. Mér sýndist við vera með eitthvað um 300 manns þegar mest var.

Ég vinn með svo góðu fólki að þau lánuðu mér Vetrargarðinn í Smáralindinni með öllum tækjum og tólum. Skemmtiatriðin ekki af verri endanum, Bubbi, X-faktor-krakkarnir, Nylon, Páll Óskar og svo Sumargleðin sem dró mig upp á svið og við gerðum allt vitlaust. Litla systir konunnar minnar, Guðrún Lísa Einarsdóttir, sló svo allt út í endann þegar hún fór upp og skemmti með X-factor bandinu en þegar vel er að gáð þá er það bandið hennar Ísafold sem þar er á ferð,“ skrifar Einar.



**RÖMM ER SÚ TAUG** **Nylon-flokkurinn** og Einar Bárðarson eru tengd órofa böndum og tróðu stúlkurnar fjórar upp í afmælinu. SIRKUSMYND/DANÍEL


VERTU lenovo

Í SKÓLANUM
Í SPJALLINU
Í TÓNLISTINNI
MEÐ LJÓSMYNDIRNAR
MEÐ BÍÓMYNDIRNAR



LENOVO V100
INTEL CORE 2 DUO T5600 ÖRGJÖRVI
1 GB MINNI
12" TFT BREIÐTJALDSSKJÁR - VIBRANT VIEW TÆKNI
VEFMYNDAVÉL
100 GB HARÐUR DISKUR
FINGRAFARASKANNI
ÞYNGD - AÐEINS 1.8 KG
VERÐ 149.900 KR.

NÝHERJI
Nýherji hf. Borgartúni 37 105 Reykjavík sími 569 7700 fax 569 7799 www.nyherji.is


Coca-Cola
zero
EKTA BRAGÐ
Og ENGINN SYKUR
'Coca-Cola zero', 'Coke zero', the dynamic ribbon device and the 'Coca-Cola' contour bottle are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.
EKTA BRAGÐ
Og ENGINN SYKUR

SÖNGLEIKURINN GRETTIR VERÐUR SÝNDUR Í BORGARLEIKHÚSINU Á NÆSTU DÖGUM EN LEIKRITIÐ SLÓ Í GEGN ÞEGAR ÞAÐ VAR SÝNT FYRIR 25 ÁRUM SÍÐAN. SIRKUS RÆDDI VIÐ ÞRJÁR LEIKKONUR ÚR GRETTI OG SPJALLAÐI VIÐ ÞÆR UM UMFJÖLLUNAREFNI SÖNGLEIKSINS, FRÆGÐINA.

# Það geta allir orðið frægir

SIRKUSMYNDIR/VALLI







## ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR
## FRÆGÐIN GETUR VERIÐ VANDRÆÐALEG

Þessi ádeila á dýrkun fræga fólksins á mjög vel við í dag," segir Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikkona, sem leikur nokkur hlutverk í söngleiknum Gretti, þar á meðal kennara, skriftu og unglingsstelpu sem er kölluð Feita. „Leikritið er ádeila á þessa tilbeiðslu á fræga fólkið, einnig á ásóknina í að verða frægur og eiga sitt pláss í fjölmiðlum en í leiðinni að týna kannski hluta af sjálfum sér," segir Álfrún og bætir við að það sé líklega auðveldara að verða frægur og slá í gegn í dag en fyrir aldarfjórðungi. „Fjölmiðlarnir eru orðnir ágengari og það eru fleiri glanstímarit og slúðurblöð. Að sama skapi og það er auðvelt að rísa er hægt að falla fljótt aftur eins og gerist í leikritinu."

Álfrún Helga segist ekki finna fyrir að vera þekkt persóna í daglega lífinu. Hins vegar þegar hún skelli sér út á lífið finni hún stundum fyrir að vera þekkt andlit. „Þegar fólk er í glasi er það ófeimnara við að koma upp að manni en ég finn meira fyrir því eftir að hafa verið í sjónvarpi eða kvikmyndum en á sviði. Börnin eru líka dugleg að benda og tala við mig þegar ég leik í barnaleikritum." Aðspurð hvort hún telji Íslendinga það góða með sig

**✱ Við erum svo töff og verðum alltaf að halda kúlinu. Svo þekkir líka annar hver maður einhvern frægan því við Íslendingar erum svo fáir svo það er ekki eins merkilegt og í stærri löndum.**

að þeir nálgist síður stjörnurnar segir hún mikið til í því. „Við erum meira inni í okkur en fólk í suðrænum löndum þar sem flautað er á eftir stelpum. Við erum svo töff og verðum alltaf að halda kúlinu. Svo þekkir líka annar hver maður einhvern frægan því við Íslendingar erum svo fáir svo það er ekki eins merkilegt og í stærri löndum. Við erum bara 300 þúsund svo það er ekki mikið mál að láta alla vita hver þú ert. Hér eru svo fáir fjölmiðlar og þú kemst varla í gegnum daginn án þess að fletta í gegnum Fréttablaðið eða rekast á Séð og heyrt svo það er tiltölulega auðvelt að slá í gegn hér á landi ef fólk ætlar sér það. Allavega ekki gefast upp, þetta er hægt," segir hún brosandi.

Álfrún segist ekki stunda leiklistina vegna frægðarinnar og hún er ekki á því að allir eigi sér þann draum að slá í gegn. „Ég held það sé afar persónubundið og ég er viss um að það kæri sig ekki allir um að verða frægir. Stundum er frægðin fylgifiskur listarinnar en svo eru sumir frægir fyrir það eitt að vera frægir. Sumt fólk sér maður aftur og aftur í blöðum á við Séð og heyrt en veit ekkert meira um það. Kannski á það peninga eða hefur sýnt á sér brjóstin, það þarf svo lítið í rauninni. Sjálfri finnst mér frekar óþægilegt þegar fólk vendir sér að mér og talar við mig eins og það þekki mig og ég væri í rauninni alveg til í að vera nafnlaus en þetta truflar mig ekki í daglegu lífi enda er ég ekki nógu fræg til þess. Þetta getur samt alveg orðið vandræðalegt en er hluti af lífi leikarans."

## NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
## FRÆGÐIN ÞVÆLIST EKKI FYRIR

Grettir passar mjög vel við í dag og umfjöllunarefni verksins tengir okkur við raunveruleikasjónvarpið sem tröllríður öllu í sjónvarpsdagskránni. Jón og Gunna á götunni geta auðveldlega orðið fræg ef þau hafa áhuga á því og hugtækið frægð er orðið mun víðtækara," segir Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona og bætir við að fólk öðlist ekki aðeins frægð við að skara fram úr á sínu sviði heldur einnig ef það eignast frægan maka og jafnvel ef það hittir einhvern frægan. Aðspurð segist Nanna Kristín ekki finna fyrir að vera þekkt andlit. „Ég get ekki sagt að frægðin sé eitthvað að þvælast fyrir mér. Ég vinn mína vinnu, hef haft mikið að gera og hef unnið í mörgum leikhúsum við fjölbreytt verkefni. Það er helst þegar ég hef leikið í Áramótaskaupinu að ég tek eftir að fólk horfi á mig úti á götu fyrstu tvær vikurnar í janúar. Annars fell ég vel inni í hópinn."

Nanna Kristín segir að þeir sem ekki fíli athygli hafi varla áhuga á leiklistinni. „Athyglin fylgir leikarastarfinu en það er ekki eins og hún sé eitthvað að angra mann í hinu daglega lífi. Ég held að flestir sem ætli sér að verða leikarar séu eitthvað smá athyglissjúkir en þá ekki í neikvæðri merkingu, það er eiginlega nauðsynlegt að leikarar njóti þess að segja áhorfendum sögu," segir hún.

Aðspurð hvort sumir séu jafnvel frægir fyrir að vera frægir segir hún svo ekki vera. „Eitthvað gerir þetta fólk til að eftir því sé tekið. Það er frægt þótt það tengist ekki endilega starfi þeirra. Það er hins vegar ekki farið að skipta jafn miklu máli fyrir hvað fólk þekkist, hvort það sé búið að vinna í listageiranum, fjölmiðlum eða stjórnmálum í 30 ár eða hvort það hafi deitað einhvern úr Spice Girls, fólk fær alveg jafn mikið pláss í glanstímaritunum. Hin svokallaða frægð á Íslandi er nú ekkert endilega eftirsóknarverð. Þú ert t.d. að taka viðtal við mig um frægð af því að ég er leikkona og er að æfa Gretti, en í Gretti er

**✱ Það er helst þegar ég hef leikið í Áramótaskaupinu að ég tek eftir að fólk horfi á mig úti á götu fyrstu tvær vikurnar í janúar. Annars fell ég vel inni í hópinn.**

einmitt fjallað um hvernig stjarna er hreinlega búin til. Ég er sem sagt í starfi mínu að deila á þá viðurkenningu sem fólk fær af því að vera frægt en er samt á forsíðunni hjá þér massa hress. Svolítið mótsagnakennt! Ég verð ekki tekin alvarlega sem listamaður eftir þetta," segir hún og hlær. „Á þessu litla landi eiga allir möguleika á frægð í einhvern tíma en svo er spurning hvort þeir gleymist ekki þegar næsta stjarna tekur við. Það eru ekki margir Laddar til en við skulum sjá hvort t.d. Sveppi verði kominn í spor Ladda eftir 30 ár. Kannski verður hann orðinn klassík, kannski mun enginn muna eftir honum en líklega verður honum bara slétt sama."

## BIRGITTA BIRGISDÓTTIR
## FRÆGÐ ER SKRÍTIÐ HUGTAK

Grettir á sennilega betur við í dag en hann gerði árið 1980 því „skyndifrægð" er líklega þekktara fyrirbæri í dag en þá," segir Birgitta Birgisdóttir leikkona, sem leikur Breddu í Gretti. „Ég verð afar sjaldan vör við að fólk þekki mig úti á götu. Það er aðallega á barnum þegar fólk er í bjór sem það kannast við mig úr auglýsingum," segir Birgitta og bætir við að hún hafi litla þörf fyrir að vera þekkt andlit. „Í dag geta allir orðið frægir og fyrir hvað sem er en svo eru margir hæfileikaríkir og flottir leikarar sem eru þekktir fyrir vinnuna en ekki fyrir að birtast í slúðurblöðunum svo þeir sem fara í leikhúsin þekkja þá en ekki hinir."

Birgitta segir ákveðinn hóp einfaldlega frægan fyrir að vera frægur. „Ég vil ekki nefna nein nöfn. Frægð er skrítið hugtak og af hverju má fólk ekki vera frægt fyrir áhugamál sín eða fyrir að gefa öðrum ráðleggingar eins og þeir sem eru frægir fyrir störf sín? Sú tilhneiging ríkir að þeir sem eru frægir fyrir að afreka eitthvað eru viðurkenndari en hinir og sjálf dæmi ég ef ég sé sömu andlitin í blöðunum aftur og aftur en veit ekki af hverju fólkið er þarna. Landið er lítið og fjölmiðlar geta auðveldlega búið til frægt fólk. Ég held að fólki finnist frægð tiltökumál en það vilja allir vera kúl á því. Það eru allir að

**✱ Stemningin er ekki orðin eins og í Ameríku þar sem fólk er sett upp á stall þar sem það er ósnertanlegt og jafnvel komið yfir mannlegt eðli.**

passa upp á sitt svæði og vilja ekki missa það þegar þeir sjá einhvern frægan. Það þykir ekki töff," segir Birgitta og bætir við að ef fræg persóna gangi inn á veitingastað breytist andrúmsloftið gjarnan á staðnum. „Það stekkur samt enginn af stað og biður um eiginhandaráritun en einhvern veginn verða allir meira varir um sig. Stemningin er ekki orðin eins og í Ameríku þar sem fólk er sett upp á stall þar sem það er ósnertanlegt og jafnvel komið yfir mannlegt eðli. Hlutirnir eru samt að breytast hér og þegar fólk getur ekki fengið að fara í sund í friði þá er þetta orðið kjánalegt."

Aðspurð hvort hún þekki einhvern sem hafi látið frægðina breyta sér segir hún ekki svo vera. „Engan persónulega en okkur er mannlegt að dæma og það er ofsalega auðvelt að fletta í gegnum blöð eins og Séð og heyrt með kaffibollann sinn og dæma þá sem þar eru án þess að hafa eitthvað fyrir sér. Ég get samt alveg ímyndað mér að ef maður yrði allt í einu rosalega frægur þá væri auðveldara að fara í þá áttina og verða svolítil prímadonna. Það þarf örugglega sterka manneskju til að halda sér niðri á jörðinni eða það ímynda ég mér."

Birgitta segir takmarkið sitt með leiklistinni ekki það að verða fræg. Leiklistin snúist að vissu marki um að vera sýnilegur en hver og einn þurfi að hafa sitt prinsipp. „Nema hjá þeim sem hafa það takmark að verða frægur. Þeir hljóta að gera ansi margt sem er gott og blessað fyrir þá sem það velja en sjálf myndi ekki gera hvað sem er fyrir frægðina."

*indiana@frettabladid.is*



# hús&heimili

FÖSTUDAGUR 30. MARS 2007

**SÝNING**

## Frönsk samtíðarlist

**HÖNNUN**

## Danskir stólar

**INNLIT**

## Listakonan Hanna Hlíf Bjarnadóttir

FRÉTTABLAÐIÐ



**●NÝSTÁRLEGIR OFNAR**

Hver hefur ekki átt í vandræðum með að mála ofninn? Eða kvartað yfir því hve erfitt er að þrífa hann? Breski hönnuðurinn Lucy Merchant hefur fundið lausn á þessum vandamálum. Hún bjó til ofna úr gömlum hliðum og grindverkum sem geta staðið á miðju gólfi eða festir þannig á veggi að hægt er að færa þá til. Efnistök Lucy eru óvenjuleg og hefur hún meðal annars hannað borðdúk úr leðri og stóla eftir teikningum barna. Sjá www.lucymerchant.com.






pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

· ENGIN MÁLNINGAVINNA

· HVORKI FÚI NÉ RYÐ

· FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN

· FALLEGT ÚTLIT

· MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR

· ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. ı Bæjarhrauni 6 ı 220 Hafnafjörður ı Sími: 564 6080 ı Fax: 564 6081 ı www.pgv.is














# Frönsk samtímahönnun

● Frönsk hönnunarsýning stendur yfir í Gerðarsafni í Kópavogi. Þar má líta fjörutíu ný verk af fjölbreyttu tagi eftir nokkra af fremstu hönnuðum Frakka. Til dæmis Philippe Starck, Laurence Brabant og Matali Crasset. Sýningin nefnist Vísanir í samtímahönnun í París og er sýningarstjóri Cedric Morriset, sem vakið hefur athygli í listaheiminum fyrir nýstárlegt og framsækið sýningarhald undanfarin misseri.

**1. Rúmstokksbyssa** (Bedside gun) eftir Philippe Starck. Hugmyndina fékk hann þegar gullbyssa í eigu Saddams Hussein fannst eftir innrásina í Írak. Hægt er að fá slíka byssulampa í nokkrum gerðum. Gólflampa, náttborðslampa og borðlampa.

**2. Stólkollar í líki garðálfa** Þeir heita Napóleon og Atli Húnakonungur en á milli þeirra er tréð Saint-Esprit (Heilagur andi).

**3. Fljótur vasi** (Fast vase) eftir Cédric Ragot sem hefur vakið athygli um allan heim.

**4. Hægindastóllinn Lúðvík draugur** (Louis Ghost) eftir Philippe Starck. Stólinn hannaði Starck árið 2002 og er endurgerð útgáfa af stól Lúðvíks sextánda. Stóllinn er smíðaður á Ítalíu af Kartell.

**5. Apollo stóll** eftir Patrick Norguet. Stólinn kynnti hann á Now-hátíðinni í París árið 2002. Stóllinn er bæði fallegur og þægilegur og hægt er að fá hann í mörgum litum.





HURÐADAGAR








Egill Árnason hf

Ármúli 8, 108 Reykjavík, 595 0500 - Baldursnes 6, 603 Akureyri, 595 0590 - www.egillarnason.is

# Roberti Rattan – Kyoto



Ítölsk hönnun.

Það er aðeins eitt rúm sem fær stimpilinn það besta, engin þörf á að stæra sig af óendanlegri, ólýsanlegri og ótrúlegri upplifun. Við segjum einfaldlega hver varan er, sýnum þér staðreyndir með myndum. Hér er ein sönnun, hver dæmi fyrir sig.








Höfum fengið mikið úrval hágæða teppasetta og púða frá hönnuðinum Mette Ditmar.





Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl 11-16**




Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Hrein Fjárfesting ehf
REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Nýr bæklingur



LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 551-6646



● **LE KLINT** er rótgróið danskt fyrirtæki, leiðandi í hönnun ljósa. Árið 1943 ákvað Tage Klint að stofna fyrirtæki í kringum listilega hannaða ljósaskerma sem fjölskylda hans gerði. Lamparnir frá LE KLINT eru margslungnir og höfða til breiðs hóps.



**„Þetta er ögrandi fag og maður er alltaf í baráttu við efnið, sem er óútreiknanlegt og kemur manni sífellt á óvart," segir Ólöf.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Glíman við efnið

● Leirlistarkonan Ólöf Erla Bjarnadóttir vinnur mest með postulín, sem hún segir bæði himneskt og loftkennt efni.

„Ég er með einhverja áráttukennda ástríðu fyrir keramiki," segir Ólöf Erla Bjarnadóttir leirlistarkona, sem hefur um margra ára skeið mótað nytjahluti úr leir og selur þá nú í Kirsuberjatrénu þar sem hún einnig starfar.

„Ég var alltaf ákveðin í að verða einhvers konar myndlistarmaður, hafði mjög gaman af að teikna og leira sem barn og á allar mínar bestu minningar um þær athafnir," segir Ólöf, sem fór í Myndlista- og handíðaskólann eftir stúdentspróf og útskrifaðist úr keramikdeild árið 1982.

„Þá gerðist ég fjárbóndi á Grímsstöðum á Fjöllum í nokkur ár og gerði lítið í listinni á meðan," segir Ólöf. Hún endurnýjaði kynni sín við listagyðjuna þegar hún flutti á Hvanneyri og hitti þar fyrir gamlan kennara sinn úr keramikdeildinni, Elísabetu Haraldsdóttur. „Við settum upp vinnustofu og það hjálpaði mér að ná upp því sem setið hafði á hakanum," segir Ólöf. Síðar flutti hún í bæinn þegar henni bauðst að taka við keramikdeild Myndlista- og handíðaskólans og þar starfaði hún til ársins 2002.

Ólöf mótar helst notadrjúga hluti úr leirnum og vinnur mest með hvítt og hábrennt postulín.



**„Það er eitthvað himneskt og loftkennt við postulínið."**



**Ólöf gerir marga hluti fyrir heimilið, til dæmis bolla, kökudiska og diska.**

„Það er eitthvað pínulítið himneskt og loftkennt við postulínið," útskýrir Ólöf, sem segir hvíta litinn einnig góðan grunn fyrir liti sem hún notar mikið.

En hvað er svona heillandi við leirinn? „Þetta er ögrandi fag og maður er alltaf að glíma við efnið því það er óútreiknanlegt og kemur manni ávallt á óvart."

*solveig@frettabladid.is*



**Þjóðarblómið er vinsælt, það er lítill hvítlauks- og engiferraspur úr postulíni sem er í laginu eins og blóm. Þegar ekki er verið að nota hann má hengja hann til skrauts í eldhúsinu.**



**Þó nokkrir eru farnir að safna stelli úr hönnunarlínum Ólafar.**


Þú finnur
fermingargjöfina
hjá okkur...
Randall
Randall
Vintager
GUITAR PACK
Peavey
Stage Pack
Acoustic Pack
VOX
Pearl
Pearl
TÓNABÚÐIN
Sunnuhlíð 12. Akureyri s.462-1415
Skipholt 21. Reykjavík s.552-4515



● **TVÆR FLUGUR Í EINU HÖGGI** Gagnsemin er tvöföld í þessari flottu eldhúsklukku sem er með áföstum tímamæli. Hún fæst í Búsáhöldum Kringlunni á 3.600 krónur.



# LÝSING

● **RÉTT LÝSING** skiptir höfuðmáli hvort sem er á heimilum eða annars staðar. Rétt ljós gefur þá stemningu sem sóst er eftir. Hún getur gert herbergi rómantískt, glaðlegt, dapurt og glettið allt eftir því sem við á.

# Valinn vasi í hverju rými

● Vasar sameina skraut og notagildi. Dags daglega geta þeir staðið einir og sér í hillum og gluggakistum og þjóna þá hlutverki listmuna. Á tyllidögum eins og afmælum, á páskum eða konudögum, fyllist húsið ilmi afskorinna blóma. Þá koma vasarnir sér vel sem fallegur rammi undir lífleg blómin.

**1. Gyllt og svört** glansandi blóm skreyta þennan fallega vasa sem hægt er að fá í tveimur stærðum í versluninni BoConcept. 2.249 kr.

**2. Svart á hvítu** Hár Zone-vasinn úr Húsgagnahöllinni er skemmtilegur í laginu með mynstri úr hringjum sem helst minna á ólympíumerkið. 4.980 kr.

**3. Rósamynstur** prýðir þennan stóra, þunga og mikilúðlega vasa úr Uniku. Vasinn sómir sér vel á gólfi, bæði sem stofustáss og undir stóra blómvendi. 10.800 kr.

**4. Svartur og glansandi** vasi úr blómabúðinni Dalíu. Hægt er að spegla sig í fallega löguðum vasanum sem hentar vel undir eina rauða rós.

**5. Silfur og svart.** Þessi vasi er af mjög hentugri stærð fyrir blómvendi af öllum stærðum og gerðum. Fæst í Húsgagnahöllinni á 3.980 kr.







Láttu drauminn rætast
frábær fermingartilboð á
rúmum & svefnsófum
TILBOÐ. 129.000
Karolin tungusvefnsófi
TILBOÐ. 110.000
Karolin 3ja sæta svefnsófi
FERMINGARTILBOÐ
Doris 120 x 200cm
verð. 39.900.- áður 61.800.-
FERMINGARTILBOÐ
Suprima
90x200cm v/33.280.- áður 41.600.-
120x200cm v/ 42.400.- áður 53.000.
140x200cm v/ 49.360.- áður 61.700.
TILBOÐ. 76.200.-
Nobil poka 80x200cm
Rafmagnsrúm verð áður 101.600
FERMINGARTILBOÐ
5 svæða pokagormadýna og botn
Electa 120x200 v/ 59.980 áður 67.300
www.toscana.is
Opið virka daga 10 til 18
laugadaga 11 til 16
HÚSGAGNAVERSLUN
TOSCANA
SMIÐJUVEGI 2, KÓP S:587 6090
HÚSGÖGNIN FÁST EINNIG Í HÚSGAGNAVAL, HÖFN S: 478 2535









Orri Árnason arkitekt og málverkið sem varð til fyrir tilviljun. Vinirnir tveir á málverkinu eru þeir Kristinn Jóhannsson og Arnar Matthíasson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Málverkið spekingslega

Heima hjá Orra Árnasyni arkitekt hangir stórt málverk af honum sjálfum og tveimur félögum hans spekingslegum á svip sem vekur vanalega mikla lukku meðal gesta. Orri segir að myndin hafi orðið til eftir kvöldlangar rökræður við listamanninn sjálfan.

„Ég var nýkominn heim frá Spáni eftir tíu ára dvöl og sat inni í stofu í minni fyrstu íbúð ásamt félögum mínum,“ segir Orri en þeirra á meðal var listamaðurinn Birgir Snæbjörn Birgisson.

„Við vorum að spjalla saman um list og listamenn og ég hafði það á orði að mér þættu þessir listamenn oft heldur stórir upp á sig. Þeir gætu aldrei tekið við pöntunum heldur vildu bara fara eigin leiðir,“ segir Orri og bætir við að Birgir hafi ekki verið sammála þessu. „Ég spurði hann því hvort hann vildi ekki mála mynd af mér. Hann var til í það og við sömdum um kaup og kjör. Þetta var einhver blanda af gríni og mikilmennskubrjálæði,“ segir Orri og hlær.

„Þegar til kom fannst mér hálf kjánalegt að vera bara einn á myndinni og fékk félaga mína sem sátu með okkur þarna um kvöldið til þess að slást í hópinn,“ segir Orri.

Þeir félagar veltu lengi fyrir sér hvaða uppstilling væri heppilegust og fundu loks málverk af Leó X eftir Rafael þar sem hann situr ásamt tveimur ráðgjöfum sínum og skoðar bók. „Ég hafði nýlega lesið Moby Dick og var alveg heillaður af henni. Hún var bara bókin í mínum huga,“ segir Orri og nefnir að sér hafi þótt magnað hvernig Ahab skipstjóri var tilbúinn að leggja allt í sölurnar til að ná hvalnum, jafnvel þótt hann hafi á endanum orðið að lúta í lægra haldi. „Við félagarnir erum því að glugga í Moby Dick á málverkinu,“ segir arkitektinn. Orri segir að valið hafi staðið á milli þess að hafa hana eða Don Kíkóta með á myndinni en Moby Dick hafi orðið ofan á.

„En það er allt í lagi. Ég er með styttu af Don Kíkóta á skrifstofunni hjá mér svo ég reddaði þessu.“ *-árá*






● **SÆTIR BOLLAR** Þessir eru nýkomnir í verslunina BoConcept. Bollarnir geta nýst undir bæði te og kaffi, eru handfangslausir og fagurlega skreyttir í svörtu og gylltu. Stykkið kostar 690 krónur.

## fyrir blómin



● **VATNSÚÐARINN** litli er bæði sætur og nytsamlegur. Með annarri hendi er hægt að halda á honum og sprauta úða yfir uppáhalds pottablómið. Fæst í Húsgagnahöllinni á 490 kr.


Lagar sig að þér
PIPAR • SÍA • 70266
feguðin býr
í smáatriðunum
COR / CONSETA
Þetta fjölbreytta kerfi sófa var hannað árið 1964. Allar götur síðan hefur Conseta notið mikilla vinsælda, enda er þessi tímalausa hönnun alltaf í tísku. Conseta býður upp á endalausa möguleika í stærðum og lögun, og getur aðlagað sig öllum aðstæðum – enda sannkallað kamelljón.
Hönnun: Friedrich Wilhelm Moller
MÓDERN
Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið í dag frá kl. 11-16.

# Danska leiðin

Danir eiga marga góða húsgagnahönnuði innan sinna vébanda. Þar fer fremstur í flokki Arne Jacobsen sem allir þekkja fyrir stóla á borð við Sjöuna, Svaninn og Eggið. Aðrir fylgja þó fast á hæla honum eins og Hans J. Wegner, Børge Mogensen, Verner Panton og fleiri góðir. Hér gefur að líta nokkra góða stóla úr smiðju Dana.




**1. Bjarnarstóllinn** eftir Hans J. Wegner frá árinu 1954. Wegner lést í janúar síðastliðnum en hann var áberandi í dönskum húsgagnaiðnaði í lifanda lífi. Á löngum ferli hannaði hann yfir fimm hundruð mismunandi stóla.

**2. Eggið** eftir Arne Jacobsen (1902–1971). Arkitektinn og hönnuðurinn er orðinn eins konar hönnunargoðsögn en hann hannaði allt frá byggingum niður í hnífapör af mikilli ástríðu. Stóla hans þekkja margir og eru þeir jafn eftirsóknarverðir og nútímalegir í dag eins og fyrst þegar farið var að framleiða þá.

**3. S-stóllinn** eftir Verner Panton sem hann hannaði árið 1956 en var ekki settur á markað fyrr en tíu árum síðar. Stóllinn er úr viði og er til í mörgum litum en einnig eru til nokkrar mismunandi gerðir S-stólsins.

**4. Veiðimannsstóll** eftir Børge Mogensen frá 1950 úr eik og leðri. Børge Mogensen (1914–1972) nam undir Kaare Klint og átti gott samstarf við lærimeistara sinn síðar á ævinni.

**5. Höfðingjastóll** úr smiðju Finn Juhl frá árinu 1949. Juhl (1912–1989) var fyrsti danski húsgagnahönnuðurinn sem náði alþjóðlegri hylli. Hann var lærður arkitekt en sjálflærður húsgagnahönnuður.

**6. Mahóní-stóll** eftir Ole Wanscher (1903–1985). Wanscher var klassískur í sinni hönnun og hafði mikinn áhuga á enskum átjándu aldar húsgögnum og gömlum egypskum húsgögnum.





# Austurland tækifæranna



## Tækifæri til að nýta og njóta

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru, friðsæll og fjölskylduvænn staður. Hátt í þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Með eflingu atvinnulífs og fjölgun íbúa skapast fjölbreytt viðskiptatækifæri fyrir hugmyndaríka frumkvöðla.

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Á svæðinu er yfirbyggður knattspyrnuvöllur, glæsilegar útisundlaugar og frábært skíðasvæði. Þjónusta á Mið-Austurlandi færist stöðugt nær því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og neytendur hafa úr mörgu að velja. Samgöngur til og frá svæðinu eru góðar, á landi, í lofti og á sjó.

Tækifæri til hvers konar útivistar eru fjölmörg. Fallegar gönguleiðir eru við hvert fótmál, stærsti skógur landsins og góðir hálendisvegir. Hægt er að stunda hvers kyns veiðar, hestaíþróttir njóta vaxandi vinsælda og golfurum fjölgar stöðugt. Einnig bjóðast frábær tækifæri til afþreyingar, listirnar dafna og íþróttastarfsemi er öflug.

AUSTURLAND TÆKIFÆRANNA

## Gríptu þitt tækifæri

Hjá Fjarðaáli er nú búið að ráða hátt í 300 starfsmenn og við leitum enn að fólki sem vill starfa með okkur, að konum jafnt sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna hjá Fjarðaáli og hlutfall kvenna af starfsmannafjölda í álveri er hvergi í heiminum jafnhátt.

## Síðustu 100 störfin í boði

### Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

### Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum rafiðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

**Öll störf henta bæði konum og körlum.**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl.**
**Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.**

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.

**www.alcoa.is**

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 36926 03/07



Flest húsgögnin í stofunni eru frá því að Hanna og Þórarinn byrjuðu að búa saman. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Hlutirnir skapa heimilið

**Listakonan Hanna Hlíf Bjarnadóttir býr á Reynivöllum á Akureyri ásamt fjölskyldu sinni. Lítið hefur verið átt við upprunalegt útlit hússins og hjónin eru smám saman að gera það upp en samkvæmt Hönnu liggur þeim ekkert á.**

„Við erum afar ánægð hérna og ég gæti hugsað mér að búa hér sem lengst,“ segir Hanna Hlíf Bjarnadóttir listakona á Akureyri en hún og fjölskylda hennar fluttu inn í fallegt gamalt hús við Reynivelli fyrir tæpum tveimur árum. Hanna og eiginmaður hennar, Þórarinn Blöndal, féllu fyrir húsinu en lítið hefur verið átt við upprunalegt útlit þess. „Við erum smám saman að gera húsið upp en okkur liggur ekkert á. Við viljum gera það sem við getum sjálf og gerum þetta bara eftir hendinni,“ segir Hanna. Húsnæðið við Reynivelli ber þess glögglega merki að þar búi listafólk. Innan um listaverk sem Hanna og Þórarinn hafa sankað að sér er að finna verk eftir þau



Hanna Hlíf og Marsibil dóttir hennar láta fara vel um sig í stofunni.

sjálf. Altaristaflan á veggnum var meðal annars útskriftarverkefni Hönnu en upphaflega altaristaflan er frá sextándu öld. „Flest húsgögnin okkar eru frá því við byrjuðum að búa saman enda er ég ekki mikið fyrir að skipta út. Mér þykir vænt um hlutina mína og í rauninni er alveg sama hvar maður er ef hlutirnir manns eru í kringum mann. Það eru þeir sem skapa heimilið.“ Hanna rekur Gallerý Box í samvinnu við þrjár aðrar konur sem stofnuðu galleríið á meðan þær voru enn í skóla. „Grundvallarhugmyndin var sú að fá unga listamenn til að sýna hjá okkur. Við höfum fengið góðan meðbyr svo þetta hefur verið afar skemmtilegt.“

*indiana@frettabladid.is*



„Mér þykir vænt um hlutina mína og í rauninni er alveg sama hvar maður er ef hlutirnir manns eru í kringum mann. Það eru þeir sem skapa heimilið.“



Heimasætan æfir sig á gamla píanóinu.



Eldhúsið er í upprunalegri mynd. Á veggnum sést hornið af altaristöflunni sem var útskriftarverkefni Hönnu Hlífar.





# Glæsilegar dragtir frá Habella

**Ný sending • Stærðir 38-50**

verðlistinn

**Laugalæk • S. 553-3755**



**FIÐRILDI** eru fögur á að líta. Þau hafa verið mörgum hönnuðinum innblástur í gegnum tíðina í stærri og minni listaverk. Það er eitthvað loftkennt og dýrlegt við fagra liti á silkikenndum vængjum. Fiðrildi eru oft á tíðum notuð sem skraut á heimilum. Í Uniku má fá fiðrildin sem sjást hér á síðunni í nokkrum mismunandi stærðum. Það stóra græna kostar 340 krónur og það minna bleika er á 270 krónur.






## hönnun



**ÞAÐ ER ALLTAF GAMAN AÐ SAFNA Í BÚIÐ** og ekki síðra að næla sér í sjaldséðari hluti sem ekki leynast á hverju heimili. Á síðunni www.utilitydesign.co.uk má finna ýmsa skemmtilega hönnun eftir marga fremstu hönnuði samtímans á sanngjörnu verði. Margir hlutanna koma vissulega kunnuglega fyrir sjónir en inn á milli leynast skemmtilegar gersemar sem gaman er að njóta og nýta. Hvort sem þú ert að leita að nýrri espressokönnu til að heilla gestina upp úr skónum, bollastelli í túlipanalíki eða borðstofustólum í barrrokkstíl þá er það að finna í vefversluninni.



Hér sýnum við myndir af þremur skemmtilegum hlutum. Þetta er kanína sem gætir eldhúspappírsins. Skemmtileg geimverukaffikanna og litrík klukka sem samansett er úr nokkrum ferhyrningum. Hægt er að raða þeim saman að vild.






Njóttu páskanna á Austurlandi
Frábær stemning og ekta fönn

Kíktu á dagskrána á www.east.is

GLITNIR — FLJÓTSDALSHÉRAÐ — MARKAÐSSTOFA AUSTURLANDS — FJARÐABYGGÐ — Landsbankinn

ingunn/héraðsprent

ARAN

# Þinn draumur



Innrétting á mynd er Tidra. Hægt er að velja um 5 liti af Tidra innréttingum.

## ...okkar veruleiki

**Okkur hjá Inn X** finnst að allir eigi skilið fullkomið eldhús. Við bjóðum upp á stílhreinar og sérlega notendavænar **ítalskar innréttingar**. Þarlendir sérfræðingar, með eldheita ást á matargerð hafa náð fullkomnun í aðlögun eldhúsumhverfis að þörfum þeirra sem njóta þess að elda - og borða góðan mat.

**Innréttingarnar frá Inn X**, sem eru unnar í gæðavottuðum verksmiðjum, vinna á útliti, gæðum, stíl og nýtingu. **Þó er það verðið sem kemur mest á óvart.**

Fjölbreytnin í gerðum, litum og lögun er ótrúleg. Ekki er ólíklegt að nú þegar sé búið að hugsa fyrir **þínum sérstöku óskum** og eldhúsið þitt bíði eftir þér.

Komdu til okkar í Inn X og leyfðu hönnuðum okkar að aðstoða þig við að setja saman **draumaeldhúsið þitt**.

**Þín veröld - veldu Inn X**









INNX

Innréttingar

Faxafen 8 • 108 Reykjavík
Sími 577 1170 • Fax 577 1172 • www.innx.is

Opið alla virka daga frá 9 - 18
**og á laugardögum frá 11 - 16**


Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette
Mjúkt að innan
Stökkt yfirborð
Frískandi bragð
Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
Bragð sem kemur á óvart
nicorette fruitmint
HØJ STYRKE
105 stk.
nicorette fruitmint 4 mg nicotin
KORTER.IS
25%
afsláttur af Fruitmint
www.nicorette.is
Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

HUGRÚN ÁRNADÓTTIR ER ÁN EFA EIN BEST KLÆDDA KONA LANDSINS. HUGRÚN LEYFÐI SIRKUS AÐ SKOÐA FATASKÁPINN HENNAR.

# DAMA INNI VIÐ BEINIÐ



**HUGRÚN ÁRNADÓTTIR** Hugrún opnaði Kron þegar hún kom heim frá París. KronKron var opnuð fjórum árum síðar.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á fötum, skóm og tísku yfirhöfuð,“ segir Hugrún Árnadóttir, eigandi verslananna Kron og KronKron. Hugrún er lærður fatahönnuður og lærði í París. Hún hefur verið með skóverslunina Kron frá 2000 og fataverslunin KronKron fylgdi í kjölfarið árið 2004. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á skóm,“ segir Hugrún og bætir við að það hafi legið beinast við að nýta áhugann og menntunina. „Mig langaði líka að koma á framfæri hversu margir ungir snilldarhönnuðir væru erlendis og vildi kynna þá fyrir Íslendingum og viðtökurnar hafa verið mjög góðar,“ segir Hugrún og bætir við að tískuvitundin sé afar sterk á Íslandi. „Það hefur orðið gífurleg vakning í tískunni hér á landi á ótrúlega stuttum tíma enda erum við Íslendingar oftast nær snögg að hlutunum ef við ætlum okkur eitthvað. Hér er frábær listaháskóli og gróskan í tónlistinni og listalífinu hefur verið mikil og tískan fylgir ósjálfrátt í kjölfarið.“

Hugrún hefur vakið athygli fyrir fallegan og sérstakan fatastíl. Aðspurð hvernig hún geti lýst sínum stíl segir hún hann kvenlegan. „Stíllinn minn er mjög fjölbreyttur og getur verið mjög breytilegur frá degi til dags, en ég er svoddan dama inn við beinið og hún brýst svolítið út í gegnum klæðaburð minn.“

Hugrún er með margt á prjónunum en vill lítið segja til um hvað framtíðin beri í skauti sér. „Maður er alltaf eitthvað að grúska og það er margt spennandi í gangi. Við erum flest menntuð sem fatahönnuðir sem erum að vinna saman í fyrirtækinu og þetta er sterkur hópur sem er að þessu af hugsjón og við ætlum að gera eitthvað skemmtilegt saman. Það kemur hins vegar í ljós síðar hvað það verður.“

*indiana@frettabladid.is*



**HUMANOID** „Hrikalega notaleg peysa og tilvalin fyrir íslenska veðráttu, efnin yndisleg, fingerð og hlý.“



**ELEY KISHIMOTO** Einn af uppáhaldshönnuðum Hugrúnar en Kishimoto, sem er margverðlaunaður fyrir textíl og hönnun.



**CHIE MIHARA** „Ég bara elska þessa skó,fallegir og þægilegir,“ segir Hugrún.



**PETER JENSEN** „Silkikjóll með ótrúlega einföldu og fallegu munstri og svolítið barnslegur. Peter er líka í miklu uppáhaldi hjá mér,“ segir Hugrún.



**PRJÓNAPEYSA Í UPPÁHALDI** Hugrún heldur mikið upp á þessa prjónapeysu sem er eftir kraftmikinn ungan hönnuð sem heitir Henrik Vibskov.



**DROTTNING TÍSKUNNAR** „Það er alltaf auðvelt að klæðast Vivienne Westwood-flík, hún er óumdeilanlega drottning bresku tískunnar.“

# Flottar fermingagjafir

## NOKIA 5500 sport



2 mp myndavél
MMS
EDGE
Bluetooth
FM útvarp
MP3 spilari
103 gr

Kr. 3.219,- 12 mán
**Kr. 32.900,-**

## Canon EOS 400D með 18-55mm linsu

**HEITASTA VÉLIN**



10,1 milljón pixla
EOS integrated cleaning system (rykhreinsibúnaður)
Dregur úr rykmyndum og hreinsar nemann (sensor)
2,5" skjár
Níu punkta fókus
Digic II örgjörvi
3 rammar á sek. allt að 27 rammar í burst
Picture style – mismunandi litir og áhrif
Hugbúnaður til RAW vinnslu í tölvu
Video out
Vegur aðeins 510 grömm
Val á yfir 60 linsum við vél

**Takmarkað magn**

Kr. 4.938,- 24 mán
**Kr. 94.900,-**

## SAMSUNG DIGIMAX i6

**12.000 AFSLÁTTUR**

TIPA 2006



6 milljón pixla
3 x optískur aðdráttur
Mp 3 spilari
Hristivörn
2,5" skjár
Tekur video
Mikið af séreiginleikum
Frábær hönnun

**TILBOÐ Kr. 26.900,-**
Kr. 2.665,- 12 mán
Kr. ~~38.900,-~~

## Kodak EasyShare Z612



6,1 milljón pixla
Schneider Kreuznach linsa tryggir gæðin
12 x optískur aðdráttur (35 - 420 mm)
Hristivörn
2,5" skjár
Mikið af stillimöguleikum og tökustillingum
Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki fylgir

Kr. 3.882,- 12 mán
**Kr. 39.900,-**

## Sony Ericsson



VGA myndavél, 4x digital zoom
20 MB, Memory Stick Micro
MMS, SMS, EMS skilaboð
Bluetooth
93 gr

**Kr. 16.900,-**

## NOKIA 5140i



VGA myndavél
Áttaviti
Hljóðmælir, Hitamælir
Vasaljós
FM útvarp
Allt að 300 klst biðtími
FM útvarp
100,8 gr

**Kr. 15.900,-**

## Canon IXUS 900Ti

**5.000 AFSLÁTTUR**



10 milljón pixla
3 x aðdráttur (37-111mm)
4 x stafrænn aðdráttur
Ljósop f/2.8 - f/4.9
Ljósnæmni ISO 80-1600
20 Forstillingar
5 cm í Macro stillingu
videoupptaka
2.5" skjár
Notar SD kort
32 MB SD kort fylgir
Þyng 165 gr.

**TILBOÐ Kr. 44.900,-**
Kr. 4.338,- 12 mán
Kr. ~~49.900,-~~

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

## Kodak EasyShare C530 og ljósmyndaprentari

**5.080 AFSLÁTTUR**



5 milljón pixla
Kodak myndgæði
16MB innra minni
5X stafrænn aðdráttur
Einföld og þægileg í notkun
Snögg að taka myndir
Innbyggt flass
1.5" LCD skjár
Ljósnæmni ISO 100-400
Auðvelt að færa myndir yfir á tölvu



**Kodak ljósmyndaprentari**
Margverðlaunuð Kodak myndgæði. Myndir sem endast áratugum saman. Pappír skemmist ekki af fingraförum, þolir vatn og er hægt að þerra hann án skemmda. Kodak XTRALIFE húðaður pappír. Prentun með eða án tölvu. Einfalt - Ýtt á einn takka til yfirfæra myndir á tölvu.

**TILBOÐ Kr. 19.900,-**
Kr. ~~24.980,-~~

## Kodak EasyShare Series 3

**Tilboð á ljósmyndaprentara við kaup á myndavél**



**Ljósmyndaprentari**
Margverðlaunuð Kodak myndgæði.
Myndir sem endast áratugum saman.
Pappír skemmist ekki af fingraförum.
Pappír þolir vatn og hægt að þerra bleytu án skemmda.
Kodak XTRALIFE húðaður pappír.
Prentun með eða án tölvu.
Einfalt - Ýtt á einn takka til yfirfæra að myndir á tölvu.

**6.000 AFSLÁTTUR**

**TILBOÐ Kr. 8.980,-**
Kr. ~~14.980,-~~

100 ára
HANS PETERSEN
1907–2007

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR
MasterCard

Vefverslun Hans Petersen er á
**www.hanspetersen.is/verslun**

12 mán 24 mán Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða

Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind

# Hollywood Hanna



## Beckham-hjónin á þerunni með P Diddy

Já, meira að segja plastdúkkan Victoria Beckham og eiginmaður hennar, herra fullkominn, geta orðið aðeins of tipsí. Hjónin hittu rappmógulinn P Diddy yfir kvöldverði og drykkjum. Það er kannski alltaf svona þegar maður hitty Diddy yfir drykkjum. Maður endar rangeygður í tómu rugli. Djöfull hlýtur kappinn að vera skemmtilegur. Annars þarf frú Beckham ekki mikið áfengi til þess að finna á sér. Stúlkan borðar alveg rosalega lítið – hún þarf þess vegna örugglega bara hálft glas af Chardonnay og hún er farin. Ódýrt deit þarna á ferðinni. En þau skemmtu sér án efa vel. Það er gott.





# ELTON JOHN SEXTUGUR



**MYNDARLEGIR** Elton John og maki hans David Furnish mættu hressir til leiks.



**ALLTAF JAFN MYNDARLEGUR** Pierce Brosnan, fyrrverandi Bondari, mætti ásamt eiginkonu sinni.



**SÆTT PAR** Liv Tyler og eiginmaður hennar Royston Langdon voru afar glæsileg í afmælinu.

**Elton John bauð öllum vinum sínum til heljarinnar veislu í Harlem í New York á dögunum. Breska þotuliðið var að sjálfsögðu mætt sem og bandarískar stjörnur. Það rigndi eins og hellt væri úr fötu á fræga og fína fólkið og Donatella Versace fékk að kenna á því er hún rann illilega í tröppunum og féll kylliflöt á andlitið. Æi...**



**NÝGIFT OG ALSÆL** Elizabeth Hurley og Arun Nayar blómstruðu í afmælisveislu Eltons John. Elton spilaði í brúðkaupi þeirra hjóna og er mikill vinur Elizabeth.



**DATT ILLILEGA** Donatella Versace vakti mesta athygli í veislunni en hún datt kylliflöt fyrir utan staðinn. Þetta er það versta sem getur komið



**MYRKRAHJÓNIN** Ozzy Osbourne og Sharon Osbourne létu sig ekki vanta.



**ALLTAF GLÆSILEG** Ofurfyrirsætan Helena Christensen geislaði í veislunni.




OLIVER

CAFÉ BAR GRILL

Föstudagur 30.mars

# Dj Jói with Justin Newman (USA)

(23.00-04.00 )

Laugardagur 31.mars

# Trommari & Dj JBK

(23.00-04:00 )

Sunnudagur 01.apríl

# Vínyl kvöld :
# Hang (out for) the Dj's

Smekkleysa

Þriðjudagur 03.apríl

# D & R

(live / 21.30-01.00)

Miðvikudagur 04.apríl

# DJ Jói (Djamm)

(21.30-01.00)

Föstudagur 06.apríl

# Dj Smørrebrød

(23.00-04.00)

Laugardagur 07.apríl

# Dj JBK

(23.00-04:00)

Sunnudagur 08.apríl

# Vínyl kvöld :
# Hang(out for)the Dj's

Smekkleysa

(20.00-23:00)

# Dj Daði(Djamm)

(23.00-04:00)

In vino veritas



# Nýr matseðill

www.cafeoliver.is, Laugavegi 20a, 101-rvk sími 552-2300

# helgin

## Við mælum með



„Ég mæli með líkamsrækt hjá JSB í Lágmúlanum fyrir allar konur. JSB er æðisleg dekurstöð þar sem góður andi ríkir. Þar eru konur til að hafa það skemmtilegt en ekki til að sýna sig og sjá aðra. Ekta á forsendum kvenna.“

**Guðrún Gunnarsdóttir söngkona**

„Ég mæli með South Park, 11. sería er komin á fullt og þættirnir verða bara betri og betri. Ég mæli líka með að hlusta á „Sýnið tillitssemi ég er frávik“ með hljómsveitinni Ælu, ef fólk er ekki búið að því, og svo er alveg óhætt að hvetja fólk til að fara að sjá Gretti í Borgarleikhúsinu því þar eru bara töffarar að sjá um tónlistina. Svo eru Blonde Redhead og Reykjavík! að fara að spila á Nasa í vikunni. Um að gera fyrir fólk að fara þangað því þar verður stuð.“



**Ágúst Bogason, útvarps- og tónlistarmaður**



„Ég mæli með nýja disknum með Caroline af Ugglas. Það getur ekki hver sem er farið í fótspor hennar Janis Joplin, en Caroline tókst það á sænsku. Hljómdiskurinn, sem kom út í janúar, hefur vissulega fengið misjafna dóma í Svíþjóð og víðar, en fyrir gamla aðdáendur Janis heitinnar Joplin er þessi diskur eins og himnasending og fær að hljóma aftur og aftur í tækinu mínu, mér og kisunum mínum til ánægju.“

**Anna Kristjánsdóttir**



„Ég mæli með landsbyggðarfólki. Að láta rigninguna lemja sig í andlitið a.m.k. einu sinni í viku. Tinnabókunum. Brauðuppskriftinni aftan á speltheitipökkunum frá Himneskri hollustu.“

**Brynhildur Ólafsdóttir fréttakona**

**sirkus**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

## Hvað á að gera um helgina?



„Sýningar á Ronju kláruðust um síðustu helgi svo ég geri ráð fyrir að þetta verði pínu skrýtin helgi. Það er aldrei að vita nema ég setji á mig Ronjuhárið og syngi nokkur lög heima í stofu, svona einræn minningarathöfn! Nei, nei, ætli ég reyni ekki bara að njóta þess að vera í fríi. Borða, sofa og hitta vini, það er alltaf gott. Nú ef ég er að farast úr fráhvörfum frá leikhúsinu væri ekki vitlaust að skella sér á eina sýningu, t.d. Dag vonar í Borgarleikhúsinu.“

**Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikkona**



„Helgin verður notuð í að slappa af. Á föstudagskvöldið ætla ég að kíkja á rokktónleika á Dillon. Svo verður laugardagurinn notaður í að fara í sund, sitja yfir kaffibolla og kannski grilla. Á sunnudaginn hefst svo vinnuvikan því þá er ég að sýna tvær sýningar á söngleiknum Abbbababb og svo millistjórnanda-dramað Eilífa hamingju um kvöldið, en kannski maður nái samt að kaupa eitt lítið páskaegg og taka forskot á sæluna!“

**Orri Huginn Ágústsson leikari**



„Það er nóg að gera eins og venjulega. Ég ætla að vinna eitthvað og fá mér osta og rauðvín á laugardagskvöldið og hafa það huggulegt heima. Á sunnudaginn þarf ég að syngja í fermingu og fer svo í aðra fermingarveislu og borða þar vonandi góðan mat.“

**Alda Ingibergsdóttir sópransöngkona**



„Ég er að fara að opna nýja lífsstílsverslun í Bæjarlind 16 sem heitir Hann, hún og heimilið. Þar mun ég selja vandaða gjafavöru, allt frá bleikum verkfærasettum fyrir konur yfir í flotta vínflöskupela. Þótt ég segi sjálfur frá er þetta rosa flott verslun.“

**Valur Heiðar Sævarsson söngvari**

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR SIGRAÐI JÓN JÓSEP SNÆBJÖRNSSON Í SÍÐUSTU VIKU. JÓNSI SKORAÐI Á REKTOR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK SEM BAÐST UNDAN. JÓHANN HLÍÐAR HARÐARSON TÓK HINS VEGAR ÁSKORUNINNI.



**1. Hvað heitir kærasta Vilhjálms Bretaprins?**

**2. Hvaða þríeyki stendur fyrir Íslandshreyfingunni?**



**3. Hvaða ár fæddist Eiríkur Hauksson?**

**4. Með hvaða íslenska handboltaliði spilar Markús Máni Mikaelsson?**



**5. Hvaða sápuópera fjallar meðal annars um Forrester-fjölskylduna?**

**6. Hver leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Norbit sem sýnd er í bíóhúsum þessa dagana?**

**7. Hver er ritstjóri Íslands í dag?**

**8. Hvaða bók Hallgríms Helgasonar fjallar um Bödda Steingríms?**

**9. KSÍ hélt upp á afmæli sitt í vikunni. Hvað er sambandið gamalt?**

**10. Hver er forstjóri Sjóvár?**



### Þóra Sigurðardóttir

1. Kate Middleton.
2. Ómar Ragnars, Jakob Frímann og Margrét Sverrisdóttir.
3. 1963.
4. Val.
5. Bold and the Beautiful.
6. Eddie Murhpy.
7. Steingrímur Ólafsson.
8. Rokland.
9. 40 ára.
10. Hef ekki hugmynd.



### Jóhann H. Harðarson

1. Ekki glóru.
2. Ómar Ragnarsson, Margrét Sverrisdóttir og Jakob Frímann Magnússon.
3. 1959.
4. Val.
5. Bold and the Beautiful.
6. Eddy Murphy.
7. Steingrímur Sævarr Ólafsson.
8. Rokland.
9. 100 ára.
10. Þór Sigfússson.

Jóhann Hlíðar stöðvar sigurgöngu Þóru með 8 stigum gegn 7. Þóra skorar á Mörtu Maríu Jónsdóttur. Spennan magnast. Fylgist með.

**Rétt svör: 1.** Kate Middleton. **2.** Ómar Ragnarsson, Margrét Sverrisdóttir og Jakob Frímann Magnússon. **3.** 1959.**4.** Val.**5.** Bold and the Beautiful.**6.** Eddie Murphy.**7.** Steingrímur Sævarr Ólafsson.**8.** Rokland.**9.** 60 ára.**10.** Þór Sigfússon.

# Hittast og deila reynslu sinni

„Við ætlum að vera á staðnum og ef einhver vill koma og hitta okkur þá er það velkomið,“ segir Aníta Kristín Jónsdóttir en Aníta og vinkona hennar, Una Nikulásdóttir, sögðu sögu sína í síðasta Sirkus-blaði. Stelpurnar hafa báðar gengist undir magaminnkunaraðgerð og eru alsælar með árangur sinn. Nú hafa þær ákveðið að stofna hóp þeirra sem hafa farið í aðgerðina eða eru að hugsa um að láta slag standa. „Við ætlum að hittast í fyrsta skiptið á Café Aroma í Hafnarfirði klukkan 3 sunnudaginn 15. apríl. Þeir sem vilja vita meira áður en þeir mæta geta sent mér tölvupóst á anita@vortex.is eða kíkt á spjallið okkar www.magaadgerd.com,“ segir Aníta og bætir við að það sé gott að geta talað við þá sem búa yfir svipaðri lífsreynslu. „Kannski mæta tíu en kannski enginn og þá verður bara að hafa það. Við vonum að einhver mæti því það eru alls kyns spurningar sem liggja á manni eftir að hafa farið í aðgerðina og áður en maður tekur ákvörðun um að fara í hana. Það verður gaman að skiptast á reynslusögum og svo getum við jafnvel farið saman í göngutúra þegar á líður,“ segir Aníta Kristín.

*indiana@frettabladid.is*



SIRKUSMYND/VILHELM

**VINKONUR** Una Nikulásdóttir og Aníta Kristín Jónsdóttir vilja deila reynslu sinni með fleirum og skipuleggja hitting sunnudaginn 15. apríl.


NÝTT Á DVD
ELIJAH WOOD
ROBIN WILLIAMS
BRITTANY MURPHY
HUGH JACKMAN
NICOLE KIDMAN
HUGO WEAVING
FRÁBÆR MYND SEM HLAUT ÓSKARSVERÐLAUNIN 2006 SEM
"BESTA TEIKNIMYND ÁRSINS"
HAPPY FEET
HAPPY FEET
KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.
SAM MYNDIR




Hvort sem þú hyggst fara beint út á vinnumarkaðinn eftir útskrift, halda áfram að mennta þig eða skoða heiminn, aðstoðar Kaupþing þig við að láta draumana verða að veruleika.

Eftirfarandi er meðal þess sem bankinn getur boðið þér upp á þegar þú útskrifast úr háskólanámi eða sambærilegu námi:

- **80% lán til íbúðakaupa – fyrstu 5 árin borgar þú bara vextina***
- **20% Viðbótarlán til íbúðakaupa**
- **Námslokalán – allt að 3 milljónir****
- **Fjármálaráðgjöf**
- **Gullkreditkort**
- **Persónulegur þjónustufulltrúi**
- **Tryggingar**
- **Lífeyrissparnaður**

Námslokatilboð Kaupþings gildir í eitt ár frá útskrift. Kynntu þér nánar á kaupthing.is eða í síma 444 7000.

**Kaupþing vex með þér**

KAUPÞING

*Fyrstu fimm árin eru einungis greiddir vextir af 80% íbúðaláninu, en eftir þann tíma er einnig greitt af höfuðstól.
Gildir einungis fyrir útskriftarnema úr háskóla eða sambærilegu námi. ** Að því gefnu að umsækjandi standist mat bankans.

## SMÁAUGLÝSINGAR

Café VICTOR
BISTRO - BAR

**Cafe Victor**
**Cafe Victor óskar eftir starfsfólki í fullt starf á kvöld og helgarvaktir. 15 daga vaktir. Gæti hentað skólafólki. Erum eins farin að taka við umsóknum um sumarstarf.**
**Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða sendið umsókn á baldur@victor.is**

**Pítan Skipholti**
**Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf. Unnið er á 15 vaktir á mánuði, aldrei lengur en til 22:15, í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur.**
**www.pitan.is**

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Helga gefur frekari upplýsingar 699 5423. Góð laun í boði.

### Dekkja og smurverkstæði

Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bilkó. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560, Guðni.

We are hiring new full-time cleaning staff. If you are 18 years old and above, with a valid driving license, hardworking, honest, trustworthy, of sound mind & body, and ready to work flexible hours, you just might be the person we are looking for. Contact Sherry at tel. nr. 533 5000 and book an appointment for your job interview now.

### Au pair óskast!

Á suðurland. Uppl í s. 865 5613.

### Barinn

Fólk óskast í eldhús og sal á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

Vantar mann á gröfu, reynsla á hjólavél skilyrði. S. 661 2277 eða 661 2288.

Skipsstjóra vantar á Papeyjarferjuna Gísla í Papey frá 1. júní nk. Nánari uppl. gefur Már Karlsson í s. 478 8838 & 866 1353, Papeyjarferðir ehf.

Veitingahús Maru Aðalstræti 12 óskar að ráða starfsfólk sem allra fyrst í sal kvöld og helgar einnig frá kl. 11 - 15, 5 daga vikunnar. Upplýsingar veitir Guðvarður í síma 892 8583 eða maru@maru.is

Veitingahús - Sushi Maru Aðalstræti 12 óskar að ráða starfsfólk sem allra fyrst í eldhús alla daga vikunnar. Nauðsynleg reynsla æskileg. Upplýsingar veitir Guðvarður í síma 892 8583 eða maru@maru.is

### Verkamenn

Vantar menn helst vana við lagningu ljósleiðara. Uppl. í s. 863 5218.

### Klæðskeri óskast

í hlutastarf. Verður að hafa eigin aðstöðu. Uppl. í s. 692 8022 sofalist@internet.is

## Atvinna óskast

Halló ég er 17 ára stelpa utan að landi og er að leita mér að vinnu á miðsvæði Rvk. Ég er hörkudugleg og vön að vinna. Allt kemur til greina. Get byrjað 06/04. Síminn minn er 849 3320. Halldóra.

allt
bílar
Alla laugardaga

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



### Uppskriftir

Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 567 6969
WWW.TANTRA.IS

18plús.is
XXX samfélag íslendinga á netinu
- birtu eigin myndir -
- skoðaðu myndir annarra -
ATH. að vefurinn hentar jafnt konum sem körlum.

## ATVINNA

**Vélstjóri óskast!**
**1. Vélstjóri óskast á ísfisktogara, þarf að geta leyst yfirvélstjóra af. Vélarstærð. 1240 kw.**
**Uppl. í síma 843 4215.**

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**HJALLABRAUT - HF. ELDRI BORGAR**



Frum

Falleg 3ja herb. 79,2 fm. íbúð á 1. hæð í húsi fyrir eldri borgara. 3 öryggishnappar eru í íbúðinni. Húsvörður býr í húsinu. Boðið er upp á heitan mat í hádeginu og kaffi á virkum dögum. Íbúar hafa aðgang að fullkomnu smíða/föndurherbergi, leikfimisal með sauna og snyrtiaðstöðu. Hárgreiðslu- og snyrtistofa er í húsinu. Stutt í alla þjónustu. **Mjög góð eign, vel staðsett í þessu vinsæla þjónustuhúsi eldri borgara. V. 24,3 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Vesturhús - 112 Reykjavík**
**Glæsilegt einbýlishús á útsýnisstað**



Frum

Glæsilegt 236 fm einbýlishús á tveimur hæðum auk rislofts með 49 fm tvöföldum innb. bílskúr á fallegum útsýnisstað. Eignin skiptist m.a. í stórt alrými með allt að 5,5 metra lofthæð, sjónvarpsstofu, setustofu með arni, borðstofu, eldhús með hvítum sprautulökkuðum innréttingum og eyju, 2 flísalögð baðherbergi, 3-4 herbergi auk fataherbergis. Mikið útsýni úr stofum yfir borgina. Tvennar svalir og útgangur úr hjónaherb. á verönd. Ræktuð lóð með sólpalli, skjólveggjum og heitum potti. Hiti í innkeyrslu sem er hellulögð. **Stutt í leikskóla, skóla og aðra þjónustu. Verð 67,0 millj.**

## FASTEIGNIR

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
**Sími 513 4300**

Vilhjálmur Bjarnason lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson lögg. fast.sali

Frum

**Stærri íb. og sérh. — Þinghólsbraut - Kóp.**



Mjög stór og rúmgóð 161,4 fm, sjö herbergja efri sérhæð í snyrtilegu og klæddu þríbýlishúsi með glæsilegu útsýni og aukaherbergi í kjallara ásamt 26,1 fm sérbyggðum bílskúr á frábærum stað í vesturbæ Kópavogs. Eignin skiptist í 4 svefnherb., stóra stofu og arinstofu, góða borðstofu sem mætti loka og nota sem herbergi ásamt aukaherb. í kjallara. Stutt í gönguleiðir meðfram ströndinni, í sundlaugina og skóla ásamt verslun og þjónustu í Hamraborg. **Verð 38,4 millj.**

**2ja herbergja — Gautland - Rvk.**



Björt og rúmgóð 60,4 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu 3ja hæða fjölbýli sem er með klædda gafla og er á sérlega góðum stað í fossvoginum og með góðu útsýni. Verð 18,8 millj.

**4 herbergja — Flúðasel - Rvík.**



Góð 4ra herbergja 105,2 fm ásamt stæði í bílageymslu. Eldhús með sprautulakkaðri-og kirsuberja innréttingu. Björt stofa með parketi á gólfi og útgang á svalir, fallegt útsýni til fjalla. Svefnherbergin eru þrjú og með dúk á gólfi og skápur í einu þeirra. Baðherbergi með flísum á gólfi, baðkar og sturtuklefi. Þvottahús innan íbúðar. Stæði í bilageymslu. **Verð 19,9 millj.**

**Jörð — Eyvindará við Egilsstaði**



Höfum fengið til sölu jörðina Eyvindará á Fljótsdalshéraði, rétt norðan við Egilsstaði. Jörðin er 587 ha. og er án húsakosts. Efri hlutinn jarðarinnar gæti hentað vel til sumarhúsabyggðar og jafnvel skógræktar og er hluti svæðisins bundinn samningi við Héraðsskóga, svo má minnast á mögulega virkjanamöguleika í Miðhúsaánni. Neðri hlutinn sýnist geta hentað mjög vel til íbúðarbyggðar og þá helst þá hluti sem er næst Egilsstöðum. Malarnám hefur verið á eyrunum við ánna.

**Álftamýri 47, 108 Reykjavík**
**Opið hús lau. 31. mars kl. 14 – 15**



**Verð 62.500.000**

Glæsilegt og mikið endurnýjað 9 herb. 250,4 fm raðhús ásamt bílskúr. Eignin skiptist í 3ja herb. kjallaraíbúð 76,6 fm, íbúð á fyrstu hæð 69,9 fm og annarri hæð 79,7 fm og bílskúr 24,2 fm Eldhús er með HTH innréttingu, AEG tæki, uppþvottavélatengi, stórir búrskápar, flísar á gólfi og góður borðkrókur. Baðherbergi er ný endurgert, flísalagt í hólf og gólf, innrétting með granítborðplötu, baðkar með sturtu, aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara. Útgengt á suður verönd frá stofu. Pallur er í garði upp við hús þar sem er mjög skjólsamt og sólríkt. Skipt hefur verið um allar lagnir að húsi, þak endurnýjað og parket á flestum gólfum.

**Kolbeinn gsm. 694 9100 sölufulltrúi Hússins tekur á móti gestum.**

**Hraunbær 37 - 41 Hveragerði.**
**Opið hús laugardaginn 31 mars frá kl. 14:00 til 16:00**





Falleg raðhús í byggingu, 143,3 fm að stærð og þar af 25 fm í innbyggðum bílskúr í Hveragerði. Eignin skiptist í: Anddyri, hol, 2 herbergi, baðherbergi, stofa, eldhús, þvottahús, geymsla og bílskúr. Húsin skilast fullbúin að utan og tilbúin án gólfefna að innan með grófjafnaðri lóð.

Verð 26,8 fyrir endahús og 24,9 fyrir miðjuhús.

Verktakinn verður á staðnum til að sýna og svara spurningum

**Upplýsingar veita Ólafur í síma: 693 4868**
**og Sigurður í síma 894 7902**

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# 1-4 hektara lóðir

## Ein eða fleiri samliggjandi




## Kynning um helgina frá kl. 13-17

Tjarnabyggð
Búgarðabyggð í Árborg

Heimilið, skemman og hesthúsið sameinað á einn stað

Byggingar allt að 1500 fm og frelsi í hönnun

Hluti reiðstíga upplýstur

Rúmar heimildir til húsdýrahalds og léttrar atvinnustarfsemi

Sveit með þjónustu og þægindum þéttbýlis

Árborg sér um allan rekstur t.d. hitaveitu, sorphirðu og skólaakstur

Tengist fuglafriðlandi Árborgar á bökkum Ölfusár

Leiðsögn um svæðið milli klukkan 13 og 17 allar helgar frá 31. mars

***16 km reiðstígar tengdir fjölbreyttum reiðleiðum Árborgar***












***www.tjarnabyggd.is***

***Nýtt samfélag í fallegri sveit***

*Nánari upplýsingar:*

fasteignasalan GARÐUR

*Landeigandi: sími 8980343*

*Fasteignasalan Garður: sími 5621200*
*Sigrún Sigurpálsdóttir löggiltur fasteignasali*

*„Einn áhugaverðasti búsetukosturinn í dag“*

# Láttu okkur selja fyrir þig

RE/MAX Borg

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

brb mediadesign

## Hvað gerum við fyrir þig...

- Verðmetum eignina þína þér að kostnaðarlausu og án allra skuldbindinga.
  ath. söluverðmat
- Notum fagljósmyndara sem taka myndir af eigninni.
- Útbúum eignamöppu með upplýsingum um eignina.
- Auglýsum eignina þína með mjög áberandi hætti.
- Höldum opið hús og sýnum eignina sjálf.
- Erum í sambandi við þig og væntanlega kaupendur af eigninni.



**Sigurpáll**
Sölufulltrúi
**897 7744**
sigurpall@remax.is



**Þórunn Þórðardóttir**
Löggiltur fasteigna-
Fyrirtækja og skipasali

FRAMÚRSKARANDI ***SÖLUFULLTRÚAR***

FRAMÚRSKARANDI ***ÁRANGUR***

ÍTALÍA

# Besta ólífuolían

að mati landsliðs matreiðslumeistara

- beint frá Ítalíu




Landslið Íslands í matreiðslu gerir miklar kröfur um gæði hráefna.

*" Ítalía ólífuolían stenst allar okkar kröfur um framúrskarandi gæði."*

*Landslið matreiðslumeistara*



HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# Afnemum launaleyndina strax

UMRÆÐAN
Launaleynd


AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR

Á dögunum kynnti félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins nýtt frumvarp um róttækar aðgerðir í jafnréttismálum sem hann ætlar þó ekki að leggja fram á þessu þingi. Félagsmálaráðherra hefur sagt að hann ætli að leggja frumvarpið fram í haust en miðað við gengi flokks hans í skoðanakönnunum er alls óvíst hvað verður um frumvarpið á nýju þingi eftir kosningar.

Kynbundinn launamunur er staðreynd. Frumvarpinu er ætlað að jafna rétt og stöðu karla og kvenna og í frumvarpinu felast margar góðar tillögur sem geta stuðlað að því markmiði, og ber hæst að nefna afnám launaleyndar. Þrátt fyrir að á Íslandi hafi verið í gildi sérstök jafnréttislög í þrjá áratugi er enn langt í land með að jafnrétti sé náð. Þess vegna er brýnt að frumvarpið verði að lögum sem fyrst. Kynbundinn launamunur hefur nú í 13 ár verið 16% og er mál að linni. Nefndarmenn og umsagnaraðilar sem komu að gerð frumvarpsins voru langflestir sammála um þetta. Þeir sem voru því mótfallnir voru annars vegar fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og hins vegar Samtök atvinnulífsins, með framkvæmdastjóra samtakanna og fyrrverandi þingmann Sjálfstæðisflokksins, Vilhjálm Egilsson, í fararbroddi.

Launaleynd er það þegar atvinnurekendur skylda launþega til að þegja yfir laununum sínum. Þegar fólki er bannað að segja frá því hvað það er með í laun. Hugmyndin er að launaleynd gefi atvinnurekendum frjálst spil til að umbuna starfsmönnum sem standa sig betur en aðrir. Að mínu mati er hins vegar óskiljanlegt að það þurfi að vera eitthvert leyndarmál að starfsmenn standi sig vel og þeim sé umbunað fyrir það, þ.e.a.s. ef það eru í raun gildar ástæður fyrir umbuninni en ekki bara þær að yfirmaðurinn og starfsmaðurinn sem fær umbunina nota sömu salernisaðstöðu.

Þessu er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins ekki sammála. Hann telur að afnám launaleyndar muni ala á of mikilli samkeppni innan fyrirtækja, og valda slæmum vinnuanda. Kona sem veit ekki að karlmaðurinn við hliðina á henni fær meira borgað fyrir sömu vinnu verður augljóslega ekki mjög spæld yfir hlutskipti sínu. En það réttlætir ekki mismuninn. Misrétti er ekki einkamál. Það er samfélagslegt vandamál sem þarf að vinna bug á. Launaleynd er tilgangslaust fyrirbæri til þess fallið að viðhalda misrétti og hindra launþega í að afla sér vitneskju um hvort þeim sé mismunað. Vinstri-græn vilja launaleyndina burt tafarlaust. Eins og komið hefur fram í nýlegri könnun Capacent/Gallup fyrir félagsmálaráðuneytið er stöðnun í launajafnréttismálum hérlendis.

Síðastliðin 13 ár hefur engin framþróun átt sér stað í þessum málaflokki. Viljum við virkilega 13 ár í viðbót? Það vilja Vinstri-græn ekki. Vinstri-græn vilja launaleyndina í burtu og vilja því að nýja jafnréttisfrumvarpið verði gert að lögum á Alþingi þegar í stað. Afnám launaleyndar er mikilvægt skref á leiðinni til jafnréttis sem Vinstri græn þora og vilja stíga tafarlaust.

*Höfundur er formaður Ungra Vinstri grænna og skipar 3. sæti á lista VG í Reykjavík suður.*

# *Bjart yfir íslenskum landbúnaði*

UMRÆÐAN
Landbúnaður


HAUKUR EGGERTSSON

Það voru sannarlega góð tíðindi sem lesa mátti úr skoðanakönnun sem unnin var fyrir Bændasamtökin um viðhorf Íslendinga til íslensks landbúnaðar. En þar kom fram að ekki eingöngu eru flestir Íslendingar á því að gæði íslenskra landbúnaðarvara séu meiri en erlendra heldur eru Íslendingar tilbúnir að greiða hærra verð fyrir sömu vörur en aðrar.

Vert er að taka undir með nýendurkjörnum formanni Bændasamtakanna að þessar niðurstöður úr könnun samtakanna ætti að vera þeim „áminning sem hæst tala óábyrgt og af vanþekkingu“ og að þeir ættu að endurskoða málflutning sinn, eða eins og fram kom í þessu ágæta blaði sl. mánudag. Þar kemur jafnframt fram herhvöt formannsins um „[e]kki [að] gefast upp gegn þeim sem vilja koma landbúnaðinum á kné“ og að niðurstöðurnar væru „umhugsunarefni fyrir þá sem árum saman hafa alið á óvild í garð landbúnaðar og bændastéttar“.

En óvildarmönnum íslensks landbúnaðar má líklega skipta í þrjá meginflokka, a) þeirra sem af græsku sinni og illmennsku vilja leggja hinar dreifðu byggðir landsins í auðn, b) þeirra sem telja að frjáls viðskipti án tollamúra og niðurgreiðslna sé besta leiðin til að hjálpa þróunarlöndum að byggja upp atvinnuvegi sína og brjótast úr fátækt og c) þeirra sem með bölmóði telja að íslenskur landbúnaður eigi enga framtíð fyrir sér nema í klafa ríkisforsjár, reglugerðafargans, verðsamráðs, tollamúra og niðurgreiðslna.

Um málflutning fyrstnefnda hópsins er lítið að segja, forherðingin er slík að ólíklega verður nokkru viti fyrir hann komið. Þó svo að ætla megi að b)-hópnum gangi gott til, þá sýnir könnunin svo ekki sé um villst að þó svo að áðurnefndir tollar og álögur sem og niðurgreiðslur væru felld niður, þá myndu Íslendingar hvort sem er ekkert annað vilja éta en innlenda gæðaframleiðslu, þannig að barátta þessa hóps er því hvort sem er vonlaus.

Um síðasta hópinn er það að segja, hann veður um í villu og svíma. Hvorki sé þörf á að viðhalda tollum, enda fúlsa Íslendingar við erlendum matvælum, né niðurgreiðslum, sem eru með öllu óþarfar enda borga Íslendingar upp til hópa með bros á brá það verð sem innlend gæðaframleiðsla sannarlega kostar. Allur óábyrgur hræðsluáróður um hnignun eða jafnvel eyðingu íslensks landbúnaðar, og þar með sveitanna, sleppi ríkið honum úr kæfandi faðmi sínum, hefur því vonandi verið kveðinn niður í hinsta sinn.

Þá kom fram í þessari sömu könnun að 23,0% svarenda töldu gæði íslenskra landbúnaðarvara þau sömu og erlendra og 2,3% að þau væru verri. Morgunljóst má vera að flestir þeirra sem á þá lundina svöruðu er líklega lítilsiglt og lítið siglt fólk sem aldrei hefur ferðast til útlanda og bragðað afrakstur þarlendra landbúnaðarvara og tala því, eins og formaðurinn sagði, óábyrgt og af vanþekkingu. Hafa líklegast aldrei smakkað mozzarella-ost á ítölsku veitingahúsi, camembert að frönskum sið eða argentínskt Angus-nautakjöt. Óhætt er að fullyrða að með frjálsum og óheftum innflutningi slíkra vara myndu sömu aðilar, og það skjótlega kynnast af eigin raun yfirburðum íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og því skapast enn meiri eining um innlendan landbúnað en jafnvel nú er.

Hin rökrétta niðurstaða þessarar könnunar er því að fella þegar í stað niður alla tolla og vörugjöld af erlendum matvælum sem og niðurgreiðslur og styrki til handa innlendri framleiðslu, enda eru niðurgreiðslur á því sem nánast allir neyta og munu neyta óháð verðinu auðvitað með öllu tilgangslausar.

Að lokum verður seint nægilega oft áréttuð þau gríðarlegu tækifæri sem liggja í íslenskum landbúnaði. En sem dæmi má nefna þá dvaldi ég nokkra daga á Ítalíu nú á þorra. Þarna reyndu heimamenn að bera fyrir mig lágklassa mozzarella-osta í öll mál auk þess sem þeir virtust sjálfir nota hann sem mannafæðu. Ljóst má vera að á Ítalíu er innbyrt ógrynni af þessum osti og ef Ítalir bara vissu af tilvist hins íslenska bróður mozzarella-osts sem framleiddur er af Osta- og smjörsölunni sf. og hvers gæði hafa nú verið svo eftirminnilega sönnuð í títtnefndri könnun, er ég viss um að Ítalir myndu kaupa allt sem okkar litla þjóð gæti framleitt og gott betur.

*Höfundur er verkfræðingur og áhugamaður um íslenskan landbúnað.*

# Maddama Framsókn níræð

UMRÆÐAN
Framsóknarflokkurinn

*Áður var hún ung og keik*
*með eftirsóknarverðan búk.*
*Núna, gömul, visin, veik*
*og valdasjúk.*


INDRIÐI AÐALSTEINSSON

Afi minn var einn af stofnendum Framsóknar en móðir mín „jarðaði“ frambjóðendur annarra flokka ef þeir komu í eldhúsið til hennar. Undirritaður var lengi í fótgönguliðinu, náði þó að komast í miðstjórn SUF og á framboðslista hér á Vestfjörðum.

Á formannsdögum Ólafs Jóhannessonar með sína hægri sveiflu var vinstri armurinn, sem ég tilheyrði, höggvinn af maddömunni. En miðjuflokkur sem aðeins á sér þann kost að laða til sín fylgi frá hægri verður smátt og smátt hægrimennsku að bráð, eins og nú er komið á daginn með afmælisbarnið.

Vegna fortíðar minnar hef ég enn tengsl inn á gafl hjá maddömunni og fyrri samherjar hringja stundum, þegar pólitísk andnauð verður þeim óbærileg.

## Fé í fyrirrúmi, valdagræðgi og spilling

Uppdráttarsýkin hófst að marki í valdatíð Ólafs en Steingrími Hermannssyni tókst nokkuð að halda sjó enda naut hann víðtækra vinsælda. Arftaki hans, Halldór Ásgrímsson, hefur aldrei þolað gagnrýni og raðaði strax jábræðrum í kringum sig, hinum var ýtt á dyr.

Flokkurinn var dauðhreinsaður af náttúruverndarfólki, fest voru kaup á Kristni H. Gunnarssyni, sem er vænn maður en í engum takti við hirð Halldórs. Brátt logaði flokkurinn í illdeilum stafnanna á milli. Sem faðir kvótakerfisins auðgaðist Halldór ekki bara bærilega sjálfur heldur hrukku líka molar af borðum sægreifanna til hinnar gjaldþrota maddömu og síðar enn meira vegna einkavinavæðingar og sýsls með Sambandsfyrirtæki. Kárahnjúkar, kvóta- og þjóðlenduránið, einkavinavæðingin og undirgefni við Stóra-Íhaldið hafa sviðið fylgið af Framsókn, ásamt fjölbreyttu sukki og spillingu svo sem Byrgismálinu þar sem framsóknarmenn virðast vera undir, yfir og allt um kring.

*Nú er staða maddömunnar sú að engar líkur eru á að aftur komi betri tíð með blóm í framsóknarhaga. Hún fær engin prik fyrir að hafa leitt mammon til öndvegis í þjóðfélaginu undir kjörorðinu „Græðgi er góð“.*

## Halldór og Írak

Davíð Oddsson varð pólitískur banamaður Halldórs með því að tæla hann með sér í Íraksstríðið. Það, ásamt áðurnefndum ávirðingum og Evrópustefnu Halldórs, gerði formannaskipti óhjákvæmileg.

Þegar Halldór samdi við Davíð um forsætisráðherrastólinn eftir síðustu kosningar var sú vegsemd ekki fyrir Framsókn heldur Halldór persónulega. Síðan var stólnum skilað til Stóra-Íhaldsins svo Guðni kæmist ekki í hann og Halldór lagði sig í framkróka við að draga hann með sér í fallinu. Einnig þurfti að koma Valgerði í skjól en milli hennar og Halldórs hefur hnífurinn aldrei gengið. Eru þau hjúin skýrust dæmi um pólitíska flóttamenn í eigin landi.

## Á banabeði

Nú er staða maddömunnar sú að engar líkur eru á að aftur komi betri tíð með blóm í framsóknarhaga. Hún fær engin prik fyrir að hafa leitt mammon til öndvegis í þjóðfélaginu undir kjörorðinu „Græðgi er góð“. Því síður fyrir að geta ekki horfið frá álversvillu síns vegar. Við byggðafólk höfum enga samúð með flokki sem kom sameign þjóðarinnar, fiskinum í sjónum, í hendurnar á fáeinum gróðapungum og gerir út á okkur þjóðlenduræningjasveitir. Því síður með Valgerði sem hækkaði rafmagnsreikningana okkar um 20-40% með vanhugsuðum og alls óþörfum orkulagabreytingum. Eigum við að fyllast lotningu yfir því hvað Framsókn ferst vel úr hendi, þvert á orð og eiða, að hagræða Ríkisútvarpinu á einkavæðingarhöggstokki Stóra-Íhaldsins?

Ætlar framsóknarfólk að fyrirgefa Jóni, Guðna, Siv, Valgerði og Magnúsi það að láta Halldór komast upp með Íraksvívirðuna? Það mundi enn sannast af hverju útbrunnar eldspítur hafa lengi verið kallaðar framsóknarmenn. Nýi formaðurinn, sem slær úr og í, er opinn í báða enda og getur í hvorugan fótinn stigið, herðir bara á hrapinu. Miðjan er löngu töpuð, ekkert skjól hjá SÍS og sveitafylgið horfið til VG. Aldrei hef ég heyrt eins víðtækan haturs- og fyrirlitningartón í garð stjórnmálaafls og Framsóknar nú. Til að klifra upp úr þeim táradal sem formannstíð Halldórs Ásgrímssonar hefur leitt maddömuna í duga engar 400-500 milljónir fyrir kosningar til að hylja græðgisglottið, sparsla í ólífnaðarhrukkurnar og kæfa ódauninn,

Því á framsóknarfólk, réttsýnt, friðsamt og með sjálfsvirðingu, engan annan kost í vor en rífa þetta þjóðfélagssillgresi upp með rótum og varpa því út í ystu myrkur.

*Höfundur er skáld.*



Völuskrín

Laugavegi 116 v/Hlemm. Sími: 552 7010

Fermingarspilin fást hjá okkur

Fræðandi spil fyrir forvitin fermingarbörn


**Hágæða tafl** frá Chiellini úr Alabaster. Verð frá 21.000.- (20% afsl.)


**Kubana!** Tveir leikmenn reyna að gera út af við hvorn annan með því að leggja pinnana ofan á hvern annan og ná fjórum í röð. Verð frá 5.850.-


**Skybridge!** Hugkvæmisleikur. Besti byggingameistarinn yfirtekur borgina. Verð frá 4.449.-

# 3

# Þrefaldur pottur stefnir í 14 milljónir. Er komið að þér?

Taktu Lottó í áskrift á lotto.is eða náðu þér í lottómiða á næsta sölustað.

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM27008

# Sjúkraflug og þyrlur á Akureyri

**UMRÆÐAN**
Sjúkraflug



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Við í Frjálslynda flokknum viljum hafa það að leiðarljósi í ríkisrekstri að starfsemi ríkisins sé ætlað að þjóna landsmönnum í stað þess að snúa þessu við og miða útgjöld og skipulag opinbers rekstrar út frá þörfum alls almennings.

Nú stendur til að fjölga í þyrluflota Landhelgisgæslunnar til þess að tryggja öryggi allra landsmanna. Það ætti að vera sjálfgefið að staðsetja hluta af flugflota Landhelgisgæslunnar norðan heiða þar sem það tryggði þjónustu við íbúa og sjómenn á norðan- og austanverðu landinu.

Staðsetning flugflota Landhelgisgæslunnar félli mjög vel saman við rekstur sjúkraflugs Mýflugs á Akureyri en það hefur orðið gjörbreyting á sjúkrafluginu með sérútbúinni sjúkraflugvél með jafnþrýstibúnaði.

Það vantar talsvert á að stjórnvöld geri sér grein fyrir mikilvægi sjúkraflugsins fyrir öryggi landsbyggðarinnar. Aðrir flokkar en Frjálslyndi flokkurinn hafa komið fram með tillögur um að flytja Reykjavíkurflugvöll úr Vatnsmýrinni en með því væri lengdur sá tími sem það tekur að koma fólki undir læknishendur og rýrir það öryggi landsmanna.

Það er hægt bæta mjög aðstæður og tryggja aukið öryggi fyrir tiltölulega lágar fjárupphæðir, s.s. að leggja slitlag á flugvöllinn á Norðfirði þar sem Fjórðungssjúkrahús Austfirðinga er staðsett. Í hláku er ekki hægt að lenda á flugvellinum og það þarf að flytja sjúklinga um langan veg alla leið upp á Hérað til þess að koma þeim í sjúkraflugvél.

Við fjölgun í flugflota Gæslunnar á að nota tækifærið og bæta úr því aðstöðuleysi sem sjúkraflugið býr við á Akureyri en bráðabirgðaflugskýli Mýflugs er ekki gert til að hýsa sjúkraflugvélina og þarf talsverðar tilfæringar við að koma verðmætu öryggistæki í hús sem fjöldi landsmanna treystir á.

Nú er skynsamlegt að huga að því við þá uppbyggingu flugskýlis sem þarf að fara fram á Akureyrarflugvelli að það verði gert af metnaði og framsýni og gera ráð fyrir rúmgóðri aðstöðu fyrir þyrluflota Landhelgisgæslunnar.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*

# Landsframleiðsla hvergi minni

**UMRÆÐAN**
Suðurnes



BALDVIN NIELSEN

Landsframleiðsla er hvergi minni en á Suðurnesjum. Þar hangir efnahagurinn á nýbyggingum til að búa til veð fyrir veltunni til að dekka raunverulegt ástand sem er miklu verra undir niðri en menn þora að tala um. Það eru 1820 íbúðir í byggingu bara í Reykjanesbæ og leiguliðar í útgerð eru hvergi fleiri á landinu en á Suðurnesjum sem gefa ekkert í aðra hönd jákvætt fyrir þetta svæði.

Eina leiðin sem ég sé í dag til að ég geti snúið frá sannfæringu minni að við Suðurnesjamenn verðum að fá álver í Helguvík vegna yfirvofandi neyðar er sóknardagakerfi strax fyrir smábáta og minni dagróðrabáta.

Tryggt verði í löggjöf á hinu háa Alþingi Íslendinga að sóknardagakerfi verði svæðisskipt eftir landshlutum þar sem hverjum útgerðaraðila yrðu settar skorður allt að 12 sjómílur út með dagatakmörkunum og veiðarfærastýringu. Stærri skip, frystitogarar, nótaveiði-og flottrollflotinn gæti verið áfram í framseljanlegu lokuðu kerfi, sín á milli sem sáttaleið í þessu langvinna þrætumáli í þjóðfélaginu.

Þetta er eina leiðin að mínu mati til að hægt sé að ná raunverulegri sátt við LÍÚ, sem vill halda í kvótakerfið með öllum tiltækum ráðum; að það verði gerður sáttmáli um tvö ólík kerfi til framtíðar, annað fyrir utan – allt frá 6 sjómílum, og hitt fyrir innan – allt að 12 sjómílum. Eitt er víst að málefni Suðurnesja þola enga bið. Það eru komnar svo margar viljayfirlýsingar svona rétt fyrir sveitar- og alþingiskosningar síðasta áratuginn, núna síðast um háskólaþorp á Keflavíkurflugvelli að fólk gerir bara grín að þessu sín á milli í dag!

*Höfundur er stýrimaður og hópferðabílstjóri í Reykjanesbæ.*

# Sprenging í fjölgun háskólanema

**UMRÆÐAN**
Háskólanám



SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR

Í hinni svarthvítu eða grængráu þjóðfélagsumræðu finnst mér stundum orðræðan lýsa samfélaginu eins og það var hér fyrir tugum ára. Til marks um það er sjaldan minnst á þá miklu menntasókn sem staðið hefur frá árinu 1995 og kemur fram í tölum um fjölda háskólanema á þessum árum. Fyrir nokkru var fyrirspurn minni til menntamálaráðherra um fjölda nema á háskólastigi dreift á þinginu og kemur margt merkilegt fram í því.

Samandregið eru niðurstöðurnar þær að:

- Nemendum í námi til fyrstu háskólagráðu hefur fjölgað úr 5.840 árið 1995 í 11.907 árið 2005 eða um 104%.
- Nemendum í viðbótarnámi eftir 1. háskólagráðu hefur fjölgað úr 185 árið 1995 í 870 árið 2005 eða um 370%.
- Nemendum í námi til meistaragráðu hefur fjölgað úr 183 árið 1995 í 2.080 eða um 1.037%.
- Nemendum í námi til doktorsgráðu hefur fjölgað úr 8 árið 1995 í 155 árið 2005 eða um 1.837%.

Þetta sýnir glögglega þá algeru byltingu sem orðið hefur hvað varðar fjölda háskólanema á þessum 10 árum. En þetta er ekki tilviljun. Hér hefur verið um að ræða markvissa stefnu stjórnvalda í því að byggja upp og bjóða upp á fjölbreytt vandað háskólanám sem víðast um landið. Háskólunum sjálfum hefur fjölgað og eru nú orðnir 8: Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Listaháskóli Íslands, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli.

Þetta er mikil flóra háskóla um allt land. En við gerum okkur líka grein fyrir að fjárfesting í menntun er forsenda áframhaldandi velmegunar, framfara og framsóknar. Við skulum tryggja að svo verði áfram.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




# Páskahryggurinn 2007




**1.358** kr/kg.
Norðlenska lambahryggur kryddaður

# Frábært verð




**1.146** kr/kg.
Goða bayonneskinka

# ATH 878 kr/kg



**878** kr/kg.
Goða lambalæri frosið

**25% afsláttur**




**454** kr/kg. áður 605 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir

**40% afsláttur**




**916** kr/kg. áður 1.527 kr/kg.
Borgarnes grísahnakki úrb. mediterranian

**40% afsláttur**




**1.260** kr/kg. áður 2.100 kr/kg.
Borgarnes lambagrillkótilettur þurrkrydd.

Celebration 270 gr. fylgir frítt með

**30% afsláttur**




**1.313** kr/kg. áður 1.876 kr/kg.
SS Caj p lambalæri

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 30. mars til 1. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



**INGVAR KAMPRAD ER 81 ÁRS Í DAG.**

*„Eingöngu þeir sem sofa gera engin mistök.“*

***Stofnun Ikea telst varla til mistaka Ingvars Kamprad.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 30. MARS 1949**

## *Alþingi samþykkir aðild Íslands að NATO*

Á þessum degi árið 1949 samþykkti Alþingi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Í kjölfarið braust út órói við Alþingishúsið þar sem þúsundir manna höfðu safnast saman til að mótmæla inngöngunni.

Hart hafði verið deilt um málið á Alþingi í nokkra daga. Atkvæðagreiðslunni lauk klukkan 14.30 og hafði þingfundur þá staðið yfir frá deginum áður. Atkvæðin féllu svo að 37 þingmenn voru tillögunni samþykkir en allir tíu þingmenn Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksinss, tveir þingmenn Alþýðuflokks og einn þingmaður Framsóknarflokksins voru á móti tillögunni. Tveir framsóknarþingmenn sátu að auki hjá við atkvæðagreiðsluna.

Fólkið sem mótmælti fyrir utan Alþingi meðan á þessu stóð vildi að aðildin að Atlantshafsbandalaginu yrði lögð í dóm þjóðarinnar. Mikill hiti var í mönnum sem köstuðu steinum og mold að Alþingishúsinu með þeim afleiðingum að rúður brotnuðu. Lögreglan ásamt svokölluðu varaliði lögreglu, sem mestmegnis var skipað ungum og hraustum sjálfstæðismönnum, hóf að lumbra á mótmælendunum. Átökin enduðu með því að lögreglan beitti táragasi til að dreifa mannfjöldanum. Nokkrir menn hlutu skrámur eftir átökin en enginn slasaðist alvarlega.



**ALÞINGISHÚSIÐ** Órói skapaðist fyrir utan Alþingishúsið eftir að NATO-aðild Íslendinga var samþykkt.

### MERKISATBURÐIR

**1816** Hið íslenska bókmenntafélag er stofnað. Félagið gefur út Skírni sem er elsta tímarit á Norðurlöndum og hefur komið út síðan 1827.

**1858** Hymen Lipman fær einkaleyfi á blýanti með áföstu strokleðri.

**1867** Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, William H. Seward, kaupir Alaska fyrir 7,2 milljónir Bandaríkjadala.

**1934** Eldgos hefst í Grímsvötnum í Vatnajökli og stendur það í tvær vikur. Gosinu fylgir hlaup í Skeiðará.

**1981** Ronald Reagan Bandaríkjaforseti er skotinn í brjóstið fyrir utan hótel í Washington, D.C.



†

*Bróðir minn*

**Þormóður Eiríksson,**

sem lést í Hulduhlíð, Eskifirði, mánudaginn 26. mars verður jarðsunginn frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 31. mars kl. 11.00.

**F.h. aðstandenda,**
**Þorbjörg Eiríksdóttir.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Þorbjörn Gunnarsson,**

fyrrv. forstjóri,

lést á Droplaugarstöðum í Reykjavík, hinn 28. mars sl. Útför hans verður auglýst síðar.

**Gunnar Ingi Gunnarsson** **Erna Matthíasdóttir**
**Hjördís G. Thors** **Ólafur Thors**
**Ólafur Þór Gunnarsson** **A. Linda Róberts**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Grétar Örvarsson**
**og afabörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, dóttur, tengdadóttur, systur og mágkonu,*

**Sólveigar Ólafsdóttur**

Efri Brúnavöllum 1.

**Hermann Þór Karlsson**
**Sigurlína Margrét Hermannsdóttir**
**Ólafur Hjaltason** **Steinunn Ingvarsdóttir**
**Hjalti Ólafsson** **Ragnheiður Líney Pálsdóttir**
**María Karen Ólafsdóttir** **Valdimar Bjarnason**
**Atli Sigurðsson, Kattie Nielsen**
**Snæfríður Ólafsdóttir**
**Hjalti Gestsson**
**Karl Stefánsson, Þóra Hermannsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær eiginkona mín,*

**Sigríður Ragnhildur Valsdóttir,**

Hlíðarbyggð 28, Garðabæ,

lést miðvikudaginn 28. mars sl. Útförin fer fram í Vídalínskirkju miðvikudaginn 4. apríl kl. 13.

**Helgi Pétursson**
**Björg Hoe Helgadóttir** **Jóhann Birgir Jóhannsson**
**Anna Maren Hoe Helgadóttir**
**Berglind Helgadóttir** **Pétur Ottesen**
**Björg Julie Hoe Hermannsdóttir**
**Ingibjörg Kristín Valsdóttir**
**og barnabörn.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5000.

JÓN HNEFILL AÐALSTEINSSON: ÁTTRÆÐISAFMÆLI FAGNAÐ MEÐ MÁLÞINGI

# Fræðafrumkvöðli fagnað



**HEFUR SÍST LAGT FRÆÐIN Á HILLUNA** Jón Hnefill Aðalsteinsson þjóðfræðingur hefur lagt mikið af mörkum til þjóðfræðirannsókna hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jón Hnefill Aðalsteinsson þjóðfræðingur varð áttræður í gær og af því tilefni efna samstarfsmenn hans og félagar til málþings honum til heiðurs í dag.

Jón Hnefill er fæddur á Vaðbrekku í Hrafnkelsdal árið 1927. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1948 og hélt síðan til frekara náms í Svíþjóð þar sem hann nam trúarbragðasögu, heimspeki og trúarsálarfræði við Stokkhólmsháskóla. Hann lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1970 og hélt síðan aftur til Svíþjóðar þar sem hann lagði stund á þjóðfræði og lauk doktorsprófi frá Uppsalaháskóla árið 1979.

Jón Hnefill á að baki farsælan feril sem fræðimaður og kennari en hann er af mörgum álitinn faðir þjóðfræðinnar hér á landi enda hafði hann frumkvæði að því að komið var á fót þjóðfræðiskor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og mótaði hann áherslur í kennslu hennar fyrstu árin auk þess að kynna hingað til lands erlenda strauma og stefnur í faginu. Hann varð fyrstur manna dósent í þjóðfræði árið 1988 og prófessor fjórum árum síðar.

„Mér finnst nú bara ánægjulegt að vera svona sæmilega frískur og fá að njóta lífsins,“ segir Jón Hnefill hógvær þegar hann er inntur eftir hugðarefnum sínum á þessum tímamótum. Hann segist hafa notið þess mjög að fá að fylgjast með þjóðfræðinni vaxa og dafna innan íslenska fræðasamfélagsins. „Þetta gengur mjög vel, nú hafa færir menn tekið við og þeir eru líklegir til góðra og eftirminnilegra verka,“ segir hann. Jón Hnefill er prófessor emeritus við skorina og segist fylgjast með starfinu þar af áhuga.

Jón Hnefill hefur ritað fjölda bóka og eftir hann liggja margar ritgerðir í íslenskum og erlendum tímaritum auk þess sem hann hefur lagt mikið af mörkum til þjóðfræðirannsókna hér á landi. Áhugaefni hans eru fjölbreytt en gjarnan af trúarlegum toga svo sem norræn trú og goðsögur, þjóðtrú og ævintýri, gátur, spádómar og tækifæris-skáldskapur svo eitthvað sé nefnt.

Hann hefur langt því frá lagt fræðin á hilluna því hann kveðst enn vera að skrifa, á næstunni birtist til dæmis grein eftir hann um Eddukvæðin í Skírni og önnur í þýsku fagtímariti.

Á málþinginu sem haldið verður í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins í dag verður hugað að fortíð og framtíð en þar flytja nemendur og fleiri velunnarar Jóns erindi um fjölbreytt þjóðfræðileg efni. Málþing þetta er til marks um þá grósku sem ríkir í þjóðfræðarannsóknum nútímans en þar verður til að mynda fjallað um goðanöfn, keðjubréf og grínefni í íslenskum fjölmiðlum. **kristrun@frettabladid.is**

# Hálf milljón í hítina og ferðasjóð



**ÓLÖF ÝRR** Með verðlaunaféð, en með frammistöðu sinni er hún nú komin áfram í fjórðungsúrslit Meistarans.

„Já, eða hálfri milljón minna fátækari,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir, framkvæmdastjóri Vísindasiðanefndar.

Ólöf sló í gegn í sjöundu og næstsíðustu viðureign fyrstu umferðar Meistarans sem var á dagskrá Stöðvar 2 í gærkvöldi. Ekki einasta gerði hún sér lítið fyrir og krækti sér í hálfa milljón heldur rúllaði hún upp gömlum kennara sínum, Erlingi Sigurðssyni, sem kenndi henni í MA. Góður lærimeistari.

Ólöf er hógværðin uppmáluð og vill alls ekki meina að hún sé betur að sér en Erlingur. Þarna skipti öllu heppni með spurningar og dagsformið. Hún bjóst ekki við því að komast áfram enda óæfð sökum anna við nám og vinnu.

En með frammistöðu sinni er Ólöf Ýrr komin í fjórðungsúrslit ásamt Pálma Óskarssyni, Birni Guðbrandi Jónssyni, Illuga Jökulssyni, Magnúsi Þorláki Lúðvíkssyni, Páli Ásgeiri Ásgeirssyni og Helga Árnasyni.

Keppnin milli þeirra Ólafar og Erlings var lengi vel í járnum. Og þegar komið var í síðasta hlutann, töluspurningarnar, var staðan jöfn eða 20 stig gegn 20. Þá ákvað Erlingur að tefla djarft, lagði tvisvar undir fimm stig en tapaði í bæði skipti. Ólöf lagði hins vegar eitt stig undir, hafði svarið en er þá komin í 21 – 10 sem þýðir að „stóra spurningin“ er hennar. Hún tók áhættuna sem borgaði sig. Lenti á hálfrar milljóna króna spurningu, var spurð út úr Biblíunni og kannaðist við sig þar. Hún var því orðin 500 þúsund krónum ríkari og búin að vinna keppnina.

„Hvað ég ætla að gera við peninginn? Ætli hann fari ekki að einhverju leyti í hítina. En maður reynir að gera sér glaðan dag fyrst það losast ögn um tökin í bili.

Hugsa að þetta fari svolítið í ferðasjóð. Enda stórferðalög sem standa fyrir dyrum.“ **- jbg**



BT
BETRA
ListaVerð
í BT
A100-067
TOSHIBA
PSAANE-03J008N5
TOSHIBA SATELLITE A100-067
Intel® Core Duo T2060
15.4" WXGA TrueBrite
- Upplausn 1280 x 800
Intel 945GM 128MB skjákort
1GB DDR Minni (Mest 4GB)
60GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
Kortalesari 5 - 1
DV Ready
Vökvaþolið lyklaborð
HD to go - mobile High Definition viewing
Hugbúnaður:
Windows® Vista Home Basic
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
2 ára alþjóðleg ábyrgð
89.999
30.000 VERÐLÆKKUN
BT LÁN™
8.785* 12 mánaða
4.866** 24 mánaða
3.524*** 36 mánaða
15,4"
A100-886
TOSHIBA
PSAARE-04J00KN5
TOSHIBA SATELLITE A100-886
Intel® Core 2 Duo T5200
15.4" WXGA TrueBrite
- Upplausn 1280 x 800
NVIDIA® GeForce™ Go 7300
1GB DDR Minni (Mest 4GB)
80GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
Kortalesari 5 - 1
DV Ready
Vökvaþolið lyklaborð
HD to go - mobile High Definition viewing
Hugbúnaður
Windows® Vista Home Premium
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
2 ára alþjóðleg ábyrgð
109.999
30.000 VERÐLÆKKUN
BT LÁN™
11.012* 12 mánaða
6.081** 24 mánaða
4.394*** 36 mánaða
*meðalgreiðsla sem miðast við 12 mánaða raðgreiðslusamning
**meðalgreiðsla sem miðast við 24 mánaða raðgreiðslusamning
***meðalgreiðsla sem miðast við 36 mánaða raðgreiðslusamning
Er Ásgeir að segja alveg satt?
CCN:ISL-100512-001
FSC Scaleo H Core2 Vista
Intel Core 2 Duo E6300
nVidia GeForce 7300LE
1024MB Vinnsluminni
250GB Harður diskur
Media Bay, DVD Skrifari
þráðlaust netkort
Windows Vista Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
119.999
BT LÁN™
4.779* 12 mánaða
6.621** 24 mánaða
11.998*** 36 mánaða
Ef þú verslar í Bt getur þú sparað fyrir mörgum páskaeggjum!
skv. verðum á netsíðu 29. mars 2007
HÁTALARAR
970243-0914
LOGITECH
Z10
Logitech Z10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum. USB 2.0.
14.999
ListaVerð 19.990,-
4.991 kr verðmunur
MÚS
931690-0914
LOGITECH VX REVOLUTION
Þráðlaus Logitech VX Revolution fartölvumús með Hyper-fast skrunhjóli. Virkar með PC og MAC. 2.4GHz micro sendir. USB2.0
5.999
ListaVerð 7.990,-
1.991 kr verðmunur
HARÐUR DISKUR
301103E-LAC
500GB F.A. PORSCHE USB2
500GB LaCie flakkarinn er flott fermingargjöf enda hannaður af engum öðrum en F.A. Porsche. Geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á ei stað.
19.999
ListaVerð 22.990,-
2.991 kr verðmunur
LYKLABORÐ
967599-0106
LOGITECH G15
leikjalyklaborðið er með 18 forritanlegum hnöppum .
7.899
ListaVerð 9.990,-
2.091 kr verðmunur
USB MINNI
ALUMI-1G
1GB USB MINNI - ÁL
1.499
ListaVerð 1.990,-
491kr verðmunur
LYKLABORÐ
967689-0106
LOGITECH EASYCALL DESKTOP
11.999
ListaVerð 14.990,-
2.991 kr verðmunur
MÚS
931376-0914
LOGITECH G5 LASER MOUSE
6.999
ListaVerð 7.990,-
991 kr verðmunur
TÖLVUTASKA
TSS011EU
15" Targus taska second skin
1.999
ListaVerð 3.990,-
1.991 kr verðmunur
TÖLVUTASKA
CN01-TAR
15" Targus hliðartaska, mús fylgir
4.999
ListaVerð 6.990,-
1.991 kr verðmunur
TÖLVUTASKA
CN600
15" Targus bakpoki, mús fylgir
4.999
ListaVerð 8.990,-
3.991 kr verðmunur
PRENTARI
PIXMA4300
CANON IP4300 ljósmyndaprentari
11.899
ListaVerð 14.990,-
3.091 kr verðmunur
LYKLABORÐ
967670-0118
LOGITECH LX710 ÍSLENSKT
5.999
ListaVerð 9.990,-
3.991 kr verðmunur




## STUÐ MILLI STRÍÐA Veikleikarnir viðurkenndir

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ER EKKI ALLTAF KÚL



Fyrir ekki svo löngu síðan áttaði ég mig loksins á því að þeir sem eru alltaf kúl eru ekkert rosalega kúl alltaf. Þessi uppgötvun kom mér tölvert á óvart þar sem ég var lengi búin að standa í þeirri meiningu að til þess að vera ofan á í lífinu væri nauðsynlegt að vera sem næst frostmarki að staðaldri.

Mér finnst mjög líklegt að ég hafi orðið mér úti um þessar ranghugmyndir í gunnskóla þar sem lífsbaráttan var vægast sagt frekar hörð. Ég myndi reyndar seint halda því fram að þar hafi það verið þeir hæfustu sem lifðu af en það voru alveg ábyggilega þeir grimmustu sem það gerðu. Samkvæmt grunnskólalögmálinu voru þeir sem voru kúl sama hvað gekk á líklegri til þess að verða ekki troðnir undir en þeir sem sýndu einhvern vott af veikleika.

Í mörg ár hafði ég það því að leiðarljósi að halda kúli við allar aðstæður og þrátt fyrir að hafa alveg húmor fyrir sjálfri mér upp að vissu marki fannst mér gjörsamlega óhugsandi að viðurkenna að ég væri ekki alltaf með allt á hreinu. Smám saman áttaði ég mig hins vegar á því að mér fannst annað fólk sem hagaði sér eins alls ekki jafn skemmtilegt og það sem gat viðurkennt að það væri ekki alveg fullkomið.

Núna finnst mér þess vegna ógeðslega gaman að viðurkenna það bara þegar ég veit ekki eitthvað eða skil ekki eitthvað. Mér finnst bara gaman að viðurkenna að ég horfi á fullt af lélegu sjónvarpsefni og finnst það ofsalega skemmtilegt. Mér finnst bara gaman að viðurkenna það að stundum verð ég skotin í einhverjum þó að hann sé ekki skotinn í mér. En skemmtilegast af öllu finnst mér samt að viðurkenna að ég get alls ekki allt og biðja um hjálp þegar ég þarf á henni að halda.

Það að geta viðurkennt veikleika sína er nefnilega ekki merki um að sjálfsmyndin sé ekki nógu sterk, heldur þvert á móti. Aðeins þeir sem vita hvað þeir geta, geta viðurkennt að þeir geti ekki allt.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





OG ÞÚ SEM HÉLST AÐ
ÞÍN FJÖLSKYLDA VÆRI SKRÍTIN...
INTERGALACTIC PIZZA
Walt Disney Pictures presents
MEET THE ROBINSONS
HEIMSFRUMSÝND
Á ÍSLANDI Í DAG!
3D
SÝND Í DIGITAL ÞRÍVÍDD
Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
FORSALA HAFIN! TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á 3-D UPPLIFUN ÁRSINS
FÖSTUDAGUR
ÁLFABAKKA 30.MARS
kl. 3:40 - 5:50 - 8 M/ÍSL TALI
LÚXUS VIP kl. 3:40 - 5:50 M/ÍSL TALI
KRINGLUNNI 30.MARS DIGITAL 3D
kl. 4 - 6:10 M/ÍSL TALI
kl. 8:10 - 10:20 M/ENSKU TALI (ÓTEXTUÐ)
HÁSKÓLABÍÓ 30.MARS
kl. 5 - 7 M/ÍSL TALI
AKUREYRI 30.MARS
kl. 6 M/ÍSL TALI
LAUGARDAGUR / SUNNUDAGUR
ÁLFABAKKA 31.MARS OG 1. APRÍL
kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 M/ÍSL TALI
LÚXUS VIP kl. 3:40 - 5:50 M/ÍSL TALI
KRINGLUNNI 31.MARS OG 1. APRÍL
DIGITAL 3D
kl. 1:50 - 4 - 6:10 M/ÍSL TALI
kl. 8:10 - 10:20 M/ENSKU TALI (ÓTEXTUÐ)
HÁSKÓLABÍÓ 31.MARS - 1. APRÍL
kl. 3 - 5 - 7 M/ÍSL TALI
AKUREYRI 31.MARS - 1. APRÍL
kl. 2 - 4 - 6 M/ÍSL TALI
FÖSTUDAGUR
KEFLAVÍK 30.MARS
kl. 5:30 M/ÍSL TALI
LAUGARDAGUR / SUNNUDAGUR
KEFLAVÍK 31. MARS OG 1. APRÍL
kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 M/ÍSL TALI
25 ára
1982 - 2007
SAMBÍÓIN
VIP
www.SAMbio.is
GLITNIR

!

**Kl. 16.00**

*Uppákoma í húsi Ó. Johnson & Kaaber við Sæbraut. Franska leikkonan Anne Brochet flytur níu síðna setningu „L'image“ ásamt dansaranum Damien Jalet sem túlkar við tónlist eftir Kiru Kiru og Alexöndru Gilbert. Franski leikstjórinn Arthur Nauzyciel stýrir viðburðinum sem er liður í menningarkynningunni Pourquoi Pas? Viðburðurinn verður endurtekinn kl. 15 á morgun.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Af handahófi*

Ljósmyndarinn Spessi opnar sýninguna„Úrtak“ í Gallerí Animu í Ingólfstræti 8, Reykjavík í dag. Á sýningunni eru myndir sem Spessi tók á Ísafirði um páskana 2004 og sýndi þar um sumarið. Þetta er 50 manna tilviljunarkennt úrtak sem telst vera 1,4% Ísfirðinga. Úrtakið var unnið þannig að Spessi var staddur á aðalgötum Ísafjarðar og myndaði gesti og gangandi sem áttu leið um.

Á sýningunni mun Spessi vera með beina útsendingu í gegnum vefmyndavél sem hefur verið komið fyrir á Silfurtorgi í miðbæ Ísafjarðar og verður útsendingin meðan á sýningunni stendur. Halldór Halldórsson, bæjarstóri Ísafjarðar, kemur til Reykjavíkur til þess að opna sýninguna kl. 17. Hópur leiklistarmanna á Ísafirði með Elfar Loga leikara í broddi fylkingar munu fremja gjörninginn „Byggðarstefna á Silfurtorgi“ rétt eftir opnunina.

Sýningin stendur til 21 apríl.



**TILVILJANAKENNT ÚRTAK** Bein útsending frá Ísafirði í Gallerí Animu í dag. MYND/SPESSI



## > Dagar taldir...

Nú eru 8 dagar í tónlistarhátíðina **Aldrei fór ég suður** á Ísafirði sem þýðir að það eru 10 dagar í **Bjarkartónleikana** og 2 vikur í skandinavísku gleðipoppsveitina **Peter, Bjorn & John**. Ef maður ætlar að tapa sér í talningunni leikur franska frumleikasveitin **Nouvelle Vague** á skerinu eftir 28 daga og innan 50 sólarhringa verður balkanbaróninn **Goran Bregovic** líka mættur ásamt hljómsveit sinni.

## *Bestu myndirnar*

Vídeó- og kvikmyndahátíðin 700IS Hreindýraland stendur nú yfir á Austurlandi. Á hátíðinni eru sýnd tæplega níutíu verk víðsvegar að úr heiminum en tvö verkanna voru verðlaunuð á dögunum.

Valnefnd kaus verk bandarísku listakonunnar Angelu Ellsworth, „HOT AIR“ sem verk hátíðarinnar.

Helena Stefánsdóttir hlaut verðlaun fyrir besta íslenska verkið en mynd hennar „Anna“ þykir afar vel heppnuð.

Hátíðinni lýkur um helgina.



**ÚR VERÐLAUNAMYND ANGELU ELLSWORTH** Í umsögn dómnefnar kom fram að verk hennar væri persónulegt og sterkt.

# Styrkir einkaaðila aukast

**Í gær var gengið frá nokkrum samstarfssamningum Listahátíðar í Reykjavík við einkaaðila sem koma að einstökum viðburðum á Listahátíð sem stendur yfir frá 10. til 26. maí í vor. Actavis og Icelandair gengu frá styrktarsamningum sínum, sem eru hvor með sínum hætti.**



**ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR LISTRÆNN STJÓRNANDI LISTAHÁTÍÐAR** Kostunarfé vegna viðburða hátíðarinnar eykst og vonar Þórunn að það sé til frambúðar.

Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, gekk frá samstarfssamningi við Vorblót, fyrirtæki Þorsteins Stephensen og Hr. Örlygs um samstarf vegna tónleika Gorans Bregovic og stórhljómsveitar hans í Laugardalshöll 19. maí. Vorblót er nú haldið í annað sinn og verður margt viðburða á þeirri hátíð sem helguð er heimstónlist. Þá var gengið frá samstarfssamningi við Actavis en fyrirtækið stendur sem kunnugt er fyrir viðamiklum rekstri í lyfjaiðnaði í Balkanlöndunum, Serbíu, Rúmeníu og Búlgaríu og hefur alls um 11 þúsund starfsmenn á sínum snærum. Actavis kemur sérstaklega að heimsókn Bregovic hingað og sagði Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, framkvæmdastjóri á sölu og markaðssviði fyrirtækisins, að það hafi verið þeirra mönnum þar eystra sérstakt keppikefli að koma að heimsókn Bregovic hingað norður. Væri þetta í fyrsta sinn sem Actavis kæmi að stuðningi við atburð á Listahátíð.

Þá var gengið frá samningi um stuðning Icelandair við Listahátíð en fyrirtækið á sér lengsta sögu allra einkafyrirtækja sem stutt hafa Listahátíð í sögunni. Þau Þórunn og Jón Karl Ólafsson forstjóri gátu ekki fyrir sitt litla líf rifjað upp hversu lengi þetta samstarf hefur staðið en leiða má líkur að því að það hafi staðið allar götur frá því Ragnar í Smára setti Listahátíð í Reykjavík af stað 1968, tveimur árum áður en ríki og borg komu að henni.

Þórunn sagði á blaðamannafundi á fimmtudag að hlutur styrkja einkaaðila yrði alltaf stærri hluti af fjárhagsáætlunum Listahátíðar. Reiknað væri með að aflafé hennar kæmi að jöfnu úr fjórum áttum: ríki og borg legðu til hvorn sinn fjórðunginn, sá þriðji kæmi frá miðasölu, en nú væri svo komið að síðasti fjórðungurinn frá kostunaraðilum væri orðinn stærstur framlaga við Listahátíð og hefði aldrei verið hærri. Sagðist Þórunn vona að það ástand væri ekki bundið við þá veltutíma sem nú færu um íslenskt samfélag. Einkafyrirtæki héldu sínum hlut til framtíðar. Hún sagði allar vinnureglur Listahátíðar um kostun mótast af reglum sambands alþjóðlegra listahátíða sem Listahátíð í Reykjavík væri aðili að.

Aðrir kostunaraðilar sem koma að Listahátíð eru Kaupþing, Radisson og Samskip sem eru auk Icelandair aðalkostunaraðilar. Stuðning við einstaka viðburði leggja þeir til Landsbankinn (San Francisco ballettinn), Actavis (Goran Bregovic), Straumur-Burðarás (Konono), Glitnir (Dmitry Hvorostovsky og Bryn Terfel). Aðrir samstarfsaðilar eru Þjóðleikhúsið, Flugfélag Íslands, RÚV: rás 1, rás 2 og sjónvarp, Síminn, Byggðastofnun og franska ríkið. Utan þess koma einstök fyrirtæki að ýmsum atburðum en þá fyrir tilstuðlan sýninga- og samkomuhaldara. **pbb@frettabladid.is**

# Heimspekingur í heimsókn

Einn vinsælasti heimspekingur samtímans, Slavoy Zizek, er kominn hingað til lands í stutta heimsókn og heldur tvo fyrirlestra í dag: þann fyrri í Háskólanum á Bifröst kl. 11 og hinn seinni í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands kl. 16.30 í dag. Í gær var heimildarmynd Sophie Fiennes um álit og ályktanir Zizeks um kvikmyndalistina sýnd í Norræna húsinu og verður Fiennes með masterclass þar sem hún byggir á kvikmyndinni í Öskju á morgun.

Í heimi hugvísinda og heimspeki er gesturinn stórt nafn og vafið miklum ljóma. Það glampar mikið á þennan háskólakennara frá Ljubljana í Slóveníu. Hann hefur um langt skeið verið áhrifamikill í umræðu um ólíklegustu efni enda kvikur andi og óvenju frjór í víðfeðmum áhuga sínum og sláandi málflutningi og niðurstöðum. Hann í miklu áliti víða um lönd og á sér taumlitla aðdáendur.



**HEIMSPEKI** Zizek er ekki smáfríður maður en heillar marga gersamlega.
MYND/ZEITGEIST FILMS - KATE MILFORD

Hann fæddist í Ljubljana 1949 og heldur þar heimili þó hann ferðist mikið og víða en hann er auðfúsugestur víða í háskólum og menntastofnunum. Han lærði heimspeki Í heimalandi sínu og lauk þaðan doktorsprófi sem leiddi hann til frekara náms í París. Zizek er kenndur við skóla franska sálkönnuðarins Lacan, en varasamt er að kenna hann við einhvern skóla, svo frjór er hans akur og sprettan bæði mikil og fjölbreytt á bragðið. Hann hefur gefið út yfir fimmtíu rit um ýmis efni og hefur verið þýddur mikið.

Zizek er gjarna dreginn í dilk með menningarfræðingum, fyrst og fremst sökum þess að gagnrýni hans og deilurit sækja í brunn menningar Vesturálfu og kennir þar margra grasa í gríðarlegri þekkingu hans og beinskeyttum skoðunum á ólíklegustu hlutum sem hann nýtir í samtal sitt við lesandann. Hann er sagður afar lifandi og ögrandi fyrirlesari.

Zizek hefur víða farið: hann var gistiprófessor í París á nýjunda áratugnum og kenndi við bandaríska skóla á þeim tíunda. Hann hefur haldið yfir 350 þing af ýmsu tagi á síðustu tveimur áratugum. **pbb@frettabladid.is**


Jacobsen Dagar
á sérréttaseðli Silfurs

Marineruð og bjórsoðin klaustursbleikja „Saaz Blonde“ með spínati, aspas, beikoni og eggjasósu.

Íslenskur humar „Saaz Blonde“.

Lambafillet og hægeldaður lambaskanki „Brown Ale“ með dilli, kartöflufroðu, blómkáli, ólífum og bjórgljáðum heslihnetum.

Crème caramel „páskabjór“ með lime og engifer ásamt pistasíuhjúpuðum banana og karamellu-balsamico ís.

Fjögurra rétta seðill með bjór: 8.900,-

PIPAR • SÍA • 70591



silfur

New Style Restaurant / Pósthússtræti 11 / 578 2008 / www.silfur.is







heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

ÁBBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 1. apríl kl. 14.00 Sun 15. apríl kl. 17.00
Sun 1. apríl kl. 17.00 Sun 22. apríl kl. 14.00
Sun 15. apríl kl. 14.00 Sun 22. apríl kl. 17.00
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

CAVALLERIA RUSTICANA
Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir
Þórunn Stefánsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky
Leikstjóri: Ingólfur Níels Árnason
Óperukór Hafnarfjarðar og hljómsveit Íslensku óperunnar
CAVALLERIA RUSTICANA eftir PIETRO MASCAGNI
Frumsýning annan í páskum -uppselt
2. sýn: Mið. 11. apríl kl. 20
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17 (lokasýning)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
LEG
Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 1/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00. Sýningum lýkur í apríl!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld fös. 30/3 örfá sæti laus, lau. 31/3 örfá sæti laus, fim. 12/4 örfá sæti laus, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus, fim. 26/4, fös. 27/4 örfá sæti laus. Ath. nemenda-afsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 örfá sæti laus, fös. 21/4.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Erich-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 uppselt, lau. 21/4 uppselt, fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 uppselt, sun. 29/4 uppselt, fim. 3/5 örfá sæti laus, fös. 4/5 örfá sæti laus, lau. 5/5 örfá sæti laus, sun. 6/5 örfá sæti laus.
Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.
GERSEMAR GÆRDAGSINS Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00.
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR
SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900
VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20
Fim 3/5 kl. 20 Síðustu sýningar
HÖRÐUR TORFA
Kertaljósatónleikar
Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100
EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Mið 4/4 kl. 20 AUKAS. Sun 15/4 kl.20
Þri 17/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
LADDI 6-TUGUR
Lau 31/3 kl14 UPPS. Sun 1/4 kl. 20
Þri 3/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl.20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS. Fim 5/4 kl. 17
Fim 5/4 kl.20 UPPS.
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20
Fös 4/5 kl. 22:30 Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl.20 UPPS. Lau 31/3 kl. 20 UPPS.
Sun 1/4 kl. 20 UPPS. Lau 14/4 kl. 20 UPPS.
Sun 15/4 kl.20 UPPS. Fös 20/4 kl. 20 UPPS.
Lau 21/4 kl.20 UPPS. Sun 22/4 kl. 20 UPPS.
Mið 25/4 kl. 20 UPPS. Lau 28/4 kl. 20
Sun 29/4 kl. 20
DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20
SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Lau 21/4 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20 Fim 5/4 kl. 20 AUKAS.
Lau 14/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20
KARÍUS OG BAKTUS
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.
KRÓNIKUR DAGS OG NÆTUR
Pourquoi pas?-franskt vor á Íslandi
Í kvöld kl. 20 Lau 31/3 kl. 20
Miðaverð 1.500
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# NÝJAR BÆKUR



Forlagið Bjartur gefur út bókina **Frá gósenlandinu** eftir danska rithöfundinn Kirsten Hamm. Þar segir af parinu Mette og Sören sem virðist vera fyrirmyndarfólk. Þegar Sören fer frá Mette situr hún ein eftir í íbúð sinni í Kaupmannahöfn, í sínu gósenlandi, og horfir á heiminn. Úti í heiminum stóra gerast hrikalegir hlutir en Mette vildi svo gjarnan vera góð manneskja og breyta heiminum til batnaðar en það er ekki hlaupið að því. Hinn góði vilji á það til að kafna í makindunum og lætur í minni pokann fyrir sjónvarpsdagskránni. Höfundurinn er mikilsmetinn í heimalandi sínu en saga þessi var tilnefnd Norrænu bókmenntaverðlaunanna árið 2005. Þýðandi er Hjalti Rögnvaldsson.



**Gustur úr djúpi nætur** er safn þýðinga á ljóðum spænska skáldsins Federico García Lorca sem birst hafa í blöðum og tímaritum á Íslandi. Hér er á ferðinni tvímála útgáfa þar sem frumtexti birtist við hlið þýðingarinnar. Margir þýðendur hafa fengist við að snúa ljóðum Lorca á íslensku í gegnum tíðina og hafa sum ljóðin verið þýdd oftar en einu sinni. Hér gefst lesanda því færi á að bera saman ólíkar þýðingar á sama texta. Ljóðaþýðingunum er fylgt úr hlaði með fræðilegum inngangi dr. Hólmfríðar Garðarsdóttur, dósents í spænsku við Háskóla Íslands, um ævi og yrkisefni Lorca en hún er jafnframt ritstjóri bókarinnar. Í bókarlok má svo finna frekari leiðbeiningar um ljóðagreiningu. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gefur bókina út.



Forlagið JPV gefur út bókina **Boot Camp – Grunnþjálfun** eftir Arnald Birgi Konráðsson og Róbert Traustason. Rit þetta er æfingabók í anda samnefnds líkamsræktarkerfis sem náð hefur miklum vinsældum hérlendis á undanförnum árum. Í bókinni eru nákvæmar lýsingar á öllum algengustu æfingum og teygjum kerfisins ásamt skýringarmyndum. Um er að ræða fjölbreyttar æfingar sem ekki styðjast við nein æfinga- eða líkamsræktartæki þannig að hægt er að stunda þær hvar og hvenær sem er. Ítarleg æfingaáætlun er í bókinni sem tryggja á hámarksárangur og gott líkamlegt form á tólf vikum. Æfingar þessar henta fólki á öllum aldri. Höfundar bókarinnar hafa farið fremstir í flokki í kynningu á þessu æfingakerfi hér á landi. Þeir hafa báðir einkaþjálfararéttindi og margra ára reynslu af þjálfun. Formála ritar Þorgrímur Þráinsson.

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
29. mars - uppselt
30. mars - uppselt
31. mars - uppselt
1. april - uppselt
14. april - uppselt
15. apríl - örfá sæti laus
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

KRINGLU KRÁIN
Hljómsveitin Signia í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
æðisLEG fermingargjöf
Miði á söngleikinn LEG eftir Hugleik Dagsson, geisladiskur úr sýningunni og bolur á aðeins kr. 5.000!
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

27 28 29 **30** 31 1 2

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 21.00 Tónleikar í **Fossatúni** í Borgarfirði. Fram koma **Pétur Ben** og færeyska söngvaskáldið **Teitur** en skipuleggjandi þeirra er **ÚTON**, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Morðingjarnir** og **Slugs** spila á **Bar 11** við **Laugaveg** á vegum tímaritsins **Grapevine**. Aðgangur er ókeypis.

#### LEIKLIST

☐ 20.00 Einleikurinn **Power of Love – hið fullkomna deit** í **Austurbæ**. Höfundur og flytjandi er **Halldóra Malín Pétursdóttir** en henni til fulltingis eru tónlistarmennirnir **Kristín Þóra Haraldsdóttir** og **Páll Ivan Pálsson**.

#### SÝNINGAR

☐ 11.00 Sýning á verkum færeyska málarans **Zacharias Heinesen** stendur yfir í **Hafnarborg**. Sýningin ber heitið **ZH 06** og var sett upp í **Listahöllinni** í **Þórshöfn** í fyrra. Sýningunni lýkur 9. apríl.

☐ 12.00 Í **Listasafni Akureyrar** stendur yfir ljósmyndasýningin **Augliti til auglitis**. Fjórtán franskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni en markmið hennar er að veita innsýn í hvernig myndlistarmenn nútímans nota miðil ljósmyndarinnar. Sýningarstjóri er **Isabelle de Montfumat** en sýningin er liður í frönsku menningarkynningunni **Pourquoi Pas?**

☐ 12.00 Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** standa yfir tvær sýningar í tilefni af frönsku menningarkynningunni **Pourquoi pas?**. Ljósmyndararnir **Jo Duchene** og **Damien Peyret** sýna og standa sýningarnar yfir til 26. maí.

☐ 13.00 Myndlistarmaðurinn **Stefán Boulter** heldur sýninguna **Handan við nútímann** í gallerí **Turpentine** í **Ingólfsstræti**.

☐ 14.00 Myndlistarmaðurinn **Ragnar Kjartansson** sýnir í **gallerí i8** við **Klapparstíg**. Á sýningunni **Samviskubit** er myndbandsverk og málverk.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
29. mars fim 5 sýning kl.20
30. mars fös 6 sýning kl. 20
31. mars lau 7 sýning kl. 16
14. apr lau 8 sýning kl. 20
20. apr fös 9 sýning kl. 20
21. apr lau 10 sýning kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Unaðslegar stundir
með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars
rauða húsið restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330
Rauða Húsið · Sími: 483-3330
Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakkka
www.raudahusid.is

# Ótrúlegt verð

## Öll raftæki eru fáanleg í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



139.990 kr
Verð áður 149.990,-

**Asus fartölva** F3FAP079P
- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T5600 1.83GHz örgjörvi
- Intel 945GM skjástýring
- 1GB DDRII 677MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- 10/100/1000 Fast Ethernet og WLAN 802.11a/b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD+/-RW dual layer brennari
- 4 USB 2.0, FireWire, PCMCIA II, Parallel, VGA og DVI út tengi
- Line in, mic og heyrnartólstengi
- Styður SIR-115.2Kbps
- Bluetooth
- Windows XP Pro stýrikerfi
- Norton Antivirus 2005 og Nero Express 6.0 fylgja
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 cells rafhlaða
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 37x4x27
- Þyngd: 2,95kg

**Harman Kardon IPOD hljómtæki** HKGOPLAY
- Passar fyrir iPod, MP3, geislaspilara og fleira
- Tveir hátóna- og tveir bassahátalarar
- 4x30w innbyggður magnari
- Snertitakkar til að hækka og lækka
- Fjarstýring
- Vagga fyrir iPod
- 3.5mm jack tengi
- Stærð í cm (bxhxd): 22,9x50,8x24,1 og þyngd: 1,8kg



44.990 kr
GOTT VERÐ



4.990 kr
GOTT VERÐ

**Philips sléttujárn** HP4642
- Keramik húð
- Professional styling hiti
- Aðeins 30 sek. að hitna
- 6 hitastillingar



5.990 kr
GOTT VERÐ

**Philips hárblásari** HP4892
- 1800w öflugur hárblásari
- ION tækni sem afrafmagnar hárið
- 6 hita og hraðastillingar
- Blæs köldu lofti
- Viðbótarhaus fyrir viðkvæmt hár fylgir
- 3m snúra



24.990 kr
Verð áður 33.990,-

**Olympmpus myndavél** MJU740
- 7.1 megapixel
- 5x optical zoom og 5.6x digital zoom
- Linsa: 6.4 - 32mm (35mm samb.: 36 - 180mm)
- 2,5" LCD skjár (215.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- Auto flass og red eye reduction
- Tímarofi
- USB tenging við tölvu
- 17MB innbyggt minni
- Tekur xD kort



19.990 kr
Verð áður 24.990,-

**United 21" sjónvarp** TVD5038
- 21" Black Matrix myndlampi
- Stereó hljóðkerfi
- Textavarp, allar aðgerðir á skjá og scart tengi
- Fjarstýring
- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD, VCD og SVCD
- Spilar CD, CD-R/RW, JPEG og MP3
- Stærð í cm (bxhxd): 50x50,5x47,5



23.990 kr
Verð áður 27.990,-

**Philips hljómtækjasamstæða** MCD295
• 2x30w magnari • Fjölkerfa DVD spilari • Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital • Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost • Útvarp með stöðvaminnum • Kassettutæki • SVHS og CVBS tengi • Aux inn- og útgangur • Digital coaxial og subwoofer útgangur • Fjarstýring



15.990 kr
GOTT VERÐ

**United 20" sjónvarp** UTV20X33
- 20" Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring



39.990 kr
Verð áður 49.990,-

**JVC heimabíó** THP5
• 360w (4x40 og 2x100) Dolby Digital/DTS magnari • 5 litlir umhverfishátalarar og bassabox • Fjölkerfa DVD spilari • Progressive scan • Spilar DVD, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • USB 2.0 tengi að framan • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II • NTSC afspilun á PAL sjónvarp • FM útvarp með stöðvaminnum • Video útgangar: Component, SCART (RGB, Y/C, Composite) • Fjarstýring

Gildir til 4. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


KINGS OF LEON


MACY GRAY

## > Í SPILARANUM

**Kings of Leon** - Because of the Times
**LCD Soundsystem** - Sound of Silver
**The Besnard Lakes** - The Besnard Lakes Are the Dark Horse
**Modest Mouse** - We Were Dead Before the Ship Even Sank
**Macy Gray** - Big

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Á heitum lista

Benni Hemm Hemm er á svokölluðum „heitum lista“ í nýjasta tölublaði bandaríska tónlistartímaritsins Rolling Stone. Þar segir: „Ef Sufjan Stevens myndi flytja til Íslands og ganga til liðs við Sigur Rós myndi sú ofursveit gefa út álíka tignarlegt og léttleikandi popp og þetta. Rokkaðu áfram, Benedikt H. Hermannsson og líka þið hinir ellefu Skandinavíubúar.“

Forsprakkinn Benedikt Hermann Hermannsson er mjög ánægður með þessi viðbrögð. Stefnir hann á tónleikaferð um Bandaríkin í sumar, en platan Kajak kemur út þar í landi í maí. „Ég er spenntur að sjá hvernig þeir fíla þetta því platan er ekki komin út þar í landi,“ segir Benni. Hann segir að nýafstaðin tónleikaferð um Evrópu hafi gengið vonum framar. „Hún gekk frábærlega vel og vonandi náum við síðan að fara til Bandaríkjanna í sumar. Það verður spennandi að sjá hvað gerist þar.“ Bætir hann því við að hugsanlega verði einnig farið í tónleikaferðir til Englands og Svíþjóðar.


**BENEDIKT HERMANN HERMANNSSON** Hljómsveit Benna komst á „heita listann“ í nýjasta tölublaði Rolling Stone.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í veftímaritinu Drowned in Sound fá Benni og félagar 9 af 10 fyrir tónleika sína í Paradiso í Amsterdam, sem voru liður í tónleikaferðinni um Evrópu. „Falleg tónlist sem þandi hverja einustu taug út í ystu æsar. Ég var hreinlega í sjokki eftir tónleikana,“ sagði í dómnum. - fb



## > Plata vikunnar

Charlotte Gainsbourg - 5:55

★★★★

„Önnur breiðskífa Charlotte Gainsbourg er í raun stórfín plata með frönsku sveitinni Air í dulbúningi.“
BÖS



## TÓNNINN GEFINN
### Steinþór Helgi Arnsteinsson

# *Þarf maður að vera fyrstur?*

Niðurhal tónlistar á netinu er gamalt og nýtt deilumál sem er líklegast ekki á leiðinni neitt í burtu. Frá upphafi hef ég verið fylgjandi þessari bylgju og tel hana vera af hinu góða. Netið hefur reynst sem ótæmandi safn tónlistarinnar sem er ógjörningur að skoða til hlítar. Oftast hef ég hagað málum þannig að ég niðurhel nokkru magni af stökum lögum með tónlistarmönnum og síðan, ef mér líst vel á varninginn, þá kaupi ég plötuna, hvort sem er á netinu eða úti í búð. Þetta hefur gert það að verkum að ég kaupi mun meira af plötum en líka miklu meira af góðum plötum þar sem kaupin eru betur ígrunduð en áður og maður þarf ekki að treysta á umsagnir annarra og útlit plötunnar.

Að undanförnu finnst mér samt niðurhalsbylgjan vera að taka á sig nýja mynd. Fyrir aðeins örfáum misserum síðan þóttu það stórtíðindi þegar plötur láku á netið fyrir formlega útgáfu þeirra. Í dag er hægt að finna nær allar plötur á netinu, oft nokkrum mánuðum áður en þær koma út. Besta dæmið er líklegast nýjasta plata Arcade Fire, Neon Bible. Platan hafði lekið inn á netið í desember en þó kom platan ekki út fyrr en í byrjun mars. Enginn poppspekúlant var því maður með mönnum nema hann hafði heyrt nýju Arcade Fire plötuna strax í janúar, febrúar. Ég var einn af þeim og fannst ekki mikið til plötunnar koma enda ekki skrítið, platan hafði lekið í svo ömurlegum gæðum að þegar ég loksins fékk alvöru eintak af plötunni blasti við mér algjörlega allt önnur plata, með hljóðheim sem ég hélt að ætlaði aldrei að enda. Svipaða sögu má reyndar líka segja af síðustu plötu The Shins, Bloc Party, Modest Mouse og fleirum.

Nú spyr ég, af hverju þarf maður endilega að vera búinn að heyra þessar plötur löngu áður en þær koma út, oft í slökum gæðum? Af hverju ekki að bíða eftir því að þær komi út, fara hugfanginn heim með alvöru eintak og njóta þess að heyra plötuna í fyrsta skiptið? Persónlega er ég reyndar mjög mikið fyrir að eiga alvöru eintak og ég einfaldlega þoli ekki að eiga plötur eingöngu á stafrænu formi, sérstaklega þegar þær eru góðar. Tónlist er jú samt sem áður alltaf tónlist en mér finnst hún þurfi að vera hlutlæg líka. Að tónlist sé hlutlæg er líka ein af stærstu ástæðum fyrir tilvist hennar, peningalega séð allavega. Ég er því hættur að niðurhala plötum löngu fyrir útgáfu þeirra (að mestu leyti). Ég bíð bara spenntur í staðinn og nýt annarrar tónlistar á meðan.






# Frumkvöðull aftur í sviðsljósið

**Bandaríski upptökustjórinn Timbaland er einn af áhrifamestu tónlistarmönnum síðustu tíu ára. Undanfarið hefur verið mikið fjallað um hlut hans á næstu plötu Bjarkar, Volta, en á mánudaginn kemur önnur sólóplatan hans, Shock Value, í verslanir. Trausti Júlíusson skoðaði afrekaskrána hans.**


**TIMBALAND** “Björk er eins og ég. Náttúruundur.”

**10 Timbaland smellir**

| | |
|---|---|
| 1997 | The Rain - Missy Elliott |
| 1999 | Big Pimpin' - Jay-Z |
| 2000 | Try Again - Aaliyah |
| 2001 | Ugly - Bubba Sparxxx |
| 2001 | Get Yr Freak On - Missy Elliott |
| 2002 | Work It - Missy Elliott |
| 2003 | Pass That Dutch - Missy Elliott |
| 2003 | The Jump Off - Lil Kim |
| 2006 | Maneater - Nelly Furtado |
| 2006 | SexyBack - Justin Timberlake |

Stundum finnst manni að hugtök eins og „snillingur“ og „frumkvöðull“ séu mjög frjálslega notuð í umfjöllunum um popptónlist, en bandaríski pródúserinn Timbaland er að mínu mati einn af þeim sem standa fullkomlega undir þeim báðum. Þó að hann hafi lítið verið sjálfur í sviðsljósinu er hann maðurinn á bak við marga af flottustu smellum síðustu ára. Undanfarin tíu ár hefur hann verið ótrúlega frjór og hugmyndaríkur. Það hefur stundum verið meiri sköpunargleði í einu lagi frá Timbaland heldur en á öllum rokkplötunum í 30 efstu sætunum vinsældalistanna og aðrir pródúserar hafa verið duglegir að stæla hann. Timbaland sendi frá sér sína fyrstu sólóplötu árið 1998, en plata númer tvö er væntanleg eftir helgina.

**Var í klíku með Pharrell**

Timbaland heitir réttu nafni Timothy Z. Mosely og er fæddur 10. mars 1972 í Norfolk í Virginiu. Hann fékkst við eitt og annað í tónlistinni framan af, spilaði meðal annars sem plötusnúður undir nafninu DJ Tiny Tim og var meðlimur í upptökustjórateyminu S.B.I. (Surrounded by Idiots) ásamt annarri tilvonandi stórstjörnu í þeim bransa, Pharrell Williams. Þegar leið á tíunda áratuginn fór hann að vekja athygli sem pródúser. Orðið pródúser er notað hér þar sem upptökustjórar í hip-hop og r&b geiranum semja yfirleitt taktana og gera mun meira en bara að stjórna upptökum; þeir taka virkan þátt í lagasmíðunum sjálfum.

**Missy og Justin**

Fyrsti Timbaland-smellurinn var lagið Pony með Ginuwine, en lög með Aaliyah, Jay-Z og Missy Elliott fylgdu í kjölfarið. Það sem einkennir þau lög sem Timbaland pródúserar eru óvenjulega samsettir taktar og tilraunir með framandi hljóð og hljóðfæri. Best heyrir maður þetta kannski á plötum menntaskólasystur hans, Missy Elliott. Lög eins og Get Yr Freak On, Work It og Gossip Folks eru góð dæmi. Þau eru nú hætt að vinna saman. Síðustu ár hefur Timbaland unnið mikið með Justin Timberlake og er eiginlega maðurinn á bak við hans velgengni.

**Inn í sviðsljósið**

Eins og áður segir er Shock Value önnur plata Timbaland, en hann hefur reyndar gert þrjár plötur í samstarfi við rapparann Magoo. Það er greinilegt á plötunni að Timbaland langar inn í sviðsljós poppstjörnunnar.

Á meðal þeirra sem koma við sögu á plötunni eru Justin Timberlake, Nelly Furtado, 50 Cent, Elton John, Fallout Boy og sænsku rokkararnir í The Hives, en bandarískar hiphop-stjörnur virðast hafa óbilandi trú á þeim.

Svo verður gaman að heyra Timbaland lögin á Volta, en Timbaland segir í nýlegu viðtali að samstarfið við Björk muni sanna það að hann geti unnið með hverjum sem er og sé sá besti: „Hún er eins og ég. Náttúruundur ...“

## BRENNSLAN ÍNA VALGERÐUR PÉTURSDÓTTIR

„Þetta eru lög sem hafa fylgt mér í gegnum tíðina,“ segir Ína Valgerður Pétursdóttir söngkona um brennsluna sína sem er í fjölbreyttari kantinum.

**1. You Don't Have To Say You Love Me – Dusty Springfield**
„Tilfinngaþrungið og tregafullt ástarlag. Ótrúlega fallegt og góð „sveifla“ í þessu lagi.“

**2. Speed of Sound – Coldplay**
„Ég er mikill Coldplay-aðdáandi og að mínu mati er þetta klárlega besta lagið þeirra.“

**3. Kozmic Blues – Janis Joplin**
„Janis er uppáhaldið mitt og verður því að fá að vera með, Kozmic blues er sjúklega töff og seiðandi lag.“

**4. Imagine – John Lennon**
„Ég á mörg uppáhalds Bítlalög, en „Imagine“ á eitthvað sérstaklega vel við mig. Ótrúlega fallegur texti sem inniheldur mikinn boðskap. Ég ber mikla virðingu fyrir þessu lagi.“

**5. I Don't Feel Like Dancing – Scissor Sister**
„Æðislegt lag sem kemur mér alltaf í gott skap!! Föstudagslagið mitt.“

**6. I Need a Hero – Bonnie Tyler**
„Skemmtilega hallærislegt lag, en samt er eitthvað svo töff við það... enda uppáhaldslagið okkar afa.“

**7. The Look – Roxette**
„Skemmtilega hressandi lag, góð setning líka: „What in the world can make a brown eyed girl turn blue.“

**8. Think – Aretha Franklin**
„Gamall smellur í gospelfílingi með óaðfinnanlega góðri söngkonu!!!!“

**9. Steamy Windows – Tina Turner**
„Það er allt flott við þetta lag. Gott dæmi um vel heppnað lag.“


**ÍNA VALGERÐUR PÉTURSDÓTTIR** Brennslan hjá Ínu er ákaflega fjölbreytt.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**10. Grace Kelly – Mika**
„Þetta lag heillaði mig við fyrstu hlustun. Tær snilld frá frábærum listamanni sem ég bíð spennt eftir að heyra meira frá.“

# Imagine vinsælast

Lagið Imagine eftir John Lennon hefur verið kjörið uppáhaldslag fólks eldra en fimmtíu ára. Skammt undan í öðru sætinu lenti Lady in Red eftir Chris de Burgh.

Alls tóku 3.760 manns þátt í könnuninni, sem útvarpsstöðin Smooth Radio í Bretlandi stóð að. Helmingur laganna sem komust á topp fimmtíu í var frá sjöunda áratugnum. Bítlarnir, sem áttu fimm lög á listanum, áttu ekkert lag á meðal þeirra tíu vinsælustu. Hey Jude var efst Bítlalaganna í fimmtánda sæti og á eftir því komu Yesterday, A Day in the Life, I Want to Hold Your Hand og In My Life.

„Þessi könnun sýnir að hippakynslóðin hefur mjög breiðan tónlistarsmekk," sagði DJ Mark Goodier hjá Smooth Radio. „Hún lítur kannski mikið til baka en er samt ekki svo föst í fortíðinni að hún geti ekki haft gaman af nýlegri tónlist."



**JOHN LENNON** Lag Johns Lennon, Imagine, er vinsælt á meðal fólks eldra en fimmtíu ára.

### VINSÆLUSTU LÖGIN

1. John Lennon - Imagine
2. Chris de Burgh - Lady in Red
3. Led Zeppelin - Stairway to Heaven
4. Ben E. King - Stand By Me
5. Gnarls Barkley - Crazy
6. Lou Reed - Perfect Day
7. Beach Boys - Good Vibrations
8. Simon & Garfunkel - Bridge Over Troubled Water
9. Katie Melua - Closest Thing to Crazy
10. Led Zeppelin - Whole Lotta Love

## Í BÚNINGSHERBERGINU BRUCE SPRINGSTEEN

Kvöldmatur fyrir hljómsveit og starfsmenn – alls 90 manns
Heimagerð súpa
Innflutt ostakarfa með gráðaostum
Sex dósir af Fresca
Fjórar flöskur af grænum Gatorade
Sex flöskur af San Pellegrino eða Perrier
Kalt grænt te
Kaffi og heitt grænt te
Hafrar
Kanil-rúsínubeyglur
Fitulaus sojamjólk
Ginger ale
Koffínlaust kók
Fyrir börnin: Frosnar pítsur, grillaðar kjúklingabringur, sinnep og tómatsósa.







## NÝJAR PLÖTUR




**Mika**
**Life in Cartoon Motion**
★★★
Mika er hæfileikaríkur, en þó að hér séu nokkur fín lög á hann enn eftir að skapa sér eigin stíl.
TJ

**Yoko Ono**
**Yes, I'm a Witch**
★★★★
Gömul lög Ono ganga í endurnýjun lífdaga og fá nýjan ljóma á þessu vel heppnaða samsoðningssafni. Útgáfa Jasons Pierce af Walking on Thin Ice ber sérstaklega af.
SHA

**Grinderman**
**Grinderman**
★★★★
Nick Cave og félagar hans úr The Bad Seeds stofnuðu þessa sveit, Grinderman, og sömdu efni á heila plötu í sameiningu. Útkoman er eitursvöl og hispurslausari en þær plötur sem Cave hefur sent frá sér upp á síðkastið.
BÖS

**Dr. Gunni og vinir hans**
**Abbababb!**
★★★
Slær forvera sínum ekki við enda vandasamt verk að gera nær alveg eins plötu á betri hátt. Fjörið heldur sér þó frá upphafi til enda og er helsti kostur plötunnar.
SHA

**Kaiser Chiefs**
**Yours Truly, Angry Mob**
★★
Platan er nægilega mikið á miðjunni til þess að tryggja frekari útvarpsspilun. Tónlistin fer inn um annað eyrað og strax út um hitt.
BÖS

**Mugison**
**Mýrin**
★★★
Vönduð kvikmyndatónlist og sígildar perlur fá margar hverjar nýtt líf í dökkum útsetningum Mugisons. Líður þó fyrir fábreytileikann.
SHA

**Air**
**Pocket Symphony**
★★★★
Air heldur áfram á sömu braut og áður með Pocket Symphony. Enn ein frábær plata frá einni merkilegustu hljómsveit Frakka.
BÖS




Sýrland hönnun

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Jógvan, Hara og Guðbjörg berjast

Í kvöld ræðst hvaða tveir keppendur koma til með að keppa um X-Factor titilinn í næstu viku. Þrjú atriði standa eftir og í kvöld verður einn dómari að bíta í það súra epli að þurfa að vera þátttakandalaus í úrslitaþættinum. Þau Jógvan, Hara og Guðbjörg syngja öll tvö lög en það verður síðan þjóðarinnar að velja þá tvo áfram en senda einn heim. Undirbúningur fyrir sjálfan úrslitaþáttinn er í fullum gangi og á þriðjudaginn verður tilkynnt hverjir semja lagið sem þátttakendurnir tveir koma til með að flytja, hvor með sínu nefi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru það upptökustjórinn Óskar Páll Sveinsson og Stefán Hilmarsson sem semja lagið og verður það frumflutt á þriðjudaginn þegar úrslitakvöldið verður kynnt fyrir fjölmiðlum.

Til stóð að fá sjálfan Simon Cowell til að krýna fyrsta sigurvegarann. Heimildir Fréttablaðsins herma að þessi orðheppni og kjaftfori dómari hafi verið mjög spenntur fyrir að kíkja á næturlíf Reykjavíkurborgar en sú áætlun ku ekki hafa gengið upp sökum þéttskipaðrar dagskrár hjá sjónvarpsstjörnunni. Og fellur það því í hlutskipti Höllu Vilhjálmsdóttur að tilkynna hver hreppir hnossið eftir viku.



**JÓGVAN**
1. She will be Loved
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: MAROON 5
2. Are You Gonna Go My Way
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: LENNY KRAVITZ
SÍMANÚMER: 900 9001
HÓPUR: EINAR



**GUÐBJÖRG**
1. Words
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: BEE GEES
2. Put Your Records on
UPPHAFLEGUR FLYTAJNDI: CORINNE BAILEY RAE
SÍMANÚMER: 900 9002
HÓPUR: ELLÝ



**HARA**
1. Grace Kelly
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: MIKA
2. Flashdance (What a Feeling)
UPPHAFLEGUR FLYTAJNDI: IRENA CARA
SÍMANÚMER: 900 9003
HÓPUR: PÁLL ÓSKAR

# Bono verður riddari

Írski tónlistarmaðurinn Bono var sæmdur heiðursriddarakrossi bresku drottningarinnar í gær. Bono, sem er söngvari U2, lýsti því yfir eftir athöfnina að hann tæki við riddarakrossinum með einu skilyrði, að hann yrði ekki kallaður „Sir Bono“.

Bono var sæmdur riddarakrossinum fyrir störf sín að mannúðarmálum undanfarna tvo áratugi. Félagar hans úr U2, þeir Adam Clayton og The Edge, mættu með til athafnarinnar ásamt eiginkonu söngvarans og fjórum börnum. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði við þetta tilefni að Bono hefði lagt einstaklega mikið af mörkum í baráttunni gegn fátækt í heiminum. „Ég læt mér vitrari menn um að tala um tónlist U2. Ég segi það eitt að ég er mikill aðdáandi eins og milljónir manna um allan heim,“ sagði Blair.



**SÆMDUR RIDDARAKROSSI** Bono, söngvari U2, var sæmdur riddarakrossi bresku drottningarinnar í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES







# Í yfirlið á Cliff-tónleikum

**Breski tónlistarmaðurinn Sir Cliff Richard hélt vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll í fyrrakvöld. Söng hann flest sín þekktustu lög við frábærar undirtektir viðstaddra.**

Richard söng í rúmar tvær klukkustundir og tók sér jafnframt góðan tíma á milli laga til að spjalla við áheyrendur. Áður en hann söng Eurovision-lag sitt Congratulations spurði hann hvort Íslendingar hefðu getað kosið þegar hann tók þátt 1968, því einungis munaði einu stigi að hann hefði unnið keppnina.

Á fimmta þúsund manns voru í Höllinni og skemmtu sér konunglega. Einhverjir áttu þó í erfiðleikum með hitann og loftleysið sem skapaðist í salnum og þurftu þeir aðhlynningu hjúkrunarliða frá björgunarsveitunum, sem eru ávallt til taks á tónleikum sem þessum.

Richard hélt af landi brott í gær og að sögn tónleikahaldarans Guðbjarts Finnbjörnssonar var hann rosalega ánægður með tónleikana. Var hann einnig ánægður með veðrið og lýsti yfir áhuga á að koma hingað aftur. „Hann langaði mjög mikið til að sjá norðurljósin en það var því miður skýjað,“ sagði Guðbjartur, sem snæddi með honum kvöldverð eftir tónleikana. -fb



**FLOTTUR** Cliff Richard var flottur á sviðinu þar sem hann söng öll sín bestu lög.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MARÍA OG ANDREA** María Ragnarsdóttir og Andrea Jónsdóttir létu sig ekki vanta á tónleikana.



**DOLFALLINN** Þessi tónleikagestur var svo sannarlega dolfallinn yfir sviðsframkomu Sir Cliff Richard.



**BROSMILDAR** Vinkonurnar og Cliff Richard-aðdáendurnir Guðrún Steingrímsdóttir og Linda Ágústsdóttir brostu breitt fyrir ljósmyndarann.



**AÐDÁENDUR** Aðdáendur Cliff Richard fengu eitthvað fyrir sinn snúð í Höllinni.



**UNNUR OG ÞÓRARINN** Hjónin Unnur Ólafsdóttir og Þórarinn Eldjárn stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.



**SAMAN Í HÖLLINNI** Helena Eydal og Bragi Guðmundsson mættu til að hlýða á Cliff Richard.



**BJÖRN OG RAGNA** Hjónin Björn Emilsson upptökustjóri og Ragna Fossberg förðunardama skemmtu sér vel á tónleikunum.

# 30 milljónir á fjórum mínútum

„Ég er ekkert að djóka og þetta eru engar ýkjur; miðarnir á Josh Groban fóru á fjórum mínútum,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Concert. Hann upplýsir jafnframt að aukatónleikum hafi verið bætt við 15. maí en útilokar að þeim þriðju verði skotið einhvers staðar inn. Það sé ómögulegt sökum dagskrárinnar hjá Groban. „Við byrjum miðasölu á aðra tónleikana strax á miðvikudaginn og ef að líkum lætur þá verður sami handagangurinn í öskjunni þá,“ segir Ísleifur.



**ÍSLEIFUR** Er ekki hræddur um að konur verði í meirihluta á tónleikunum, segir karla hafa lúmskt gaman af Groban.

Og miðarnir eru ekki seldir á neinum spottprís. Þrettán hundruð miðar seldir á tæpar þrettán þúsund krónur og tólf hundruð á tæplega tíu þúsund. Tölurnar sem koma út úr því reikningsdæmi eru ansi skemmtilegar; á fjórum mínútum eða svo keyptu Íslendingar miða á tónleika Josh Groban fyrir þrjátíu milljónir.

Þótt Groban njóti mikillar kvenhylli segist Ísleifur vera sannfærður um að kynjahlutfallið verði jafnt. „Ég held að karlarnir muni ekki sleppa konunum sínum svona nálægt sjarmörnum og svo held ég að þeir hafi lúmskt gaman af Groban, er ekki annars í tísku að vera mjúki maðurinn? Sjáðu bara Einar Bárðarson, hann grét í beinni útsendingu.“ - fgg



**TENÓRINN VINSÆLI** Ekki er vitað hvort miðar á tónleika með Groban hafi nokkurn tíma selst svona fljótt upp.


OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
JAKKAFÖTIN ERU KOMIN!
JAKKAFÖT
frá
9.990,-
SKYRTUR
frá
990,-
JAKKAFÖT
FYRIR FERMINGUNA
frá
4.990,-
Ný sending af vönduðum og flottum jakkafötum fyrir alla karlmenn, háa og lága. Lygilegt úrval í stærðum 44 til 64 og verðið svíkur engan!
FAXAFENI 10
S. 534 4450
Ljósmyndari: Valgerður Bachmann



**JAMES BOND** Daniel Craig ásamt Evu Green og Caterinu Munroe í nýju Bond-myndinni.

# James Bond með þrennu

Nýjasta James Bond-myndin, Casino Royale, hlaut þrenn verðlaun á Empire-verðlaunahátíðinni í Bretlandi, þar á meðal sem besta myndin. Aðalleikarinn Daniel Craig, sem var í fyrsta sinn í hlutverki njósnara hennar hátignar, var valinn besti leikarinn og mótleikkona hans Eva Green, var kjörin besti kvenkyns nýliðinn.

Það voru lesendur kvikmyndatímaritsins Empire sem tóku þátt í valinu. Penelope Cruz var kjörin besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í Volver. Bar hún meðal annars sigurorð af Helen Mirren.

Besta breska myndin var valin United 93 og besta gamanmyndin Little Miss Sunshine.



**CRUZ** Valin besta leikkonan á Empire-hátíðinni.

# Gefa út nýtískulegt DVD-tímarit

**Rafskinna er heitið á nýju íslensku DVD-tímariti sem mun fjalla um tónlist, myndlist, bókmenntir og hönnun á algerlega nýjan hátt. Tvær klukkustundir af myndböndum, vídeóverkum, viðtölum og fleiru verða á disknum en jafnframt fylgir honum hefðbundið, prentað tímarit með ýmsu efni.**

„Þetta verður mikið til tónlistar-oríenterað en samt er planið að ná yfir allt lista- og menningar-spektrúmið, það verða vídeóverk, heimildarmyndir, dansverk, myndasögur, bara spennandi og flottir hlutir. Við ætlum að reyna að gefa góða mynd af listasenunni á Íslandi og blanda saman því sem er að gerast núna við gamalt fágætt efni,“ segir Sigurður Magnús Finnsson, bókmenntafræðingur og hristuleikari hljómsveitarinnar Singapore Sling, sem er einn af aðstandendum þessa nýja tímarits.

„Það hefur hlotið nafnið Rafskinna og er DVD-diskur og tímarit saman í pakka en aðaláherslan er á diskinn. Það verða um það bil tvær klukkustundir af ýmsu snilldarefni á honum. Svo verður líka prentefni, bæði sem styður efnið á disknum og sjálfstætt efni. Til dæmis verður viðtal við Jimi Tenor í blaðinu og stuttmynd eftir hann á DVD-disknum en svo verður líka efni eins og framhaldssaga eftir Örvar [Þóreyjarson Smárason úr múm] í blaðinu og matreiðsluþáttur með Ghostigital á DVD disknum.“



**NÝTT DVD-TÍMARIT** Sigurður Magnús Finnsson og Ragnheiður Gestsdóttir, tveir af aðstandendum DVD-tímaritsins Rafskinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umfjöllunarefni Rafskinnu verður samtímalist; tónlist, myndlist, bókmenntir og hönnun, með áherslu á grasrótina.

Þetta form er ótrúlega áhugavert því það opnar nýjar víddir í tímaritaheiminum. Í stað þess að lesa bara umsögn um tónlistina þá geturðu hlustað á hana og horft á tónlistarmennina flytja lögin. Það er líka óneitanlega allt öðruvísi upplifun að fara á safn og horfa á vídéóverk eða horfa á það heima í stofu.

Sigurður bendir á að tímaritið sé hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og jafnframt eitt hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum. „Furðulítið er til af svona efni úti í heimi, það sem mætti kannski helst bera Rafskinnu saman við er tímaritið Specialten.“ Specialten er breskt DVD-rit sem byrjaði með tiltölulega litla dreifingu en er nú selt vítt og breitt um heiminn, í plötuverslunum, listagalleríum og bókabúðum.

Meðal efnis Rafskinnu verður hreyfimynd eftir myndasöguhöfundinn og leikskáldið Hugleik Dagson. Ný tónlistarmyndbönd með GusGus, múm, Rass og fleirum og gömul Sykurmola-myndbönd. Einnig verða viðtöl við Coco Rosie og Jimi Tenor ásamt stuttmynd eftir hann eins og fram kom hér að ofan, tónlistarverk eftir Ólöfu Arnalds og ótalmargt fleira.

Óhætt er að segja að þetta er eitthvað sem enginn með áhuga á tónlist eða annars konar listum ætti að láta fram hjá sér fara.

Auk Sigurðar standa að útgáfunni Pétur Már Gunnarsson myndlistarmaður og Þórunn Hafstað og Ragnheiður Gestsdóttir kvikmyndaleikstjórar. Öll hafa þau verið áberandi á sínum sviðum. Ragnheiður hefur meðal annars gert þrjár heimildarmyndir um Björk.

Rafskinna mun koma út ársfjórðungslega og stefnt er að því að fyrsta tölublaðið komi út í lok apríl.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á this.is/rafskinna/, heimasíðu Rafskinnu. jara@frettabladid.is

Einstaka kona loksins!
Námskeið fyrir þig.
Ég um mig

Líkamsrækt og fróðleikur.
Frábærir fyrirlestrar um:
Jákvæðni, húmor og sjálfstyrkingu
Sorgarferlið og sjálfsmat.
Samskipti kynjanna.
Hvað hefur kona sem er með fjármálin í lagi.
Hjúskapur, sambúð, forsjá og umgengi.
Dauður.
Mörk í samskiptum.
Sjálfsmat barna.
Stílisti.
Förðun.
Náttúran og ég.
Skráning á egummig.is

# Brettafólk flykkist norður

Brettafélag Íslands stendur fyrir svokölluðu brettasessjóni í Hlíðarfjalli á laugardaginn. „Þeir eru búnir að kaupa tíu „rail“ sem við ætlum að vígja,“ útskýrði Linda Björk Sumarliðadóttir hjá Brettafélaginu. Þar að auki verða pallar og pípa í hlíðinni, ef snjórinn dugar til. „Þetta verður ekki formlegt mót, og öllum er velkomið að taka þátt. En við munum samt veita verðlaun fyrir besta trikkið í pípu, á palli og á reili,“ sagði Linda.

Félagar í Brettafélaginu, eins og aðrir skíðamenn, elta snjóinn norður yfir heiðar, og segir Linda lítið hafa verið hægt að gera í vetur vegna snjóleysis. Með nýjum tækjum í Hlíðarfjalli virðist hagur brettafólks þó vænkast. „Aðstaðan ætti að verða mjög fín. Þeir hafa verið með pípu í vetur, og við setjum væntanlega upp tvo palla,“ sagði Linda, sem segir Hlíðarfjall þar með státa af einu alvöru



**LINDA BJÖRK SUMARLIÐADÓTTIR** Segir hag brettafólks vænkast með nýjum tækjum í Hlíðarfjalli.

brettaaðstöðunni á landinu. „Það hefur verið aðstaða í Bláfjöllum, en það hefur bara verið svo lítill snjór og svo stopult hvenær það er opið, að það hefur bara ekki verið hægt að gera neitt. Síðast þegar það var svona góð aðstaða í fjalli var í Skálafelli í kringum 2000. Það er langt síðan,“ sagði hún.

Eftir brettaskemmtunina þeyta plötusnúðarnir Benni B-Ruff, DJ Moonshine og DJ Sverrir skífum á Dátanum á Akureyri fyrir þá sem hafa aldur til. - sun

ÁSKRIFT: 515 6100 I VERSLANIR VODAFONE
X FACTOR
Esso
HVERJIR FARA Í ÚRSLIT?
XFACTOR - í kvöld kl. 20:30
2 skemmtilegri



JOGVAN - ELDRI EN 25 ÁRA
• SHE WILL BE LOVED - MAROON 5
• ARE YOU GONNA GO MY WAY - LENNY KRAVITZ
900-9001 / SMS X 1 Í NÚMERIÐ 1918



GUÐBJÖRG - YNGRI EN 25 ÁRA
• WORDS - THE BEE GEES
• PUT YOUR RECORDS ON - CORINNE BAILEY RAY
900-9002 / SMS X 2 Í NÚMERIÐ 1918



HARA - SÖNGHÓPUR
• GRACE KELLY - MIKA
• WHAT A FEELING - IRENE CARA
900-9003 / SMS X 3 Í NÚMERIÐ 1918

# BÍLASTÆÐUM FJÖLGAR AFTUR VIÐ SMÁRATORG




## BÍLASTÆÐUM FJÖLGAR

Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem framkvæmdirnar hafa valdið viðskiptavinum okkar. Umferð er nú hleypt aftur á bílastæði Smáratorgs.
Við biðjum ökumenn og vegfarendur áfram að sýna okkur þolimæði og tillitsemi á framkvæmdatímanum.

SMÁRATORG

SMÁRATORG | Sundaborg 7 | 104 Reykjavík | Sími: 533 2880 | Fax: 533 2881




# Lukkutalan tuttugu og þrír

**Hljómsveitin Blonde Redhead mun brátt gleðja íslenska tónlistarunnendur á ný en tríóið heldur tvenna tónleika í aprílbyrjun. Einnig er von á nýrri plötu frá bandinu svo við slógum á þráðinn til trommuleikara sveitarinnar, hins hógværa en spurula Simone Pace.**



**BEINSKEYTT PLATA FRÁ BRÁÐSKEMMTILEGRI HLJÓMSVEIT** Félagar í Blonde Redhead hafa aukinheldur áhuga á hestum og mótorhjólum. MYND/SEBASTIAN MLYNARSKI

„Mér finnst þetta bara fín plata,“ segir Pace íhugull þegar hann er inntur eftir lýsingu á nýjasta sköpunarverki tríósins. Platan „23“ kemur út í Bandaríkjunum 23. apríl en hún er sjöunda plata sveitarinnar sem síðast gaf út plötuna „Misery is a Butterfly“ árið 2004. Pace orðar það svo að nýja platan sé beinskeyttari og dálítið ákveðnari en sú síðasta og útskýrir að tónsmíðarnar hafi gengið greiðar en áður. „Við semjum lögin í sameiningu og það gekk nokkuð vel, það var alls ekki jafn flókið og oft áður,“ útskýrir Pace en hljómsveitin hefur starfað í óbreyttri mynd frá árinu 1995 svo félagar hennar eru líklegast orðnir nokkuð vel kunnugir, bróðir Simone og tvíburi, Amedeo Pace, syngur og leikur á gítar sem og hin sjarmerandi Kazu Makino.

Pace líkir titli plötunnar við skemmtilega tilviljun. „Þessi tala hefur sérstaka þýðingu fyrir Kazu, hún er alltaf að hnjóta um hana, þetta er til dæmis númerið á íbúðinni hennar. Það var nú bara pínu fyndið að platan ætti að koma út 23 . apríl. Við vildum velja einfaldan titil á plötuna – kannski færir þessi tala okkur gæfu?“

Platan var tekin upp í New York og tók sú vinna um tvo mánuði. „Það erfiðasta var að við vorum ekki með neinn upptökustjóra í þetta sinn,“ bætir Pace við, „svo þetta var heilmikil vinna en við höfum verið að þjálfa okkur til að geta gert þetta allt sjálf. Við höfum fengið aðstoð á hinum plötunum okkar en erum alltaf mjög virk í öll upptökuferlinu. Nú vorum við bara til í að láta reyna á það. Erfiðast var að skipuleggja sig og finna tíma til að gera allt – þegar maður er að taka upp þá flýgur tíminn frá manni. Í New York býr maður ekki við þau forréttindi að geta verið eins lengi og manni sýnist í stúdíóinu, mér skilst að það sé aðeins öðruvísi hjá ykkur á Íslandi? Er það ekki aðeins afslappaðra?“



**ÍSLENSKUR LIÐSMAÐUR** Meðlimir Blonde Redhead vonast til þess að Skúli Sverrisson leiki með þeim á tónleikum hérlendis í byrjun næsta mánaðar.

Blaðamaður hefur engan heilbrigðan samanburð svo hann snýr talinu að tónleikunum og spyr á hverju hlustendur megi eiga von í aprílbyrjun. „Við ætlum að reyna að spila eitthvað af nýju lögunum, eins mörg og við getum. Kannski spilar Skúli [Sverrisson] með okkur – ég veit það ekki ennþá,“ segir Pace rólyndislega. Tónlistarmaðurinn Skúli Sverrisson er góðkunningi hljómsveitarinnar og hefur leikið á bassa fyrir sveitina um árabil, allt frá fyrstu plötunni. „Við höfum þekkst í næstum tuttugu ár,“ áréttar Pace, „hann er frábær gaur. Bara mætir í stúdíóið og gerir allt í einni heimsókn. Hann skilur tónlistina strax.“

Blonde Redhead leikur á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll 5. apríl ásamt Kristinu Hersh, forsprakka bandarísku hljómsveitarinnar Throwing Muses sem dáleiddi gesti Innipúkans í fyrra. Hljómsveitin Reykjavík! mun einnig láta í sér heyra.Tríóið leikur síðan á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði 7. apríl. „Er það ekki einhvers staðar á miðri eyjunni?“ spyr Pace forvitinn og vill einnig vita hvort tónleikarnir verði inni eða úti. Hann virðist nokkuð sáttur við svör blaðamanns og segir af lýsingar á aðstæðum þar vestra hljómi bara vel. Að lokinni Íslandsför tekur við tónleikamaraþon um allar trissur, fyrst ferðast sveitin um Bandaríkin og mun síðan leggja meginland Evrópu að fótum sér og skreppa til Ástralíu og Japan. „Já,“ segir trommarinn og dregur seiminn, „það verður dálítið mikið að gera.“

Pace útskýrir að hljómsveitin taki næstum allan tíma þeirra félaga og því gefist þeim fá tækifæri til annarra starfa. „Þá sjaldan við höfum tíma reynum við að gera fleira sem við höfum yndi af - Kazu hefur til dæmis mjög gaman af hestum og ég af mótorhjólum. Ég veit ekki hvað við gerum ef við fáum einhvern frítíma á Íslandi – kannski ég fái bara að hanga með Skúla?“

kristrun@frettabladid.isw

# Brimbrettarokk fyrir uppvakninga!

Þeir líta út eins og blanda af liðsmönnum The Kinks og Velvet Underground. Það er fyrir utan hárskrímslið ógurlega sem er eins konar asísk útgáfa af Robert Smith úr The Cure. Þegar þessi frumraun The Horrors er svo komin í tækið leyna áhrif frá The Birthday Party, The Cramps eða Bauhaus sér ekki.

Þetta er þunglamalegt og oft draugalegt rokk á köflum. Þar á ég ekki við að tónlistin sé hæg, þvert á móti fær trommarinn að svitna all verulega. En dimm og lág rödd söngvarans og drakúlalegur orgelleikurinn fær sveitina til þess að hljóma eins sörf-rokk fyrir uppvakninga. Það er greinilega með vilja gert að láta tónlistina hljóma skuggalega í samræmi við allan eyeliner-inn sem þeir mála undir augun á hverju kvöldi, auðvitað eftir að myrkva tekur. Svona rokk vampírur láta ekki sjá sig í dagsbirtu.

The Horrors er vissulega áhugaverð sveit, þá sérstaklega fyrir þá ákvörðun sína að gefa út plötu sem hunsar málamiðlanir tónlistariðnaðsins algjörlega. Við fyrstu hlustun er ekkert lag hérna sem ég gæti ímyndað mér að útvarpsstöðvar myndu vilja spila. Það er svo kannski einmitt vegna þessarar staðfestu þeirra að þeir fengu þó nokkra athygli frá bresku útvarpsstöðvunum? Lagið Sheena is a Parasite hefur gert ágætis lukku í Bretlandi og liðsmenn sveitarinnar eru orðnir fastagestir í tónlistarblöðum á við NME.

The Horrors eru eins og skuggahliðin af Bloc Party. Ef breski tónlistarmarkaðurinn væri teiknimynd væru The Horrors skuggalegu og ofbeldisfullu andhetjurnar sem væru alltaf að reyna rífa niður ímynd góðu gæjanna. Svipað eins og The Misfits í Jem-teiknimyndunum. Þessi tónlist er sköpuð sem andstæða af umhverfinu. Flótti liðsmanna frá því að verða eins og allir hinir.

Þetta er fínasta frumraun þrátt fyrir að hún hljómi eins og hún sé gerð seint á áttunda áratugnum.

**Birgir Örn Steinarsson**



**TÓNLIST**
**Strange House**
The Horrors
★★★
Frumraun The Horrors inniheldur þungt, drungalegt rokk sem ætti að heilla aðdáendur sveita á borð við The Birthday Party.




*EF MYNDIRN CASINO ROYALE EÐA BORAT ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

TILBOÐIÐ GILDIR 29. MARS - 10. APRÍL UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING - MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDABRENGL.








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kona sem heldur því fram að hún sé raunveruleg móðir þriggja barna poppstjörnunnar **Michael Jackson** hefur lagt fram kæru gegn honum í þriðja sinn. **Nona Paris Lola Jakcson** heitir konan og hún fer fram á umgengnisrétt við börnin sem og framfærslueyri frá Jackson. Í kröfu konunnar kemur fram að hún sé tilbúin að láta Michael Jackson hafa fullt forræði yfir börnunum í skiptum fyrir Neverland-búgarð hans sem og talsverða fjármuni. Talskona Michaels Jackson segir kröfur konunnar og gerðir vera fáránlegar.

# Aparnir á Hróarskeldu

Breska hljómsveitin Arctic Monkeys mun spila á Hróarskelduhátíðinni í sumar, annað árið í röð. Bætist hún í hóp þekktra nafna á borð við Björk, Red Hot Chili Peppers, Muse, Arcade Fire og Slayer.

Haldið verður upphitunarpartí fyrir Hróarskeldu á Bar 11 hinn 27. apríl. Fyrirhugað er að hafa happdrætti þar sem hægt verður að vinna tvo miða á hátíðina og spiluð verður tónlist með hljómsveitum sem munu spila í ár eða spilað hafa á hátíðinni. Miðasala á hátíðina er í gangi á midi.is og kostar miðinn 18.950 krónur.



**ARCTIC MONKEYS** Breska hljómsveitin Arctic Monkeys spilar á Hróarskeldu í sumar.





BÚSETI

**Búseti hsf boðar til aðalfundar fimmtudaginn þann 12. apríl kl. 17:00 á Grand Hótel.**

**Venjulega aðalfundarstörf**

**Tillögur að breytingum á samþykktum liggja frammi á skrifstofu félagsins**

**Stjórnin.**

HALLA FÉKK 43 SKEYTI, FLEST AF ÖLLUM Í BEKKNUM.




Heillaskeyti á fermingardaginn er persónuleg leið til að tjá vináttu og væntumþykju.

Sendu skeyti - farðu inn á **www.postur.is** eða hringdu í síma **1446**.

Einfalt og skemmtilegt!






**Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| MRS POTTER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | SCIENCE OF SLEEPS | kl. 8 |
| ROBINSON F... ÍSL TAL | kl. 5 - 7 | Leyfð | LADY CHATTERLEY | kl. 8 |
| THE GOOD GERMAN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 | TELL NO ONE | kl 5:40 |
| 300. | kl. 9 | B.i.16 | HORS DE PRIX | kl.10:20 |
| | | | PARIS, JE T'AIME | kl 5:40 |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HOT FUZZ | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 |
| HOT FUZZ VIP | kl. 8 - 10:30 | | MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| ROBINSON F... M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð | SMOKIN ACES | kl. 10:30 | B.i.16 |
| ROBINSON F... VIP | kl. 3:40 - 5:50 | | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 3:40 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | b.i 7 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE...M/- ENSKU Tali | kl. 8:10 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| WILD HOGS | kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.7 | |
| NORBIT | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE ROBINSONS | kl. 5:50 | Leyfð |
| SCHOOL FOR... | kl. 8 - 10:10 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 | Leyfð |
| EPIC MOVIE | kl. 6 | Leyfð |
| 300 | kl. 10:10 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| MEET THE ... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð |
| 300 | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |

www.SAMbio.is ( 575 8900 www.SAMbio.is




**ÞORSTEINN OG EINAR** Tónleikahaldarinn Þorsteinn Stephensen og Einar Örn, fyrrum Sykurmoli og starfsmaður Smekkleysu, stóðu á bak við heimsfrumflutninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LAGÐAR VIÐ HLUSTIR** Nýjasta plata Bjarkar virtist fara vel í mannskapinn.

# Volta heimsfrumflutt

**Fólk úr tónlistarbransanum og fjölmiðlaheiminum mætti á Kaffibarinn á dögunum til að hlýða á heimsfrumflutning nýjustu plötu Bjarkar Guðmundsdóttur, Volta.**

Heimsfrumflutninginn bar upp á sama dag og miðasala hófst á tónleika Bjarkar í Laugardalshöll hinn 9. apríl. Þetta verða fyrstu tónleikar Bjarkar hér á landi í sex ár og jafnramt þeir fyrstu á tónleikaferð Bjarkar um heiminn. Volta, sem er sjötta hljóðversplata Bjarkar, kemur út hinn 7. maí. Á meðal þeirra sem aðstoða hana á plötunni eru Timbaland, Mark Bell úr LFO, Konono n1, Antony Hegarty úr Antony and the Johnsons, Toumani Diabate, Min Xiao-Fen, Chris Corsano og Brian Chippendale úr Lightning Bolt.



**RAGNAR** Listamaðurinn Ragnar Kjartansson, söngvari Trabant, var á meðal gesta á Kaffibarnum.





FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



## > Dagný Linda nældi í silfur

Skíðakonan Dagný Linda Kristjánsdóttir varð önnur í bruni á sænska meistaramótinu sem fram fer í Åre. Hún var aðeins hálfri sekúndu á eftir hinni mögnuðu sænsku skíðakonu Nike Bent. Dagný Linda tók einnig þátt í tvíkeppni, þar sem skíðuð er sitt hvor ferðin í bruni og svigi, og þar lenti Dagný Linda í fimmta sæti. Góð ferð í bruninu skilaði henni þessum fína árangri í tvíkeppninni en svigið hefur ekki verið hennar sterkasta hlið. Tímabilið hefur verið erfitt hjá Dagnýju Lindu og því er ánægjulegt að hún sé að ljúka því á góðum nótum.



spor

sport@fr

**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR:** SPILAR MEÐ MALMÖ Í SUMAR OG HANNAR EINNIG NÝJAN LEIKVANG FÉLAGSINS

# *Var búin að hafna tilboðum frá öðrum félögum*



Ásthildur Helgadóttir er búin að gera samning við sænska liðið Malmö FF um að spila með liðinu í sumar en þetta verður fimmta árið hjá landsliðsfyrirliðanum í sænsku deildinni. „Ég er mjög ánægð með þetta. Ég var búin að gefa þeim endalaus tækifæri og var búin að hafna nokkrum tilboðum því ég vildi spila með Malmö. Þetta hefur verið frábær tími og á tímabilinu í fyrra gekk nánast allt upp hjá mér. Núna þarf ég að fá fleiri í liðinu með mér og við þurfum að láta liðið smella saman þannig að við getum virkilega blandað okkur í toppbaráttuna," sagði Ásthildur, sem segir deildina vera orðna svo jafna að enginn sigur sé bókaður fyrir fram. „Það er mjög spennandi tímabil fram undan og ég get ekki beðið eftir því að komast út. Það verður reyndar stuttur undirbúningur hjá mér en ég er búin að að æfa mikið sjálf," segir Ásthildur, sem flytur til Svíþjóðar en verður ekki að flakka á milli landa eins og á síðasta tímabili. „Það kom ekki til greina að gera þetta eins og í fyrra og ég var alveg búin í lokin þó svo að þetta hefði gengið mjög vel. Það var eins og ég væri ekki að gera nógu vel, hvorki hér heima eða úti. Ég náði að vinna mjög lítið og það bitnaði mjög mikið á vinnuveitanda mínum hér, Línuhönnun, sem gengur ekki til lengdar. Þetta er miklu betri niðurstaða. Ég er búin að fá mjög spennandi vinnu í hlutastarfi við að hanna nýjan leikvang fyrir Malmö FF. Ég tek síðan launalaust leyfi úr bæjarstjórn Kópavogs í nokkra mánuði," segir Ásthildur, sem hlakkar einnig til landsliðsverkefna ársins. „Það kitlaði að vera áfram úti því þá er maður að spila í betri deild og í hraðari fótbolta, sem hjálpar manni þegar maður kemur út í landsleikina. Vonandi verð ég valin í landsliðið. Það er mjög mikilvægt að okkar bestu leikmenn spili í betri deildum erlendis og þegar maður fær tækifæri til þess er mjög erfitt að segja nei. Það á að vera metnaður til þess að spila þar sem er æft meira og gæðin eru meiri. Það hjálpar okkur til þess að verða betri knattspyrnuþjóð," segir Ásthildur, sem varð þriðji markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar í fyrra og hefur alls skorað 38 mörk í 46 leikjum í deildinni.



**ÍSLANDSMET** Ragnheiður Ragnarsdóttir synti frábærlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HM í sundi í Melbourne:

## Íslandsmet og náði 20. sæti

**SUND** Ragnheiður Ragnarsdóttir KR náði mjög góðum árangri í 100 metra skriðsundi á HM í sundi í Ástralíu. Ragnheiður bætti Íslandsmet sitt um 7/10 og synti á 56,06 sekúndum, sem skilaði henni 20. sætinu af 130 keppendum.

Ragnheiður hefði þurft að synda nokkuð undir 56 sekúndum til þess að tryggja sig inn í undanúrslitin en þessi árangur er einn sá besti hjá íslenskri sundkonu á HM.

Hún bætti sinn besta árangur frá HM 2005 þegar hún varð í 24. sæti í 50 metra skriðsundi. Tími Ragnheiðar er auk þess vel undir FINA B-lágmarki á Ólympíuleikana í Peking.

Dagurinn hjá Jakobi Jóhanni Sveinssyni endaði ekki vel því hann var dæmdur úr leik í 200 metra bringusundi fyrir að koma aðeins með aðra hendina í bakkann.

**- óój**

# Íslenska landsliðið í knattspyrnu er ekki sókndjarfasta lið í heimi

**Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði var sáttur við frammistöðu íslenska landsliðsins á Mallorca. Hann segir lykilatriði að liðið bæti frammistöðu sína í hverjum leik. Hann vill ekki tala um ákvarðanir forráðamanna landsliðsins og segist vera sáttur. Stefnan er að vinna leiki í kjölfarið.**

**FÓTBOLTI** „Ég held að staða okkar í riðlinum sé ekkert verri en við var að búast fyrir þennan leik. Það voru fáir sem áttu von á því að við fengjum mikið úr honum," sagði Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði við Fréttablaðið eftir leik Spánar og Íslands á Mallorca á miðvikudagskvöld. Hann bætti því við að hann teldi sína menn hafa átt skilið að fá eitt stig úr leiknum. „Miðað við þá vinnu sem var lögð í leikinn áttum við kannski skilið jafnteflið. En þeir settu okkur vissulega undir mikla pressu í seinni hálfleik."

Spurður hvað hann vildi að gerðist í nánustu framtíð landsliðsins sagði hann að það væri erfitt að dæma liðið á þessum eina leik. „Við vorum á útivelli gegn einu sterkasta liði riðilsins. Það er því erfitt að segja hvort við höfum bætt okkur eitthvað sérstaklega. Varnarleikurinn var vissulega mjög fínn, við vorum þéttir fyrir og unnum vel. Í fyrri hálfleik náðum við að sækja að einhverju leyti og sköpuðum eitt og eitt hálffæri. En hvað framtíðina varðar tel ég að það sé ekki hægt að fara fram á meira en að við bætum okkur áfram."

Þegar hann var spurður hvort hann væri sáttur við þær ákvarðanir sem forráðamenn liðsins hafa tekið á undanförnum mánuðum var lítið um svör. „Ég ætla ekkert að tala um það. Ég er alveg sáttur," sagði Eiður.

Um markmið liðsins sagði hann að það væri vissulega stefnan að ná í stig og vinna nokkra leiki. „Við þurfum ekkert að ræða það nú hvort einhverra breytinga sé þörf eða hvað eigi almennt að gera. Við stöndum allir saman og höldum ótrauðir áfram. Við ætlum okkur auðvitað að ná í stig, sérstaklega á heimavelli."

Úrslit hinna leikjanna í riðli Íslands á miðvikudag vöktu sérstaka athygli. Liechtenstein gerði sér lítið fyrir og vann Letta ásamt því að Norður-Írar skutu sér á topp riðilsins með sigri á Svíum á Windsor Park. Ísland steinlá fyrir Lettum í haust, 4-0. „Það er endalaust hægt að hringsnúast í einhverjum úrslitum hér og þar. Það vita allir að okkar frammistaða gegn Lettum var engan veginn ásættanleg en ég ætla ekki að fara aftur í tímann og fjölyrða um þann leik."

Eiður segist sáttur við heildarframmistöðu sinna manna. „Það var ekki hægt að fara fram á mikið meira. Við lögðum okkar alla í leikinn og strákarnir eiga hrós skilið. Það verður ekki tekið af Spánverjum að þeir voru betri í leiknum enda undir þvílíkri pressu að bæta stöðu sína í riðlinum. Þeir hafa nú aðeins náð að rétta úr kútnum."

Um eigin frammistöðu sagði hann oft spilað skemmtilegri leiki. „Seinni hálfleikurinn var ekki sá skemmtilegasti en þetta er hluti af því að spila fyrir íslenska liðið. Það er ekki það sókndjarfasta í heimi. Rigningin vann með okkur í fyrri hálfleik er hún dró úr hraða spænska liðsins en pressan kom eftir hlé."



**SUNDKNATTLEIKUR** Eiður Smári komst lítt áfram í „sundlauginni" á Mallorca á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**eirikur@frettabladid.is**




Árni Gautur Arason fór á kostum gegn Spáni og hélt næstum hreinu:

# Minn besti leikur með landsliðinu

**FÓTBOLTI** „Ég held að það sé óhætt að segja að þetta hafi verið besti leikur minn með landsliðinu hingað til. Ég hef átt nokkra svona leiki með félagsliðum en aldrei með landsliðinu," sagði Árni Gautur Arason í samtali við Fréttablaðið aðfaranótt fimmtudags.

Aðspurður segist hann svekktur með úrslitin. „Jafntefli hefðu verið ótrúleg úrslit. Niðurstaðan var auðvitað sanngjörn og kannski rangt að fara fram á stig í svona leik."

Hann segir að aðstæður hafi verið afar erfiðar fyrir sig enda búið að rigna afar mikið bæði fyrir leik og á meðan honum stóð. „Það er erfitt að vera markvörður í svona leik enda völlurinn hrikalega sleipur. Ég hef að ég held aldrei haft svona mikið að gera í einum leik og get verið nokkuð sáttur. Spánverjar voru með stórskotahríð allan leikinn, fengu endalaus horn og voru með stanslausar fyrirgjafir allan leikinn."

Árni Gautur segir að þennan mikla sóknarþunga Spánverja í síðari hálfleik megi að stærstum hluta skrifa á þreytu íslensku leikmannanna. „Það fer gríðarleg orka í að hlaupa út um allar trissur til að verjast endalausum sóknarlotum. Ég var ánægður með varnarvinnuna og þá staðreynd að þeir fórnuðu sér allir fyrir hvern einasta bolta."



**ÁRNI GAUTUR** Veit ekki hvort hann verður áfram hjá Vålerenga eftir næsta tímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hann leikur með norska úrvalsdeildarliðinu Vålerenga og er að fara hefja sitt fjórða tímabil þar. Samningur hans við félagið rennur út að tímabilinu loknu en hann segir að engar viðræður séu hafnar um nýjan samning. „Ég ætla að sjá til í sumar hvað ég geri. Mér liggur ekkert á að ræða um nýjan samning og á alveg eftir að ákveða hvort ég vilji vera áfram hjá liðinu eða fara annað og prófa eitthvað nýtt."

Árni Gautur missti af upphafi undirbúningstímabilsins vegna uppskurðar sem hann fór í og hefur þjálfari Vålerenga deilt leikjum liðsins á báða markverði liðsins. Hann sagði fyrir skömmu að báðir ættu jafna möguleika á byrjunarliðssæti en hann ætlaði að sjá til eftir Spánarleikinn hvort Árni Gautur væri klár í slaginn.

„Ég er ekki hræddur við samkeppnina. Ég vona að þessi leikur hafi hjálpað mér og ef ég næ byrjunarliðssætinu sé ég enga ástæðu til að láta það af hendi síðar á tímabilinu. Ég er ákveðinn í að halda því."

**- esá**

# NÝ TÓNLIST




2.199

Doors
Very Best Of




1.890

Joe Cocker
Hymn For My Soul




1.890

Stooges
The Weirdness



2.199

Neil Young
Live At Massey Hall




2.199

Ballöður
Ýmsir




1.890

Jennifer Lopez
Como Ama Una Mujer




1.890

Macy Gray
Big




1.890

Katherine Jenkins
From The Heart




1.890

Money Mark
Brand New By Tomorrow



1.890

Elton John
Rocket Man



1.890

Redman
Red Gone Wild




1.890

Bratz
Bratz Fashion Pixiez

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI**



**FRÁBÆR** Casey Rost var allt í öllu í sóknarleik ÍS. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Undanúrslit Iceland Express-deildar kvenna:

## Stúdínur tryggðu sér oddaleikinn

**KÖRFUBOLTI** Stúdínur ætla ekkert að gefa eftir í undanúrslitaeinvígi sínu á móti Íslands- og bikarmeisturum Hauka. Þær tryggðu sér oddaleik með 87-77 sigri í fjórða leik liðanna í Kennaraháskólanum í gær.

Haukarnir komust í 2-11, 32-37 og 51-59 en í öll skiptin komu Stúdínur til baka. Það var ekki síst að þakka frábærri frammistöðu þeirra Casey Rost og Signýjar Hermannsdóttur. ÍS lagði grunninn að sigrinum í tíu mínútna kafla í lok þriðja og byrjun fjórða leikhluta 20-4 og komst átta stigum yfir, 71-63.

Fyrirliði Hauka, Helena Sverrisdóttir, átti frábæran leik líkt og í hinum tapleiknum en 34 stig og sjö þriggja stiga körfur hennar voru ekki nóg því aðrir leikmenn klikkuðu á 38 af 53 skotum sínum.

„Þetta var langbesti leikur seríunnar og mér fannst bæði lið spila sinn besta leik. Ég er mjög ánægður með að vinna Haukana þegar þær eru að spila vel því það sýnir gríðarlegan styrk hjá okkur. Nú er bara að vona að stelpurnar komi jafn tilbúnar í næsta leik eins og þær voru í dag því annars er þessi leikur til einskis,“ sagði Ívar Ásgrímsson, þjálfari ÍS, glaður í leikslok.

Casey Rost átti stórleik með ÍS, skoraði 37 stig, tók 10 fráköst og gaf 8 stoðsendingar. Hún hitti meðal annars úr 5 af 7 þriggja stiga skotum sínum. „Casey er búin að vera stigvaxandi í þessum leikjum. Hún spilaði ekki vel í fyrsta leik og faldi sig. Nú er hún að taka af skarið og það er ekki nóg með að hún skori vel yfir 30 stig því hún er að gera allar góðar í kringum sig. Hún tekur mörg fráköst og spilar vörnina á Helenu og kemur henni í mikil vandræði,“ sagði Ívar um Kanann sinn. Ívar var sérstaklega ánægður með framlag Lovísu Guðmundsdóttur. „Þetta var langbesti leikur Lovísu og varnarleikur hennar í þessum leik kveikti í hinum stelpunum,” sagði Ívar að lokum. **- óój**

**Stig ÍS:** Casey Rost 37 (10 frák., 8 stoðs., 5 stolnir), Signý Hermannsdóttir 17 (15 fráköst, 4 stoðs., 4 varin), Stella Rún Kristjánsdóttir 10, Hafdís Helgadóttir 6, Alda Leif Jónsdóttir 5, Lovísa Guðmundsdóttir 5, Tinna Björk Sigmundsdótir 4, Þórunn Bjarnad. 2, Helga Jónasdóttir 1.
**Stig Hauka:** Helena Sverrisdóttir 34 (8 frák., 6 stoðs., hitti úr 7 af 10 3ja stiga), Ifeoma Okonkwo 26 (15 frák.), Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Kristrún Sigurjónsdóttir 7, Unnur Tara Jónsdóttir 3.

# Aftur í bílstjórasætinu

**Njarðvík lét tapið í Grindavík um daginn ekki slá sig út af laginu og sýndi sínar réttu hliðar í gær. Unnu leikinn með tveim stigum, 89-87, eftir að hafa gert leikinn óþarflega spennandi. Njarðvík getur tryggt sig inn í úrslitin á mánudaginn.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík getur klárað einvígið gegn Grindavík í næsta leik en Njarðvík leiðir einvígið eftir tveggja stiga sigur í gær, 89-87. Grindavík var ekki fjarri því að stela sigrinum í lokin.

Bæði lið mættu grimm til leiks, spiluðu fínan sóknarbolta en varnarleikur beggja liða var frekar dapur mestan part fyrsta leikhlutans. Brenton Birmingham skoraði níu stig í leikhlutanum sem voru góð tíðindi fyrir heimamenn enda hefur Brenton ekki skorað mikið í síðustu tveim leikjum. Munurinn var tvö stig eftir fyrsta leikhlutann, 26-24 fyrir heimamenn.

Liðin héldu áfram að bjóða upp á leiftrandi sóknarleik í öðrum leikhluta. Hvergi var gefið eftir og munurinn lítill. Páll Axel bar Grindavíkurliðið á bakinu í öðrum leikhluta en það var verulegt áhyggjuefni fyrir Njarðvík að Jeb Ivey komst ekki á blað í fyrri hálfleik. Brenton bætti það þó upp með afbragðsleik. Munurinn í leikhléi var fjögur stig, 48-44 fyrir Njarðvík.

Varnarleikur beggja lið batnaði strax í upphafi seinni hálfleiks og lítið var skorað fyrri hluta þriðja leikhlutans. Njarðvíkingum gekk þó betur að koma boltanum ofan í körfuna og þeir náðu mest tíu stiga forystu í leikhlutanum, 60-50. Grindvíkingar komu til baka og munurinn var fimm stig fyrir síðasta fjórðunginn, 63-58.

Njarðvíkingar voru sterkari á lokakaflanum og gestina vantaði sárlega framlag frá fleirum en Páli Axel og Griffin. Dauðakippir gestanna voru þó góðir og þeir náðu að minnka muninn í eitt stig, 88-87, í lokin en lengra komust þeir ekki.

„Ég veit ekki hvað gerist í lokin. Ætli við höfum ekki viljað spila fyrir fólkið. Gera þetta spennandi,“ sagði Jóhann Árni Ólafsson brosmildur en hann átti enn og aftur fínan leik fyrir Njarðvík. „Við lítum svo á að síðasti leikur hafi verið undantekning frá reglunni. Við spilum ekki aftur svona og klárum þetta í næsta leik.“

Páll Axel Vilbergsson átti stórleik fyrir Grindavík og hann var að vonum svekktur. „Það má telja ýmislegt til í dag hjá okkur sem gekk upp. Við hefðum getað gert betur og ég hefði viljað fara héðan með sigur. Ég er hundsvekktur með þessa niðurstöðu. Við verðum að gera betur í næsta leik,“ sagði Páll. **henry@frettabladid.is**



**KOM STERKUR TIL BAKA** Njarðvíkingurinn Brenton Birmingham treður hér í körfuna í sigri Njarðvík á Grindavík. Páll Axel Vilbergsson kemur engum vörnum við. Brenton átti góðan leik og kom til baka eftir rólega leiki í sókninni. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

### STIGIN Í LEIKNUM

NJARÐVÍK-GRINDAVÍK 89-87

**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 17, Jóhann Árni Ólafsson 16, Jeb Ivey 15, Igor Beljanski 14, Guðmundur Jónsson 14, Friðrik Stefánsson 7, Egill Jónasson 4, Halldór Karlsson 2.
**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 28, Jonathan Griffin 22, Adama Darboe 14, Þorleifur Ólafsson 13, Páll Kristinsson 6, Davíð Hermannsson 4.
.
**Njarðvík** er 2-1 yfir og getur tryggt sér sæti í lokaúrslitin í Grindavík á mánudaginn.

SÍÐASTI DAGUR!
AÐEINS ÖRFÁ STYKKI EFTIR
30-70% afsláttur
Rýmingarsala!
seljum eldhústæki úr sýningaeldhúsum með verulegum afslætti!
Ofnar - Gufuofnar - Glerhellu- spanhelluborð með snertirofum - Háfar - Uppþvottavélar - Kaffivélar
SEVERIN Brandt Blomberg De Dietrich Saeco
OPIÐ til 18 í dag
www.ef.is
VIÐ DYRNAR
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is


LAGER
SALA
MIKIÐ ÚRVAL
NÝJAR VÖRUR
XBOX LEIKIR
frá 699
999
999
799
PC LEIKIR
frá 499
699
699
699
DVD MYNDIR
frá 299
699
699
699
699
699
PS2 LEIKIR
frá 699
999
999
999
TÓNLIST
TÖLVULEIKIR
S·K·Í·F·A·N
DVD MYNDIR
DVD TÓNLIST
SKEIFUNNI 17

Diego Armando Maradona:

## Sprautaður niður á sjúkrahúsi

**FÓTBOLTI Diego Maradona, einn besti knattspyrnumaður allra tíma, er aftur kominn í fréttirnar vegna slæms heilsufars.**

**Maradona liggur nú á sjúkrahúsi vegna reykinga og ofneyslu á mat og áfengi. Þetta 47 ára argentínska knattspyrnugoð hefur nú verið sprautað niður á heilsuhæli á meðan líkaminn nær að jafna sig. Kappinn var þó sjálfur ekkert á þeim buxunum að leggjast inn.**

**Maradona er ekki í lífshættu en hann hefur oftar en ekki farið illa með sig, ekki síst á meðan hann var háður eiturlyfjum. Áfengi og reykingar eru hins vegar tveir af löstunum sem hann hefur aldrei tekist að losna við.** - óój

LeBron James, leikmaður Cleveland Cavaliers, stendur í stórræðum:

## Byggir hús með keilusal og spilavíti

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltastjarnan LeBron James stendur í stórræðum þessa dagana enda að byggja hús sem er rúmlega 35 þúsund fermetrar. Þeir sem til þekkja segja húsið miklu frekar líkjast höll enda verður bíó, keilusalur, spilavíti og rakarastofa í höll James.

Húsið er byggt á stórri jörð rétt fyrir utan Cleveland og verður tilbúið á næsta ári. Byggingarsvæðið er tæplega sex hektarar. Fyrir utan spilasalinn, bíóið og allan íburðinn þá er heimilið sjálft með ellefu svefnherbergjum.

Á fyrstu hæðinni verður svíta þar sem meðal annars er tveggja hæða fataskápur sem er stærri en flest húsin í nágrannabæ hallar James.

Nú þegar er fjöldi fólk farinn að leggja leið sína að byggingasvæðinu þó enn sem komið er sé lítið að sjá.

Gárungarnir eru þegar byrjaðir að nefna húsið, búgarðinn eða skemmtigarðinn LeBron Land. Ungstirnið hefur sett sér það markmið að verða fyrsti íþróttamaður sögunnar sem er metinn á einn milljarð dollara.

- hbg



**KÓNGUR** LeBron James á nóg af peningum og hann virðist vita nákvæmlega hvað hann vill gera við þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fernando Morientes:

## Ekki með á móti Chelsea

**FÓTBOLTI** Spænski landsliðsframherjinn Fernando Morientes fór úr úr axlarlið í lok fyrri hálfleiks gegn Íslandi á miðvikudagskvöldið.

Morientes spilar með Valencia sem mætir Chelsea í átta liða úrslitunum meistaradeildarinnar en getur ekkert verið með í leikjunum vegna meiðslanna. Morientes má ekki hreyfa öxlina í fimmtán daga og verður frá keppni í þrjár til fjórar vikur.

Hann hefur áður farið úr axlarlið og það gerir meiðslin erfiðari viðfangs. Hann flæktist í marknetinu og datt illa eftir að hafa verið að fylgja eftir einu af þeim mörgu skotum sem Árni Gautur Arason varði í leiknum. - óój






Hvað sögðu spænsku fjölmiðlarnir um frammistöðu leikmanna á Palma?

## Þrír gáfu Árna Gauti fullt hús

**FÓTBOLTI** Það er greinilega mikill léttir í herbúðum Spánverja ef marka má blöð gærdagsins á Spáni. Mörg þeirra, sérstaklega þau sem eru á bandi Barcelona, segja að markaskorarinn Iniesta hafi reynst hetja spænska liðsins. Mundo Deportivo segir hann vera „ofurstjörnu“ Spánverja.

Það blað er eitt þriggja af þeim fimm stóru á Spáni sem gáfu Árna Gauti Arasyni fullt hús fyrir frammistöðu hans í íslenska markinu í gær. As gengur skrefinu lengra og gefur honum einum bestu einkunn í báðum liðum.

Blöðin voru misánægð með fyrirliðann Eið Smára Guðjohnsen. Íþróttablöðin í Madríd, Marca og As, gefa honum núll á meðan Sport og Mundo Deportivo, frá Barcelona, koma honum til varnar. Staðsetning blaðanna er þó engin tilviljun.

Marca og As eru reyndar ansi grimm í sinni einkunnagjöf og gefa ófáum leikmönnum núll í einkunn. Ívar Ingimarsson er eini varnarmaðurinn sem fær núll hjá Marca. Hjá As er einkunnagjöfin ekki flókin; Árni Gautur er maður leiksins, vörnin fékk tvo, djúpu miðjumennirnir einn og restin núll.

- esá



**SKREFI Á EFTIR** Arnar Þór Viðarsson og félagar í íslenska landsliðinu voru æði oft að elta Spánverjana. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**DÓMAR SPÆNSKU BLAÐANNA**

| Dagblað | Marca | Mundo D. | As | Sport | El Mundo |
|---|---|---|---|---|---|
| Einkunnaskali | 0-3 | 1-3 | 0-3 | 1-10 | 1-3 |
| Árni Gautur | 2 | 3 | 3 | 7 | 3 |
| Kristján Örn | 1 | 1 | 2 | 5 | 1 |
| Ólafur Örn | 1 | 2 | 2 | 5 | 1 |
| Ívar | 0 | 2 | 2 | 5 | 1 |
| Gunnar Þór | 1 | 1 | 2 | 4 | 1 |
| Grétar Rafn | 1 | 1 | 0 | 5 | 1 |
| Brynjar Björn | 1 | 1 | 1 | 5 | 2 |
| Arnar Þór | 1 | 1 | 1 | 4 | 2 |
| Emil | 1 | 2 | 0 | 4 | 1 |
| Eiður Smári | 0 | 2 | 0 | 5 | 1 |
| Veigar Páll | 0 | 1 | 0 | 4 | 1 |








**UTAN VALLAR** EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON SEGIR SÍNA SKOÐUN

## Gras og gervigras

Eyjólfi Sverrissyni var tíðrætt í aðdraganda leiks Spánar og Íslands hvort þeir leikmenn sem honum stæði til boða væru í leikæfingu eða ekki. Sérstaklega þó hvort þeir væru búnir að venjast við að spila á grasi eða gervigrasi undanfarna mánuði. Fram undan væri leikur sem færi fram á, jú, grasi.

Þessi rök hafa ekki komið fram hjá landsliðsþjálfara áður. Skiptir það einhverju máli hvort menn hafa spilað á gervigrasi eða ekki? Aðalmálið er hvort menn hafi spilað einhvern alvöru bolta eða ekki.

Það er þó kórrétt hjá Eyjólfi að hans höfuðverkur stafar að miklu leyti til af því að hans menn eru flestir að spila annaðhvort yfir sumartímann (Ísland, Svíþjóð, Noregur) eða vetrartímann (önnur lönd). Það er því ekki nema að hluta til sem allir leikmenn eru í leikæfingu.

Grasmennirnir, þeir sem eru í leikæfingu, duttu út hver á fætur öðrum í aðdraganda leiksins. Fyrst Heiðar Helguson af persónulegum ástæðum. Svo Hermann Hreiðarsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson vegna meiðsla og Jóhannes Karl Guðjónsson vegna barneigna konu sinnar. Þetta eitt og sér var nóg til að dæma þennan leik gegn Spánverjum dauðan og ómerkan að flestra mati.

En þeir íslensku strákar sem fengu að spila í fyrradag stóðu sig flestir þokkalega. Það var þó allt of áberandi hvaða leikmenn væru í leikformi og hverjir ekki. Arnar Þór Viðarsson á 22 mínútur í hollensku úrvalsdeildinni í vetur, Emil Hallfreðsson á ekki alvöru leik síðan í október og Kristján Örn Sigurðsson er rétt að skríða saman eftir meiðsli. Þá hefur Hannes Sigurðsson verið sjóðheitur í undanförnum æfingaleikjum Viking en þurfti að víkja fyrir varaliðsmanni Tottenham.

Grétar Rafn Steinsson var annar tveggja í liðinu sem var í almennilegri leikæfingu. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum var hann látinn spila aðra stöðu en þá sem hann hefur gert í allan vetur!

Margir stóðu sig þó vel: Árni Gautur þrátt fyrir að hafa farið í uppskurð fyrir skömmu og nýliðinn Gunnar Þór Gunnarsson komst klakklaust í gegnum leikinn. Hann féll með Fram í 1. deildina fyrir einu og hálfu ári síðan.

Það var margt ágætt í þessum leik. En byrjunarliðið var skrítið. Fyrsta skrefið ætti að velja þá menn sem eru bestir í hverri stöðu fyrir sig. Áðurnefnt tilfelli Grétars er ágætt dæmi um það. Það er bara einn maður yfir þessa umræðu hafinn í íslenska landsliðinu, það er vitanlega fyrirliðinn.

Gras og gervigras er spurningin, segir Eyjólfur. Það var einnig lykilþáttur í þeirri ákvörðun að fara ekki til Svartfjallalands á laugardaginn síðasta. Það voru mistök. Eftir stendur einn ómarktækur leikur sem fór fram í gríðarmiklum vatnselg, þar sem menn lágu í vörn langstærsta hluta leiksins. Næst eru það Liechtenstein og Svíþjóð. Krafan hlýtur að vera að minnsta kosti fjögur stig en enn á ný rennum við að miklum hluta blint í sjóinn vegna skorts á almennilegum verkefnum undanfarna mánuði.



David Healy kom Norður-Írlandi á toppinn í fyrsta sinn síðan 1988:

# Tapið gegn Íslandi kveikti í Norður-Írum

**FÓTBOLTI** Eitt mesta ævintýrið í undankeppni EM í Austurríki og Sviss 2008 á sér stað í okkar riðli. Norður-Írar, sem töpuðu 0-3 fyrir Íslandi á heimavelli í fyrsta leik og hafa ekki komist í úrslitakeppni stórmóts síðan 1986, eru á toppi íslenska riðilsins með 13 stig úr 6 leikjum.

Norður-írska liðið vann 2-1 sigur á Svíum í uppgjöri efstu liðanna í fyrrakvöld og hafa eins stigs forskot á Svíana sem eiga reyndar leik til góða. Þetta er í fyrsta sinn síðan árið 1988 sem Norður-Írland er í efsta sæti í sínum riðli.

Lykilmaðurinn í uppgangi Norður-Íra er 28 ára framherji Leeds, David Healy. Healy skoraði bæði mörkin í sigrinum á Svíum, þrennu í 4-1 sigri á Liechtenstein, sigurmark gegn Lettlandi og öll þrjú mörkin í 3-2 sigri á Spánverjum. Healy er nú orðinn markahæsti leikmaður undankeppninnar og hefur skorað 9 af 10 mörkum norður-írska liðsins í sex leikjum liðsins.

„Á meðan ég held áfram að skora þá getur allt gerst,“ sagði Healy og bætti við. „Við brugðumst sjálfum okkur í tapinu á móti Íslandi en höfum síðan þá bætt okkur gríðarlega mikið og það er að skila okkur þessari stöðu.

Lawrie sýndi okkur stigatöfluna í síðustu viku og að við gætum komist á toppinn eftir þessa tvo leiki. Þetta útspil hans heppnaðist fullkomlega,“ sagði Healy sem hefur „aðeins“ skorað 8 mörk fyrir Leeds í 39 leikjum í vetur en liðið er í harðri fallbaráttu í ensku 1. deildinni. „Vonandi get ég komið aftur til Leeds og skorað nokkur mörk svo við getum haldið sætinu okkar í deildinni,“ sagði Healy.

„Mig skortir orð til að lýsa David Healy. Ef við sköpum færi fyrir hann þá skorar hann mörk fyrir okkur. Hann fékk tvö færi í kvöld og skoraði úr báðum með heimsklassa afgreiðslu,“ sagði Lawrie Sanchez, þjálfari Norður-Íra. „Það er frábært að vera á toppi riðilsins þegar undankeppnin er hálfnuð og það er stórkostlegt að vera komnir með 13 stig úr 6 leikjum. Við vitum samt að við þurfum að fá jafnmörg stig ef ekki fleiri út úr hinum sex leikjunum því það er nóg af fótbolta eftir í þessum riðli,“ bætti Sanchez við. **- óój**



**AÐALMAÐURINN** David Healy hefur skorað 9 af 10 mörkum Norður-Íra í undankeppninni.
NORDIC PHOTOS/GETTY



**PIRRAÐUR** Það er mikil pressa á Steve McLaren, þjálfara enska landsliðsins.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Pressa á Steve McClaren:

## Skrifið það sem þið viljið

**FÓTBOLTI** Steve McClaren, þjálfari enska landsliðsins, má þola harða gagnrýni þessa dagana, ekki bara frá ensku pressunni heldur einnig stuðningsmönnum enska landsliðsins.

Enskir áhorfendur voru allt annað en ánægðir með frammistöðu enska landsliðsins í 3-0 sigri á Andorra en það tók liðið 54 mínútur að skora fyrsta markið. Þeir púuðu á enska liðið og heimtuðu að McLaren yrði rekinn.

Þetta var fyrsti sigur liðsins í sex leikjum en enska landsliðið á hættu á að missa af sæti á EM. Steve McLaren var ekki margmáll á blaðamannafundi eftir leikinn og sagði ensku fréttamönnunum að þær mættu bara skrifa það sem þeir vildu.

Leikmenn enska liðsins hafa beðist vægðar fyrir þjálfara sinn og enska knattspyrnusambandið hefur lýst yfir stuðningi en á meðan enska liðið spilar jafnilla er ljóst að gagnrýni og óánægjan með störf hans á ekki eftir að minnka. **- óój**



**VERÐLAUNUÐ** Hafdís Helgadóttir hefur tekið þátt í 22 Íslandsmótum í röð.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hafdís Helgadóttir hjá ÍS:

## Búin að spila 22 tímabil í röð

**KÖRFUBOLTI** Hafdís Helgadóttir, 42 ára leikmaður ÍS í Iceland Express-deild kvenna, fékk sérstaka viðurkenningu í gær en hún bætti leikjametið í 1. deild kvenna í vetur og hefur tekið þátt í öllum Íslandsmótum frá árinu 1985 eða í 22 Íslandsmótum í röð.

Hafdís hefur alls leikið 335 leiki og skoraði 3.025 stig í deildarkeppninni. Hún fékk viðurkenninguna fyrir fjórða leik ÍS og Hauka í undanúrslitaeinvígi Iceland Express-deildar kvenna en aðeins fjórir leikmenn Haukaliðsins voru fæddar þegar Hafdís lék sinn fyrsta leik á sama stað fyrir tæpum 22 árum. **- óój**


ÍSAFOLD ER KOMIN ÚT!






ÍSAFOLD – TÍMARIT FYRIR ALLA

Eftir hverju sér **Magni** mest? Hvers vegna hefur **Katrín Júlíusdóttir** þingkona aldrei búið með manni? Af hverju eru **einhneppt jakkaföt** málið í sumar? Hvað er besta **koníakið**? Hvar er **Cosmopolitan** bestur í miðborginni? Hvernig býrðu til Japanese mojito? Er líklegt að **Steingrímur J.** verði næsti forsætisráðherra? Hvernig lítur **nýja Reykjavík** út? Hvað er **Margrét Eir** að gera í New York? Er **Leg** góður söngleikur? Var **Haukur Morthens** skapmaður?

**Hvaða blað ert þú að lesa?** Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555** eða sendu okkur póst á **askrift @birtingur.is.**

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

## BEN STILLER



Foreldrar Bens eru hinir frægu grínistar Jerry Stiller og Anne Meara. Í æsku var Ben vanur að setja upp leikrit heima en söguþræðirnir voru alltaf eins; einhver stríddi Ben og hann leitaði hefnda. Árið 1987 fékk Ben eins árs hlutverk í gamanþættinum Saturday Night Live og eftir það lék hann meðal annars í mynd Stevens Spielberg og leikstýrði eigin mynd, Reality Bites, sem sló rækilega í gegn. Ben komst á stjörnukortið með myndinni There´s Something About Mary og síðan þá hefur hann leikið í hverri myndinni á fætur annarri. Ben er kvæntur leikkonunni Christine Taylor og eiga þau saman tvö börn. Ben leikur í Duplex á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** BERGSTEINN SIGURÐSSON ER Á FLÓTTA UNDAN GRACE KELLY

# *Af meindýrum og brúnum skyrtum*



Ljósvakamiðlar eru um þessar mundir ofsóttir af músíkölsku meindýri að nafni Mika, snoppufríðum snúð frá London sem hefur því miður sérhæft í sig útvatnaðri skrumskælingu á Queen. Lag hans, Grace Kelly, er sagt það allraallra vinsælasta á Íslandi þessa dagana. Um það skal ég ekki segja en hitt veit ég að það er sannarlega það mest spilaða því ég get ekki skrúfað frá hljóð- eða sjónvarpi án þess að þessi óværa skelli á hlustunum. Held ég hafi meira að segja heyrt þetta lag spilað á bæði Lindinni og alkastöðinni! Sá ljóti grunur er farinn að læðast að mér að Mika hafi tekið sér bólfestu í íslensku útvarpi líkt og salmonellusýking, sem ekkert fær grandað nema allra sterkustu sýklalyf.

Mikið hefur verið rætt og ritað um viðureign Verzló og MR í Gettu betur fyrir réttri viku, þá aðallega hvort dómarinn hafi haft sigurinn af fyrrnefnda skólanum. Á því hef ég svo sem ekki skoðun. Það vakti hins vegar athygli mína að einhverra hluta vegna mættu hinir vösku Verzlingar til leiks í brúnum skyrtum sem vöktu óheppileg hugrenningartengsl við þýskt ungmennafélag í síðari heimsstyrjöld. Þeir ættu kannski að finna sér annan stílista að ári. Viðureign MH og MK kvöldið eftir var bráðskemmtileg, snörp og fjörleg og vonandi vísir að því sem koma skal á úrslitakvöldið.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.15** Gettu betur - Úrslitaþáttur SJÓNVARPIÐ



▶ **22.25** The Full Monty STÖÐ 2



▶ **18.00** Duplex STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.50** Entertainment Tonight SIRKUS



▶ **22.30** Everybody loves Raymond SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.50 HM í sundi** Bein útsending frá Melbourne í Ástralíu.

**11.00 Hlé**

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Snillingarnir** (28:28)

**18.25 Ungar ofurhetjur** (20:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Gettu betur** Úrslitaþáttur í beinni útsendingu úr Verinu í Reykjavík.

**21.35 Skipt um akrein** (Changing Lanes) Bandarísk bíómynd frá 2002. Meðal leikenda eru Ben Affleck og Samuel L. Jackson.

**23.15 Anita og ég** (Anita and Me) Bresk bíómynd frá 2002. Tólf ára indversk stúlka flyst með foreldrum sínum í ensku Miðlöndin upp úr 1970. Hún reynir hvað hún getur að eignast vini meðal heimamanna en gengur ekkert of vel.

**00.45 Maðurinn með járngrímuna** (The Man in the Iron Mask) Bandarísk bíómynd frá 1998. Loðvík XIV Frakklandskóngur þykir grimmur harðstjóri. Hann á tvíburabróður sem hann hefur lokað inni og fáir vita af en djarfir menn ætla að reyna að hafa skipti á þeim bræðrum. Leikstjóri er Randall Wallace og meðal leikenda eru Leonardo DiCaprio, Jeremy Irons, John Malkovich, Gérard Depardieu, Gabriel Byrne, Anne Parillaud og Hugh Laurie. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.

**02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Agent Cody Banks 2. Destination London**

**08.00 Triumph of Love**

**10.00 Duplex**

**12.00 Lackawanna Blues**

**14.00 Agent Cody Banks 2**

**16.00 Triumph of Love**

▶**18.00 Duplex** Frábær gamanmynd.

**20.00 Lackawanna Blues** Sannsöguleg verðlaunamynd um munaðarlausan dreng sem ólst upp í Suðurríkjunum.

**22.00 Thoughtcrimes**

**00.00 Assault On Precinct 13**

**02.00 From Disk till Dawn 3**

**04.00 Thoughtcrimes**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**

**07.40 Tasmanía**

**08.00 Oprah**

**08.45 Í fínu formi 2005**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Forboðin fegurð**

**10.05 Amazing Race**

**10.50 Whose Line Is it Anyway? 5**

**11.15 Sisters**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Valentína**

**13.55 Valentína**

**14.40 The Apprentice**

**15.25 Joey**

**15.50 Titeuf**

**16.13 Kringlukast**

**16.38 Justice League Unlimited**

**17.03 Litlu Tommi og Jenni**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**

**19.40 The Simpsons** (e)

**20.05 The Simpsons**

**20.30 X-Factor** Úrslitakeppnin í X-Factor heldur áfram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind.

▶**21.35 Punk´d** Í kvöld verða þau Doug Robb og Stephen Coletti fyrir hrekkjum Ashtons sem hlífir engum.

**22.00 X-Factor - úrslit símakosninga**

**22.25 The Full Monty** Ein vinsælasta gamanmynd síðari ára fjallar um nokkra atvinnulausa stáliðjuverkamenn sem deyja ekki ráðalausir þótt á móti blási. Aðalhlutverk. Robert Carlyle, Tom Wilkinson, Mark Addy, Lesley Sharp.

**23.55 About Schmidt** Úrvalsmynd sem var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna. Aðalhlutverk. Jack Nicholson, Kathy Bates, Hope Davis, Dermot Mulroney.

**01.55 Foyle´s War 2**

**03.35 Balls of Steel**

**04.10 The Simpsons** (e)

**04.30 The Simpsons**

**04.55 Fréttir og Ísland í dag**

**06.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)

**18.30 Fréttir**

**19.00 Ísland í dag**

**19.20 Fashion Television** (e)

▶**19.50 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

**20.15 Sirkus Rvk** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu.

**20.45 Dr. Vegas**

**21.30 Britney and Kevin. Chaotic**

**22.00 Studio 60** Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki sem fengið hefur frábærar viðtökur vestanhafs.

**22.45 Standoff** Nýir spennuþættir með Ron Livingston úr Beðmálum í borginni og Rosemarie DeWitt úr Rescue Me.

**23.30 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.

**23.55 Chappelle´s Show** (e)

**00.25 American Inventor**

**01.15 Tuesday Night Book Club - NÝT** (e)

**02.05 Entertainment Tonight** (e)

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place** (e)

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**13.15 European Open Poker** (e)

**14.45 Vörutorg**

**15.45 Skólahreysti** (e)

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Melrose Place**

**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 Still Standing** (e) Þriðja þáttaröðin í þessari bráðskemmtilegu gamanseríu um hjónakornin Bill og Judy Miller og börnin þeirra þrjú.

**20.00 Fyndnasti Maður Íslands 2007** (4:5) Íslenskir grínistar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Kynnar keppninnar eru Radíusbræður, grínistarnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon.

**21.00 Survivor. Fiji** (7:15) Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

**22.00 The Silvia Night Show** (7:8) Silvía Nótt er mætt aftur á SkjáEinn með nýjan raunveruleikaþátt, The Silvía Night Show, þar sem áhorfendur fá að fylgjast með lífi þessarar stórstjörnu í gegnum súrt og sætt.

▶**22.30 Everybody Loves Raymond**

**22.55 European Open Poker** (6:6)

**00.25 House** (e)

**01.15 Beverly Hills 90210** (e)

**02.00 Melrose Place** (e)

**02.45 Vörutorg**

**03.45 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**05.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**18.00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.

**18.30 Liðið mitt** Spjallþáttur um fótbolta í umsjón Böðvars Bergssonar.

**19.30 Everton - Arsenal** (frá 18. mars)

**21.30 Upphitun** (e)

**22.00 Inter - AC Milan** (frá 11. mars)

**00.00 Upphitun** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

AXO



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
www.rafkaup.is // Opið lau.: 11:00 - 16:00
zetor

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

**X-Factor**

Úrslitakeppnin í X-Factor heldur áfram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind. Tólf atriði mættu til úrslita en nú eru aðeins þrjú eftir og verður stöðugt erfiðara fyrir dómara og þjóðina að velja á milli keppenda. Ef þú vilt að þinn uppáhaldskeppandi haldi áfram þá mátt þú ekki gleyma því að kjósa strax að lokinni keppni. Hvert einasta atkvæði skiptir máli.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### SKIPT UM AKREIN

### SJÓNVARPIÐ KL. 21.35



Changing Lanes er bandarísk bíómynd frá 2002. Þar segir frá lögfræðingi sem er að flýta sér í dómshús í mikilvægum erindagjörðum. Hann lendir í árekstri við drykkfelldan tryggingasala sem er að fara á sama stað út af forræðismáli. Lögfræðingurinn lætur sig hverfa en missir pappíra sem hann þurfti að leggja fram í dómnum. Upphefst þá eltingarleikur milli hans og tryggingasalans og er óhætt að segja að áreksturinn hafi afdrifaríkar afleiðingar fyrir báða aðila. Meðal leikenda eru Ben Affleck, Samuel L. Jackson, Toni Collette, Sydney Pollack og Amanda Peet.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Sögumenn: Ég er ómenntaðasti útvarpsmaður í heimi
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.22** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**15.15 Iceland Expressdeildin 2007** (Njarðvík - Grindavík)

**16.30 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**16.55 Meistaradeild Evrópu í handbolta** Bein útsending frá síðari leik Kiel og Portland San Antonio í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í handknattleik.

**18.30 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.

**19.00 Spænski boltinn - upphitun**

**19.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum og liðum auk þess sem farið er yfir mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**20.00 Pro bull riding** (St. Louis, MO - Enterprise Rent-A-Car Classic)

**21.00 World Supercross GP 2006-2007**

**22.00 Football and Poker Legends**

**23.40 NBA deildin** (Golden State - Phoenix)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Rubbadubbers **6.30** Et år med den svenske kongefamilie **7.30** Børneblæksprutten **7.45** Ungdomsprogram **8.00** Viften **8.30** En plads i livet **9.00** Livet ombord **9.30** Dig og mig **10.00** TV Avisen **10.10** Task Force 10.35 Grøn glæde **11.00** Rabatten **11.25** Aftenshowet **12.20** Hjerterum **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Flemmings Helte **13.30** Boogie Listen 14.30 F for Får **14.35** SvampeBob **15.00** Øreflip **15.30** Hunni*show **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hiv stikket ud med Master Fatman **19.00** TV Avisen **19.30** My Big Fat Greek Wedding **21.00** Frances Tuesday **22.40** Hercule Poirot **0.15** Den 11. time **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**7.30** Berulfsens fargerike **8.00** Siste nytt **8.05** Schrödingers katt **8.30** Newton **9.00** Siste nytt **9.05** VM svømming 2007 **10.00** Siste nytt **10.05** VM svømming 2007 **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Anne fra Bjørkely **13.40** Billys første kyss **14.00** Siste nytt **14.03** VG-lista Topp 20 **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** VG-lista Topp 20 **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin **16.10** Mekke-Mikkel **16.25** Pingvinen Jasper **16.30** Lure Lucy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Først & sist **20.15** Politiagentene **21.00** Kveldsnytt **21.15** Grammy Awards 2007 **23.10** Sorte orm **5.30** Påskemorgen **5.32** Mekke-Mikkel **5.45** Postmann Pat **6.00** Mikkes klubbhus

## SVT 1

**7.30** Samtal med **7.45** Keith on the road **8.15** Wer küsst schon einen Leguan? **8.45** Kaksi/två **9.15** Garage guld **9.45** UR-val **10.00** Rapport **10.05** Mitt i naturen **10.35** Saras kök **11.05** Svenska slag **12.30** Arty **13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Wild Kids **16.00** Höjdarna **16.30** Tillbaka till Vintergatan **17.00** Amigo **17.30** Rapport **18.00** Så ska det låta **19.00** Insider **21.35** Rapport **21.45** Kulturnyheterna **21.55** Stockholm live **22.25** Scenes of the Crime **23.55** Sändningar från SVT24 **6.00** Bolibompa hälsar på


www.volkswagen.is

Golf-áhugamenn

ATHUGIÐ!




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6934

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.

Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Mér finnst einfaldlega fáir plúsar fylgja því að vera búsettur hér á landi.“*

Bragi Ólafsson í Pressunni 1993. „Var viðtalið tekið á Íslandi? Ég hef ábyggilega sagt þetta í einu pirringskasti yfir Íslandi, ég fæ þau reglulega. Ég sé enga ókosti við að búa hér, nema kannski fagurfræðilega,“ segir Bragi nú.

# Hofsóssbúar hrærðir yfir gjöf auðkvenna



**LILJA OG STEINUNN** Hafa gefið íbúum Hofsóss sundlaug sem verður 25 metrar á lengd, með heitum potti og þjónustuaðstöðu.

„Þetta er mikil lyftistöng fyrir sveitarfélagið og íbúa Hofsóss enda ekki á hverjum degi sem okkur er gefin sundlaug,“ segir Guðmundur Guðlaugsson, sveitarstjóri Skagafjarðar. Frá því var nýverið greint í héraðsblaðinu Feyki að athafnakonurnar Steinunn Jónsdóttir og Lilja Pálmadóttir hefðu skrifað undir viljayfirlýsingu að færa íbúum Hofsóss sundlaug. Ekki náðist í Lilju vegna málsins en Steinunn Jónsdóttir vildi ekkert tjá sig um málið og vísaði alfarið á sveitarstjórann. Lilja og Steinunn eiga báðar jarðir fyrir norðan þar sem þær dveljast löngum stundum og hafa lagt sitt af mörkum til að efla bæjarlífið. Lilja er sem kunnugt er dóttir Pálma heitins í Hagkaup og kona Baltasars Kormáks kvikmyndaleikstjóra. Steinunn er dóttir Jóns Helga Guðmundssonar í Byko og fyrrum eiginkona Hannesar Smárasonar. Báðar eru Lilja og Steinunn í hópi ríkustu kvenna landsins og haupa eignir þeirra á milljörðum.

Samkvæmt vefmiðlum nyrðra er áætlað að sundlaugin verði opnuð 2008 og mun sveitarfélagið annast rekstur hennar eftir að byggingunni er lokið. Að sögn Guðmundar ríkir mikil gleði meðal bæjarbúa en sundlaugin verður með öllu; 25 metra á lengd með bæði heitum potti og þjónustuaðstöðu. „Við erum afskaplega þakklátt og hrært yfir þessari gjöf og það er augljóst að þær bera mikinn hlýhug til nágranna sinna á svæðinu og staðarins,“ bætir Guðmundur við.

Að sögn sveitarstjórans liggur fyrir gróf kostnaðaráætlun og er þegar byrjað að frumhanna sundlaugina. „En við treystum okkur ekki til að gefa upp kostnaðinn að svo stöddu en slík formsatriði ættu að liggja fyrir á næstunni,“ útskýrir Guðmundur. - fgg




**LÁRÉTT**
**2** fjöl **6** íþróttafélag **8** síðan **9** ar **11** gangþófi **12** bæn **14** langur og mjór maður **16** í röð **17** niður **18** hætta **20** númer **21** bandaríkjamaður.

**LÓÐRÉTT**
**1** listi **3** í röð **4** fríðindi **5** eldsneyti **7** heimilistæki **10** frostskemmd **13** loka **15** sjá eftir **16** nam burt **19** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** brík, **6** kr, **8** svo, **9** rýk, **11** il, **12** ákall, **14** sláni, **16** tu, **17** suð, **18** ógn, **20** nr, **21** kani. **LÓÐRÉTT: 1** skrá, **3** rs, **4** ívilnun, **5** kol, **7** ryksuga, **10** kal, **13** lás, **15** iðra, **16** tók, **19** nn.

## VEISTU SVARIÐ

**1** Fyrsti súrálsfarmurinn kom til bæjarins.

**2** Garðar Thor Cortes.

**3** Kristján Jónsson, sem á að baki 35 ár í íþróttinni.

Í KVÖLD Stemning og góður matur
LAUGARDAG DJ Anna Rakel
SUNNUDAG Tríóið Blóð
DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

INGVI HRAFN: LAXVEIÐILEYFI VENJULEGU FÓLKI ALGERLEGA OFVIÐA

# Óbreyttir geta gleymt laxveiði



**LANGÁ Á MÝRUM** Viðskiptavinir Ingva Hrafns borga 2 til 3 þúsund dollara eða allt að 200 þúsund krónur fyrir daginn.

Veiðileyfin í Langá á Mýrum hafa hækkað um hundrað prósent á umliðnum fimm árum, þar af verulega nú milli ára. Þetta staðfestir staðarhaldarinn Ingvi Hrafn Jónsson.

„Menn eru að borga 2 til 3 þúsund dollara fyrir daginn. [Allt að 200 þúsund krónum íslenskum.] Ég hef af þessu miklar áhyggjur en nú er kominn sá tími að stór hópur Íslendinga á enga möguleika á að komast í toppveiði. Enga. Nema menn séu í boði stórfyrirtækja,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson staðarhaldari við Langá á Mýrum. Hann talar frá Florida, Key West, þar sem hann dvelst þessa dagana í hægum andvara af hafi og í 30 stiga hita. „Mjög þægilegt.“

Fyrrverandi ritstjóri Viðskiptablaðsins, Óli Björn Kárason, upplýsir á nýrri bloggsíðu sinni (businessreport.blog.is) að góður vinur sinn, sem veitt hefur í mörg ár í Langá, sé hættur. „Ástæðan sé sú að Ingvi Hrafn tilkynnti honum að verðið myndi hækka um nær 80 prósent milli ára.“

Ingvi Hrafn segir hér einfaldlega markaðinn að verki. Íslendingum hafi auðnast að halda svo vel á málum að laxveiði á Íslandi sé ekki bara lúxus hér heldur lúxus á heimsmælikvarða. Eigi sér hvergi hliðstæðu án þess að lítið sé gert úr laxveiðum á Kólaskaga í Rússlandi þar sem menn upplifa frumstæð skilyrði.

„En hér, þegar komin er júlíbyrjun, standa á Reykjavíkurflugvelli tíu einkaþotur. Allar á vegum laxveiðimanna en hingað sækja ástríðufullir fluguveiðimenn í stórum hópum,“ segir Ingvi Hrafn.

Ingvi Hrafn upplýsir að hann sé nú að borga 50 milljónir fyrir leigurétt að ánni. Fyrir fimm árum hafi sú tala verið 20 milljónir. Þrettán aðilar standa að veiðifélagi Langár en þar hefur Ingvi Hrafn verið í 30 ár. Var lengst af með fjórar stangir en er nú með tólf eða alla ána. Ellefu hundruð veiðidagar eru í ánni á ári. Leiga Langár hefur hækkað um hundrað prósent á fimm árum.

Ingvi Hrafn segir hér ansi enga smáræðis búbót að ræða fyrir bændur sem geta verið að fá, þeir sem eigi til dæmis 10 prósenta eignaraðild að ánni, brúttó um fimm milljónir á ári. Stoð í raun fyrir landbúnað.

„Nú veit ég ekki hvaða góði vinur Óla þetta kann að vera. Hins vegar er það staðreynd að þegar nýr samningur tók gildi á þessu ári þá varð ég að afleggja fastakúnnaafslætti. Þá duttu út tvö holl hjá mér. Því miður fyrir veiðimenn, til allrar hamingju fyrir bændur, er verðið orðið venjulegum mönnum algerlega ofviða. Það er ekkert öðruvísi.“

jakob@frettabladid.is



**ÓLI BJÖRN** Vinur hans hættir veiðum í Laxá en Ingvi Hrafn segist verða að afleggja fastakúnnaafslátt vegna nýrra samninga.



**INGVI HRAFN** Í júlíbyrjun standa á Reykjavíkurvelli tíu einkaþotur sem ferja hingað til lands ástríðufulla fluguveiðimenn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þeir **Júlíus Kemp** og **Ingvar Þórðarsson** hjá Kvikmyndafélagi Íslands hafa vart haft undan að svara símhringingum frá áhugasömum leikkonum sem gjarnan vilja komast í prufur fyrir hryllingsmyndina **Dark Floors: Lordi Motion Picture**. Eins og Fréttablaðið greindi frá í þessari viku mun Kvikmyndafélagið vera meðframleiðandi myndarinnar og kemur íslenskt starfsfólk þó nokkuð við sögu við gerð myndarinnar. Stærsti bitinn er þó aðalkvenhlutverkið en sú sem verður fyrir valinu ku leika þokkafulla hjúkrunarkonu.



Og meira af leikurum og útrás því **Þorvaldur Davíð Kristjánsson** hefur fengið inngöngu í leiklistardeild **Julliard-skólans** í New York. Kostnaðurinn við námið í New York er talinn hlaupa á nokkrum milljónum en Julliard-skólinn ætlar að koma að einhverju leyti til móts við Þorvald sem fetar þarna í fótspor stórleikara á borð við Kevin Spacey og Robin Williams.



Ljóst má vera að sjónvarpsfólkið í Kastljósi hefur **Silvíu Nótt** í miklum hávegum. Í kvöld verður frumsýnt þar nýtt myndband hennar, sem Fréttablaðið hefur sagt frá og er gert í Mexíkó. Og á sunnudagskvöld verður Silvía, eða öllu heldur **Ágústa Eva Erlendsdóttir**, sérlegur gestur **Evu Maríu Jónsdóttur** í einlægu og opinskáu viðhafnarviðtali. Plata Silvíu kemur út 1. apríl og 4. apríl verða svo útgáfutónleikar á NASA. - fgg/jbg

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# DV gleypir Krónikuna

„Kaup DV á Krónikunni eru liður í þeirri sókn sem fram undan er hjá blaðinu,“ segir Hjálmar Blöndal framkvæmdastjóri DV.

Í gær yfirtók útgáfufélag DV vikublaðið Krónikuna eftir aðeins rétt rúmlega mánaðarútgáfusögu tímaritsins. Aðaleigendur tímaritsins, Sigríður Dögg Auðunsdóttir og Valdimar Birgisson framkvæmdastjóri hefja bæði störf á DV og mun Sigríður Dögg stýra helgarútgáfu DV.



**SIGRÍÐUR DÖGG** Tímarit hennar var gleypt af DV eftir aðeins mánaðarlanga útgáfusögu.

Krónikan er keypt til að leggja hana niður og er kaupverð trúnaðarmál en talið er það sé jafn hátt og nemur skuld þeirra hjóna við Björgólf Guðmundsson athafnamann sem lánaði þeim fé til rekstursins sem mun vera um 20 milljónir. Öllum blaðamönnum Krónikunnar, níu talsins, verður boðið að starfa áfram á sömu kjörum en þá undir merkjum DV og ritstjórn Sigurjóns M. Egilssonar.

Örnu Schram, sem starfaði sem aðstoðarritstjóri á Krónikunni, hefur verið boðin staða aðstoðarritstjóra á DV en ekki er vitað hvort hún mun þiggja hana. Var tíðindunum fremur illa tekið á starfsmannafundi þegar ritstjórinn Sigríður Dögg tilkynnti um yfirtökuna. Ekki er vitað á þessu stigi hverjir blaðamanna fara yfir og hverjir hætta eða leita á önnur mið.

Hjálmar segir að á næstu vikum verði DV að áskriftarblaði alla fimm útgáfudaga blaðsins. „Við teljum að það sé eftirspurn eftir vönduðu og góðu lesefni í áskriftarformi. Og DV ætlar sér að sækja inn á þann markað. Við finnum fyrir miklum meðbyr með útgáfunni og vonumst til þess að blaðið nái að dafna enn frekar með nýju starfsfólki.“ - jbg



**HJÁLMAR BLÖNDAL** Mikill hugur er í framkvæmdastjóra DV sem nú hyggst blása til stórsóknar á öllum vígstöðvum.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14
STÓR HUMAR






KYRON



Dísil vél tog 310 Nm, Sjálfskiptur.



Byggður á grind með hátt og lágt drif



Glæsileg og sérlega þægileg innrétting

# Fullkominn jeppi fyrir íslenskar aðstæður




DYNAMO REYKJAVÍK

## Hluti staðalbúnaðar

Dísil Túrbó Intercooler :::
5 Gíra sjálfskipting SideTronic :::
Sjálfvirkt miðstöð :::
Loftkæling :::
Cruise Control :::
Álfelgur og 31” Toyo dekk :::
Litaðar rúður :::
Leður stýri :::

## KYRON - dísil - sjálfskiptur
## Verð aðeins: Kr. 3.495.000,-

**KYRON** er fullvaxinn jeppi með **hátt og lágt drif, byggður á grind** og er stærri en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í einstakri **nýtingu á afli og frábærum akstursegininleikum**. Komdu til okkar á Tangarhöfðann, þú verður ekki fyrir vonbrigðum með þetta vel varðveitta leyndarmál.
**Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppum í dag!**

Bílabúð Benna
1975-2005 **30 ára**

Bílabúð Benna

| Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00 |
|---|---|---|---|

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

# „Normalísering andskotans“

Ef maður setur upp gleraugun sem skipta hlutum í svart og hvítt, gott og vont, guð og andskotann stendur guð fyrir það sem er gott. Þið vitið, að hjálpa bágstöddum, segja alltaf satt, vera góður við börn og allt það. Andskotinn er vondur. Þeir sem fylgja andskotanum drekka, dópa, hórast, nauðga og myrða. Andskotinn er samviskulaus og þeir sem kunna að setja upp svart/hvítu gleraugun hafa flestir vit á því að vera ekkert að abbast upp á hann.

**GÁFAÐIR** menn eru hins vegar meira fyrir að ræða hlutina í frumeindir sínar og í kjaftavaðlinum verður stundum til eitthvað sem ég kýs að kalla „normalísering andskotans“. Andskotinn verður venjulegri og venjulegri eftir því sem kjaftavaðallinn eykst.

**VÆNDI** er nú orðið löglegt á Íslandi. Ástæðuna segir löggjafinn þá að annars mundi vændi færast í undirheima. Eins og vændi hafi einhvern tímann verið uppi á yfirborðinu. Eða er það von manna að það færist upp á yfirborðið núna?

**JÁ,** auðvitað ætti hver maður að geta keypt sér hóru kinnroðalaust og fyrir opnum tjöldum. Að njóta ásta með gleðikonu fyrir framan þá sem horfa vilja eru auðvitað sjálfsögð mannréttindi fullorðins manns. Annað er forræðishyggja.

**FORRÆÐISHYGGJA** í anda þess að banna fullþroska fólki að kaupa sér rauðvín í Bónus. Og að maður þurfi að vera orðinn tvítugur til að kaupa sér áfengi. 18 ára táningur má gifta sig en ekki skála í kampavíni í brúðkaupinu sínu. Hvaða mannréttindi eru það að mega ekki drekka sig ofurölvi í eigin brúðkaupi?

**AF** hverju er líka yfirhöfuð verið að banna eitthvað? Er til dæmis rétt að banna mönnum að drepa aðra menn? Eiga menn ekki bara að fá að velja og hafna í þeim efnum? Er ekki sjálfsagt mál að fullorðinn karlmaður geti, eftir erfiðan vinnudag, myrt svona eins og einn leiðindapúka sem verður á vegi hans, ef honum sýnist svo? Er betra að manndráp séu geymd í undirheimum?

**ÞESSI** endalausu umræðustjórnmál hafa nú sýnt okkur fram á að allt er hægt að kjafta upp þar til það fer að hljóma vel. Staðreyndin er sú að með hinni nýju lagatöku hefur íslenska ríkisstjórnin lagt blessun sína yfir kaup á fólki. Nú mega allir kaupa sér þræla. Kynlífsþræll er til leigu fyrir ákveðna upphæð í umsaminn tíma. Þetta er löglegt. Þökk sé gáfuðum mönnum.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is




Í FRAMTÍÐINNI VERÐUR HÆGT
AÐ GERA MIKLU MEIRA VIÐ PENINGINN

Framtíðarreikningur er fermingargjöf sem verður verðmætari með hverju ári. Reikningurinn ber alltaf bestu vexti sparireikninga bankans og þar að auki bætum við 2.000 kr. við hverja gjöf upp á 5.000 kr. eða meira.* Framtíðarreikningurinn fæst í næsta útibúi Glitnis og á glitnir.is

GLITNIR

* Tilboðið gildir fyrir alla sem eru fæddir 1993 og gildir allt að fimm sinnum fyrir hvern einstakling.